

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008

4



Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008



Gert af nefnd sem ríkissáttasemjari skipaði
að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða

Útgefandi:

© Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða

Ritstjórn:

Hrafn Bragason

Héðinn Eyjólfsson

Guðmundur Heiðar Frímansson

Útgáfustjóri:

Kristján Geir Pétursson

Umbrot og prentun:

Svansprent ehf. 

Ljósmynd:

Þorgeir Valur Ellertsson

Reykjavík 2012

ISBN 978-9979-72-102-4

Bindi 1

1. kafli

- 1.1 Verkefni og skipan úttektarnefndar
- 1.2 Afmörkun á efni rannsóknarinnar
- 1.3 Rannsóknarheimildir úttektarnefndar lífeyrissjóðanna
- 1.4 Um þagnarskyldu og birtingu trúnaðarupplýsinga
- 1.5 Uppbygging skýrslunnar
- 1.6 Að vera vitur eftir á

2. kafli

- 2.1 Ágrip af meginniðurstöðum úttektarinnar
 - Summary of the Principal Conclusions of the Review.

3. kafli

- 3.1 Saga lífeyrissjóðanna og viðskiptaumhverfi

4. kafli

- 4.1 Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna og eftirlit með framkvæmd hennar samkvæmt lögum

- 4.2 Nánar um fjárfestingarheimildirnar

- 4.3 Nánar um mótun og eftirlit með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða

5. kafli

- 5.1 Almenn um fjárfestingar lífeyrissjóðanna 2006-2009
- 5.2 Stjórn og starfshættir
- 5.3 Yfirlit yfir heildartap lífeyrissjóðanna

Heimildaskrá

Listi yfir þá sem komu fyrir úttektarnefnd LL

Viðauki 1: Ársreikningar lífeyrissjóða – nokkrar

athugasemdir um gerð þeirra, innihald og endurskoðun

Álitsgerð Bjarna Frímanns Karlssonar lektors við viðskiptafræðideild HÍ

Viðauki 2: Íslenska lífeyriskerfið og íslenskur þjóðarbúskapur

Álitsgerð Katrínar Ólafsdóttur lektors við viðskiptadeild HR

Bindi 2

6. kafli

- 6.1 Almenni lífeyrissjóðurinn
- 6.2 Stjórn og starfshættir
- 6.3 Fjárfestingar Almenna lífeyrissjóðsins 2006 - 2009. Athugasemdir úttektarnefndar

7. kafli

- 7.1. Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA)
- 7.2 Stjórn og starfshættir
- 7.3 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

8. kafli

- 8.1 Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- 8.2 Fjárfestingar Eftirlaunasj. stm. Hafnarfjarðarkaupst. 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

9. kafli

- 9.1 Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar
- 9.2 Fjárfestingar Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

10. kafli

- 10.1 Festa lífeyrissjóður
- 10.2 Stjórn og starfshættir
- 10.3 Fjárfestingar Festu lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

11. kafli

- 11.1 Frjálsi lífeyrissjóðurinn
- 11.2 Stjórn og starfshættir
- 11.3 Fjárfestingar Frjálsa lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

12. kafli

- 12.1 Gildi lífeyrissjóður
- 12.2 Stjórn og starfshættir
- 12.3 Fjárfestingar Gildis lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

13. kafli

- 13.1 Íslenski lífeyrissjóðurinn
- 13.2 Stjórn og starfshættir

13.3 Fjárfestingar Íslenska lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

14. kafli

14.1 Kjölur lífeyrissjóður
14.2 Stjórn og starfshættir

14.3 Fjárfestingar Kjarlar lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

15. kafli

15.1 Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
15.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Bindi 3

16. kafli

16.1 Lífeyrissjóður bankamanna
16.2 Stjórn og starfshættir
16.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bankamanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

17. kafli

17.1 Lífeyrissjóður bænda
17.2 Stjórn og starfshættir
17.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs bænda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

18. kafli

18.1 Lífeyrissjóður Neskaupstaðar
18.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

19. kafli

19.1 Lífeyrissjóður Rangæinga
19.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Rangæinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

20. kafli

20.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
20.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

21. kafli

21.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands
21.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

22. kafli

22.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkkaupstaðar

22.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkkaupstaðar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

23. kafli

23.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

24. kafli

24.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
24.2 Stjórn og starfshættir
24.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

25. kafli

25.1 Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH).
25.2 Stjórn og starfshættir
25.3 Fjárfestingar LSR og LH 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.

26. kafli

26.1 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS).
26.2 Stjórn og starfshættir
26.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

27. kafli

27.1 Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar
27.2 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

28. kafli

28.1 Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
28.2 Stjórn og starfshættir
28.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

Bindi 4

29. kafli

29.1 Lífeyrissjóður verkfræðinga	9
29.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga	9
29.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2008 til 2010	14
29.2 Stjórn og starfshættir	23
29.2.1 Stjórn og starfsmenn	23
29.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	25
29.3.1 Inngangur	25
29.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	26
29.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verkfræðinga	27
29.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga	28

30. kafli

30.1 Lífeyrissjóður verzlunarmanna	33
30.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)	33
30.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2008 til 2010	39
30.2 Stjórn og starfshættir	45
30.2.1 Starfsreglur og fjárfestingarstefna	45
30.2.2 Siðareglur	46
30.2.3 Tengsl við fyrirtæki sem fjárfest er í	47
30.2.4 Umræður og ályktanir.	48
30.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	51
30.3.1 Inngangur	51
30.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórn sjóðsins	51
30.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	53
30.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	53

31. kafli

31.1 Lífeyrissjóður Vestfirðinga	59
31.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	59
31.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2008 til 2010	64
31.2 Stjórn og starfshættir	70
31.2.1 Stjórn og starfsmenn	70
31.2.2 Samskipta- og siðareglur	71
31.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2006 - 2009. Athugasemdir úttektarnefndar	72
31.3.1 Inngangur	72
31.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	73
31.3.4 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	73

32. kafli

32.1 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	77
32.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja	77
32.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2008 til 2010	82
32.2 Stjórn og starfshættir	87
32.2.1 Stjórn og starfsmenn	87
32.2.2 Samskipta- og siðareglur	87
32.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2006-2009 Athugasemdir úttektarnefndar	88
32.3.1 Inngangur	88
32.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	88
32.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og tap	89

33. kafli

33.1 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	93
33.1.1 Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins	93
33.1.2 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	100
33.2 Stjórn og starfshættir	106
33.2.1 Stjórn	106
33.2.2 Samskipta- og siðareglur og Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar	107
33.3 Fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	109
33.3.1 Inngangur	109
33.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	109
33.3.3 Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins	109
33.3.4 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins	111

34. kafli

34.1 Stafir lífeyrissjóður	115
34.1.1 Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs	115
34.1.2 Tap Stafa lífeyrissjóðs 2008 til 2010	121
34.2 Stjórn og starfshættir	130
34.2.1 Stjórn	130
34.2.2 Stjórn og starfsmenn	130
34.2.3 Samskipta- og siðareglur	132
34.3 Fjárfestingar Stafa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	133
34.3.1 Inngangur	133
34.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	133
34.3.3 Fjárfestingarstefna Stafa lífeyrissjóðs	134
34.3.4 Tap Stafa lífeyrissjóðs	136

35. kafli

35.1 Stapi lífeyrissjóður	141
35.1.1 Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs	141
35.2 Stjórn og starfshættir	153
35.2.1 Stjórn	153
35.2.2 Stjórn og starfsmenn	154
35.2.3 Siðareglur	156
35.3 Fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	157
35.3.1 Inngangur	157
35.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	157
35.3.3 Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs	158
35.3.4 Tap Stapa lífeyrissjóðs	159

36. kafli

36.1 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	165
36.1.1 Starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda	165
36.1.2 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2008 til 2010	169
36.2 Stjórn og starfshættir	174
36.2.1 Uppruni	174
36.2.2 Stjórn	175
36.2.3 Samskipta- og siðareglur	176
36.3 Fjárfestingar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	177
36.3.1 Inngangur	177
36.3.2 Almenn um stjórnun sjóðsins	177
36.3.3 Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og áhættustýring	177
36.3.4 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda	178

29. Kafli

29.1 Lífeyrissjóður verkfræðinga	9
29.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga	9
29.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2008 til 2010.	14
29.2 Stjórn og starfshættir	23
29.2.1 Stjórn og starfsmenn	23
29.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	25
29.3.1 Inngangur	25
29.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	26
29.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verkfræðinga	27
29.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga	28

29.1 Lífeyrissjóður verkfræðinga

29.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Upphaf

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður í ársbyrjun 1955. Upphaflega var sjóðurinn eingöngu fyrir verkfræðinga en í maí 1994 var reglum sjóðsins breytt á þann hátt að heimilt var að veita aðild þeim sem útskrifast hafa úr háskóla með a.m.k. 180 ECTS eininga nám að baki, væru allir stjórnarmenn því samþykki. Árið 2004 voru settar nýjar reglur um inntökuskilyrði sjóðfélaga annarra en verkfræðinga sem voru eftirfarandi: „Sjóðfélagar geta þeir orðið er lokið hafa 180 eininga BSc. háskólaprófi í verkfræði- og raungreinum eða lokið meistara- eða doktorsgráðu í háskóla.“ Þessar reglur voru í gildi í árslok 2009.

Stjórn sjóðsins

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara. Sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund hafa atkvæðisrétt og allir sjóðfélagar eru kjörgengir.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verkfræðinga árin 2006–2009.

Lífsverk tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga í árslok

Nafn:	2009	2008	2007	2006
Sigurður Áss Grétarsson	Form.	Form.	Form.	Form.
Þórir Guðmundsson	X	X	X	X
Óskar Mariússon	X	X	X	X
Birna Pála Kristinsdóttir	X	X	X	X
Björn Z. Ásgrímsson			X	X
Kristján M. Ólafsson	X	X		

Einu breytingarnar sem gerðar voru á stjórn sjóðsins á þessum fjórum árum eru þær að Björn Z. Ásgrímsson vék úr stjórn árið 2008 og við sæti hans tók Kristján M. Ólafsson.

Stjórn sjóðsins setti sér starfsreglur sem samþykktar voru 17. apríl 2001 og voru þær í gildi í árslok 2009. Í starfsreglunum kemur m.a. fram:

4.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi

séu í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.

4.3 Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn frá störfum. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra. Stjórn getur falið formanni og varaformanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.

4.4 Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

4.5 Stjórnin skal fjalla um allar mikilsháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins. Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Annað sem kom fram í starfsreglum stjórnar, varðaði skipan stjórnar, verksvið stjórnar, fyrirsvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur á stjórnarfundum, fundargerðir, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi o.fl.

Samkvæmt gr. 4.3 hér að ofan ræður stjórn framkvæmdastjóra og á m.a. að ganga frá starfslýsingu og setja honum erindisbréf. Í viðtali nefndarinnar við fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, Stefán Halldórsson, sem gegndi því starfi árin 2000 – 2009, kom fram að í ráðningarsamningi við hann væri einnig verklýsing. Hins vegar hefði Stefáni aldrei verið sett erindisbréf þar sem honum voru settar starfsreglur og tiltekna þær heimildir sem honum bæri að starfa eftir.

Heimild: Viðtal úttektaarnefndar við Stefán Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóra, dags. 11. ágúst 2011.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Árin 2000 til ársloka 2009 var Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Í

mars 2010 var Ingólfur Guðmundsson ráðinn framkvæmdastjóri og gegndi hann því starfi til og með september sama ár. Í árslok 2010 var Auður Finnboga-dóttir ráðin framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Guðmundur V. Friðjónsson var fjármálastjóri frá ársbyrjun 2006 til maí 2011. Jafnframt gegndi Guðmundur tímabundið stöðu framkvæmdastjóra, þ.e. frá upphafi árs 2010 til 1. desember sama ár. Jón Tryggvi Jóhannsson hefur starfað sem lögfræðingur sjóðsins frá árinu 1994 og Lýður H. Gunnarsson hefur starfað við eignastýringu frá 1. september 2009. Alls eru sex starfsmenn hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga.

Endurskoðun:

Árni S. Snæbjörnsson, endurskoðandi, Ernst & Young hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, TBG ehf.

Innri endurskoðun:

Árni S. Snæbjörnsson, endurskoðandi, Ernst & Young hf.

Ytri endurskoðun:

Árni S. Snæbjörnsson, endurskoðandi, Ernst & Young hf.

Regluvörður:

Framkvæmdastjóri

Það vekur athygli að sami maður er bæði ytri og innri endurskoðandi lífeyrissjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Stefán Halldórsson fv. framkvæmdastjóri sat í stjórn Virðingar hf. og Reiknistofu lífeyrissjóða árin 2007 – 2009. Guðmundur V. Friðjónsson fjármálastjóri sat í stjórn Rusor ehf. í nóvember og desember árið 2009. Sigurður Áss Grétarsson var varamaður í stjórn Virðingar hf. árin 2007 – 2009.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs verkfræðinga er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

Starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Sjóðurinn hefur notað aldurstengt réttindakerfi frá upphafi. Auk samtryggingardeildar starfrækir sjóðurinn séreignardeild.

Séreignardeild býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir.

Leið 1 – fjárfestir eingöngu í innlendum skuldabréfum

Leið 2 – fjárfestir bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum.

Leið 3 – fjárfestir eingöngu í innlánnum og ríkis-trygðum verðbréfum. Leið 3 var stofnuð 2009.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir sér-eignardeilda voru einungis tæp 10% af hreinni eign sjóðsins í árslok 2009. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð um Lífeyrissjóð verkfræðinga hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997.

Í töflu 2 má sjá fjárfestingarstefnu samtryggingardeildar og séreignardeildar fyrir árið 2008. Auk markmiða um eignasamsetningu voru sjóðnum sett ákveðin vikmörk. Sjóðurinn hafði ekki sett sérstakt markmið um fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum og máttu þær því fara upp að leyfilegu hámarki að lögum sem er 50% af heildareignum ef það þjónar að öðru leyti markmiðum sjóðsins. Árið 2007 var boðið upp á tvær leiðir í séreignarsparnaði. Önnur leiðin fjárfesti eingöngu í innlendum skuldabréfum, hin leiðin fjárfesti bæði í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. *Sjá töflu 2.*

Eignastýring

Fyrirkomulag eignastýringar hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga var í meginatriðum tvenns konar. Eignastýring fór annars vegar fram hjá lífeyrissjóðnum sjálfum og átti það við um u.þ.b. helming af eignum sjóðsins. Eignir sem hér um ræðir eru meðal annars bankainnlán, sjóðfélagalán og innlend fyrirtækjaskuldabréf.

Lífsvork tafla 2

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2008

	Samtryggingardeild		Séreignard. Leið1		Séreignard. Leið2	
	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk	Stefna	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	6%	0-10%	1%	1-10%	1%	0-5%
Verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs	3%	0-10%	30%	15-40%	4%	0-25%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0-5%	0%	0-5%	0%	0-5%
Skuldabréf banka og lánastofnana	12%	10-20%	19%	15-40%	10%	10-40%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	15%	15-25%	0%	0-2%	0%	0-2%
Hlutabréf	39%	35-45%	0%	0%	60%	30-60%
Önnur verðbréf	27%	20-30%	50%	20-50%	25%	20-50%
Samtals:	100%		100%		100%	

Hins vegar var hinum helmingi eignasafnsins úthýst til þriggja fyrirtækja sem voru: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., Íslensk verðbréf hf. og SPRON.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. (RKB)

Í eignastýringarsamningi milli Lífeyrissjóðs verkfræðinga og RKB dags. 8. júní 2007 kom fram, að markmið samningsins væri „að tryggja sem best góða ávöxtun og öryggi eigna viðskiptavinar með því að beita markvissum aðferðum við ávöxtun fjármuna viðskiptavinar“. Einnig kom fram að „RKB tekur sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun fjármuna þeirra sem rekstrarfélaginu hafa verið faldir til fjárvörslu, þ. á m. hvaða fjármálagerningar skuli keyptir og/eða seldir, hvenær og í hve miklum mæli, allt innan ramma fjárfestingarstefnu þeirrar sem kveðið er á um í viðauka I með samningi þessum“. Í viðauka I með eignastýringarsamningnum kom fram að skipting niður á einstaka verðbréfaflokka skyldi vera með eftirfarandi hætti: Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs 10%, erlend hlutabréf 45% og innlend hlutabréf 45%.

Heimild: Samningur um eignastýringu milli RKB og Lífeyrissjóðs verkfræðinga dags. 8. júní 2007.

Það sem vekur athygli er að hvergi er minnst á hvaða lágmarkskröfur lífeyrissjóðurinn gerir varðandi þau hlutafélög sem RKB kaupir hlutabréf í fyrir hönd sjóðsins m.t.t. áhættu. Þessi samningur er ekkert einsdæmi hvað áhættuþáttinn varðar, því þannig var þetta í flestum öðrum eignastýringarsamningum sem úttektarnefndin hefur lesið yfir.

Íslensk verðbréf hf. (ÍV)

Í samningi um ávöxtun og vörslu eigna milli Lífeyrissjóðs verkfræðinga og ÍV dags. 18. október 2005 kom fram „að ÍV kaupir og selur verðbréf fyrir fé

viðskiptamanns samkvæmt meðfylgjandi fjárfestingarstefnu, annast innlausn þeirra og innheimtir afborganir, vexti og verðbætur, og annast m.a. lögfræðilegar innheimtuáðgerðir ef þörf krefur. Einnig endurfjárfestir ÍV fyrir það fé sem sem innheimtist af verðbréfum viðskiptamanns“.

Tveir undirsamningar voru gerðir milli aðila sem grundvölluðust á ofangreindum samningi um ávöxtun og vörslu eigna. Annars vegar samningur varðandi innlend hlutabréf – veltusafn og hins vegar samningur um innlend skuldabréf – stöðusafn“.

Í samningnum um innlend hlutabréf – veltusafn kemur fram að „við val á verðbréfum í safnið skal við það miðað að fjárfestingin sé til 1 – 6 mánaða að jafnaði. Megináherslan er á stærstu og veltumestu fyrirtækin. Vegna eðlis safnsins og þess hve markaðsurinn er grunnur skal lögð áhersla á seljanleika þeirra bréfa sem keypt eru inn í safnið. Ekkert einstakt félag má vera með meira en 60% af safninu og þrjú stærstu félögin mega ekki vega meira en 80% af safninu. Heimilt er að selja öll bréfin úr safninu og vera með 100% laust fé. Við val á einstökum hlutabréfum skal litið til grunnatriða í rekstri fyrirtækjanna, s.s. góðrar arðsemi, sterkrar fjárhagsstöðu, leiðandi samkeppnisstöðu, góðrar stjórnunar, góðs verðs á bréfunum m.v. viðurkenndar matsaðferðir o.s.frv., en einnig og ekki síður skal líta til tímabundnari áhrifaþátta, s.s. markaðsaðstæðna, fréttu, breytinga í hluthafahópi o.s.frv.“ Heimild: Innlend hlutabréf – veltusafn dags. 18.10.2005.

Í ofangreindum samningi um innlend hlutabréf koma fram atriði þar sem taka á tillit til ákveðinna áhættuþátta. Má þar m.a. nefna samþjöppun í eignasafni, seljanleika, grunnrekstur félagsins, arðsemi, fjárhagsstöðu, samkeppnisstöðu, stjórnun, markaðsaðstæður, fréttir af félaginu og breytingar í hluthafahópi.

Í samningi um innlend skuldabréf – stöðusafn kemur fram í hvers konar skuldabréfum ÍV megi fjárfesta, s.s. ríkisskuldabréfum, skráðum skuldabréfum fyrirtækja og sveitarfélaga, óskráðum skuldabréfum og víxlum (skammtímapappírar 3 - 6 mán.). Óskráð skuldabréf og víxlar verða að vera gefin út af félögum sem skráð eru í Kauphöllinni eða opinberum aðilum (ríki, sveitarfélögum, stofnunum í eigu þeirra) eða aðilum sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Heimild: Innlend skuldabréf – veltusafn dags. 01.06.2003 og 31.12.2005.

Í samningnum um innlend skuldabréf – stöðusafn er ekki að finna sambærilegar kröfur og gerðar eru til mótaðila við kaup á hlutabréfum. Heldur ekki hvaða lágmarksskilmálar þurfa að vera á skuldabréfunum til að lífeyrissjóðurinn fjárfesti í þeim.

SPRON

Lífeyrissjóður verkfræðinga og Eignastýringardeild SPRON gerðu með sér samning um ávöxtun og vörslu séreignardeildar lífeyrissjóðsins. Samningurinn er dags. 10.01.2006. Tveir viðaukar voru gerðir við samninginn, sá fyrri þann 08.05.2006 og sá síðari þann 10.11.2006.

Samningurinn náði einungis yfir séreignardeild sjóðsins og voru öll iðgjöld sem runnu til séreignardeildarinnar ávöxtuð í séreignarsjóðum SPRON. Settar voru upp tvær sparnaðarleiðir; Sparnaðarleið 1 og Sparnaðarleið 2. Fjárfestingarstefna hvorrar sparnaðarleidarinnar um sig var sem hér segir:

Lífsværk tafla 3

Sparnaðarleið 1		Sparnaðarleið 2	
Stuttur skuldabréfasjóður	55%	Stuttur skuldabréfasjóður	0 - 36%
Langur skuldabréfasjóður	25%	Peningamarkaðssjóður	0 - 36%
Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	0 - 20%	Innlendur hlutabréfasjóður	0 - 27%
Peningamarkaðssjóður	0 - 20%	Alþjóðlegur hlutabréfasjóður	0 - 27%

Fjárfestingarráð

Árið 2007 var stofnað fjárfestingarráð innan Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Í samþykktum sjóðsins er ekki að finna nein ákvæði um fjárfestingarráð innan sjóðsins. Þá er fjárfestingarráðið sjaldan nefnt á nafn í þeim stjórnarfundargerðum sem nefndin hefur undir höndum. Þá er ekki að finna neinar verklagsreglur sem fjárfestingarráði beri að fara eftir. Þeir sem aðallega sátu fundi ráðsins voru: Sigurður Áss Grétarsson stjórnarformaður, Stefán Halldórsson framkvæmda-

stjóri og Guðmundur V. Friðjónsson fjármálastjóri. Einn stjórnarmaður til viðbótar sat jafnan fundi ráðsins og skiptu því með sér þeir Björn Z. Ásgrímsson (2007) og Þórir Guðmundsson (2008). Ekki liggur fyrir hvert hlutverk ráðsins var en samkvæmt fundargerðum þess er ljóst að fjárfestingar sjóðsins og staða eignasafnsins voru aðalverkefni þess. Ráðið kom saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Fjárfestingarráðið hætti störfum árið 2008.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 584 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 17,3% á ári. Lífeyrisþegum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 229 talsins, samanborið við 176 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað að meðaltali um 6,8% milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað meira en nemur fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Lífsværk tafla 4

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	335	281	208	165	154
Örorkulífeyrir	37	25	19	24	26
Makalífeyrir	52	48	33	26	25
Barnalífeyrir	6	5	5	5	7
Séreignardeild	154	14	9	5	3
Samtals, verðlag hvers árs	584	373	274	225	215
Samtals, verðlag 2009	584	401	348	303	309

Frá árinu 1997 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga.

Lífsværk tafla 5

Breytingar á lífeyrisréttindum

Ár	Breyting
1997	3,7%
1998	5,1%
1999	10,9%
2004	-5,0%
2006	5,3%
2009	-15,0%
2010	-10,0%

Árið 2009 var 10,0% skerðing á áunnum réttindum og lækkun réttindaávinnslu vegna framtíð-ariðgjalda var 5,0%.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Lífsværk tafla 6

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	59.979	61.418	58.918	51.619	42.059
Skuldbindingar	70.396	73.784	59.451	49.794	41.609
Samtals	-10.417	-12.366	-533	1.825	450
% af skuldbindingum	-14,8%	-16,8%	-0,9%	3,7%	1,1%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir samtryggingardeildar sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar fram að árinu 2007. Það ár varð viðsnúningur þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar urðu neikvæðar þrjú næstu ár sem könnuð voru, þ.e. um 0,9% árið 2007, 16,8% árið 2008 og 14,8% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Lífsværk tafla 7

Verðbréfaeign í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	2.299	2.996	1.521	524	381
Veðlán	6.542	6.304	3.816	3.872	3.911
Innlend hlutabréf	477	594	4.620	3.458	2.568
Erlend hlutabréf	1.617	519	2.639	2.453	2.699
Innlend hlutdeildarskírteini	3.905	2.770	2.816	1.823	1.538
Erlend hlutdeildarskírteini	5.263	4.007	5.107	5.146	1.903
Skuldabréf fyrirtækja	2.848	3.014	4.892	3.727	1.590
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1.726	903	71	83	99
Skuldabréf lánastofnana	1.356	1.447	1.423	1.103	1.151
Erlend skuldabréf	1.268	2.589	1.915	1.841	940
Skuldabréf tengd erl. hlutabréfaávöxtun	437	497	1.474	2.154	1.832
Skuldabréf einstaklinga	14	14	13	15	24
Skuldabréf með ríkisábyrgð	3.765	870	231	790	2.860
Samtals	31.517	26.524	30.538	26.989	21.496

Lífsværk tafla 8

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	9,0%	9,5%	-0,6%	5,4%	n/a
Veðlán	3,9%	3,8%	3,8%	3,6%	n/a
Innlend hlutabréf	-21,1%	-89,2%	-6,1%	13,5%	n/a
Erlend hlutabréf	160,0%	-91,0%	-17,7%	1,7%	n/a
Innlend hlutdeildarskírteini	3,8%	-1,8%	2,5%	2,3%	n/a
Erlend hlutdeildarskírteini	32,3%	-3,6%	-9,1%	23,1%	n/a
Skuldabréf fyrirtækja	-17,5%	-41,3%	7,0%	5,9%	n/a
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	0,0%	9,5%	7,6%	n/a
Skuldabréf lánastofnana	-1,6%	-67,9%	6,5%	1,8%	n/a
Erlend skuldabréf	-47,1%	75,4%	5,9%	8,6%	n/a
Skuldabréf tengd erl. hlutabréfaávöxtun	-2,4%	-34,5%	-1,3%	10,9%	n/a
Skuldabréf einstaklinga	8,2%	8,3%	8,9%	7,9%	n/a
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5,8%	5,7%	-1,0%	-10,7%	n/a
Samtals	-0,4%	-31,4%	-0,7%	9,6%	10,6%

Heimild: Ársskýrslur og gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.05.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 0,4% og hafði raunávöxtun sjóðsins þá verið neikvæð frá árinu 2007. Árið 2008 kom langverst út en þá var raunávöxtun neikvæð um 31,4%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 9,6% og 10,6%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 3,9%. Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára var ekki birt í ársreikningum sjóðsins.

Lífsværk tafla 9

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-0,4%	-31,4%	-0,7%	9,6%	10,6%
Fimm ára meðalávöxtun	-3,9%	-2,6%	7,0%	4,8%	1,8%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Virkir sjóðfélagar á árinu 2009 voru 2.621, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjalda-greiðslur árið 2009 námu samtals 2.723 mkr. sem var lækkun um 7,2% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fór afkoma sjóðsins að versna frá fyrra ári. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um rúma 3.997 mkr. sem nam 26% lækkun á eign sjóðsins. Árið 2009 varð hins vegar mikil breyting en þá hækk-

aði hrein eign sjóðsins um 4.431 mkr. Í árslok 2009 var hrein eign sjóðsins nánast sú sama í krónum talið og hún var árið 2005 á föstu verðlagi.

Lífsverk tafla 10

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	2.723	2.936	2.247	1.969	1.593
Lífeyrir	-584	-373	-275	-226	-215
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	1.815	-4.788	80	2.451	1.859
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	619	-1.376	1.567	1.463	955
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	0	0	0	0	0
Fjárfestingartekjur	2.434	-6.164	1.647	3.914	2.814
Fjárfestingargjöld	-82	-63	-109	-86	-53
Rekstrarkostnaður	-60	-54	-45	-46	-43
Rekstrargjöld	-142	-117	-154	-132	-96
Aðrar tekjur	0	0	0	0	2
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	4.431	-3.718	3.465	5.525	4.098
Hrein eign frá fyrra ári	26.965	30.683	27.218	21.693	17.595
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	31.396	26.965	30.683	27.218	21.693

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	4.431	-3.997	4.401	7.428	5.893
Hrein eign frá fyrra ári	26.965	32.987	34.568	29.166	25.300
Hrein eign til greiðslu lífeyris	31.396	28.990	38.969	36.594	31.193

1) Lífeyrissjóður verkfræðinga sýnir ekki allar þóknarnir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarnir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarnir sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6 Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

29.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins er að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum
- Innlendum skuldabréfasjóðum

- Innlendum hlutabréfasjóðum
- Erlendum verðbréfum

Lífsverk tafla 11

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, skuldabréfasjóðum, hlutabréfasjóðum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	359	4.327	468	5.154
Skuldabréf fyrirtækja	782	2.712	784	4.278
Innlend hlutabréf		-48	1.668	1.620
Innlendir skuldabréfasjóðir			868	868
Innlendir hlutabréfasjóðir			2.519	2.519
Erlend verðbréf		1.056		1.056
	1.141	8.047	6.307	15.495
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		664		664
Samtals tap í mkr.	1.141	8.711	6.307	16.159

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 16.159 mkr. Í upp-geiri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjald-daga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna mundu gjaldmiðlavarnarsamningarnir auka tap sjóðsins um 303 mkr. og yrði það þá samtals 16.462 mkr.

Ráðgjöf til stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga dags. 29. október 2007 sem jafnframt var árlegur fjárfestingarfundur sjóðsins voru eftirtalin tvö mál m.a. á dagskrá:

- Horfur á mörkuðum og eignasamsetning – Björn Snær Guðbrandsson frá Íslenskum verðbréfum hf.
- Úttekt á fjárfestingarstefnu og viðhorfskönnun meðal stjórnarmanna, Hjörleifur Arnar Waagfjörð og Marinó Örn Tryggvason frá Kaupþingi.

1. Horfur á mörkuðum og eignasamsetning

„Stefán (þ.e. Stefán Halldórsson, þáverandi framkvæmdastjóri sjóðsins) kynnti Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar hjá Íslenskum verðbréfum á Akureyri. Björn skipti fyrir-

lestri sínum í tvennt, fyrst tók hann fyrir hlutabréf og skuldabréf 2007 og horfur 2008 og svo fjallaði hann um áhættu og ávöxtun einstakra eignaflokka og kom með tillögur að breyttri eignasamsetningu fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga. Björn sagði að spákaupmenn væru orðnir mjög áberandi á skuldabréfamarkaði sem yki sveiflur á markaði en dýpkaði jafnframt markaðinn. Björn átti von á slakri ávöxtun til áramóta en að næsta ár gæti orðið gott skuldabréfaár. Spákaupmenn væru einnig áberandi á hlutabréfamarkaði og mikil fylgni væri á milli hlutabréfa og gengis krónunnar. Hlutabréfamarkaðurinn snerist að stærstum hluta um fjármálafyrirtæki. Tæknigreining hefði virkað vel undanfarin ár en ekki árið 2007. Verðlagning félaga væri almennt sanngjörn en sum væru mjög dýr, s.s. Kaupþing og Straumur. Björn fór yfir eignasamsetningu nokkurra lífeyrissjóða. Til að færa Lífeyrissjóð verkfræðinga nær framfallinu og hinum lífeyrissjóðunum þá ráðlagði hann að minnka vægi erlendra hlutabréfa (hlutabréfatengd skuldabréf voru þar á meðal) og auka vægi innlendra hlutabréfa“.

2. Úttekt á fjárfestingarstefnu og viðhorfskönnun meðal stjórnarmanna.

„Stefán kynnti Hjörleif Arnar Waagfjörð og Marinó Örn Tryggvason frá Kaupþingi. Hjörleifur og Marinó fóru yfir úttekt sem þeir gerðu á fjárfestingarstefnu sjóðsins og kynntu niðurstöður úr viðhorfskönnun sem þeir gerðu á meðal stjórnarmanna og stjórnenda sjóðsins um áhættuþol o.fl. Niðurstaða úttektar á fjárfestingarstefnunni sýnir að stefna sjóðsins fyrir árið 2007 er mjög nálægt framfallinu og að staðan eins og hún var 30. september sl. var enn betri, þ.e. með svipaðri væntri réttindaávinnslu (vænt ávöxtun) en nokkru minni líkum á réttindaskerðingu (áhættu). Hægt er að minnka líkur á réttindaskerðingu en halda sömu væntri réttindaávinnslu með því að auka vægi innlendra hlutabréfa og minnka vægi erlendra hlutabréfa. Þetta var í raun sama niðurstaða og hjá Birni Snæ. Nokkrar umræður urðu um forsendur úttektarinnar, m.a. var gagnrýnt hversu lága ávöxtun þeir notuðu í innlendum hlutabréfum, eða 8,7% raunávöxtun. Niðurstöður úr álagsprófi og

næmnigreiningu voru ásættanlegar og í takt við aðra lífeyrissjóði.“

Heimild: Fundargerð stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 691. fundur, dags. 29. október 2007.

Á fundi fjárfestingarráðs dags. 17. mars 2008 var „rætt um tillögur SÁG (Sigurðar Áss Grétarssonar) um að selja erlend hlutabréf í miklum mæli og koma fénu í traustari ávöxtun til að:

- Draga úr áhættu í ljósi mikillar óvissu um þróun á mörkuðum.
- Innbyrða hagnað af veikingu íslensku krónunnar.

Stefnt yrði að því að kaupa að nýju erlend hlutabréf eftir nokkra mánuði, enda mætti búast við að óvissa á mörkuðum hefði þá minnkað og gengi krónunnar sennilega styrkst“.

Heimild: Fundargerð fjárfestingarráðs dags. 17. mars 2008.

Á fundi stjórnar sjóðsins þann 18. mars 2008 var tekin sú ákvörðun að selja um helming erlendra hlutabréfaeignar sjóðsins og taka mest allt andvirðið yfir í íslenskar krónur. Rökin fyrir þessari aðgerð voru:

- Að festa gengishagnað á meðan krónan væri veik.
- Að draga úr áhættu af erlendri hlutabréfaeign vegna óvissu á erlendum mörkuðum.
- Vegna erfiðleika á gjaldeyrismarkaði væri ekki unnt að gera viðunandi framvirka samninga til að festa gengi krónunnar í þessari lágstöðu.

Stjórnarmenn lýstu sig allir samþykka þessari ráðstöfun og töldu hana í góðu samræmi við þau sjónarmið sem áður hefðu komið fram í stjórninni í umræðum um gjaldmiðlavarnir og hvernig bregðast ætti við miklum sveiflum á markaði.

Heimild: Fundargerð 696. fundar stjórnar dags. 18. mars 2008.

Í framhaldi ofangreindra ákvarðana voru í mars 2008 seld erlend hlutabréf að fjárhæð 3.600 mkr. Andvirðinu var ráðstafað á eftirfarandi hátt:

Ráðstöfun á sölu erlendra hlutabréfa í mkr.	
Innlend innlán	1.500
UBS skuldabréf	1.000
Aðrar fjárfestingar	586
Innlend hlutabréf	275
Innlend skuldabréf	170
Samtals mkr.	3.531

Skuldabréf banka og sparisjóða

Miklar afskriftir áttu sér stað hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á skuldabréfum banka og sparisjóða árin 2008 – 2010 eða samtals 5.154 mkr. Þessi fjárhæð er nánast helmingi hærri heldur en öll lífeyrissjóðgjöld til sjóðsins árið 2009. Mestu afskriftirnar voru hjá Kaupþing banka hf., 2.122 mkr., og Glitni banka hf., 2.068 mkr. Þar af voru afskriftir vegna UBS skuldabréfsins sem fjallað er um hér að neðan um 760 mkr. hjá Glitni og um 770 mkr. hjá Kaupþingi. Afskriftir hjá öðrum fjármálafyrirtækjum voru VBS fjárfestingarbanki hf. 276 mkr. og Landsbanki Íslands hf. 182 mkr. Aðrar afskriftir voru samtals að fjárhæð 506 mkr.

UBS skuldabréf (lánshæfistengt skuldabréf, Credit-Linked Note, CLN)

- Landsbanki Íslands var milliliður og kom á viðskiptum milli viðskiptavina sinna og UBS AG, Jersey Branch.
- Seld var skuldatrygging á Glitni og Kaupþing þegar skuldatryggingarálag var um 750 stig
- Tveir þættir gátu leitt til innköllunar af hálfu UBS bankans, þ.e. ef skuldatryggingarálag Glitnis og Kaupþings færi upp í ca. 1.300 stig eða gengi EUR færi í 135 ISK.
- UBS AG, Jersey Branch, gefur út skuldabréf að fjárhæð 3.100 mkr. og selur skuldatryggingu á Kaupþing og Glitni. UBS er þó ekki skuldari þrátt fyrir að vera útgefandi.
- Skuldabréfið ber reglulega vexti og er tengt þróun skuldatryggingarálags á Kaupþing og Glitni. Fjárfestar (lífeyrissjóðirnir) eru því að veðja á að bankarnir muni ekki falla.
- Þetta er ekki hefðbundið skuldabréf með skuldaviðurkenningu milli aðila. Skuldabréfið fellur þó að skilgreiningu skuldabréfs að því leyti að höfuðstóllinn ber reglulega vexti. Hins vegar er verðgildi bréfsins háð verðþróun undirliggjandi eigna.
- Vextirnir sem fjárfestirinn (lífeyrissjóðirnir) innheimti ársfjórðungslega voru breytilegir eða á ársgrunni 10,7% ofan á REIBOR. Það jafngildi 25,7% vöxtum á útgáfudegi.

- Á þeim tíma sem fjárfest var í skuldabréfinu er skuldatryggingarálag á bankana mjög hátt sem endurspeglaði þá mat fjárfesta á möguleikum á gjaldfalli bankanna.
- Áhættan af skuldabréfinu var mjög mikil. Áhættan felst í undirliggjandi skuldabréfum á Glitni og Kaupþing auk áhættu á útgefandann UBS.

(Sjá nánar kafla 5.1.9. Landsbanki Íslands hf. – lánshæfistengt skuldabréf í mars 2008).

Viðskipti Lífeyrissjóðs verkfræðinga tengd UBS skuldabréfi (lánshæfistengdu skuldabréfi, CLN):

- Í mars 2008 keypti Lífeyrissjóður verkfræðinga með milligöngu Landsbankans lánshæfistengt skuldabréf útgefið af UBS AG bankanum að fjárhæð 1.000 mkr.
- Í september 2008 fór verðmæti skuldabréfsins skv. skilmálum þess niður fyrir 50% þar sem bæði skuldatryggingarálagið og gengi evru höfðu hækkað. Lífeyrissjóðurinn stóð þá frammi fyrir tveimur kostum:
 - Skuldabréfið yrði innkallað og innheimtar 350 mkr. Bókfært tap yrði því um 650 mkr.
 - Bæta við skuldabréfi að fjárhæð 1.590 mkr. og greiða UBS.
- Lífeyrissjóður verkfræðinga valdi seinni kostinn. Samtals var því sjóðurinn búinn að fjárfesta fyrir 2.590 mkr. í UBS skuldabréfum. Jafnframt var skuldabréfunum breytt í evrur en varið yfir í krónur.
- Við gjaldþrot bankanna í október 2008 voru skuldabréfin innkölluð.
- Á móti fékk Lífeyrissjóður verkfræðinga afhent skuldabréf í Glitni og Kaupþingi samtals að fjárhæð 2.590 mkr. en óvíst var hvert yrði endanlegt verðmæti þeirra skuldabréfa.

Í töflunni hér að neðan er tap lífeyrissjóðsins sýnt m.v. upphaflegar fjárhæðir sem lagðar voru í fjárfestinguna, þ.e. í ISK. Bókfært tap sjóðsins varð hins vegar mun meira. Munur á bókfærðu tapi og tapi af upphaflegri fjárfestingu skýrist af hækkun á gengi evru.

Lífverk tafla 12

		mkr.
25.02.08	Kaup á UBS skuldabréfi	1.000
29.09.08	Kaup á nýju skuldabréfi (viðbót)	1.590
	Samtals fjárfest í UBS skuldabréfi	2.590
31.10.08	Afhent skuldabréf Glitnis/Kaupþings	2.590
	Samt. afh. skuldabréf	2.590
31.12.09	Samtals fjárfest. í USB	2.590
	Verðm. skuldabr. Glitnis/Kaupþings í árslok 2009	1.059
	Samtals tap af UBS í árslok 2009 í mkr.	1.531

Heimild: Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2. bindi, bls. 22-28.

Skýrsla endurskoðunarfyrirtækis unnin fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga, febrúar 2011.

Taflan hér að neðan sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Lífeyrissjóðs verkfræðinga árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum banka fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Lífverk tafla 13

Bankar og sparissjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Kaupþing banki hf.	2.251	1.688	563	75%
Kaupþing banki hf.	578	434	145	75%
Glitnir banki hf.	2.026	1.418	608	70%
Glitnir banki hf.	644	451	193	70%
VBS fjárfestingarbanki hf.	268	134	134	50%
Byr sparissjóður, víkjandi	141	99	42	70%
Sparissjóðabanki Íslands hf.	103	103		100%
Samtals	6.012	4.327	1.685	72%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs verkfræðinga árin 2008-2010 af skuldabréfaeign sinni í bönkum og sparissjóðum.

Lífverk tafla 14

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Kaupþing banki hf.		2.122		2.122
Glitnir banki hf.	54	1.869	145	2.068
VBS fjárfestingarbanki hf.	142	134		276
Landsbanki Íslands hf., víkjandi að hluta	118		141	259
SPRON, víkjandi			182	182
BYR sparissjóður, víkjandi	45	99		144
Sparissjóðabanki Íslands hf. / Icebank hf.		103		103
Samtals í mkr.	359	4.327	468	5.154

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 20.6.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 1.590 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 4.892 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 3.561 mkr. á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 3.014 mkr. og hafði sjóðurinn þá afskrifað fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 784 mkr. Árið 2009 voru afskrifaðar 2.712 mkr. Samtals námu afskriftir/niðurfærslur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á fyrirtækjaskuldabréfum 4.278 mkr. árin 2008-2010. Mestu afskriftirnar voru Skipti/Síminn hf. 546 mkr., Landic Property hf. 437 mkr., Exista hf. 433 mkr., Baugur Group hf. 398 mkr., Nýsir hf. 333 mkr. og Bakkavör Group hf. 309 mkr. Afskriftir hjá öðrum fyrirtækjum voru samtals 2.255 mkr.

Exista hf., víkjandi skuldabréf

Lífeyrissjóður verkfræðinga átti víkjandi skuldabréf á Exista hf. að fjárhæð 185 mkr. sem var afskrifað að fullu árið 2009. Á fundi með Stefáni Halldórssyni, fyrrv. framkvæmdastjóra sjóðsins, þann 11. ágúst 2011 var hann spurður nánar út í þetta skuldabréf og af hverju lífeyrissjóður væri að kaupa víkjandi skuldabréf af fyrirtæki. Stefán sagði að skuldabréfið sem var skráð í Kauphöll Íslands hf. hefði upphaflega verið gefið út af Lýsingu hf., dótturfélagi Exista hf., og hefði skuldabréfið strax við útgáfu verið víkjandi. Sú beiðni hefði síðan komið til sjóðsins, hvort mögulegt væri að hafa skuldarskipti á skuldabréfinu þannig að skuldari yrði framvegis Exista hf. í stað Lýsingar hf. Var það talið í lagi og jafnvel að það yrði til hins betra fyrir sjóðinn þar sem skuldari yrði framvegis móðurfélagið í stað dótturfélagsins áður.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja í eigu Lífeyrissjóðs verkfræðinga árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Lífsværk tafla 15

Skuldabréf fyrirtækja - staða og afskriftir árið 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.	253	165	89	65%
Bakkavör Group hf.	433	216	216	50%
Baugur Group hf.	398	398	0	100%
Eik fasteignafélag hf.	118	12	106	10%
Exista hf.	276	248	28	90%
Exista hf., víkjandi	185	185	0	100%
Milestone ehf.	193	193	0	100%
Mosaic fashion hf.	111	111	0	100%
Norðurtunninn hf.	264	132	132	50%
Nýsir hf.	340	333	7	98%
Samson hf.	277	263	14	95%
Landic Property hf.	456	456	0	100%
Samtals	3.304	2.712	592	82%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs verkfræðinga árin 2008–2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Lífsværk tafla 16

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa	2010	2009	2008	Samtals
Skipti/Síminn hf	546			546
Landic Property hf.	-19	456		437
Exista hf.		433		433
Baugur Group hf.		398		398
Nýsir hf.		333		333
Bakkavör Group hf.	93	216		309
Samson hf.	15	263		278
Kögun hf.			226	226
Milestone hf.		193		193
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.	13	165		178
Egla fjárfestingarfélag hf			174	174
HF Eimskipafélag Íslands			139	139
FL Group hf.			139	139
N1 hf./Olíufélagið hf.	134			134
Norðurtunninn hf.		132		132
Mosaic Fashion hf.		111		111
Teymi hf.			106	106
Eik fasteignafélag hf.		12		12
Samtals í mkr.	782	2.712	784	4.278

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 20.6.2011.

Innlend hlutabréf

Á árunum 2008–2009 tapaði Lífeyrissjóður verkfræðinga 1.620 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 1.668 mkr. Samfara tapinu á hlutabréfaeign sjóðsins þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni hans úr því að vera rúm 16% árið 2007 í það að verða aðeins 2,5% í árslok 2008 og 1,7% í árslok 2009.

Lífsværk tafla 17

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjareign í byrjun tímabils	10.100	107	3.967	3.458	2.568
Keypt hlutabréf	10.531	497	2.639	4.212	3.182
Seld hlutabréf	11.498	176	4.832	3.702	2.788
Hlutafjareign í lok tímabils	8.007	475	107	3.967	3.458
Hagn / (-tap)	-1.126	48	-1.668	-1	495

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 22.08.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verkfræðinga tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð (Sjá töflu 18).

Þann 1. jan. 2006 átti Lífeyrissjóður verkfræðinga hlutabréf samtals að fjárhæð 2.568 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 3.458 mkr. Þann 1. jan. 2008 hafði hlutafjareignin enn aukist og var orðin 4.081 mkr.

Árið 2008 lækkaði hlutabréfaeign sjóðsins jafnt og þétt, þannig að hún var komin niður í 107 mkr. í árslok. Nánast öll hlutabréfaeign sjóðsins var í skráðum félögum.

Hér á eftir verður þróun hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verkfræðinga í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðanna þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig

Lífverk tafla 18

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verkfræðinga á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Kaupþing banki hf.	911.352	1.239.795	1.333.315	1.814.083	1.483.128	385.976	414.919	
Landsbanki Íslands hf.	418.473	520.167	627.438	581.782	787.926	114.917	165.618	
Glitnir banki hf.	356.965	432.375	365.862	244.552	36.603	223.363	43.674	
Straumur - Burðarás hf.	242.547	334.284	377.754	499.370	497.797	62.746	105.527	
Actavis Group hf.	222.479	245.628	340.443					
FL Group hf.	126.168	180.257	126.693	106.953	7.219			
Bakkavör Group hf.	154.177	292.872	337.772	328.377	299.237	77.080	55.844	6.607
Mosaic Fashion hf.	109.540	47.669	7.611					
Össur hf.	10.260	10.170		44.604	41.977			
Exista hf.		94.803	345.674	287.066	201.655		21.596	144
Atorka Group hf./								
Jarðboranir hf.	16.128	27.910	3.622					
Flaga Group hf.		6.485	4.703	2.104	2.178			
Alfesca hf.		4.939		22.730	22.304	23.911	29.812	19.656
365 hf.		4.018						
Marel hf.		3.465				50.191	50.181	44.315
HF Eimskipafélag Íslands		13.325						
Icelandair Group hf.			35.000					
Century Aluminium hf.			68.100					
Skípti hf.					23.532			
SPRON hf.					9.760		25.546	
Skjáráð félög í þús. kr.	2.568.089	3.458.162	3.973.986	4.045.663	3.413.316	938.185	912.717	70.722
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Eignarhaldsfél. um verðbréfaþing	86	86	86	86	86	86	86	86
Virðing			29.338	29.338	29.338	29.338	29.338	29.338
Reiknistofa lífeyrissjóða			6.365	6.365	6.365	6.365	6.365	6.365
Óskráð félög í þús. kr.	86	86	35.789	35.789	35.789	35.789	35.789	35.789
Samtals félög í þús. kr.	2.568.175	3.458.248	4.009.775	4.081.452	3.449.105	973.974	948.506	106.511

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 22.08.2011.

er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áreitt að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í sumum tilvikum hafði lífeyrissjóðurinn átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir.

Kaupþing banki hf.

Í árslok 2007 átti sjóðurinn 2.061 þús. hluti á nafnverði. Á árinu 2008 var sjóðurinn nettóseljandi hlutabréfa í Kaupþingi. Heildartap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi hf. var um 439 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	1.222		746	912
31.12.06	1.474	252	841	212
30.06.07	1.185	-289	1.125	-325
31.12.07	2.061	876	880	771
31.03.08	1.847	-214	803	-172
30.06.08	506	-1.341	763	-1.023
30.09.08	600	94	692	65
31.12.08			0,00	
Samtals		-622		439
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				439
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				439

Exista hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs verkfræðinga í Exista ekki mikill eða 4.213 þús. hlutir sem jafngiltu 95 mkr. að markaðsverði. Á árinu 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 15.177 þús. hluti og var kaup-

verð þeirra hluta um 340 mkr. Fyrir mitt ár 2008 var sjóðurinn búinn að selja öll hlutabréf sín í Exista hf. á 146 mkr. að markaðsvirði miðað við gengi bréfanna þann 30.06.2008. Sjóðurinn kaupir síðan aftur 3.599 hluti að nafnverði á þriðja ársfjórðungi 2008. Heildartap sjóðsins á hlutabréfum í Exista hf. var a.m.k. 310 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05				
31.12.06	4.213		22,50	95
30.06.07	10.049	5.836	34,40	201
31.12.07	14.535	4.486	19,75	89
31.03.08	19.390	4.855	10,40	50
30.06.08		-19.390	7,52	-146
30.09.08	3.599	3.599	6,00	22
31.12.08	3.599	0	0,04	
Samtals		-614		310
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				310
Stæða 31.12.08	3.599		0,04	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				310

Landsbanki Íslands hf.

Hlutafjáreign Lífeyrissjóðs verkfræðinga í Landsbankanum fór úr 16.540 þús. hlutum í árslok 2005 í 26.619 þús. hluti þann 31.03.2008. Um mitt ár 2007 þegar gengi hlutabréfa var sem hæst seldi sjóðurinn 3.241 þús. hluti með hagnaði. Á öðrum ársfjórðungi 2008 seldi sjóðurinn 21.633 þús. hluti fyrir tæpar 500 mkr. að markaðsvirði. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Landsbanka Íslands var a.m.k. 245 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	16.540		25,30	418
31.12.06	19.629	3.089	26,50	82
30.06.07	16.468	-3.161	38,10	-120
31.12.07	16.388	-80	35,50	-3
31.03.08	26.619	10.231	29,60	303
30.06.08	4.986	-21.633	23,05	-499
30.09.08	8.119	3.133	20,40	64
31.12.08			0,00	
Samtals		-8.421		245
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				245
Stæða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				245

Bakkavör hf.

Í ársbyrjun 2006 var gengi á hlutabréfum Bakkavarar hf. 50,90 og átti sjóðurinn þá 3.029 þús. hluti að nafnvirði í félaginu eða 154 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 bætti sjóðurinn við sig 1.657 þús. hlutum.

Árið 2007 og á fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti Lífeyrissjóður verkfræðinga hlutabréf í Bakkavör fyrir um 124 mkr. Gengi Bakkavarar féll mjög hratt árið 2008 og var komið niður í 2,49 í árslok. Á öðrum ársfjórðungi 2008 seldi sjóðurinn 4.623 þús. hluti. Ekki er hægt að segja fyrir um nákvæmt sölugengi en gengi hlutabréfa Bakkavarar þann 30. júní 2008 var 29,4, er því ljóst að bréfin hafa verið seld með umtalsverðu tapi. Samtals varð tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga um 239 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Bakkavör hf.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	3.029		50,90	154
31.12.06	4.686	1.657	62,50	104
30.06.07	4.867	181	69,40	13
31.12.07	5.613	746	58,50	44
31.03.08	7.245	1.632	41,30	67
30.06.08	2.622	-4.623	29,40	-136
30.09.08	2.622	0	21,30	
31.12.08	2.622	0	2,49	
Samtals		-407		245
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				245
Stæða 31.12.08	2.622		2,49	-7
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				239

Straumur – Burðarás hf.

Gengi hlutabréfa í Straumi Burðarás hf. var 15,90 í ársbyrjun 2006. Gengi félagsins fór upp í 21,80 um mitt ár 2007 en tók síðan að falla og var komið niður í 1,86 í árslok 2008. Sjóðurinn átti 15.255 þús. hluti í ársbyrjun 2006 sem voru 243 mkr. að markaðsvirði. Sjóðurinn bætti síðan verulega við eign sína í Straumi á seinni ársfjórðungi 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008. Á öðrum ársfjórðungi 2008 seldi svo sjóðurinn 36.099 þús. hluti með nokkru tapi. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Straumi Burðarás var um 288 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	15.255		15,90	243
31.12.06	19.212	3.957	17,40	69
30.06.07	17.289	-1.923	21,80	-42
31.12.07	33.071	15.782	15,10	238
31.03.08	42.402	9.331	11,74	110
30.06.08	6.303	-36.099	9,95	-359
30.09.08	12.638	6.335	8,35	53
31.12.08		-12.638	1,86	-24
Samtals		-15.255		288
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				288
Stæða 31.12.08	0		1,86	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				288

Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Eins og fram hefur komið hér að framan þar sem fjallað er um eignastýringu sjóðsins þá var u.þ.b. helmingi af eignum Lífeyrissjóðs verkfræðinga úthýst til þriggja fyrirtækja en þau voru: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., Íslensk verðbréf hf. og SPRON. Í kaflanum um eignastýringu sjóðsins framar í þessari umfjöllun kom fram hvaða fjárfestingarstefnu eignastýringarfyrirtækjunum bar að fylgja. Þau gátu því fjárfest í eigin hlutdeildarsjóðum svo framarlega sem það var innan þeirrar fjárfestingarstefnu sem kveðið var á um í samningi milli sjóðsins og viðkomandi stýringaraðila.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. (RKB)

Í árslok 2007 eru eignir Lífeyrissjóðs verkfræðinga í RKB samtals að fjárhæð 552 mkr. Þann 18. apríl 2008 fóru hins vegar fram stórfelld kaup á vegum eignastýringar Kaupþings í IS-15 sjóðnum sem var hreinn hlutabréfasjóður í vörslu Rekstrarfélags Kaupþings. Þannig komst eignastaða Lífeyrissjóðs verkfræðinga í IS-15 upp í 2.732 mkr. á árinu 2008. Af þeirri fjárhæð voru afskrifaðar 2.417 mkr. eða 89%. Mest öll eign lífeyrissjóðsins í ICEQ sjóðnum var flutt yfir í IS-15 á fyrri hluta árs 2008 og kom tapið því að mestu fram í IS-15 sjóðnum. Meirihluti eignanna sem voru í Kaupþing IS-5 tapaðist eða 230 mkr. sem voru 88% af bókfærðri stöðu sjóðsins.

SPRON-sjóðir

Allur séreignarsparnaður sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verkfræðinga var vistaður í SPRON-sjóðum samkvæmt samningi milli sjóðsins og SPRON. Um tvær sparnaðarleiðir var að ræða, Sparnaðarleið 1 og Sparnaðarleið 2. Sparnaðarleiðirnar skiptust síðan niður á einstaka sjóði innan SPRON, bæði hlutabréfa- og skuldabréfasjóði. Sjá nánar um sparnaðarleiðirnar í kaflanum um eignastýringu framar í þessari umfjöllun. SPRON fjárfesti nánast eingöngu í eigin skuldabréfasjóðum. Af 1.582 mkr. eign lífeyrissjóðsins í skuldabréfasjóðum SPRON töpuðust 624 mkr. eða 39%.

Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga í innlendum verðbréfasjóðum sem voru í umsjón eignastýringaraðila var 868 mkr. í skuldabréfasjóðum og 2.519 mkr. í

hlutabréfasjóðum. Samtals var hér um að ræða tap að fjárhæð 3.387 mkr.

Taflan hér að neðan sýnir bókfærða stöðu einstakra sjóða þann 1. jan. 2008. Síðan kemur gengislækkun/niðurfærsla sjóðanna árin 2008 og 2009. Að lokum er sýnd nettóstaða í árslok 2009 og hlutfallsleg lækkun miðað við bókfærða stöðu í ársbyrjun 2008.

Lífverk tafla 19

Afskriftir í innlendum verðbréfasjóðum

Skuldabréfasjóðir	Bókfærð staða	Gengisl./ afskrift	Nettó staða	Lækkun í %
Kaupþing IS-5	261	230	31	88%
Íslensk verðbréf hf. - peningamarkaðssjóður	700	14	686	2%
SPRON - skuldabréfasjóðir	1.582	624	958	39%
Samtals í mkr.	2.543	868	1.675	34%

Hlutabréfasjóðir	Bókfærð staða	Gengisl./ afskrift	Nettó staða	Lækkun í %
Kaupþing IS-15, hlutabréfasjóður	0	2.417	0	
ICEQ verðbréfasjóður	391	59	332	15%
SPRON - hlutabréfasjóður	23	43	-20	
Samtals í mkr.	414	2.519	312	

Samtals innlendir sjóðir í mkr.	2.957	3.387	1.987	115%
---------------------------------	-------	-------	-------	------

(Samkvæmt þeim gögnum sem úttektarnefndin fékk frá Lífeyrissjóði verkfræðinga var ekki mögulegt að greina tap innlendu sjóðanna niður á árin 2008 og 2009. Tapið er því allt fært á árið 2008.)

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 15.08.2011 og 17.08.2011.

Erlend verðbréf

Þann 1. janúar 2008 var hlutdeild erlendra verðbréfa 25,8% af heildareignum sjóðsins en það jafngilti því að erlendar eignir væru 7.879 mkr. Hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga voru afskriftir erlendra verðbréfa fyrst og fremst á skuldavafningum. Þá voru örliðlar afskriftir í framtakssjóðum og afleiðutengdum skuldabréfum. Afskriftir sjóðsins á árinu 2009 á erlendum verðbréfum námu samtals 1.056 mkr.

Skuldavafningar

„Skuldavafningar eru eignatryggð verðbréf með undirliggjandi eignir sem gefa af sér þekktar tekjur. Þessar eignir geta verið hvers konar skuldabréf, bankalán, aðrir vafningar og fleira þess háttar. Gríðarlegur vöxtur var í útgáfu skuldavafninga á árunum eftir aldamót en fyrstu samningarnir um skuldavafninga voru gerðir fyrir rúmum 20 árum. Vafningunum er skipt í nokkur lög (e. tranches) og er óskað eftir láns-

hæfiseinkunn fyrir öll lögin nema það neðsta sem hefur að geyma eiginfjárframlag eða ígildi þess (e. subordinate/equity tranche). Algengt var að efsta lag vafnings fengi AAA eða AA einkunn. Millilögin voru oft með einkunnir á bilinu A til B. Tekjur af vafningum koma frá vaxtagreiðslum vegna undirliggjandi eigna, höfuðstólsgreiðslum vegna lokagjalddaga þessara eigna og sölu þeirra. Aðalástæðan fyrir sölu vafninga er sú að með þeim má flytja áhættusöm útlán af efnahagsreikningi og draga þannig úr eiginfjárbindingu. Eftirspurn eftir vafningum varð mjög mikil, til dæmis meðal lífeyrissjóða, sem þurfa lögum samkvæmt að fjárfesta í bréfum með einkunnina AAA eða AA.“

Heimild: Skýrsla RNA, 1. bindi, 4. kafli, bls. 66.

Lífeyrissjóður verkfræðinga átti fjóra skuldavafninga. Tveir vafninganna voru seldir með milligöngu Kaupþings og tveir með milligöngu Landsbanka Íslands. Skuldavafningarnir hækkuðu mjög í verði árið 2008 vegna falls íslensku krónunnar. Á árinu 2009 lækkuðu þeir hins vegar mikið í verði erlendis og fór svo að sjóðurinn varð að afskrifa vafningana nánast að fullu.

Önnur erlend verðbréf

Önnur erlend verðbréf sem Lífeyrissjóður verkfræðinga afskrifaði eða færði niður eru: Private Equity Fund (Kaupthing Capital Partners II) sem gefið var út af Kaupþingi. En það verðbréf var fært 100% niður.

Þá afskrifaði sjóðurinn samtals 87 mkr. í afleiðutengdum skuldabréfum. Annað skuldabréfið var gefið út af Straumi Fjárfestingarbanka og hitt skuldabréfið var gefið út af Deutsche Bank.

Heimild: Gögn og upplýsingar frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 19.9.2011.

Lífsverk tafla 20

Niðurfærsla erlendra verðbréfa í mkr.

	Bókfærð staða	Niðurskr/ afskriftir	Nettó staða	Lækkun %
Private equity fund:				
Kaupthing Capital Partners	45	45	0	100%
Afleiðutengd skuldabréf:				
Straumur Fjárfestingarbanki	50	37	13	74%
Deutsche Bank	50	50	0	100%
Skuldavafningar:				
CDO: NBS Calyon (Arion) ..	468	468	0	100%

	Bókfærð staða	Niðurskr/ afskriftir	Nettó staða	Lækkun %
CDO: XELO II PLC ..	390	292	98	75%
CDO: BTV2 ..	100	98	2	98%
CDO: BTV1	100	66	34	66%
Samtals erlend verðbréf í mkr.	1.203	1.056	147	88%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga 19.9.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður verkfræðinga gerði gjaldmiðlavarnarsamninga við Landsbanka Íslands hf. og Kaupþing banka hf. til að takmarka gengisáhættu erlendar verðbréfaeignar. Einnig gerði sjóðurinn vaxtaskiptasamninga við Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf. sem breyttu vaxtagreiðslum af erlendum skuldabréfum yfir í raunvexti í íslenskum krónum.

Lífsverk tafla 21

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009.

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta-kostn.	Samtals	Skulda-jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	762	122	884	-240	644
Krafa bankanna m.v. uppgjörsg. samninganna	1.024	163	1.187	-240	947
Mismunur á kröfum í mkr.					303

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði verkfræðinga dags. 3.5.2011 og 22.8.2011.

Skuld sjóðsins við lánastofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga var í árslok 2009 samtals 884 mkr. með áföllnum vöxtum. Ofangreind fjárhæð er m.v. gengisvísitöluna 175 stig. Þá gerir sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af bönkunum og sem sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta skuldajafnað eru samtals að fjárhæð 240 mkr. Bankarnir gera aftur á móti kröfu um að samningarnir verði gerðir upp miðað við uppgjörsgengi samninganna og er sú krafa að fjárhæð 1.187 mkr. með áföllnum vöxtum. Mismunur á tillögum sjóðsins og krafna bankanna er 303 mkr. Fari svo að skuldajöfnun við bankana nái ekki fram að ganga versnar afkoma sjóðsins sem þeirri fjárhæð nemur.

„Allt frá bankabruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkna gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.“

Náðst hefur rammasamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

29.2 Stjórn og starfshættir

29.2.1 Stjórn og starfsmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga er kjörin á ársfundi sjóðsins. Eins og fram kom í fyrsta hluta þessa kafla þá er stjórn sjóðsins skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Þeir eru kjörnir þannig að tveir eru kjörnir á ársfundi tvö ár í röð, einn til vara hvort árið, og síðan einn aðalmaður og einn til vara. Á þriggja ára tímabili eru allir stjórnarmenn kjörnir.¹ Allir stjórnarmenn þiggja umboð sitt frá aðalfundi sjóðsins sem haldinn er árlega fyrir lok maímánaðar. Allir sjóðfélagar hafa rétt til að sækja aðalfund og þeir hafa „umræðu-, tillögu- og atkvæðisrétt“ eins og segir í samþykktum sjóðsins.² Þótt það sé ekki beinlínis sagt, þá virðist gengið að því vísu að allir hafi eitt atkvæði á aðalfundinum óháð því hver réttindi þeirra eru í sjóðnum. En aðalfundur er lögmætur „sé löglega til hans boðað, án tillits til fundarsóknar“.³ Þetta merkir að lítill minnihluti félagsmanna getur ráðið lífeyrissjóðnum mæti fáir á aðalfundi ár eftir ár. Sjóðfélagar sem eru u.þ.b. 2.600 mæta ekki allir á aðalfund að öllu jöfnu og þykir eflaust gott að milli 5 og 10% þeirra mæti. Það er ekki heimilt að fara með umboð annars á aðalfund og greiða atkvæði fyrir hans hönd. En sé sá hópur sem mætir í þokkalegu samræmi við heild sjóðfélaganna ættu ákvarðanir hans að endurspegla vilja þeirra.

Mikilvægasta hlutverk stjórnar þessa sjóðs eins og annarra lífeyrissjóða er að fara með yfirstjórn hans en það felst í því að ráða framkvæmdastjóra og fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir í stefnumótun sjóðsins, hún ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða

semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila og hún á að sjá til þess að nægilega gott eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.⁴ Það virðist mega ráða af þessu að til þess sé ætlast að stjórn þessa lífeyrissjóðs hafi ekki áhrif á daglegan rekstur og ákvarðanir um framkvæmd stefnu sem hefur verið ákveðin, heldur sé það eftirlátið starfsmönnum sjóðsins að gera það. Hlutverk stjórnarinnar sé miklu fremur að sinna eftirliti og sjá til þess að það sé í góðu lagi. En hún ber þó ábyrgð á rekstri sjóðsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir. Það segir beinlínis að framkvæmdastjóri megi ekki sjálfur taka ákvarðanir sem eru „óvenjulegar eða mikilsháttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingar í atvinnurekstri eða fasteignum“⁵ en þær má hann einungis framkvæma skv. sérstakri ákvörðun stjórnar eða áætlun sem stjórnin hefur samþykkt. Almennt gildir að framkvæmdastjóri verður að hafa heimild til allra meiriháttar ákvarðana.

Það er eðlilegt að spyrja hvað er meiriháttar ákvörðun? Svör við þeirri spurningu er ekki að finna í gögnum sjóðsins. Stjórnin hefur ekki samþykkt starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra en í slíkum reglum væri eðlilegt að kveða nákvæmar á um hver mörkin væru fyrir meiriháttar ákvörðunum. Það er til dæmis hægt að gera með því að setja í starfsreglur framkvæmdastjóra hámark á einstakar fjárfestingar í ólíkum flokkum fjármálagerninga sem framkvæmdastjórinn má sjálfur taka ákvarðanir um. Það kemur engin skýring á því í viðtali nefndarinnar við Stefán Halldórsson hvers vegna ekki voru settar starfsreglur

1 Sjá einnig Samþykktir fyrir Lífeyrissjóð fyrir verkfræðinga 10. 8. 2009, gr. 14.1.

2 Sama, gr. 16.2.

3 Sama, gr. 16.2.

4 Sama, gr. 14.5.

5 Sama, gr. 14.6.

um framkvæmdastjóra, önnur en að mestur tími stjórnar hafi farið í umræðu um fjárfestingar.⁶

Það er eftirtektarvert að fjárfestingarráð tók til starfa hjá sjóðnum árið 2007 og starfaði til 2008. Það virðist hvergi vera til formleg samþykkt fyrir þessu ráði og því er staða þess óljós. En í ráðinu áttu sæti formaður stjórnar sjóðsins og varaformaður, framkvæmdastjóri og staðgengill hans. Að sögn átti ráðið ekki að fá nein formleg völd til ákvarðana heldur átti að það „virka sem bakstuðningur við framkvæmdastjóra”.⁷ Þáverandi framkvæmdastjóri, Stefán Halldórsson, segir að ráðið hafi átt að vera lausn á ákveðnum vanda í stjórninni en þar fór sífellt meiri tími í að ræða fjárfestingar og fjárfestingarstefnu „þannig að til vandræða horfði”.⁸ En í reynd virðist ráðið hafa tekið ákvarðanir um fjárfestingar ef marka má þær fundargerðir sem eru til af fundum þess. Það er mat Guðmundar V. Friðjónssonar, fyrrverandi skrifstofu- og fjármálastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga og staðgengils framkvæmdastjóra, að stjórnin hafi verið of flækt í ákvarðanir um tilteknar fjárfestingar sjóðsins.⁹ Það virðist því vera svo að fjárfestingarráðið hafi verið leið fyrir stjórnina eða hluta hennar til að hafa meiri áhrif á fjárfestingarákvarðanir en mögulegt var á fundum stjórnar.

Komið hefur fram í yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins hér að framan að stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga hafi ákveðið að selja helming erlendra eigna sjóðsins á fundi þ. 18. mars 2008. Fyrir því voru þrenn rök: að taka gengishagnað, að draga úr áhættu af erlendri hlutabréfaeign og að ekki væri hægt að gera viðunandi framvirka samninga vegna erfiðleika á gjaldryrismarkaði. Það voru um 3.600 milljónir króna sem fengust fyrir þessi erlendu bréf. Á stjórnarfundi þann 25. mars tilkynnti framkvæmdastjóri að keypt hefði verið skuldabréf af svissneska bankanum UBS sem var lánshæfistengt að jöfnu við Glitni og Kaupþing. Lífeyrissjóður verkfræðinga lagði 1.000 milljónir króna í bréfið. Eins og rakið er að framan, tapaði sjóðurinn á endanum u.þ.b. 2.600 mkr. á þessu bréfi.

6 Viðtal við Stefán Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga 16.8. 2011.

7 Viðtal við Sigurð Áss Grétarsson, fyrrverandi stjórnarformann Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 17.8. 2011.

8 Viðtal við Stefán Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 16.8. 2011.

9 Viðtal við Guðmund V. Friðjónsson, fyrrverandi skrifstofu- og fjármálastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga. 16.8. 2011.

Ásetningurinn með þessum kaupum var að reyna að hagnast á skuldatryggingarálaginu sem þá var mjög hátt á íslensku bankana. Það var gert í krafti þeirrar skoðunar að íslensku bankarnir myndu lifa af þá kreppu sem gekk yfir viðskiptalíf heimsins árin 2007 og 2008 og styrkja stöðu sína aftur.¹⁰ Það er skiljanlegt sjónarmið en það er ljóst að stjórn sjóðsins tók mikla áhættu þegar þessi kaup voru samþykkt. Eðlilegt er að spyrja hvort einhverjar skýringar kunni að vera á þessari ákvörðun og fleiri hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga en ávöxtun sjóðsins hefur verið í slakara lagi síðastliðinn áratug miðað við þá sjóði sem sýndu bestu ávöxtun. Við lauslegan samanburð á tapi Lífeyrissjóðs verkfræðinga og annarra lífeyrissjóða virðist mega staðhæfa að það sem skilur á milli Lífeyrissjóðs verkfræðinga og hinna er tapið af UBS-skuldabréfinu. Það er ljóst að órói hefur verið lengi innan stjórnar lífeyrissjóðsins vegna ágreinings. Ágreiningurinn snerist um aldamótin síðustu um útlutun hagnaðar úr sjóðnum og endaði fyrir Hæstarétti. En það var líka órói innan sjóðsins vegna þess að hann hafði ekki skilað sambærilegri ávöxtun við aðra lífeyrissjóði. Sigurður Áss Grétarsson og Björn Z. Ásgrímsson voru kosnir í stjórn sjóðsins árið 2003 vegna þessarar óánægju. Sigurður segir að hann hafi fljótlega greint alvarleg veikleikamerki á því hvernig staðið var að fjárfestingum sjóðsins og að meira hafi verið hlustað á sölumenn bankanna en að hagsmunir sjóðsins hafi verið ígrundaðir. Jafnframt tekur Sigurður fram að margt hafi verið í góðu lagi hjá sjóðnum.¹¹ Ljóst er að ágreiningur var á milli Sigurðar, eftir að hann varð formaður, og framkvæmdastjórans, Stefáns. Það er skilningur framkvæmdastjórans fyrrverandi að stofnun fjárfestingarráðsins hafi verið bein afleiðing af togstreitu á milli stjórnarformannsins og sín, tilgangurinn með stofnuninni hafi verið sá að stjórnin yrði virkari í ákvörðunum um fjárfestingar.¹² Það er freistandi að geta sér þess til að þessi langvarandi togstreita og átök á milli framkvæmdastjóra og stjórnarformanns séu hluti af skýringunni

10 Viðtal við Sigurð Áss Grétarsson, fyrrverandi stjórnarformann Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 17.8. 2011.

11 Viðtal við Sigurð Áss Grétarsson, fyrrverandi stjórnarformann Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 17.8. 2011.

12 Viðtal við Stefán Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga, 16.8. 2011.

á þessari fjárfestingu Lífeyrissjóðs verkfræðinga, sem getið er um hér að framan.

Ástæða er einnig til að draga fram þá staðreynd að á árinu 2007 var boðið upp á tvær leiðir í séreignarsparnaði í Lífeyrissjóði verkfræðinga. Báðar þessar leiðir voru í eignastýringu hjá SPRON og einungis var fjárfest í verðbréfasjóðum SPRON, sbr. umfjöllun hér að framan. Það hlýtur að vekja spurningar að eignastýringarfyrirtæki festi einungis í eigin verðbréfasjóðum það fé sem því er fengið til ávöxtunar.

29.2.2 Siðareglur

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga lét semja drög að samskipta- og siðareglum í maí 2009.¹³ Að því er best verður séð hafa þessi drög ekki verið samþykkt og engar samskipta- og siðareglur er að finna á vef sjóðsins. Í þessum drögum er inngangur og síðan skiptast reglurnar í fjóra hluta. Sá fyrsti er um góða starfshætti, annar um ferðalög, þriðji um gjafir og boð og sá síðasti um viðurlög.

Inngangur að reglunum er fremur ómarkviss, flest af því sem þar er ætti fremur heima í sérstökum köflum reglnanna. Eðlilegast er í upphafi að lýsa yfir hver er mikilvægasta skuldbinding sjóðsins og hvert hlutverk hans er. Í fyrsta kaflanum er kveðið á um að

¹³ Samskipta- og siðareglur starfsmanna Lífeyrissjóðs verkfræðinga vegna umsjónar fjármuna og eignastýringar. Drög 19. maí 2009.

starfsmenn skuli stunda starf sitt af kostgæfni, forðast hagsmunaaárekstra og sneiða hjá öllu utan vinnutíma sem vakið geti efa um hæfni þeirra í starfi.

Í öðrum kaflanum er því lýst að starfsfólk sjóðsins skuli sækja kynningar og fræðslufundi um fjárfestingar sem þjónustuaðilar skipuleggja. Sjóðurinn skuli bera allan kostnað af ferðalögum og gistingu vegna slíkra funda. Sé boðið upp á viðburði skuli þeir vera innan eðlilegra og viðeigandi marka. Þriðji kaflinn fjallar í raun um sama hlut sem eru gjafir og boð en þar er sagt að starfsmönnum sjóðsins sé óheimilt að þiggja gjafir og boð frá þjónustuaðilum lífeyrissjóðsins. Í síðasta kaflanum er kveðið á um að brot á þessum reglum geti varðað áminningu eða uppsögn.

Það er ástæða fyrir stjórn sjóðsins að fara vel yfir þessi drög og endurskoða þau og endursemla, gera þau markvissari og skýrari og samþykkja þau síðan. Rétt er að nefna eitt dæmi um hvernig gera þarf reglurnar skýrari. Það er hvergi svarað þeirri spurningu hver skeri úr um það hvort þessar reglur hafi verið brotnar. Er það stjórnin, framkvæmdastjórnin eða sérstök siðanefnd? Það virðist eðlilegt að stjórnin áminni framkvæmdastjóra eða segi honum upp störfum og framkvæmdastjóri áminni eða segi upp öðrum starfsmönnum sjóðsins. En það er ekki sjálfsagt að stjórn eða framkvæmdastjóri skeri úr um hvort siðareglur hafi verið brotnar.

29.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

29.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs verkfræðinga á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður verkfræðinga (Lífsverk) var stofnaður í ársbyrjun 1955. Fram til 1994 var hann eingöngu fyrir verkfræðinga en þá var fleiri háskólamenntuðum mönnum veitt aðild að sjóðnum. Frá 2004 hafa inn- gönguskilyrði annarra en verkfræðinga verið orðuð svo: „Sjóðfélagar geta þeir orðið er lokið hafa 180 eininga Bsc.-háskólaprófi í verkfræði- og raungreinum eða lokið meistara- eða doktorsgráðu í háskóla.“

Sjóðfélagar ættu því að tilheyra efri lögum tekjustigans og vera nokkuð samstæður hópur. Sjóðurinn á þannig að hafa nokkuð góð vaxtarskilyrði. Þá er það sérstaða þessa sjóðs að hann hefur fjárfest meira en aðrir sjóðir í sjóðfélagalánum. Lán þessi eru bundin við ákveðna fjárhæð, eru vísitölutryggð og bera ekki nema 3,5% vexti. Gangi menn úr sjóðnum, hækka vextir hins vegar. Þessar reglur ættu þannig að stuðla að viðhaldi sjóðsins. Hins vegar dregur þessi tilhögun úr vexti hans til að afla lífeyris. Á umliðnum árum hefur verið nokkur ágreiningur, m.a. um þessar reglur, milli eldri og yngri sjóðfélaga.

Starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga árin fyrir fall bankanna ber glögg vitni þeim aðstæðum sem sagt

er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitsgerðar þessarar. Hrein eign til greiðslu lífeyris óx framan af úttektartímabilinu. Þegar kom fram á árið 2007 dró verulega úr vextinum. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris á verðlagi 2009 um rúmar 3.997 mkr. Síðan varð viðsnúningur árið 2009 en þá hækkaði hrein eign sjóðsins um 4.431 mkr. Heildarskuldbindingarnar hafa verið neikvæðar síðustu þrjú árin (Sjá Lífsverk tafla 6 í yfirliti hér að framan). Áunnin réttindi sjóðfélaga voru hækkuð árið 2006 um 5,3% en hafa verið lækkuð 2009 um 15% og aftur 2010 um 10%.

29.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum Lífeyrissjóðs verkfræðinga rætt við Stefán Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóra, Guðmund V. Friðjónsson, fyrrv. skrifstofu- og fjármálastjóra, Sigurð Áss Grétarsson, fyrrv. stjórnarformann, og Árna S. Snæbjörnsson, endurskoðanda hjá Ernst&Young hf., sem bæði sá um innri og ytri endurskoðun sjóðsins. Loks ræddi nefndin um sjóðinn við Marinó Örn Tryggvason, forstöðumann eignastýringar fagfjárfesta Arion banka (áður Kaupþings). Allir veittu þeir góðfúslega þær upplýsingar sem nefndin óskaði eftir. Athugunarvert þykir að innri og ytri endurskoðun hafi verið á sömu hendi en Árni S. Snæbjörnsson sagði að hann hefði talið á þessum tíma að þetta væri heimilt samkvæmt lífeyrissjóðalögnum.¹⁴ Ekkert bendir beinlínis til að þetta hafi komið að sök. Þessu hefur verið breytt eftir fall bankanna.

Verulegum hluta eignasafns Lífeyrissjóðs verkfræðinga var útvistað til fjárvörsluaðila. Skipta má eignum sjóðsins gróflaga í fjóra þætti. Áður hefur verið minnst á nokkuð sérstakan þátt sjóðfélagalána, sem veitt voru með hagstæðari vöxtum en annars staðar tíðkuðust. Þá voru svonefnd skúffubréf, sem sjóðurinn valdi sjálfur að mestu leyti og geymdi hjá sér út líftíma bréfanna.¹⁵ Þetta voru skuldabréf keypt af bönkunum og þá ýmist fyrirtækjabréf, sveitarfélagabréf eða bankabréf og eins og nafnið sem

stjórnendur völdu þeim bendir til, voru ekki í virkri stýringu. Þá voru erlend hlutabréf og loks innlend hlutabréf og markaðsskuldbréf, sem gengu kaupum og sölum og voru í virkri stýringu fjárvörsluaðila. Um stýringuna giltu rammastýringar við hvern og einn stýringaraðila, sem stjórn sjóðsins hafði samþykkt. Fulltrúar eignarstýringaraðilanna komu reglulega til fundar við stjórnendur sjóðsins þar sem farið var yfir horfur á mörkuðum. Þá fékk og færði sjóðurinn mánaðarlega allar fjárfestingar fjárvörsluaðilanna og fékk þannig yfirsýn yfir þær, en þeir höfðu fyrst og fremst mismunandi verðbréfaflokka í stýringu.¹⁶ Sjóðurinn átti því að hafa yfirsýn yfir hvaða verðbréf voru undirliggjandi hjá stýringaraðilunum. Íslensk verðbréf voru aðallega með skuldabréf, Kaupþing með hlutabréf og SPRON sá um séreignarsjóðina en um hvern þeirra gildi sérstök fjárfestingarstefna. Þá sá SPRON um sjóðfélagalánin á tímabili en sú tilhögun mun ekki hafa gefist sérlega vel að mati stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóðsins. Kaupþing og Morgan Stanley sáu svo um erlend hlutabréf.

Af framanskráðu má ráða að ekki var nema að takmörkuðu leyti um að ræða innanhússtýringu á eignasafni sjóðsins. Eiginlegar fjárfestingarákvarðanir starfsmanna og stjórnar áttu því fyrst og fremst að felast í því að ákveða hlutfall fjárfestinga og sjóðfélagalána og kaup á því sem stjórnendur kölluðu skúffubréf. Sjóðurinn var með tiltölulega hátt innstreymi í sjóðinn svo það varð einnig stjórnendanna að ákveða hvert skyldi beina þessu nýja fé. Sjaldnast munu fjármunir hafa verið teknir úr vörslu eignarstýringaraðila eða breytingar verið gerðar á samsetningu eignasafna sem útvistunaraðilar voru með í stýringu. Hins vegar ákvað stjórnin í mars 2008 að selja helming erlenda safnsins svo sem áður segir. Forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka sagði nefndinni að forsvarsmenn sjóðsins hefðu haft samband við sjóðstjóra erlendra sjóða og beðið hann að hafa milligöngu um að innleysa erlendar eignir sjóðsins. Samningi sjóðsins við Kaupþing banka um fjárvörslu var síðan sagt upp í apríl 2008. Lífeyrissjóðurinn hafi um líkt leyti verið byrjaður að taka fjárfestingarákvarðanir upp á eigin spýtur. Útvistun fjárfestingarákvarðana feli á hinn bóginn í sér, að hans mati, að viðskiptavinirnir feli bankanum að taka slíkar

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Árna Snæbjörnsson, dags. 16.8.2011.

15 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Stefán Halldórsson, dags. 11.8.2011, og Guðmund V. Friðjónsson, dags. 16.8.2011.

16 Sbr. viðtal við Guðmund V. Friðjónsson.

ákvarðanir. Þegar viðskiptavinirnir fari sjálfir að taka ákvarðanir, sé fjárfstýringunni sjálfhætt.¹⁷

Sá háttur á stýringu sjóðsins sem að framan er lýst mun hafa verið viðhafður vegna þess að starfsfólk var tiltölulega fátt og framkvæmdastjóri þeirrar skoðunar að virk stýring ætti að vera í höndum fagmanna utan sjóðsins.¹⁸ Á árinu 2007 stofnaði stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga fjárfestingarráð. Starfaði það fram að falli bankanna en var þá lagt niður. Í því sátu framkvæmdastjóri, skrifstofu- og fjármálastjóri, stjórnarformaður og varaformaður. Formlega var ekki gengið frá skipan þess og talið að það væri til skrafs og ráðagerða. Hins vegar eru í fundargerðum bókaðar ýmsar fjárfestingarákvarðanir sem ætla verður, að séu gerðar í umboði stjórnar. Framkvæmdastjórinn og skrifstofu- og fjármálastjórinn sögðu fyrir nefndinni að þeir hefðu talið stofnun ráðsins í því skyni gerða að stjórnarmenn kæmu meira að fjárfestingarstjórninni.¹⁹ Var augljóst að þeir töldu báðir að afskiptasemi, sérstaklega stjórnarformannsins, hefði ekki verið til bóta og skapað ósjálfstæði starfsmanna við ákvarðanir og veikleika í eftirlitshlutverki stjórnar. Stjórnarformaðurinn vildi hins vegar ekki gera mikið úr hlutverki sínu í samtali við nefndina.²⁰ Lagði hann áherslu á að framkvæmdastjóri hefði átt lokaorðið um stefnuna og einstakar fjárfestingar. Miðað við yfirlit um starfsemi sjóðsins, svo og árangur og samanburð við þá sjóði sem betur komu út úr falli bankanna virðist úttektarnefndinni sem stjórn sjóðsins hafi verið afskiptasöm um fjárfestingar og nokkuð áhættusækin, en framkvæmdastjórnin aftur á móti helst til víkjandi.²¹

29.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs verkfræðinga var háttað á úttektartímanum. Starfsmenn sjóðsins munu hafa undirbúið stefnuna með gerð framfallsgreininga ofl. Þá er miðað við að ákveðnir eignaflokkar séu teknir út og fylgni og vænt ávöxtun reiknuð fyrir hvern flokk. Síðan er skoðað út frá bestun (sem miðar að því að hámarka hagkvæmni) hvernig hægt sé að blanda saman eigna-

flokkum á sem hagkvæmastan hátt út frá ákveðnum forsendum. Þetta mun þó vera mjög einfölduð mynd af markaðinum og taka verður útreikningum sem þessum með fyrirvara.²² Við gerð fjárfestingarstefnu sjóðsins munu ennfremur hafa verið gerðar kannanir meðal stjórnarmanna um hverju þeir spáðu um framvinduna á verðbréfamörkuðum með hliðsjón af gengi, vöxtum ofl. Framkvæmdastjóri stillti stefnuna síðan endanlega af. Stefnan mun hafa verið mjög svipuð frá ári til árs en verðbréfaeignin tekið einhverjum breytingum milli ára. Að sögn sjóðsmanna urðu aldrei nein vandræði við að fylgja settri fjárfestingarstefnu, hvorki innan marka lífeyrissjóðalaganna né samþykkrar stefnu. Eftir bankahrún hafi verðbréfaflokkar hins vegar riðlast og sjóðurinn fært sig í auknum mæli yfir í bankainnstæður og það jafnvel meira en stefnan sagði til um, en vikmörk hennar eru mjög rúm.²³ Spyrja má, hvort svo rúm vikmörk geri ekki stefnuna lítils virði. Sjóðsmenn vildu ekki fallast á það. Sögðu þeir að í fjárfestingarstefnunni fælist ákveðið miðgildi eða markmið um eignasetningu lífeyrissjóðsins til loka ársins. Hins vegar kunni aðstæður að breytast mjög snögglega og þá þurfi að bregðast við því en jafnframt að vera innan vikmarka.²⁴ Eitthvað kann að vera til í þessu og einhver vikmörk að vera nauðsynleg. Hins vegar felst í rúmum vikmörkum hætta á að auðveldlega verði farið yfir þau og lögin þannig brotin, sérstaklega séu mörk stefnu sett við hámarks lífeyrissjóðalaganna (Sjá að framan Lífsverk töflu 2 í yfirliti um starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga).

Að framan er því lýst að verulegum hluta eignastýringarinnar átti að útvista til fjárvörsluaðila, sem taldir voru hafa meiri þekkingu á eignastýringu en til var innan sjóðsins. Kemur þar fram hvaða eignastýringaraðilar þetta voru. Að sögn framkvæmdastjórans stóð Kaupþing sig vel og litið yfir langt tímabil betur en hlutabréfavísitölur gáfu til kynna. Íslensk verðbréf stóðu sig nánast alltaf betur en innlendar vísitölur. Hvað erlend hlutabréf varðaði stóð Kaupþing sig vel og Morgan Stanley sömuleiðis.²⁵ Úttektarnefndinni þykja eignastýringarsamningar þeir sem um þessa útvistun giltu vera um of ein-

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Marínó Örn Tryggvason, dags. 5.9.2011.

18 Sbr. viðtal við Stefán Halldórsson.

19 Sbr. viðtöl við Stefán Halldórsson og Guðmund V. Friðjónsson.

20 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigurð Áss Grétarsson, dags. 17.8.2011.

21 Sbr. ennfremur viðtal við Árna Snæbjörnsson.

22 Sbr. viðtal við Marínó Örn Tryggvason, dags. 5.9.2011.

23 Sbr. viðtal við Guðmund V. Friðjónsson.

24 Sbr. viðtal við Guðmund V. Friðjónsson.

25 Sbr. viðtal við Stefán Halldórsson.

hliða og halla á lífeyrissjóðinn nema síst við Íslensk verðbréf. Hinir fjárvörsluaðilarnir gátu innan skilgreindrar stefnu fjárfest að vild í sínum eigin sjóðum. Sjóðstjórnin gat ekki fyrr en eftir á haft eftirlit með því í hvers konar verðbréfum verið var að fjárfesta og ekki liggur fyrir hvernig átti að breyta fjárfestingunni gegðjaðist sjóðsmönnum ekki að henni. Kom sjóðurinn því að gerðum hlut. Rétt er að vekja athygli á að SPRON fjárfesti fyrir hönd lífeyrissjóðsins helst í eigin sjóðum eða öðrum sparissjóðum með slæmum afleiðingum. Sama gildi um hlutabréfasjóði Rekstrarfélags Kaupþings Sjá yfirlit um starfsemi sjóðsins hér að framan. Athygli vekur að annar sjóður sem var í heildarstýringu hjá fagfjárfestadeild Kaupþings (Frjálsi lífeyrissjóðurinn) kom mun betur út úr hruninu en Lífeyrissjóður verkfræðinga, en fagfjárfestadeildin virðist hafa haft miklu betri stjórn á því í hverju var fjárfest af sjóðum Kaupþings en í tilfelli Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Hverju sem svo var um að kenna, fyrirmælum stjórnar lífeyrissjóðsins eða að betri tók voru á stýringunni í þeim tilvikum þar sem um heildarstýringu var að ræða. Athygli vakti einnig að rammastýringu um eignastýringuna við Kaupþing var mun betur úr garði gerður við þann sjóðinn sem var í heildarstýringu fagfjárfestadeildarinnar en við Lífeyrissjóð verkfræðinga, t.d. var í því tilfelli sérstaklega vitnað til tilgangs lífeyrissjóðanna og ætlaðrar aðgæslu við fjárfestingar, en ekki hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga í almenna hluta skýrslunnar.

Í 4. kafla skýrslunnar er fjallað um lagaumhverfi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Þar kemur fram að breytingar, sem gerðar voru á lögum um lífeyrissjóði frá gildistöku þeirra, höfðu smám saman gert lagaumhverfið óskýrara og áhættusæknara. Á þessu hefur ekki verið ráðin bót eftir fall bankanna. Telja verður að þessar breytingar hafi stuðlað að því að tap sjóðanna varð almennt meira en orðið hefði við óbreytt lagaumhverfi. Gæta verður þess við mat á eignasafni lífeyrissjóða að þeir eru langtímafjárfestar og eignasafnið tiltölulega stöðugt. Þetta gerði það að verkum að hlutabréf hækkuðu verulega á veltuárnum fyrir fall bankanna þar sem hlutabréf voru færð á markaðsvirði. Hlaut þetta að hafa áhrif, sérstaklega á þá sjóði sem fjárfestu mikið í hlutabréfum. Sá hluti eignasafnanna tók að lækka upp úr miðju ári 2007 og tapaðist að mestu leyti við fall bankanna.

Þessi hluti eignasafns Lífeyrissjóðs verkfræðinga var í stýringu hjá Kaupþingi og að því er séreignarsjóðina varðaði hjá SPRON. Þessi lífeyrissjóður lagði að vísu mun meiri áherslu á fjárfestingar í skuldabréfum fyrirtækja en í hlutabréfum. Má vera að vegna þess og stefnu þeirra um sjóðfélagalán hafi réttindi sjóðfélaga hækkað minna fyrir bankahrunið. Þessi stefna hefði hins vegar getað leitt til minna taps við fall þeirra að öllu óbreyttu, sbr. síðar.

29.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Ljóst er af viðtölum nefndarinnar við stjórnarmann og starfsmenn Lífeyrissjóðs verkfræðinga að lítil eða engin umræða skapaðist innan sjóðsins um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Ákvæði lífeyrissjóðalaga hafa að geyma ákvæði um hámark fjárfestinga í einstökum fyrirtækjum og samstæðum þeirra og frá 2002 höfðu lög um fjármálafyrirtæki skilgreint tengd fyrirtæki. Lagaákvæði hefðu því átt að vekja þá sem störfuðu á fjárfestingarmarkaði til umhugsunar um þessa hættu og hvatt þá til að taka tillit til hennar í störfum sínum. Fæstir virðast hafa gert það og vöknudu því upp við vandan draum við hrun banka og sparissjóða. Þá gildi það sama um fyrirsvarsmenn Lífeyrissjóðs verkfræðinga og fyrirsvarsmenn annarra sjóða að þeir voru ekki á verði fyrir gölluðum skilmálum sumra þeirra skuldabréfa sem þeir fjárfestu í, sbr. það sem segir í kafla 5.1.5 í almenna hluta skýrslu þessarar. Jafnframt virðist engin umræða hafa farið fram innan sjóðsins um að útgáfa svonefndra eingreiðslubréfa (kúlulána) var að aukast á kostnað jafngreiðslubréfa (með jöfnum afborgunum) með hættu á að við gjaldþaga þeirra væri ekki aðra greiðslu að fá en nýja útgáfu sams konar bréfa.²⁶ Við fall fjármálafyrirtækjanna tapaði Lífeyrissjóður verkfræðinga verulegum fjárhæðum á fyrirtækjum, skyldum sem óskyldum.

Í töflu 14 að framan kemur fram yfirlit um afskriftir skuldabréfa banka og sparissjóða og í töflu 16 yfirlit um afskriftir fyrirtækja. Athuga verður að við fall bankanna voru sett neyðarlög sem m.a. settu innlán í forgang fram yfir skuldabréf bankanna í skuldaröð. Áður höfðu þessar kröfur verið jafn réttháar. Margir stjórnendur sjóða, sem höfðu fjárfest í skuldabréfum bankanna, hafa bent á að hefði þetta

²⁶ Sbr. viðtal við Árna Snæbjörnsson.

verið látið óbreytt, hefði þeirra sjóður litið betur út en raunin varð. Gjaldmiðlavarðarnir voru í stýringu hjá tveimur aðilum, Kaupþingi og Landsbankanum. Á meðan Kaupþing hélt að sér höndum varðandi varðarnir, þar sem starfsmenn eignastýringar fagfjárfesta hjá bankanum trúðu ekki á íslensku krónuna, virðast Landsbankamenn hafa haldið gjaldmiðlavörnum áfram þar til í óefni var komið. Skuldabréfin sem afskrifa má eru hins vegar hjá Kaupþingi eða Glitni (Sjá annars um gjaldmiðlavarðarnir í 5.1.4).

Úttektarnefndin spurði Árna Snæbjörnsson endurskoðanda að því hvar hann teldi skýringuna aðallega liggja á miklu tapi Lífeyrissjóðs verkfræðinga miðað við stærð sjóðsins. Svaraði hann því til að umframtapið lægi fyrst og fremst í kaupum sjóðsins á UBS-skuldabréfi (útgefið af Union Bank of Switzerland), en sjóðurinn tapaði tæpum 2.600 mkr. á fjárfestingunni í heild. Hann taldi hins vegar að væri horft fram hjá UBS-skuldabréfinu væru fjárfestingar sjóðsins keimlíkar fjárfestingum annarra lífeyrissjóða. Í yfirliti um starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga hér að framan er sérstök grein gerð fyrir þessu bréfi og tilefni að kaupum þess. Þar er jafnframt vitnað til skýrslu endurskoðunarfyrtækis frá í febrúar 2011 sem gerð var að beiðni stjórnar sjóðsins en þar er því haldið fram að heimild fyrirsvarsmanna sjóðsins til þessarar fjárfestingar sé hæpin.

Forsaga þessarar fjárfestingar er að 17. mars 2008 var rædd sú tillaga stjórnarformanns sjóðsins að selja helming erlends eignasafns sjóðsins og koma fénu í traustari ávöxtun. Markmiðið var að draga úr áhættu í ljósi mikillar óvissu um þróun á mörkuðum og innbyrða hagnað af veikingu íslensku krónunnar. Átti að stefna að því að kaupa erlend hlutabréf að nýju eftir nokkra mánuði þegar talið var að óvissa á mörkuðum hefði minnkað og gengi krónunnar styrkst. Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga daginn eftir var þetta rætt og tillagan samþykkt og að taka mest allt andvirðið yfir í krónur. Að sögn stjórnarformannsins lágu fyrir þessu álitgerðir utanaðkomandi sérfræðinga, sem studdu þessa ákvörðun. Andvirði þessara fjármuna var m.a. varið í nýtt innlán en einnig til kaupa á svokölluðum skuldabréfastrúktúr útgefnum af UBS-bankanum (lánsþæfing skuldabréf), svo sem því var að framan lýst. Bréfið var keypt 25. mars að ráðleggingu Landsbanka Íslands og tengt skulda-

tyggingarálagi Glitnis banka og Kaupþings banka. Með þessum kaupum var í raun verið að veðja á að bankarnir mundu standa en skuldatryggingarálagið var mjög hátt á þessum tíma, raunar alveg út úr kortinu að margra mati. Horfur á mörkuðum áttu þó enn eftir að versna svo sem kunnugt er. Í samræmi við skilmála bréfsins var það síðar innkallað sem varð til þess að sjóðurinn lagði fram 1.500 til 1.600 mkr. til viðbótar við fjárfestinguna en áður höfðu verið lagðar fram 1.000 mkr. til kaupanna. Fleiri lífeyrissjóðir höfðu keypt í þessum flokki, en bökkðu nú út með verulegu tapi. Annar lífeyrissjóður hélt þó stöðu sinni eins og Lífeyrissjóður verkfræðinga, en upphafleg fjárfesting þeirra var helmingi lægri og sjóðurinn verulega stærri.

Framkvæmdastjórinn, skrifstofu- og fjármálastjórinn og stjórnarformaðurinn eru sammála um að fyrirsvarsmenn Landsbankans, sem seldu þeim bréfið, hafi gyllt fjárfestinguna mjög fyrir þeim, tíundað tekjur sem af henni gætu leitt og að hættan af falli Glitnis og Kaupþings væri engin. Þá hafi Fjármálaeftirlitið verið nýbúið að gera úttekt á bönkunum og talið þá standa vel. Þeir höfðu allir þrír sótt kynningar Landsbankans fyrir þessi kaup en skrifstofu- og fjármálastjórinn sagði úttektarnefndinni að hann hefði undrast hversu stóran hluta sjóðurinn keypti. Framkvæmdastjórinn og skrifstofu- og fjármálastjórinn eru sammála um að stjórnarformaðurinn hafi ráðið mestu um það að stöðunni var haldið og viðbótartilagið reitt af höndum. Hann hafi sagt, að hann þyldi ekki að tapa fjármunum. Stjórnarformaðurinn vill ekki gera svo mikið úr sínum hlut. Þetta hafi verið sameiginleg ákvörðun.

Hvað sem þessu líður verður úttektarnefndin að taka undir það með endurskoðanda Lífeyrissjóðs verkfræðinga að mjög hæpið er fyrir lífeyrissjóði að fjárfesta yfirhöfuð í gerningum sem þessum, enda hafa þeir í sér fólgið ákveðið veðmál um hvernig ákveðnum fyrirtækjum sem eru utan skuldbindingarinnar sjálfra reiðir af. Fyrirsvarsmennirnir hefðu átt að sjá að Landsbankinn væri tæplega að bjóða svo góð kjör ef áhættan væri ekki mikil. Áhættumat stjórnar Lífeyrissjóðs verkfræðinga sem samþykkti fjárfestinguna verður því að teljast mjög vafasamt, að minnsta kosti sé litið í baksýnisspegilinn. Það er í raun skoðun nefndarinnar að þessi fjárfesting hafi litla heimild í

ákvæðum 36. gr. lífeyrissjóðalaganna og sé allavega ekki í samræmi við fyrirmæli um varfærna fjárfestingu lífeyrissjóða. Jafnframt verður að benda á þátt Landsbanka Íslands í kaupum þessa sjóðs og annarra lífeyrissjóða í þessum gerningi, þar sem starfsmenn bankans eiga að þekkja lagaákvæðin og eiginleika lífeyrissjóða sem fjárfesta. Hegðun þeirra sem buðu þessa fjármálagerninga voru að áliti nefndarinnar að minnsta kosti ósiðlegir, enda eru þeir sérfræðingar á markaði að bjóða fram fjármálagerninga, sem þeir höfðu miklu betri forsendur til að meta en þeir sem kaupa áttu gerningana.

Að framan er ýmislegt tíundað sem miður fór í starfsemi Lífeyrissjóðs verkfræðinga í aðdraganda hrunsins. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur Lífeyrissjóðs verkfræðinga frekar en stjórnendur annarra lífeyrissjóða hafi átt að gera sér grein fyrir hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall þeirra að koma í ljós hvernig yfirstjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra oft á tíðum misbeitt síðustu árin fyrir fall þeirra. Almennur var jafnframt illa upplýstur um erfiðleika bankanna við að fjármagna sig á erlendum mörkuðum. Fæstir fagfjárfestar, jafnvel innan bankanna sjálfra, sem hefðu þó átt að vita betur, virðast heldur hafa áttað sig á alvarleika málsins. Æðstu stjórnendur bankanna hafa hugsanlega einir haft heildarsýn yfir hver staðan var.²⁷

²⁷ Skýrsla RNA, 1. hefti, bls. 31 o.áfr.

30. Kafli

30.1 Lífeyrissjóður verzlunarmanna	33
30.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)	33
30.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2008 til 2010	39
30.2 Stjórn og starfshættir	45
30.2.1 Starfsreglur	45
30.2.2 Síðareglur	46
30.2.3 Tengsl við fyrirtæki sem fjárfest er í	47
30.2.4 Umræður og ályktanir	48
30.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	51
30.3.1 Inngangur	51
30.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórn sjóðsins	51
30.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	53
30.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	53

30.1 Lífeyrissjóður verzlunarmanna

30.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)

Upphaf

Lífeyrissjóður verzlunarmanna tók til starfa árið 1956. Sjóðfélagar voru í fyrstu eingöngu úr Reykjavík. Stjórn sjóðsins hefur frá upphafi verið heimilt samkvæmt reglugerð að veita félögum annarra verslunarmannafélaga aðild að sjóðnum og hafa fjölmargir nýtt sér þá heimild. Þá hafa nokkrir lífeyrissjóðir sameinast Lífeyrissjóði verzlunarmanna og hefur það þá yfirleitt verið að frumkvæði sjóðanna sem óskað hafa eftir að sameinast LV. Meðal sjóða sem sameinast hafa Lífeyrissjóði verzlunarmanna má nefna Lífeyrissjóð blaðamanna, Lífeyrissjóð starfsmanna Sjóváttryggingafélags Íslands hf. og Lífeyrissjóð apótekara og lyfjafræðinga.

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er átta og er kjörtímabil þeirra þrjú ár. Engin takmörk eru á hámarkstíma sem aðalmaður má sitja í stjórn sjóðsins. Kjörtímabili núverandi stjórnar lýkur 28. febrúar 2013.

Val stjórnarmanna fer þannig fram að stjórn VR tilnefnir fjóra stjórnarmenn. Síðan eru fjórir stjórnarmenn tilnefndir af þeim samtökum atvinnurekenda sem standa að sjóðnum en þau eru Kaupmannasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Félag atvinnurekenda. Fulltrúar atvinnurekenda og VR hafa á hendi formennsku til skiptis, þrjú ár í senn. Allir sjóðfélagar, bæði greiddendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Ársfundurinn er þó fyrst og fremst upplýsingafundur.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði verzlunarmanna árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LV tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í árslok

Nafn:	Tíln.	2009	2008	2007	2006
Ragnar Öndarson	VR	Form.			
Helgi Magnússon	SI	Varaf.	Varaf.	Varaf.	
Ásta R. Jónasdóttir	VR	X			
Benedikt Kristjánsson	KÍ	X	X	X	X

Nafn:	Tíln.	2009	2008	2007	2006
Benedikt Vilhjálmsson	VR	X	X	X	X
Bogi Siguroddsson	FÍS	X			
Hannes G. Sigurðsson	SA	X			
Stefanía Magnúsdóttir	VR	X			
Gunnar P. Pálsson	VR		Form.	Form.	Varaf.
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir	VR		X	X	X
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir	VR		X	X	X
Hrund Rudolfsdóttir	SA		X	X	
Margrét Kristmannsdóttir	FÍS		X	X	
Viglundur Þorsteinsson	SI				Form.
Birgir R. Jónsson	FÍS				X
Tryggvi Jónsson	SA				X
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur	VR				
Samtök atvinnulífsins	SA				
Viðskiptaráð Íslands	VÍ				
Samtök iðnaðarins	SI				
Samtök verzlunar og þjónustu	SVP				
Kaupmannasamtök Íslands	KÍ				
Samtök verzlunarinnar - FÍS	FÍS				

Á árinu 2009 varð nokkur uppstokkun í stjórn sjóðsins. Af átta stjórnarmönnum héldu fimm áfram í stjórn og fimm nýir stjórnarmenn koma í stjórn sjóðsins. Þeir voru: Ragnar Öndarson formaður, Ásta R. Jónasdóttir og Stefanía Magnúsdóttir, öll þrjú kjörin af VR. Þá kom Hannes G. Sigurðsson nýr inn í stjórnina og var hann tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Bogi Þ. Siguroddsson kom einnig nýr í stjórn sjóðsins og var hann tilnefndur af Samtökum verzlunarinnar - FÍS. Fyrir voru í stjórn sjóðsins Helgi Magnússon, tilnefndur af Samtökum iðnaðarins, Benedikt Kristjánsson, tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands, og Benedikt Vilhjálmsson, kjörinn af VR.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Í maí 2009 var Guðmundur Þ. Þórhallsson ráðinn framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Guðmundur hafði áður starfað í tólf ár hjá sjóðnum, undanfarin ár sem forstöðumaður eignastýringar. Guðmundur tók við af Þorgeiri Eyjólfssyni sem sagt hafði starfi sínu lausu, en hann hafði verið forstjóri sjóðsins frá árinu 1984. Gunnlaugur Briem var starfsmaður eignastýringar þar til hann lét af störfum að eigin ósk í ágúst 2009. Tómas N. Möller lögfræðingur var ráðinn til sjóðsins í október 2008. Friðrik Magnússon var starfsmaður eignastýringar frá sept-

ember 2009. Skrifstofustjóri er Valgarður Sverrisson sem starfað hefur hjá sjóðnum frá 1986.

Endurskoðun:

Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi, PricewaterhouseCoopers hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Hjalti Schiöth, löggiltur endurskoðandi, PricewaterhouseCoopers hf.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Stjórnar- og starfsmenn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sátu í eftirtöldum stjórnnum í umboði LV tímabilið 2006-2009:

Gunnar Páll Pálsson, formaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.

Kaupþing hf. (í umboði lífeyrissjóða sem áttu hlut í bankanum).

Landssamtök lífeyrissjóða.

Þorgeir Eyjólfsson, fyrrverandi forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf. (formaður).

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (stjórnarmaður til ársloka 2009).

Víglundur Þorsteinsson, stjórnarmaður starfsárið 2006.

Landssamtök lífeyrissjóða.

Helgi Magnússon, stjórnarmaður starfsárið 2009.

Landssamtök lífeyrissjóða.

Gunnlaugur Briem, stjórnarmaður frá maí 2008 til ágúst 2009.

Frumtak slhf. (samlagshlutafélag)

Heimild: Minnisblað Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til nefndarinnar (ó dags.).

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er að finna í 2. grein samþykktá sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2.2 Sjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Félags íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtaka Íslands, Samtaka iðnaðarins, Verslunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og samnings þessara aðila um lífeyrismál frá 30. desember 1996.

2.3 Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

2.4 Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktá þessara.

Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild. B-deildin skiptist síðan í tvær ávöxtunarleiðir sem eru verðbréfaeið og innlánsleið.

- A-deild er samtryggingardeild. Í A-deild greiðast lögbundin eða samningsbundin iðgjöld, sbr. gr. 10.1 og 10.2 í samþykktum sjóðsins.
- B-deild er séreignardeild. Í B-deild greiðast viðbótariðgjöld, sbr. gr. 10.3 í samþykktum sjóðsins. Séreignardeildin býður upp á tvær ávöxtunarleiðir:
 - Leið 1, verðbréfaeið, fylgir sömu fjárfestingarstefnu og A-deild samtryggingardeildar.
 - Leið 2, innlánsleið, er ávöxtuð í innlánnum viðskiptabanka og sparissjóða með áherslu á verðtryggð innlán. Innlánsleiðin var stofnuð árið 2009.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir þeirra eru aðeins um 2% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð um Lífeyrissjóð verzlunarmanna hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Stjórnarfundur þann 22. júní 1999. Helstu atriði sem þar komu fram eru eftirfarandi:

- Stjórn ber ábyrgð á að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi.
- Stjórnin ræður forstjóra, ákveður starfskjör hans og veitir honum prókúruumboð og setur honum starfsreglur.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til áhættu og langtímaskuldbindinga sjóðsins.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Að öðru leyti fjölluðu starfsreglurnar um verkskiptingu innan stjórnar, boðun funda, fundargerðir, vanhæfi og þagnarskyldu. Nýjar starfsreglur voru síðan samþykktar 20. febrúar 2009.

Skipulag og starfsreglur framkvæmdastjóra

Núgildandi starfsreglur forstjóra/framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna voru samþykktar á 1022. fundi stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna þann 16. október 2009 og færðar í fundargerðarbók. Reglurnar eru samhljóða fyrri starfsreglum forstjóra LV sem samþykktar voru á 852. fundi stjórnar LV þann 22. júní 1999.

Helstu atriði starfsreglnanna eru eftirfarandi:

- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn sjóðsins á starfsemi lífeyrissjóðsins og starfar í samræmi við ákvarðanir hennar.
- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins.
- Framkvæmdastjóri skal sjá um að meðferð og varðveisla fjármuna sé í samræmi við lög og reglur.
- Hann ber ábyrgð gagnvart stjórn sjóðsins að fylgt sé samþykktari fjárfestingarstefnu.

Í 4. gr. reglnanna er nánar fjallað um daglegan rekstur sjóðsins og þar segir:

„Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild

frá stjórn, nema ekki sé unnt að biðja ákvarðana hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórninni tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.“

Skýringar við 4. gr. starfsreglna framkvæmdastjóra. *Óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir eru m.a.:*

- Val á nýjum hlutafélögum sem sjóðurinn fjárfestir í.
- Val á nýjum fjárvörsluaðilum með erlend verðbréf sem og uppsögn slíkra fjárvörsluáðila.
- Breytingar á fjárfestingum erlendis með tilliti til áhættu.
- Umtalsverð kaup á hlutabréfum í einstökum félögum.
- Umtalsverð sala hlutabréfa í einstökum hlutafélögum sem sjóðurinn á verulegan hlut í.
- Umtalsverð kaup og sala hlutabréfa í þessu samhengi eru viðskipti að fjárhæð 500 mkr. eða meira. Auk þess hlutir sem nema yfir 5% í einstökum félögum. Jafnframt gætu hlutabréfaviðskipti sem t.d. valda tilkynningaskyldu til Nasdaq OMX, talist umtalsverð þó þau nái ekki ofangreindri 5% viðmiðun.
- Aðrar þær ráðstafanir sem leiða af almennum reglum um takmörk prókúruumboðs eins og kaup og sala húsnæðis sem og ráðstafanir sem ekki teljast hluti af daglegum eða reglubundnum verkefnum sjóðsins.

Skýringarnar við 4. gr. starfsreglnanna eru efnislega samhljóða skýringunum frá 1999 að öðru leyti en því að bætt hefur verið við 500 mkr. fjárhæðarmörkum þegar miða á við hvað teljist umtalsverð kaup og sala hlutabréfa.

Fjárfestingarstefna - samtryggingardeild

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og á samningi VR og samtaka atvinnurekenda frá 30. desember 1996 um lífeyrismál. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins milli ára ekki miklar. Stefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

Við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins skulu eftirfarandi viðmið notuð

um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti að hámarki numið:

Skuldabréf ríkissjóðs 35%

Í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs, s.s. spariskírteini ríkissjóðs, ríkisbréf og íbúðabréf.

Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga 5%

Í skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum með trausta rekstrar- og fjárhagsstöðu eða með ábyrgð þeirra. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Skuldabréf banka og annarra fjármálastofnana 20%

Í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum, eignarleigufyrirtækjum, fjárfestingarbönkum og stofnlánasjóðum atvinnuveganna, enda hafi þessar stofnanir trausta eiginfjárstöðu og starfi samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verðbréf samkvæmt þessum flokki skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.

Skuldabréf fyrirtækja 10%

Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu enda séu viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins skráð í Kauphöll Íslands.

Fasteignaveðtrygð skuldabréf 25%

Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, þ.m.t. sjóðfélagalán. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni frá sjóðnum mega ekki fara umfram 75% af metnu markaðsverði viðkomandi eignar sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili tilnefndur af sjóðnum framkvæmir. Þegar um sérhæft atvinnuhúsnaði er að ræða þá skal hámarkið vera 35% af metnu markaðsvirði.

Innlán og skammtímaverðbréf 5%

Innlán banka og sparissjóða, ríkisvixlar og skammtímaríkisbréf, bankavixlar og skammtímabréf banka og sparissjóða, aðrir markaðsvixlar (fjárfestingarlánasjóðir, sveitarfélög, traust fyrirtæki) og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða.

Innlend hlutabréf 25%

Í hlutabréfum fyrirtækja, enda séu bréfin skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. A.m.k. 90% þeirra fjármuna sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

Erlend verðbréf 45%

Í erlendum verðbréfum (hlutabréfum, skuldabréfum og hlutdeildarskírteinum) enda séu þau skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Erlend verðbréf námu 31% af heildareignum 30.06.2007. Þar af voru 42% í verðbréfum í USD, 19% í verðbréfum EUR og 39% í verðbréfum bundnum öðrum myntum.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem sjóðurinn fjárfestir í skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

Hlutdeildarskírteini eða hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Ekki er sjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af útgefnum hlutdeildarskírteinum eða hlutum hvers sjóðs um sameiginlega fjárfestingu.

Afleiðusamningar eru gerðir til að draga úr misvægi í gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til þess að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins.

Heimild: Ársskýrsla LV árið 2007

Eignastýring

Innlendu verðbréfasafni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er stýrt af eignastýringardeild og forstjóra sjóðsins og eru að jafnaði tveir starfsmenn sem sinna eignastýringu í fullu starfi. Erlendum hluta eignasafnsins er á hinn bóginn útvistað. Í einhverjum tilvikum hafa íslenskir aðilar (oftast bankar) verið umboðsaðilar fyrir erlenda sjóði sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Lífeyrissjóður verzlunarmanna stýrði sjálfur gjaldmiðlavörnum sínum í gegnum Kaupþing og Glitni.

Þá má benda á að í fjárfestingarstefnu sjóðsins var kveðið á um að a.m.k. 90% þeirra fjármuna sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum sem

skráð eru í Kauphöll Íslands. Jafnframt að við kaup á fyrirtækjaskuldabréfum skuli fyrirtækin vera með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu og að viðkomandi skuldabréf og hlutabréf félagsins séu skráð í Kauphöll Íslands.

Umboð til verðbréfiðskipta markast af þeim starfs- og vinnureglum sem forstjóra eru settar af stjórn sjóðsins hverju sinni.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 5.909 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu þær hækk- að frá árinu 2005 að meðaltali um 8,8% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 9.348 talsins, saman- borið við 7.410 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fái lífeyrisþegi greidda fleiri en eina teg- und lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni. *Sjá töflu 2.*

Frá árinu 1997 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Ár	Breyting
1997	11,8%
2005	-2,7%
2006	4,0%
2007	7,0%
2010	-10,0%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

LV tafla 2

	Lífeyrisgreiðslur í mkr. - samtryggingardeild					Fjöldi lífeyrisþega - samtryggingardeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	3.757	3.019	2.529	2.069	1.752	5.303	4.844	4.445	4.165	3.943
Órorkulífeyrir	1.543	1.289	1.127	935	812	2.305	2.126	2.012	1.908	1.874
Makalífeyrir	500	430	381	330	296	1.186	1.135	1.093	1.056	1.030
Barnalífeyrir	109	98	89	83	75	554	557	553	553	563
Samtals	5.909	4.836	4.126	3.417	2.935	9.348	8.662	8.103	7.682	7.410
Samtals, verðlag 2009	5.909	5.199	5.240	4.594	4.220					

LV tafla 3

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	513.207	504.264	503.749	436.946	359.303
Skuldbindingar	575.066	543.496	481.297	404.802	338.566
Samtals	-61.859	-39.232	22.452	32.144	20.737
% af skuldbindingum	-10,8%	-7,2%	4,7%	7,9%	6,1%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður mikil breyting þannig að heildareignir sjóðsins saman- borið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 7,2% árið 2008 og 10,8% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Töflurnar hér að neðan sýna annars vegar sund- urliðun á verðbréfaeign LV eftir árum á verðlagi hvers árs og hins vegar hreina raunávöxtun hvers eignasafns fyrir sig.

Erlend verðbréf voru áberandi í verðbréfasafni sjóðsins eða á bilinu 30–35%. Verðbréf með ríkis- ábyrgð voru um 17% á árunum fyrir bankahrunið en þá fóru þau í 21,7% í árslok 2008 og 25,1% í árslok 2009. Innlend hlutabréf voru að jafnaði um 21–23% árin 2005–2007. Við fall bankanna fór hlutfallið niður í 1,4% í árslok 2008. Veðskulda- bréf sjóðfélaga eru jafnan um 12–15% af eignum sjóðsins sem er óvenjuhátt og skýrist af markvissri markaðssetningu stjórnenda sjóðsins á lánum til sjóðfélaga um langt árabíl og fjölda sjóðfélaga. Skuldabréf banka og sparisjóða eru á bilinu 6–8% en fóru niður í 3,4% árið 2009. Þá voru fyrirtækja- skuldabréf á bilinu 5–7%. Aðrar eignir sjóðsins voru hlutfallslega lægri.

LV tafla 4

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	37.962	36.050	5.957	1.566	3.504
Veðskuldab. sjóðfélaga	41.648	39.363	32.340	28.642	24.377
Ópinb. húsnæðisbréf	71.623	54.212	43.798	28.464	28.637
Önnur bréf með ríkisábyrgð	3.449	2.738	2.234	2.004	3.794
Bankar og sparisjóðir	10.287	16.865	17.399	15.777	15.831
Fjárfestingarlánasjóðir	6.035	3.767	3.248	3.292	3.342
Fyrirtæki	13.327	14.809	17.408	16.233	9.873
Sveitarfélög	2.910	1.554	988	1.024	1.031
Önnur veðskuldabréf	2.289	2.141	1.935	2.010	2.057
Innlend hlutabréf	4.772	3.628	56.883	56.366	41.921
Erlend verðbréf	104.230	87.307	84.398	82.111	56.100
Samtals	298.532	262.434	266.588	237.489	190.467

Þau eignasöfn sem voru með neikvæða ávöxtun á árinu 2008 voru: Innlend hlutabréf, önnur verðbréf (fyrirtækjaskuldabréf) og skuldabréf banka og sparisjóða. Erlend verðbréf voru einnig með neikvæða ávöxtun árið 2007 en væntanlega var þar um stundartap að ræða enda var ávöxtun erlendu eignanna orðin jákvæð árin 2008 og 2009.

LV tafla 5

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,2%	5,1%	5,7%	5,4%	4,2%
Ríkisvixlar, ríkiskuldab.	5,5%	5,8%	4,7%	3,2%	6,2%
Skuldab. bæjar- og sveitarfélaga	5,5%	1,4%	5,2%	5,4%	5,4%
Skuldab. banka og sparisjóða	-29,6%	-15,2%	5,7%	5,0%	6,2%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	3,3%	4,9%	4,8%	4,7%	4,3%
Innlend hlutabréf	-7,2%	-88,7%	1,0%	10,6%	64,7%
Önnur verðbréf	-25,2%	-21,2%	5,9%	4,7%	6,9%
Gengisbundin verðbréf	10,2%	3,5%	-7,7%	23,8%	10,7%
Samtals	1,1%	-24,2%	1,1%	12,7%	16,1%

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.
Skýrslur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna til FME.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 1,1%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 24,2% og skýrist það af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 1,1%. Raunávöxtun ársins 2006 var 12,7% og 2005 var hún 16,1% sem var mjög góð útkoma. Meðal-raunávöxtun síðustu síðustu fimm árin var 0,3% og síðustu 10 árin var hún 2,2%.

LV tafla 6

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	1,1%	-24,2%	1,1%	12,7%	16,1%
Fimm ára meðalávöxtun	0,3%	2,3%	10,6%	9,8%	7,0%
Tíu ára meðalávöxtun	2,2%	3,2%	6,9%	7,8%	7,3%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddi 47.661 einstaklingur iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 32.305, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals 7.152 fyrirtæki greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 16.313 mkr. sem var lækkun um 4,6% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 fór að halla undan fæti hvað varðaði afkomu sjóðsins. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um rúmar 21.833 mkr. Síðan varð mikill viðsnúningur árið 2009 en þá hækkaði hrein eign sjóðsins um 34.406 mkr. frá fyrra ári. Á föstu verðlagi 2009 var hrein eign til greiðslu lífeyris árið 2009 samtals 283.167 mkr. en var 274.604 mkr. árið 2005. Meðalhækkun hreinnar eignar til greiðslu lífeyris milli ára var þannig einungis 0,77%.

LV tafla 7

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	16.313	17.100	15.818	12.804	10.969
Lífeyrir	-6.927	-5.021	-4.257	-3.503	-2.967
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	6.034	-43.519	2.818	28.238	24.062
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	7	-2	2	2	8
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	35.936	21.405	14.712	12.162	8.484
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-16.505	-9.878	-19	-7	-1
Fjárfestingartekjur	25.472	-31.994	17.513	40.395	32.553
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-274	-241	-221	-197	-177
Rekstrarkostnaður	-245	-221	-203	-187	-164
Rekstrargjöld	-519	-462	-424	-384	-341
Aðrar tekjur	67	69	70	65	57
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	34.406	-20.308	28.720	49.377	40.271
Hrein eign frá fyrra ári	248.761	269.069	240.349	190.972	150.701
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	283.167	248.761	269.069	240.349	190.972
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	34.406	-21.833	36.476	66.386	57.907
Hrein eign frá fyrra ári	248.761	289.275	305.255	256.758	216.697
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	283.167	267.442	341.731	323.144	274.604

1) Lífeyrissjóður verzlunarmanna sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6, Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

30.1.2 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Engar afskriftir/niðurfærslur voru á erlendra verðbréfaeign sjóðsins. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða og útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparisjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innlendum hlutabréfum

LV tafla 8

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	180	8.719	1.898	10.797
Skuldabréf fyrirtækja		9.948	3.027	12.975
Innlend hlutabréf		-401	47.258	46.857
	180	18.266	52.183	70.629
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		9.651		9.651
Samtals tap í mkr.	180	27.917	52.183	80.280

Heimild: Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 80.280 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera þá upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavarnarsamningarnir tap sjóðsins um 33.006 mkr. og yrði það þá samtals 113.286 mkr.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum samtals 17.399 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparisjóðum í árslok 2008 var 16.865 mkr. en í árslok

2009 stóð hún í 10.287 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparisjóða árin 2008, 2009 og 2010 eða samtals 10.797 mkr.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna átti víkjandi skuldabréf á hendur þremur fjármálastofnunum sem voru Landsbanki Íslands hf., Byr sparisjóður (Sparisjóður Hafnarfjarðar) og SPRON. Hið víkjandi ákvæði í skuldabréfum Landsbanka Íslands og Byrs sparisjóðs var þannig: „Við gjaldþrot viku krafa samkvæmt skuldabréfi þessu fyrir öllum öðrum kröfum á hendur útgefanda. Skuldin endurgreiðist á eftir öllum kröfum öðrum en endurgreiðslu hlutafjár.“ Skuldabréfin sem SPRON gaf út voru einnig víkjandi en ekki kemur fram hver hin víkjandi ákvæði voru. Í útgáfulýsingu með skuldabréfinu kom fram að stjórn SPRON hefði tekið ákvörðun um „útgáfu á víkjandi skuldabréfaflokki“. Hin víkjandi skuldabréf voru því eðli málsins samkvæmt afskrifuð að fullu.

Taflan hér að neðan sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparisjóða á árinu 2009. Síðan eru sýndar afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er afskriftahlutfall viðkomandi skuldabréfs sýnt.

LV tafla 9

Bankar og sparisjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Straumur Burðarás hf.	5.111	3.935	1.176	77%
SPRON hf.	1.315	1.315		100%
Landsbanki Íslands hf.	936	936		100%
Byr sparisjóður	1.035	776	259	75%
Byr sparisjóður, víkjandi lán	380	380		100%
Glitnir banki v/skuldajöfnunar MSCI tengt	1.119	369	750	33%
Kaupþing v/skuldajöfnunar MSCI tengt	1.080	330	750	31%
Sparisjóðabanki Ísl. hf./Icebank hf.	312	297	16	95%
VBS fjárfestingarbanki hf.	258	258		100%
Arion v/Sparisjóður Mýrasýslu	342	120	222	35%
Sparisjóðurinn í Keflavík	7	4	4	50%
Samtals 2009 í mkr.	11.895	8.719	3.176	73%

Heimild: Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

Afskriftir á skuldabréfum banka og sparisjóða urðu 1.898 mkr. árið 2008. Mestar urðu afskriftirnar á árinu 2009 eða samtals 8.719 mkr. Árið 2010 voru síðan afskrifaðar 180 mkr. Samtals voru skuldabréf banka og sparisjóða afskrifuð um 10.797 mkr. á þessum þremur árum.

Mestu afskriftirnar voru hjá Straumi-Burðarás 3.935 mkr., Landsbanka Íslands 2.213 mkr., SPRON hf. 1.936 mkr. og Byr sparisjóði 1.333 mkr. Afskriftir

skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 1.381 mkr.

LV tafla 10

Bankar og sparissjóðir - afskriftir skuldabréfa 2008-2010 í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Straumur Burðarás hf.		3.935		3.935
Landsbanki Íslands hf.		936	1.277	2.213
SPRON hf.		1.315	621	1.936
Byr sparissjóður	176	1.157		1.333
Glitnir banki hf.		369		369
Kaupþing banki hf.		330		330
Sparissjóðabanki Ísl. hf./Icebank hf.		297		297
VBS fjárfestingarbanki hf.		258		258
Arion v/Sparissjóður Mýrasýslu		120		120
Sparissjóðurinn í Keflavík	4	4		8
Samtals í mkr.	180	8.719	1.898	10.797

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af fyrirtækjum og stofnunum var 9.873 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 17.399 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 7.526 mkr. eða 76% á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 14.809 mkr. en í árslok 2009 stóð hún í 13.327 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum fyrirtækja árin 2008 og 2009 eða samtals 12.975 mkr. Engar afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa áttu sér stað á árinu 2010.

LV tafla 11

Fyrirtæki og stofnanir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Exista hf.	3.977	3.539	437	89%
Bakkavör hf.	4.541	3.405	1.135	75%
Samson ehf.	1.604	1.604		100%
Burðarás hf.	1.157	891	266	77%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	642	495	148	77%
Þróunarfélag Íslands hf.	11	9	3	77%
Samvinnusjóðurinn ses.	5	5		100%
Samtals 2009 í mkr.	11.938	9.948	1.989	83%

Afskriftir á fyrirtækjaskuldabréfum urðu 3.027 mkr. árið 2008. Mestu afskriftirnar urðu á árinu 2009 eða samtals 9.948 mkr. Samtals voru fyrirtækjaskuldabréf afskrifuð um 12.975 mkr. á þessum tveimur árum. Helstu afskriftirnar á einstök félög voru skuldabréf í Exista hf. 3.539 mkr., Bakkavör

3.405 mkr., Avion Group/HF. Eimskipafélag Íslands 1.873 mkr., FL Group 1.649 mkr. og Burðarás 891 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækjaskuldabréfa voru samtals 14 mkr.

LV tafla 12

Fyrirtæki og stofnanir - afskriftir skuldabréfa 2008-2010 í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Exista hf.		3.539		3.539
Bakkavör hf.		3.405		3.405
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		495	1.378	1.873
Stoðir hf./FL Group hf.			1.649	1.649
Samson ehf.		1.604		1.604
Burðarás hf.		891		891
Þróunarfélag Íslands hf.		9		9
Samvinnusjóðurinn ses.		5		5
Samtals í mkr.		9.948	3.027	12.975

Heimild: Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður verzlunarmanna 36.499 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 47.258 mkr. og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár og aðdraganda þess. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera á bilinu 21-24% árin á undan í það að verða aðeins 1,4% árið 2008 og 1,6% árið 2009.

LV tafla 13

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutfjáreign í ársbyrjun	41.921	3.628	56.883	56.366	41.921
Keypt hlutabréf á árinu	64.535	929	15.169	20.568	27.869
Seld hlutabréf á árinu	65.185	186	21.166	22.821	21.012
Hlutfjáreign í árslok	4.772	4.772	3.628	56.883	56.366
Hagn / (-tap)	-36.499	401	-47.258	2.770	7.588

Heimild: Ársskýrslur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögunum er raðað upp þannig að samanlögð hlutfjáreign LV í fjármálafyrirtækjunum sex er sýnd sérstaklega og er það gert sökum þess hve mikið þau vega í hlutabréfasafni sjóðsins.

Þann 1. jan. 2006 átti Lífeyrissjóður verzlunarmanna hlutabréf samtals að fjárhæð 43.651 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins

LV tafla 14

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Fjármálfyrirtæki	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Kaupþing banki hf.	17.494.064	18.591.146	23.733.000	21.335.600	21.725.968	17.339.175	16.704.188	
Landsbanki Íslands hf.	4.996.741	6.157.620	10.267.569	11.612.689	9.830.693	5.939.224	5.298.370	
Straumur Búðarás hf.	5.904.836	3.929.546	3.015.725	2.586.947	2.199.325	1.918.440	1.964.855	443.545
Glitnir banki hf.	1.409.004	4.101.802	6.679.315	2.470.341	1.403.615	2.363.145	720.952	
* VBS Fjárfestingarbanki hf.		99.000	258.552	258.552	258.544	258.544	258.552	
SPRON hf.					527.476	200.056	158.052	34.385
Samtals	29.804.645	32.879.114	43.954.161	38.264.129	35.945.621	28.018.585	25.104.968	477.930
Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Bakkavör hf.	5.416.481	8.534.063	8.370.195	7.055.568	5.067.840	3.607.615	2.956.163	388.405
Exista hf.		2.555.775	6.199.740	3.970.086	6.173.825	4.441.703	3.821.562	
Stoðir hf./FL Group hf.	735.784	2.186.957	2.789.727	1.138.975	641.158			
Century Alum. hf.			1082933	1.086.113	1.583.640		414.000	223.500
Marel hf.	132.795	519.904	571.894	988.074	896.048	1.312.298	1.249.875	1.409.503
Össur hf.	1.576.672	1.567.310	834.220	775.195	729.549	735.058	738.206	820.332
Alfesca hf./SÍF hf.	252.635	268.753	289.016	369.535	281.921	302.236	264.094	174.128
Avion hf./ HF Eimskipafél. Ísl.		457.535	567.343	362.129	241.593			
Icelandair Group hf.		306.664	395.108	322.344	107.150			
Teymi hf.			137700	62.311	37.924			
Flaga Group hf.	70.648	39.300	28.500	12.750	13.200	14.250	14.250	
Nýherji hf.						198.000	195.300	184.800
Actavis hf.	2.809.004	4.337.856	6.968.998					
Dagsbrún hf.	265.026							
Kögun hf.	48.997							
Mosaic Fashions hf.		229.500	247.500					
Samtals	11.308.042	21.003.617	28.482.874	16.143.080	15.773.848	10.611.160	9.653.450	3.200.668
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Máttarstólpar	7.073	6.923	3.528					
Sprotasjóðurinn	1.210							
Skipti hf./Siminn hf.	2.528.590	2.475.000	2.475.000	2.475.000				
Eignarh.fél Verðbr.	1.587	1.556	1.556	1.556	1.556	1.556	1.556	1.556
Samtals	2.538.460	2.483.479	2.480.084	2.476.556	1.556	1.556	1.556	1.556
Samtals hlutabréf	43.651.146	56.366.208	74.917.119	56.883.765	51.721.025	38.631.301	34.759.974	3.680.153

* Óskráð félag

Heimild: Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

komin í 56.366 mkr. Þann 1. jan. 2008 var eign sjóðsins í hlutabréfum 56.884 mkr. eða nánast sú sama í krónum talið og árið áður. Hæst fór úrvalsvísitalan þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Um áramótin 2007/2008 hafði vísitalan lækkað um 29,9% og stóð þá í 6.318 stigum.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til falls bankanna.

Þá skal það áréttað að þrátt fyrir mikið tap á innlendum hlutabréfum árið 2008 höfðu hlutabréf skilað

sjóðnum góðri ávöxtun árin á undan, sérstaklega árið 2005 og einnig árið 2006. Þá er einnig rétt að benda á að sjóðirnir voru í ákveðinni kastþröng frá seinni hluta árs 2007 hvað varðar hlutabréf þeirra. Stórfelld sala á hlutabréfum hefði getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér úti á markaðnum. Hins vegar er jafnljóst að sjóðirnir hefðu getað haldið að sér höndum og dregið úr hlutabréfakaupum frá og með seinni hluta árs 2007 og séð til hvernig hlutirnir þróuðust á innlendum og erlendum mörkuðum. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing banki hf.

Á tímabilinu var nafnverð hlutabréfaeignar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Kaupþingi nokkuð stöðugt eða í kringum 22-24.000 þús. hlutir. Þó vekja kaup LV á 1. ársfj. 2008 nokkra athygli en þá voru keyptir 2.811 þús. hlutir að verðmæti um 2.257 mkr. Hlutabréf að nafnvirði 4.331 kr. voru síðan seld á 2. ársfjórðungi 2008 með umtalsverðu tapi. Gengi hlutabréfa Kaupþings hélt áfram að falla. Þrátt fyrir það voru á 3. ársfj. aftur keypt hlutabréf í Kaupþingi, nú 1.414 þús. hlutir að markaðsvirði um 978 mkr. Við fall Kaupþings tapaðist sú fjárfesting ásamt annarri eign sjóðsins í bankanum, samtals að fjárhæð 17.979 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	22.928		746	17.104
31.12.06	22.106	-822	841	-691
30.06.07	21.096	-1.010	1.125	-1.136
31.12.07	24.245	3.149	880	2.771
31.03.08	27.056	2.811	803	2.257
30.06.08	22.725	-4.331	763	-3.305
30.09.08	24.139	1.414	692	978
31.12.08	0		0	
Samtals		1.211		17.979
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				17.979
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				17.979

Landsbanki Íslands hf.

Hlutfjáreign LV í Landsbankanum fór úr 191.446 þús. hlutum í árslok 2005 í 332.118 þús. hluti þann 31.03.2008. Kaup LV á hlutabréfum í Landsbankanum á árinu 2007 námu 94.755 þús. hlutum. M.v. gengi á bréfum Landsbankans í árslok 2007 var kaup-

verð hinna keyptu hlutabréfa a.m.k. 3.461 mkr. Á 2. ársfj. 2008 voru hlutabréf Landsbankans seld en þá hafði gengi bréfanna lækkað um 40% frá miðju ári 2007. Við fall Landsbankans tapaðist öll eign LV í Landsbankanum sem þá var metin á 8.015 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	191.446		26,10	4.997
31.12.06	232.363	40.917	26,50	1.084
30.06.07	269.490	37.127	38,10	1.415
31.12.07	327.118	57.628	35,50	2.046
31.03.08	332.118	5.000	29,60	148
30.06.08	257.667	-74.451	23,05	-1.716
30.09.08	259.724	2.057	20,40	42
31.10.08		0	0,00	
Samtals		-191.446		8.015
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				8.015
Staða 31.10.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				8.015

Glitni banki hf.

Framan af var eignarhlutur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Glitni hf. töluverður eða allt að 8,3%. Sjóðurinn dró sig út úr eignarhaldinu vorið 2004 og minnkaði hlut sinn í bankanum jafnt og þétt það árið niður í rúmlega 2% í lok árs 2004. Í upphafi árs 2008 var eignarhlutur LV í Glitni kominn niður í 0,54%. Sjóðurinn jók síðan eignarhlut sinn í bankanum á árinu 2008 og átti orðið 0,85% hlut í honum við fall hans.

Heimild: Skýrsla RNA, kaflí 6.5.1.2.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	78.278		17,30	1.354
31.12.06	176.043	97.765	23,30	2.278
30.06.07	230.719	54.676	28,95	1.583
31.12.07	112.544	-118.175	21,95	-2.594
31.03.08	81.369	-31.175	17,25	-538
30.06.08	153.451	72.082	15,40	1.110
30.09.08	158.451	5.000	4,55	23
31.12.08		-158.451	0,00	
Samtals		-78.278		3.216
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				3.216
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				3.216

Exista hf.- Síminn/Skipti hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Exista 113.590 þús. hlutir sem jafngiltu 2.556 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 87.427 hluti og hefur kaupverð þeirra hluta verið um 2.703 mkr.

m.v. gengi á bréfunum um mitt ár og í árslok. Í mars 2008 jókst hlutur sjóðsins í Exista um 393.637 hluti og er skýringuna fyrst og fremst að finna í yfirtökutilboði sem Exista gerði hlutafjáraeigendum í Skiptum hf. og gerð er grein fyrir í kafla 5.5.4, Exista hf.–yfirtökutilboð í Skipti hf. í mars 2008. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Exista nam a.m.k. 9.572 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05				
31.12.06	113.590		22,50	2.556
30.06.07	180.225	66.635	34,40	2.292
31.12.07	201.017	20.792	19,75	411
31.03.08	593.637	392.620	10,40	4.083
30.06.08	590.652	-2.985	7,52	-22
30.09.08	636.927	46.275	6,00	278
31.12.08	0	-636.927	0,04	-25
Samtals		-113.590		9.572
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				9.572
Staða 31.10.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				9.572

Bakkavör hf.

Í ársbyrjun 2008 var gengi á hlutabréfum Bakka- varar hf. 58,50 og átti sjóðurinn 120.608 þús. hluti að nafnvirði í félaginu eða tæpar 7.056 mkr. að markaðsvirði. Gengi Bakkavarar féll mjög hratt árið 2008 og var komið niður í 2,49 í árslok. Kaup LV á hlutabréfum í Bakkavör á árinu 2008 vekja athygli en þá voru keyptir samtals 35.378 hlutir. Ekki er unnt að finna út nákvæmt kaupverð þessara hlutabréfa, þar sem úttektarnefndin hefur ekki um það upplýsingar. Sé hins vegar miðað við lægsta kaupgengi í hverjum ársfjórðungi þá hefur kaupverðið verið um 488 mkr. sem töpuðust nánast alveg á árunum 2008 og 2009.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	105.379		50,90	5.364
31.12.06	136.545	31.166	62,50	1.948
30.06.07	120.608	-15.937	69,40	-1.106
31.12.07	120.608	0	58,50	
31.03.08	122.708	2.100	41,30	87
30.06.08	122.708	0	29,40	
30.09.08	138.787	16.079	21,30	342
31.12.08	155.986	17.199	2,49	43
Samtals		50.607		6.635
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				6.635
Staða 31.12.08	155.986		2,49	-388
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				6.246

SPRON hf.

Rétt er að vekja athygli á að Lífeyrissjóður verzlunarmanna keypti hlutabréf í SPRON hf. á 1. ársfjórðungi 2008. Kaupverð bréfanna var tæpar 258 mkr. Þessi eign varð að engu á rúmlega hálfu ári. Miklar gagnrýnisraddir höfðu þá þegar verið uppi um það hvernig staðið var að hlutafélagavæðingu SPRON enda varð verðfall á hlutabréfum félagsins strax frá upphafi mikið. Upphafsgengi SPRON þann 23.10.2007 var 16,70. Í árslok 2007 var gengið komið í 8,60 og hafði það þá fallið um 48,5% á rúmum tveimur mánuðum. Síðasta skráða gengi SPRON er frá 3.10.2008. Tap lífeyrissjóðsins á hlutabréfunum í SPRON hf. var því tæpar 258 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.03.08	60.077		4,29	258
30.06.08	60.077	0	3,33	
30.09.08	60.325	248	2,62	1
03.10.08	60.325	0	2,10	
31.10.08		-60.325		
Samtals		-60.077		258
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				258
Staða 31.10.08	0		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				258

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis, 4. bindi, kafla 13.6.1, er m.a. fjallað um gjaldeyrisvarnir Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Þar kemur m.a. fram:

„Glögglega sést að þegar krónan veikist gagnvart erlendum gjaldmiðlum eykst staða framvirkra samninga sjóðsins í kjölfarið en minnkar svo aftur þegar krónan tekur að styrkjast. Sérstaklega er aukningin mikil í upphafi ársins 2008 þar sem lífeyrissjóðurinn fjórfaldar skuldbindingar sínar um að skila inn evrum fyrir krónur á fyrsta ársfjórðungnum. Þar sem samningarnir eru sýndir í evrum þá á þessi aukning ekki rætur að rekja til gengislækkunar krónunnar, heldur er lífeyrissjóðurinn að auka gjaldmiðlavarnir sínar á þessum tíma. Staðan nær þannig hámarki í um 870 milljónum evra í lok júní árið 2008 en stendur í um 805 milljónum evra við hrun bankanna. Til samanburðar voru erlendar fjárfestingar LV um 920 milljónir evra í upphafi árs 2008.“

Samkvæmt skýrslu RNA er ljóst að um mitt ár 2008 er sjóðurinn kominn með gjaldmiðlavarnir á yfir 90% af erlendri eign sinni. Gjaldmiðlaskiptasamningarnir voru yfirleitt gerðir til skamms tíma í senn. Við þannig aðstæður myndast m.a. mótaðilaáætlaða hætta sem getur falið í sér að lífeyrissjóðurinn verði knúinn til að innleysa samningana þegar þeir eru ekki að flytja erlendan gjaldeyri til landsins.

„Þetta var í raun það sem gerðist í október 2008 en þá stóðu lífeyrissjóðirnir frammi fyrir því að þeir getu neyðst til að gera upp gjaldmiðlaskiptasamninga á mjög óhagstæðu gengi án þess að tímabært væri að leysa inn stóra hluta erlendu eignanna“.

Heimild: Skýrsla RNA, 4. bindi, kafli 13.7.

LV tafla 15

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mismunur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	15.674	2.207	17.881	-8.230	9.651
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	39.557	9.323	48.880	-6.223	42.657
Mismunur á kröfum í mkr.					33.006

Heimild: Ársskýrslur LV 2008 og 2009, bréf LV dags. 28.12.2010 og yfirlit Ólafs Gústafssonar hrl. dags. 21.12.2010 yfir kröfur LV sem lýst var á hendur Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf.

Eins og fram kemur hér að ofan færði sjóðurinn til skuldar 17.881 mkr. í ársreikningi 2009, sem skuld við lánastofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð var m.v. gengisvísitöluna 175 stig. Þá gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðsins, útgefin af bönkum, sem sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta skuldajafnað, eru samtals að fjárhæð 8.230 mkr.

Hins vegar gera bankarnir ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Ýrústu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 48.880 mkr. Í yfirliti Ólafs Gústafssonar hrl. til LV dags. 21.12.2010 kemur fram, að sjóðurinn hafi lýst kröfum á hendur Glitni og Kaupþingi, samtals að fjárhæð 8.230 mkr. Jafnframt kemur fram að sjóðurinn áskilji sér rétt til að geta skuldajafnað fyrirnefndri fjárhæð gegn

kröfum bankanna á hendur sjóðnum, m.a. vegna gjaldmiðlavarnarsamninga.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um hvernig standa skuli að uppgjöri á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Á því tímabili sem skoðað var nam hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Kaupþingi um 33-48% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins (vægi Kaupþings var 35% af OMXI15 í árslok 2007). Þá átti Lífeyrissjóður verzlunarmanna hlutabréf í Bakkavör Group, Skiptum hf. (eignarhaldsfélagi Símans og fleiri félaga) og Exista hf. Félagin Bakkavör og Skipti tengdust Kaupþingi hf. í gegnum eignarhluta Exista hf. Í mars 2008 gerði Exista hf. öðrum hluthöfum Skipta hf. yfirtökutilboð í þeirra hluta í félaginu. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var þriðji stærsti eigandi Skipta hf. með 8% eignarhluta. Greitt var fyrir hlutina í Skiptum hf. með hlutum í Exista hf. og skýrir það hækkun á eign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Exista á 1. ársfjórðungi 2008.

Yfirlitið hér að neðan sýnir að eign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í Exista hf. og tengdum aðilum var um 41.187 mkr. í árslok 2006 og 45.736 mkr. í árslok 2007, sem er 11,0% hækkun milli ára. Eign LV í Exista hf. og tengdum aðilum var 17,1% í árslok 2006 og 17,0% í árslok 2007 (Sjá töflu 16).

(Tengdir aðilar: Sjá kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og vixlum banka og sparissjóða o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar.)

LV tafla 16

Tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris í mkr.

	2007			2006		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Kaupþing banki hf.	21.336	1.888	23.224	18.591	1.845	20.436
Bakkavör hf.	7.056	3.339	10.395	8.534	2.965	11.499
Exista hf.	3.970	2.968	6.938	2.558	2.062	4.620
Skipti hf./Síminn hf.	2.475	2.704	5.179	2.157	2.475	4.632
Samtals í mkr.	34.837	10.899	45.736	31.840	9.347	41.187
Hrein eign til gr. lífeyris			269.069			240.349
Hlutf. af hreinni eign til greiðslu lífeyris			17,0%			17,1%

Almennt séð virðist sem aðilar innan lífeyrissjóðakerfisins hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir þeirri áhættu sem liggur í því að fjárfesta um of í tengdum aðilum. Forsvarsmenn nokkurra lífeyrissjóða töldu

að þetta ætti fyrst og fremst við um fjármálafyrirtæki en ekki lífeyrissjóði. Nefndin telur að taka hefði mátt meira tillit til þeirra varúðarsjónarmiða sem nefndin bendir á í kafla 5.1.7.

30.2 Stjórn og starfshættir

Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna eins og annarra lífeyrissjóða miða að því að tryggja að þeir fjármunir sem félagar sjóðsins greiða til hans á starfsævinni dugi til að tryggja þokkalega framfærslu á elliárunum. Sjóðfélagarnir verða að geta treyst því að fjármunir þeirra glattist ekki eða rýrni, heldur ávaxtist með eðlilegum hætti.

Sjóðurinn gerir sjóðfélögum mögulegt að fylgjast með ávöxtun fjárlins og starfsemi sjóðsins. Eins og sakir standa hafa sjóðfélagar ekki aðrar leiðir til að hafa áhrif á verk stjórnarinnar en að fylgjast með því sem gert er og gagnrýna sé ástæða til þess og að beita aðhaldi í gegnum stéttarfélag sitt. Stjórn lífeyrissjóðs á hverjum tíma ber ábyrgð á starfsemi hans eins og segir í lögum¹ og stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sækir umboð sitt til hagsmuna sjóðfélaganna. Hún sækir ekki umboð sitt í vilja sjóðfélaga því að þeir hafa ekki tækifæri til að láta vilja sinn í ljós nema óbeint. Félagar í sjóðnum hafa ekki sameiginlegan vilja á ársfundi sjóðsins af því að sá fundur er í raun einungis kynningarfundur. Þess vegna er það enn brýnna að stjórn á hverjum tíma upplýsi sjóðfélag með sem allra gleggstum hætti um allt sem fram fer í sjóðnum, eignir, ávöxtun og réttindi.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur sinnt því hlutverki sínu að ávaxta fé sjóðfélaganna og þeir hafa notið þess í gegnum aukin réttindi. En hann tap-

aði miklum fjármunum í hrúni íslensku bankanna haustið 2008 eins og fleiri lífeyrissjóðir og það er eðlilegt að spurt sé hvort eitthvað hefði mátt betur fara eða hvort eitthvað sé að regluverki sjóðsins eða annarri umgjörð.

30.2.1 Starfsreglur

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur sett sér starfsreglur. Elsta gerð starfsreglnanna sem nefndin hefur aðgang að er frá 1999 og sú nýjasta er frá 2009.² Á þessu tíu ára tímabili hafa reglurnar lítið breyst. Í þeim er kveðið á um skyldu stjórnar sjóðsins til að framfylgja ákvæðum laga um lífeyrissjóði, sjá um að skipulag sjóðsins sé í eðlilegu horfi og að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjármunum sjóðsins.³

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á nýju þriggja ára kjörtímabili og boðar til ársfundar fyrir lok júní á hverju ári með auglýsingu í dagblöðum. Fulltrúar VR og atvinnurekenda skiptast á um að sinna formennsku, þrjú ár í senn. Stjórnin ræður forstjóra eða framkvæmdastjóra, ákveður hver laun hans skuli vera og önnur starfskjör. Hún ræður einnig forstöðumann endurskoðunardeildar skv. nýjustu gerð starfsreglnanna eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að kanna innra eftir-

² Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Starfsreglur stjórnar. Samþykktar á fundi stjórnar 22. júní 1999. Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Starfsreglur stjórnar. Samþykktar á fundi stjórnar 20. febrúar 2009.

³ Sbr. VI. kafla laga nr. 129/1997.

¹ Sbr. 29. gr. laga nr. 129/1997.

lit sjóðsins. Stjórnin ræður einnig endurskoðunarfyriertæki eða löggiltan endurskoðanda til að annast endurskoðun hjá sjóðnum. Þriggja manna endurskoðunarnefnd starfar samkvæmt lögum sem tóku gildi 2009,⁴ og stjórnin lætur framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins eins og kveðið er á um í lögum. Uppfylli sjóðurinn ekki kröfur laganna um að eignir geti staðið undir skuldbindingum er stjórninni skylt að gera tillögur til aðildarsamtaka sjóðsins um breytingar á samþykktum hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins og henni er skylt að ávaxta fé hans „með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins“ eins og segir í starfsreglunum en þetta ákvæði hefur verið óbreytt frá upphafi.

Framar í þessari umfjöllun er gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2008. Þá koma verklagsreglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar og starfsmanna.⁵ Í þeim er nánar kveðið á um skyldur stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og þeirra starfsmanna sem koma að fjárfestingarákvörðunum. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunarárekstra og draga úr hættu á því að óhlutdrægni starfsmanna megi draga í efa. Í þeim er kveðið á um þagnarskyldu, tilkynningarskyldu þegar starfsmenn sem falla undir reglurnar eiga víðskipti með eigin bréf. Kveðið er á um, að brot á þessum reglum geti varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi.

Þessar reglur voru fyrst samþykktar árið 2002 og voru síðan endurskoðaðar árið 2008. Í endurskoðuninni er meginbreytingin sú að notað er orðið fjármálagerningur í stað víðskipta með verðbréf eða skuldabréf og í reglunum er nákvæm útlistun á því hvað fellur undir hugtakið fjármálagerningur og er hún tekin úr 2. gr. og 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Aðrar breytingar eru minni háttar.

Til viðbótar þessu eru nánari útfærslur á þessum verklagsreglum þar sem tilgreint er hverjir það eru

4 Skv. lögum nr. 80/2008 um breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga (108. gr. a) skal endurskoðunarnefnd starfa við einingu tengda almannahagsmunum. Breytingin tók gildi 1. janúar 2009.

5 Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Verklagsreglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, samþykktar í mars 2002. Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Verklagsreglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, samþykktar í janúar 2008.

sem skulu tilkynna um eigin víðskipti með verðbréf sé um þau að ræða og hvað þeim er óheimilt að gera fyrir eigin reikning meðan þeir starfa fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna.⁶

30.2.2 Síðareglur

Síðareglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna voru samþykktar í desember 2009.⁷ En fyrir þann tíma höfðu verið samþykkt drög að síðareglum starfsmanna en það var árið 2001.⁸ Drögin frá 2001 eru nokkuð svipuð þeim reglum sem samþykktar voru 2001 en þó hafa orðið á þeim mikilvægar breytingar. Fyrst verður rakið efni draga að síðareglum frá 2001 og síðan hugað að reglunum sem samþykktar voru árið 2009.

Í upphafi draganna frá 1999 er kveðið á um að þau séu hluti af ráðningarsamningi starfsmanna og þeir skuldbindi sig til að hlíta þeim. Markmiðið með reglunum er að stuðla að góðum og heiðarlegum starfsháttum og að starfsmenn geri sér grein fyrir þeim skyldum sem þeir takast á hendur. Þessir starfshættir eru að í öllu starfi verði hagsmunir sjóðfélaga, lífeyrissjóðsins og víðskiptamanna hans hafðir að leiðarljósi og að starfsmenn gæti þess utan vinnutíma síns að aðhafast ekki neitt sem er sjóðnum mögulega til álitshnekkis. Sömuleiðis er sagt að starfsmönnum beri að forðast hagsmunarárekstra og tilkynna um þá til forstjóra valdi þeir vanhæfi og sömuleiðis ef draga má óhlutdrægni starfsmanns í efa með réttu. Starfsmönnum er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum eða að reka atvinnustarfsemi með störfum sínum fyrir sjóðinn. Forstjóri sjóðsins verður að gefa leyfi hyggist starfsmaður taka að sér launað starf utan lífeyrissjóðsins og stjórn verður að gefa starfsmanni leyfi til að setjast í stjórn fyrirtækis eða stofnunar. Það er tekið fram að starfsmönnum er heimilt að taka þátt í störfum frjálsra félagasamtaka en áður en þeir taki að sér ábyrgðarmikil störf í félagsmálum eða stjórnámálum skuli þeir hafa samráð við forstjóra og starfsmönnum ber að forðast að taka að sér félagsstörf sem kunna að valda tortryggni meðal sjóðfélaga eða geta rýrt traust þeirra. Að síðustu er starfsmönnum óheimilt að þiggja

6 Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Útfærsla á verklagsreglum um verðbréfavíðskipti starfsmanna frá 1. mars 2002. Lífeyrissjóður verzlunarmanna. Útfærsla á verklagsreglum um verðbréfavíðskipti starfsmanna frá 25. janúar 2008.

7 Síða- og samskiptareglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, 11. desember 2009.

8 Lífeyrissjóður verzlunarmanna. *Síðareglur starfsmanna*, drög. 4. janúar 2001.

gjafir séu þær fjárhagslega verðmætar en séu þær innan eðlilegra marka og verði ekki raktar til viðskipta við sjóðinn er heimilt að taka við þeim. Sé starfsmaður í vafa skal hann leita álits forstjóra. Sömuleiðis er starfsmanni heimilt að þiggja boðsferðir af viðskiptamönnum lífeyrissjóðsins að höfðu samráði við forstjóra. Feli ferðirnar í sér fargjalda- og gistikostnað greiðir lífeyrissjóðurinn kostnaðinn. Brot á reglunum varða áminningu eða uppsögn.

Nýju reglurnar frá 2009 ná í grundvallaratriðum yfir sömu þætti og drögin frá 2001 en í þeim eru mikilvægar viðbætur og breytingar. Skerpt er á sumu og bætt við efnisatriðum. Fyrsta mikilvæga viðbótin er í upphafi þar sem kveðið er á um meginhlutverk reglnanna en ekkert slíkt ákvæði var í drögunum frá 2001. Þar segir: „Meginhlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu.” Þetta efnisatriði vantaði í drögin. Efnisþættir reglnanna frá 2009 eru tíu talsins eins og í drögunum. Nýir þættir í samþykktu reglunum eru kaflar um verðbréfavíðskipti starfsmanna nr. 4 og meðferð trúnaðarupplýsinga nr. 5. Kaflar í drögunum sem falla niður eru staða reglnanna nr. 1 og stjórnarseta nr. 6. Efnid í 1. hluta draganna, sem kvað á um að reglurnar væru hluti af ráðningarsamningi starfsmanna, er fellt í 1. hluta samþykktra reglna, sem ber heitið Markmið reglnanna, en þar er nánar fjallað um góða starfshætti og samskipti við aðila á fjármálamarkaði. Efnid í 6. hluta draganna er í 6. hluta reglnanna sem ber heitið Störf utan Lífeyrissjóðs verzlunarmanna en þar er einnig kveðið á um að starfsmönnum sé óheimilt að gerast umbodsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum og þar er nýtt ákvæði sem byggist á 4. mgr. 31. gr. lífeyrissjóðalaganna sem segir að framkvæmdastjóra sé óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar sjóðsins. Þátttaka er síðan skilgreind sem eignarhlutur í fyrirtæki sem er verulegur, þ.e. veitir möguleika á að hafa bein áhrif á stjórn fyrirtækisins.

Í 4. kafla síðareglanna er vísað til verklagsreglna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna en þær eiga að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra í starfsemi sjóðsins og tryggja óhlutdrægni við meðferð og afgreiðslu mála. Í drögum að síðareglum var kafli 4 um

sama efni. 5. kafli í samþykktum síðareglum greinir frá meðferð trúnaðarupplýsinga og kveður á um að starfsmenn séu bundnir trúnaðarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara. Þetta atriði var ekki í drögunum. Í kafla 8 um gjafir er skýrar komist að orði en í drögunum. Þar segir: „Stjórnar- og starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustuaðilum og viðskiptavinum lífeyrissjóðsins.” Frátaldir eru tækifærisgjafir sem verða vart taldar til hlunninda enda séu þær ekki verðmætar. Í 9. kafla um boðsferðir og starfstengdar ferðir segir: „Stjórnarmönnum og starfsmönnum lífeyrissjóðsins er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins.” Skýrt er nánar hvers konar ferðir hér geti verið um að ræða og sagt að stjórnarmönnum og starfsmönnum sé heimilt að sækja kynningar á fjárfestingarkostum en krefjist slíkar kynningar ferðalaga þá standi lífeyrissjóðurinn straum af kostnaði við þær. Haldið skal yfirlit yfir þær ferðir sem stjórnarmenn og starfsmenn fara á ári hverju vegna starfa sinna og stjórnin skal gera grein fyrir þeim á ári hverju. Til viðbótar þessu er ástæða til að nefna að felld hefur verið niður sú setning að starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í störfum frjálsra félagasamtaka sem var í drögunum frá 2001.

30.2.3 Tengsl við fyrirtæki sem fjárfest er í

Lífeyrissjóður verzlunarmanna fjárfestir í mörgum fyrirtækjum og sjóðum eins og fram kemur í yfirliti yfir fjárfestingar sjóðsins í þessari skýrslu. Hann á miklar eignir og er stór stofnanafjárfestir á íslenskum markaði. Einn vandi sjóðsins er sá hvernig hann fylgir eftir eignaraðild sinni og leitast við að tryggja eðlilega ávöxtun fjárens. Hann á nokkra kosti: Hann getur notað eign sína til að fá menn í stjórn fyrirtækisins, hann getur gert kröfu um breytingar á rekstri fyrirtækis eða sjóðs á aðalfundi eða á óformlegum fundum með stjórnendum eða hann getur selt, líki honum ekki ákvarðanir stjórnenda.

Það er nokkuð ljóst að sjóðurinn hefur notað allar þessar leiðir í mismiklum mæli þó. Hann hefur stutt fulltrúa sinn í stjórn banka,⁹ hann hefur notað

⁹ Sjá viðtal við Gunnar Pál Pálsson, fyrirverandi formann Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og formann stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna frá 17.12. 2010.

óformlega fundi til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur fyrirtækja og hann hefur beitt virkri eignastýringu með bréf skráð í Kauphöll Íslands eins og sagt er í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2006 og 2010.¹⁰

Það vakna ýmsar spurningar um allar þessar leiðir. Um fyrstu leiðina kemur fram í viðtali við Þorgeir Eyjólfsson að það hafi ekki verið vandalaust að formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hafi verið stjórnarmaður í Kaupþingi.¹¹ Hann segist hafa sagt við stjórnarformanninn að hann yrði að vera með það á hreinu að hann mætti aldrei nefna neitt um innri málefni Kaupþings við sig eða nokkurn annan starfsmann lífeyrissjóðsins því að þar með byggju þeir allir yfir innherjaupplýsingum í Kaupþingi og Kaupþing væri allt of þýðingarmikið á hlutabréfamarkaði og óviðunandi að lífeyrissjóðurinn gæti ekki átt viðskipti með bréf í bankanum. Um aðra leiðina má spyrja spurninga á borð við þá, að væri lífeyrissjóðurinn ekki að reyna hafa óeðlileg áhrif ef hann reyndi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri utan formlegra funda en hlutafélögum er óheimilt að taka sjónarmið og hagsmuni eins hluthafa fram yfir sjónarmið og hagsmuni annarra, sama hversu stórir þeir eru, nema meirihluti hluthafa hafi ályktað um málið á formlegum hluthafafundi. Virk eignastýring hlýtur að fela í sér stöðugt mat á fjárhagslegum eignum sjóðsins með því að kaupa og selja eftir því sem þróun á markaði segir til um.

Það eru engin augljós sannindi um það hvernig sjóðurinn á að haga tengslum sínum við þau fyrirtæki sem hann fjárfestir í utan þau, að stjórnendur sjóðsins eiga sífellt að leitast við að ávaxta eigur sjóðsins sem best til lengri tíma og tryggja þar með hag eigendanna.

30.2.4 Umræður og ályktanir

Það er ástæða til að hyggja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í þessu yfirliti og velta fyrir sér hvort einhverju ætti að breyta og hvaða ályktanir eðlilegt er að draga. Í heild virðist regluverk sjóðsins vera í góðu lagi og það sem hér verður sagt ber ekki að túlka á þann veg að það þurfi að endurskoða frá

rótum. En það er ástæða til að spyrja sig um nokkur atriði.

Fyrsta atriðið sem ástæða er til að hafa orð á er sú staðreynd, að fjárfestingar lífeyrissjóða eru langtímafjárfestingar. Það geta liðið yfir 50 ár frá því að sjóðfélagi greiðir fyrst í sjóðinn þar til hann byrjar að taka við fé úr honum. Það er langur tími. Í fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna segir að fjárfesta skuli „með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins“ eins og kom fram áður. Það er ástæða til að taka eftir að það er viss spennan á milli bestu kjara á hverjum tíma og langtímaskuldbindinga sjóðsins. Það hlýtur að vera þannig í virkri áhættustýringu að huga verður að bestu kjörum á hverjum tíma en að teknu tilliti til áhættu. Þegar horft er til lengri tíma eru bestu kjör ekki endilega þau, sem gefa mikið fé í aðra hönd til skamms tíma. Það virðist ljóst af gögnum sjóðsins að starfsmenn hans hafa þessi sjónarmið í huga og fyrirverandi forstjóri leggur áherslu á að ekki ætti að hafa ársskýrslu lífeyrissjóðs til marks um gengi sjóðsins, heldur ávöxtun síðustu fimm ára. Sumar af þeim ákvörðunum sem teknar voru á árunum 2006 til 2009 voru ugglaust teknar í góðri trú og í ljósi bestu upplýsinga á hverjum tíma en reyndust rangar. Þetta á við ákvarðanir um kaup á hlutabréfum íslensku bankanna á árinu 2008.

Annað atriðið er að kaup á gjaldeyristryggingum eru í raun kaup á afleiðum. Á fyrri hluta árs 2008 keyptu lífeyrissjóðir slíkar tryggingar þegar krónan lækkaði í verði á þeirri forsendu að líklegt væri að hún myndi hækka fljótt aftur og sjóðirnir hagnast umtalsvert. Í fjárfestingarstefnunni segir um þetta atriði: „Afleiðusamningar eru gerðir til að draga úr misvægi í gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til þess að minnka gjaldeyrisáhættu sjóðsins.“ Það virðist eðlilegt að spyrja spurningar um þetta atriði. Hvernig getur það komið heim og saman við langtímasjónarmið að taka jafn mikla áhættu og raun bar vitni við kaup á þessum tryggingum? Sumir íslensku bankanna keyptu hver sem betur gat gjaldeyri á sama tíma og Lífeyrissjóður verzlunarmanna keypti gjaldeyristryggingar sem bendir til þess að þeir hafi talið að íslenska krónan myndi lækka enn frekar. Það sem

10 Sjá viðtal við Þorgeir Eyjólfsson, fyrirverandi forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, dags. 20.12.

11 Sjá sama.

kann að virðast ámælisvert í þessum ákvörðunum er ekki að hafa metið framtíðarþróunina rangt, heldur hitt að leitast var við að hagnast á sem skemmstum tíma. Það er ekki það sjónarmið sem lífeyrissjóður getur miðað við í fjárfestingarákvörðunum sínum. Þá má ennfremur benda á að í 36. gr. laga nr. 129/1997 eru taldir upp 10 möguleikar fyrir lífeyrissjóði til að ávaxta sitt fé. Sá tíundi hljóðar svo: „Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.“ Það er eðlilegt að skilja þetta ákvæði svo að það sé bæði nauðsynlegt og nægilegt skilyrði fyrir afleiðusamningi að hann dragi úr áhættu sjóðsins. Afleiðusamningarnir sem gerðir voru árið 2008 til að tryggja erlendar eignir sjóðanna drógu ekki úr áhættu sjóðsins, heldur þvert á móti juku hana.

Þriðja atriðið, sem ástæða er til að hyggja að, er að í ársreikningi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna frá árinu 2006 kemur fram á bls. 10 að sjóðurinn hafi fyrstur íslenskra lífeyrissjóða orðið aðili að leiðbeinandi reglum um ábyrgar fjárfestingar sem unnar voru að frumkvæði Sameinuðu þjóðanna. Þessar reglur eru hugsaðar fyrir stofnanafjárfesta um allan heim og í þeim undirgangast þeir að taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta sem tengjast rekstri fyrirtækja og sömuleiðis er lögð áhersla á góða stjórnarhætti fyrirtækja. Haft er eftir forstjóra sjóðsins í ársreikningnum að hann sé ánægður með að sjóðurinn sé þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um bættu stjórnarhætti fyrirtækja og segir: „Í auknum mæli gera fjárfestar sér grein fyrir að við langtímaávöxtun eigna þarf að taka tillit til umhverfislegra og félagslegra þátta auk þess sem góð stjórnun hefur þar þýðingarmiklu hlutverki að gegna.“

Á bls. 18 í sama ársreikningi er síðan sett fram hluthafastefna á grundvelli þessarar aðildar að reglunum frá Sameinuðu þjóðunum. Lögð er áhersla á að markmið reglnanna fari saman við almenna hagsmuni samfélagsins. Ef fjárfestar geri kröfur til fyrirtækja um að þau fari að lögum og reglum í umhverfismálum, leitist við að draga úr umhverfisáhrifum rekstrarins, geri hluthöfum grein fyrir stefnu sinni, uppfylli kröfur mannréttinda og fari að alþjóðasáttmálum, þá stuðli slík þróun að betra og lífvænlegra samfélagi. Því er lýst yfir að horft verði til þess hvort innlend fyrirtæki fylgi leiðbeiningum Viðskiptaráðs,

Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Ástæða þess að þetta er dregið fram hér er að öll þessi atriði eru allrar athygli verð og myndu stuðla að bættu viðskiptalífi og síðlegra ef stofnanafjárfestir á borð við Lífeyrissjóð verzlunarmanna gerði kröfu um þau. En það er eftirtektarvert að þessarar stefnumótunar sér hvergi stað í fjárfestingarstefnu eða síðareglum. Það er full ástæða til að hvetja Lífeyrissjóð verzlunarmanna til að fylgja þessari stefnumótun eftir og setja sér markmið í samræmi við hana. Hér skulu nefnd fimm atriði sem gætu fallið að þessari stefnu og haft veruleg áhrif til lengdar á íslenskt viðskiptalíf.

1. Lífeyrissjóðurinn keypti engin skuldabréf fyrr en þau hefðu verið skráð hjá Kauphöll Íslands. Það hefur ítrekað komið fram í viðtölum nefndarinnar að lífeyrissjóðir hafi í einhverjum tilvikum keypt skuldabréf án þess að þau hafi fyrst verið skráð með formlegum hætti. Staði lífeyrissjóðurinn við þessa fullyrðingu, stuðlaði það að því að aðrir aðilar á fjármagnsmarkaði vönduðu sig.

2. Lífeyrissjóðurinn ætti að krefjast þess að öll fyrirtæki sem fjárfest er í veittu upplýsingar um launakerfi, hæstu og lægstu laun. Hann gæti sett sér ákveðnar viðmiðanir um eðlilegan launastiga eða eðlilegan launamun sem hann miðaði við í fjárfestingum. Ástæðan fyrir þessari kröfu gæti verið sú, að launamunurinn sem orðinn var á árunum 2006-2008 í íslensku fjármálalífi, var eins og kaun á líkþráum búk. Lífeyrissjóðir launamanna í íslensku samfélagi eiga ekki taka þátt í slíku (Sjá 5.2.6.).

3. Lífeyrissjóðurinn ætti að krefjast þess af öllum fjármálafyrirtækjum sem hann fjárfestir í að þau veittu upplýsingar um launaauka og bónusa. Ein af veigameiri ástæðum þess hve illa fór í bankahruninu haustið 2008 var hve launaaukakerfið var óeðlilegt og skaðlegt fyrir fyrirtækin sjálf og alla viðskiptamenn þeirra.

4. Það ætti að vera ófrávíkjanleg krafa fyrir fjárfestingu að fyrirtæki færu eftir reglum um góða stjórnarhætti og birtu upplýsingar um hvernig þau gerðu það.

5. Ársskýrsla Lífeyrissjóðs verzlunarmanna er glæsilegt plagg og þar eru margvíslegar upplýsingar að finna um rekstur og afkomu sjóðsins. Það mætti draga saman á einni eða tveimur síðum í upphafi

mikilvægustu upplýsingarnar sem eru í hverri árskýrslu þannig að sjóðfélaginn átti sig á aðalatriðunum. Það eru hagsmunir sjóðfélaga að geta með auðveldum hætti séð aðalatriðin.

Fjórða atriðið sem dregið er fram hér varðar tengsl Lífeyrissjóðs verzlunarmanna við fyrirtækin sem hann fjárfestir í. Áður voru nefnd nokkur atriði sem gætu mælt með eða móti leiðum fyrir sjóðinn til að hafa áhrif á rekstur og arðsemi eigin fjár í þessum fyrirtækjum. En það eru fleiri atriði sem þarf að huga að vegna tengsla við fyrirtæki. Í viðtölum við fyrrverandi forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og fyrrverandi formann stjórnar kom fram að þeir hefðu verið beittir þrýstingi til að fjárfesta í tilteknum fyrirtækjum. Eftir að lífeyrissjóðurinn hafði dregið mjög úr fjárfestingum í Glitni í ljósi þess sem gerðist þar árið 2004 kom fram óánægja með það. Þorgeir Eyjólfsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, segir Lífeyrissjóð verzlunarmanna hafa verið gagnrýndan harðlega og í tengslum við það hafi verið rætt um það innan tiltekinna fyrirtækja að stofna nýjan lífeyrissjóð. Bæði Hannes Smárason og Skarphéðinn Berg Steinarsson (fyrrv. stjórnarformenn FL Group) hafi skrifað greinar um málið. Ágreiningurinn hafi staðið um af hverju Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafi ekki verið þátttakandi í Dagsbrún, sem stóð að fríblaðsútgáfu-rekstri í Danmörku.

Sömu aðilar hafi ekki verið ánægðir með að Lífeyrissjóður verzlunarmanna tók ekki þátt í hlutabréfaútgáfu hjá FL Group í desember 2007, né heldur skuldabréfaútbóði (e. mandatory convertibles) í Glitni í mars 2008.

Gunnar Páll Pálsson, fyrrverandi formaður VR, sagði í viðtali við nefndina, að hann hefði fundið fyrir þrýstingi frá stjórnendum fyrirtækja um að sjóðurinn fjárfesti í tilteknum félögum eða verkefnum. Þetta hafi átt við um það þegar Baugsmenn voru að reyna að kaupa Icelandair. Hann nefndi að umræða af þessu tagi hefði ratað í fjölmiðla á árunum fyrir bankahrún. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 (13. janúar 2008) hafi verið sagt frá því að stórir fjárfestar hefðu óbeint hótad Lífeyrissjóði verzlunarmanna erfiðleikum ef hann fjárfesti ekki svo þeim líkaði. Í fréttinni var rætt við Gunnar Pál. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 næsta dag (14. janúar 2008) var haft eftir Gunnari Sigurðssyni, forstjóra Baugs Group, að hann setti

spurningarmerki við fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem hann sagði að hefði fjárfest vel í samkeppnisfyrirtækjum Baugs.

Það er eðlilegt að uppi séu ólíkar skoðanir á því hvar sjóðurinn eigi að fjárfesta en það er óvenjulegt að hótanir séu látnar opinskátt í ljós. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er stór sjóður og það getur munað um fjárfestingar hans. Þessar lýsingar á óvenjulegri framgöngu segja þá sögu að stjórnir lífeyrissjóða geti að minnsta kosti stundum verið undir umtalsverðum þrýstingi um að fjárfesta í tilteknum fyrirtækjum. Láti þær undan þrýstingi af þessu tagi, eru þær í reynd að bregðast eigendum sínum því að rökin fyrir að fjárfesta ekki í þessum fyrirtækjum geta vart byggst á öðru en mati á arðsemi þessara fyrirtækja til lengri tíma. Það er full ástæða fyrir Lífeyrissjóð verzlunarmanna, og raunar aðra lífeyrissjóði, að gera sérstakar ráðstafanir vegna bægslagangs af þessu tagi. Það ætti til dæmis að vera skylda allra stjórnarmanna sem verða áskynja um viðleitni til að hafa áhrif á ákvarðanir sjóðsins með þessum hætti að gera grein fyrir þeim í stjórninni og það ættu að vera sjálfkrafa viðbrögð að ekki verði fjárfest í þessum fyrirtækjum nema augljóst sé að þau uppfylli þær kröfur sem sjóðurinn gerir.

Fimmta atriðið sem ástæða er til að hafa orð á hér varðar siðareglur sjóðsins. Samþykktar siðareglur ná prýðilega yfir það svið sem þær eiga að ná og frumskyldu sjóðsins er lýst í þeim en það var ekki gert í drögunum frá 2001. Frumskylda sjóðsins er eins og segir í inngangi siðareglanna „að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum framúrskarandi þjónustu”. Ef við bætum við þeirri staðreynd sem er ósögð í reglunum, að öllum ber skylda til að greiða til lífeyrissjóðs skv. lögum, þá leiðir nánast allt annað í siðareglunum af þessu. Starfsmenn þurfa að vanda starfshætti sína, gæta þess að ákvarðanir byggist á vandaðri athugun og óvillhallri dómgreind, láta starf sitt ganga fyrir öðru sem þeir vilja sinna, forðast hagsmunaárekstra og að viðskiptavinir geti ekki haft óeðlileg áhrif á dómgreind og skoðanir starfsmanna og stjórnarmanna sjóðsins. En það er ástæða til að nefna tvennt í þessu samhengi. Í fyrsta lagi þá þarf að skoða samhengið á milli siðareglanna og fjárfestingarstefnunnar. Það er í raun óeðlilegt að siðareglurnar hafi ekki áhrif á fjár-

festingarstefnuna, sérstaklega þegar sjóðurinn hefur ákveðið að styðjast við reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar sem taka mið af samfélagi, umhverfi og góðum stjórnarháttum. Það er ástæða til að hvetja stjórn sjóðsins til að leggja í vinnu til að samhæfa þetta. Í öðru lagi þá er rétt að leggja áherslu á að það nægir ekki eitt og sér að samþykkja siðareglur, heldur verður að efna til nokkurrar vinnu með starfsmönnum um það hvernig eigi að skilja reglurnar og beita þeim. Best er að gera þetta á vinnustað í samhengi við raunverulegar ákvarðanir og undirbúning þeirra. Vinnubrögð af þessu tagi ættu að tryggja að reglurnar verði eðlilegur þáttur í starfi við og fyrir sjóðinn. Nefndinni er ekki kunnugt um hvort efnt var til slíkrar vinnu þegar reglurnar voru samþykktar en verði reglurnar samhæfðar fjárfestingarstefnunni og hluthafastefnunni þá er full ástæða til að fá starfsmenn til að skoða þær vandlega. Síðan er skynsamlegt í framhaldinu, á hverju ári eða annað hvert ár, að taka reglurnar til umræðu og hugsanlegrar endurskoðunar.

Sjötta og síðasta atriðið sem ástæða er til að vekja máls á er seta formanns stjórnar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur í stjórn Kaupþings. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands vann skýrslu um þetta efni

sem lokið var í janúar 2004. Skýrslan var unnin fyrir Verzlunarmannafélag Reykjavíkur. Í henni eru greindir möguleikar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á að gegna eigendaskyldum sínum með virkum hætti í félögum. Niðurstaðan um beina stjórnarsetu var sú að hún fæli í sér of mikla hættu á hagsmunaárekstrum til að hún væri réttlæt看leg. Mögulegt væri fyrir sjóðinn að velja óháðan fagaðila í stjórnir félaga sem hann á í fremur en stjórnarmenn úr stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.¹² Það er ekki einvörðungu hættan á hagsmunaárekstrum sem hér kemur til álita, heldur einnig sú staðreynd að stjórnarmaður í fyrirtæki sem er fulltrúi lífeyrissjóðs getur setið uppi með ákvarðanir sem ekki er á nokkurn hátt hægt að réttlæta gagnvart sjóðfélögum. Ef sjóðurinn setti sér skýrar reglur um þau fyrirtæki sem hann er reiðubúinn að fjárfesta í, þá væri hugsanlega hægt að forðast það að sitja uppi með slíkar ákvarðanir. Í ljósi þess sem áður var sagt um stöðu stjórnarmanns sem innherja þá virðist erfitt eða jafnvel útilokað að forðast hagsmunaárekstra sitji fulltrúi lífeyrissjóðsins í fyrirtæki sem sjóðurinn á eignarhlut í jafnframt því sem hann á sæti í stjórn lífeyrissjóðsins.

¹² Stjórnarseta fulltrúa VR í Lífeyrissjóði VR og félögum sem sjóðurinn á hlut í. (2004). Reykjavík: Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Bls.33.

30.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

30.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstarfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á úttektartímanum, sem um getur í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna verður nefndin jafnframt að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna.

Starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á úttektarárunum ber þeirri mynd glöggvitni sem dregin er upp fram í skýrslunni (Sjá 5. kafla í almenna hluta skýrslunnar). Þannig óx hrein eign til greiðslu lífeyris framán af tímabilinu en eftir að kemur fram á árið 2007 fer að halla undan fæti í afkomu sjóðsins og 2008 lækkar hrein eign til greiðslu lífeyris um 21.833 mkr. á verðlagi 2009 (LV tafla 7). Snúíð hefur þó aftur til betri vegar 2009, sé byggt á ársreikningi og ársskýrslu sjóðsins og ekki verður frekara tap af falli

bankanna. Þótt lækka hafi þurft réttindi sjóðfélaga, a.m.k. tímabundið, er sú réttindaaukning ekki uppurin sem áður hafði náðst, m.a. vegna aukinna fjárfestingartekna á uppsveifluárunum 2005 og 2006. Reikna verður þó einnig með því að lágmarksiðgjöld sjóðfélaga til sjóðsins voru einnig hækkuð á þessum uppsveiflutímum, sbr. lög nr. 167/2006 um breytingu á lífeyrissjóðalögum.

30.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórn sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum rætt við Gunnar Pál Pálsson, fyrrverandi stjórnarformann sjóðsins, Þorgeir Eyjólfsson, fyrrverandi forstjóra, og Guðmund Þórhallsson, fyrrverandi forstöðumann

eignastýringar og núverandi framkvæmdastjóra hans.¹³ Jafnframt hefur nefndin rætt við þá Hjalta Schiöth og Vigni Rafn Gíslason, endurskoðendur hjá PriceWaterhouseCoopers (PWC), en sjóðurinn kaupir innri sem ytri endurskoðun hjá PWC. Bar Hjalti ábyrgð á innri endurskoðun en Vignir Rafn á ytri endurskoðun þau ár sem hér eru til skoðunar.¹⁴ Vignir Rafn kom fyrst að ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins á tíunda áratug síðustu aldar og var aðalendurskoðandi hans árin 2004–2010. Hann hefur nú tekið við innri endurskoðun sjóðsins.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) á falli íslensku bankanna kom fram að Gunnar Páll Pálsson sat í stjórn Kaupþing banka hf. á sama tíma og hann var formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.¹⁵ Sjóðurinn átti verulegan hlut í Kaupþing banka eða sem svaraði til 33–48% af innlendri hlutabréfaeign sjóðsins. Þá fór samanlögð hluta- og skuldabréfaeign sjóðsins í Kaupþingi banka og tengdum félögum allt upp í 17% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris (Sjá umfjöllun um tengda aðila í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan). Gunnar Páll var kjörinn í stjórn Kaupþing banka meðan hann var starfsmaður Verzlunarmannafélags Reykjavíkur en hann varð síðar formaður þess félags og stjórnarmaður á þess vegum í Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Hann hélt engu að síður áfram stjórnarstörfum í Kaupþing banka. Í viðtölum úttektarnefndar við Þorgeir Eyjólfsson, fyrrverandi forstjóra, og Gunnar Pál kom fram að þeir voru á einu máli um það, að þeir hefðu rætt það sín á milli hvort edlilegt væri að Gunnar Páll gegndi áfram stjórnarstörfum í bankanum eftir að hann var orðinn formaður sjóðsins. Jafnframt hafi launastefna bankans angrað Gunnar Pál sem formann Verzlunarmannafélagsins. Hann hélt þó stjórnarstörfum áfram allt fram að falli bankans og mun afstaða félaga hans í stjórn félagsins hafa að sögn Gunnars Páls ráðið einhverju um það. Sagði Gunnar Páll m.a. í viðtali við nefndina að VR hefði fengið Siðfræðistofnun Háskóla Íslands til að greina siðferðileg álitaeftir varðandi stjórnarsetu fulltrúa VR

í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og félögum sem sjóðurinn á hlut í (útgefin í janúar 2004). Hafi Siðfræðistofnun m.a. bent á að formaður VR gæti lent í trúverðugleikavanda að þessu leyti. Sagði Gunnar Páll að fjallað hefði verið um efni skýrslunnar í trúnaðarráði VR, en niðurstaðan hefði verið sú að aðhafast ekki. Þeir Þorgeir voru þó sammála um það, að eftir á að hyggja hefði stjórnarseta Gunnars Páls í Kaupþing banka verið óheppileg. Fordæmi mun hafa verið fyrir því að formaður eða stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum hafi jafnframt verið stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn var hluthafi og þá í krafti hlutfjáreignar sjóðsins að hluta til. Nokkuð er misjafnt hvaða afstöðu lífeyrissjóðir hafa til stjórnarþátttöku í atvinnufyrirtækjum eða fjármálafyrirtækjum sem þeir eiga hlut í. Almenn séð er þetta ekki talið atvagnarvert en edlilegra verður að teljast að það sé einhver annar en starfsmaður eða stjórnarmaður í viðkomandi lífeyrissjóði sem gegni því hlutverki. Sjónarmið þessu tengd höfðu komið til skoðunar hjá lífeyrissjóðunum löngu fyrir fall bankanna.¹⁶ Engin sjáanleg merki eru þó um það í tilfelli Gunnars Páls að þetta hafi haft bein áhrif á stjórnarstörf hans fyrir lífeyrissjóðinn eða viðskipti sjóðsins og bankans, en almennt séð vekja slík tengsl tortryggni og eru ekki heppileg.¹⁷ Þeir Gunnar Páll og Þorgeir bentu jafnframt á að þeir hefðu orðið fyrir aðfinnslum vegna þess að fjölskyldumeðlimir þeirra hefðu verið starfandi hjá Kaupþing banka. Þeir héldu því þó báðir fram að þessir fjölskyldumeðlimir hefðu ekki verið í neinni aðstöðu til þess að hafa áhrif á viðskipti sjóðsins og bankans (Sjá nánar 30.2.3 og 30.2.4).

Þá þykir nefndinni að edlilegra hefði verið fyrir sjóðinn að kaupa innri og ytri endurskoðun hjá sitt hvoru endurskoðunarfyrirtækinu. Ekkert hefur þó komið fram sem bendir til þess að það hefði einhverju breytt. Einnig hefði farið betur á því að skipt hefði verið um endurskoðendur á ákveðnum fresti,

13 Sbr. viðtal við Gunnar Pál Pálsson, dags. 17.12.2010, viðtal við Þorgeir Eyjólfsson, dags. 20.12.2010, og viðtal við Guðmund Þórhallsson, dags. 16.12.2010.

14 Sbr. viðtal við Vigni Rafn Gíslason, dags. 13.1.2011, og viðtal við Hjalta Schiöth, dags. 26.1.2010.

15 Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis, RNA, 8. bindi, bls. 75.

16 Sem dæmi hafa vel flestir lífeyrissjóðir á stéttarfélagsgrundvelli lagt bann við því í samþykktum sínum að stjórnarformenn og eftir atvikum aðrir stjórnarmenn og stjórnendur taki sæti í stjórnnum félaga sem sjóðirnir eiga eignarhlut í, sbr. og 7. gr. kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá 1995.

17 Hér má nefna að í könnun sem lögð var fyrir stjórnendur aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða í fyrra (2010) kom fram að meginröksemdin fyrir því að sjóðirnir skipuðu ekki fulltrúa sína í stjórn, væri hætta á hagsmunaráreksrum og að farsælla væri að þeirra dómi að selja viðkomandi eignarhlut ef sjóðirnir væru ósáttir við frammistöðu félagsins. Heimild: Kristján Geir Pétursson (2010). Lífeyrissjóðir sem hluthafar. Óbirt meistaraprófsritgerð, lagadeild Háskóla Íslands, s. 85.

sbr. svonefnda skiptireglu (e. rotation rule) sem nú er að finna í lögum, sbr. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.¹⁸ Í 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er raunar gengið lengra en í fyrrnefndum lögum um endurskoðendur, en þar segir (í 2. m.l.) að óheimilt sé að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma hans/þess lauk.

30.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna liggur aðallega í skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum.

Fram kom í framangreindum viðtölum að áður en ráðist hefði verið í kaup á verðbréfum frá nýjum aðilum, sem máli skiptu, hefðu mál þessara aðila verið könnuð og rædd á stjórnarfundum eða a.m.k. við formann stjórnar. Framkvæmdastjóri og starfsmenn eignastýringardeildar hafi annars ákveðið sameiginlega fjárfestingar sem voru innan fjárfestingarstefnu sjóðsins og rætt um áhættu sem tengd væri einstökum fjárfestingum. Hins vegar virðast þessar ákvarðanir ekki hafa verið skjalfestar og önnur gögn liggja ekki fyrir. Þá virðast hvorki hafa legið fyrir gögn um áhættugreiningu og áhættumat né heldur hafi verið mörkuð og útfærð sérstök stefna um áhættustýringu.¹⁹ Áhættustýringin virðist því aðallega hafa verið að sjá svo um að dreifing verðbréfasafna væri í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Á þessu tvennu, þ.e. dreifingu eignasafns skv. fjárfestingarstefnu annars vegar og áhættugreiningu og áhættumati hins vegar, er mikill munur. Ekki hefur annað komið fram en að dreifing eignasafna hafi verið innan ákvæða laga og reglna þar um samkvæmt túlkun starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda og Fjármálaeftirlitsins á hverjum tíma.

Í almenna hluta skýrslunnar, kafla 4.1. hér að framan, er fjallað um lagaumhverfi fjárfestingar-

stefnu lífeyrissjóða. Þar kemur fram að breytingar sem gerðar höfðu verið á lögum um lífeyrissjóði frá gildistöku þeirra höfðu smám saman gert lagaumhverfi fjárfestingarstefnu þeirra óskýrara, áhættusæknara og innbyrðis ósamkvæmara. Á þessu hefur ekki verið ráðin bót eftir fall bankanna. Telja verður að þessar breytingar hafi stuðlað að því að tap lífeyrissjóðanna varð almennt meira við fall bankanna en orðið hefði við óbreytt lagaumhverfi. Hins vegar má á móti halda því fram að auknar fjárfestingarheimildir, t.d. í hlutabréfum, hafi á tímabili stuðlað að aukinni réttindaávinnslu lífeyrisþega enda þótt fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hafi þegar upp var staðið átt mestan þátt í tapi margra lífeyrissjóða við fall bankanna, þar á meðal Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV tafla 8).

30.3.4 Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan er fjallað um tap sjóðsins árin 2008 og 2010. Þar er ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Þar er átt við eignir eins og bankainnstæður, veðskuldabréf sjóðfélaga, opinber húsnæðisbréf og erlend verðbréf. Tap sjóðsins varð aðallega 2008 en kom síðar fram að hluta og er varla að fullu fram komið ennþá. Benda má á að til þess getur komið að færa verði að einhverju leyti niður verðmæti veðskuldabréfa sjóðfélaga, sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði.²⁰ Fasteignamarkaðurinn var kominn, svo sem kunnugt er, úr böndunum. Samkeppni á útlánamarkaði og milli sveitarfélaga í framboði á byggingarlandi átti verulegan þátt í vandanum. Þá var byggingarkostnaður orðinn allt of hár, byggingaverktakar og sumar fasteignasölurnar töluðu upp verðið og sköpuðu óraunhæfar væntingar hjá þeim sem réðust í kaup og sölu fasteigna.

Í viðtali við Vigni Rafn Gíslason kom fram að hann sem endurskoðandi hefði kannað eignasafn sjóðsins. Meðal þess sem endurskoðandi kannar er hvort hlutabréf sjóðsins séu skráð á markaðsvirði og skuldabréf samkvæmt upphaflegri ávöxtunarkröfu. Þá leggur endurskoðandi mat á tapsáhættu á verðbréfum. Í því sambandi er rétt að nefna að fram kom

18 Ákvæðið er svohljóðandi: „Endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skal taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.“

19 PWC skýrsla vegna innri endurskoðunar 2008, Hjalti Schiöth, bls. 3.

20 Sbr. Samkomulag um verklagsreglur um sértæka skuldaaðlögun einstaklinga frá 22. desember 2010, sem Landssamtök lífeyrissjóða eru aðili að.

í máli Vignis Rafns að fram að bankahruni hefðu sáralitlar afskriftir verið á eignasafni sjóðsins. Árið 2007 hafi 11 mkr. tapast á skuldabréfaútboði og allt frá 1998 hafi í heildina aðeins tapast 20-30 mkr. á sjóðfélagalánum. Fyrirtækjaskuldabréf hafi aldrei tapast.

Hlutabréfaeign sjóðsins hækkaði gríðarmikið árin fyrir hrun. Nefndi Vignir Rafn sem dæmi að árið 2006 hefði PWC verið beðið um að gera könnun á milliuppgjörum félaga sem sjóðurinn átti eignarhlut í. Hafi hlutabréfaeignin þá verið orðin það há að hún hafi verið komin umfram þau mörk sem sjóðnum var heimilt að eiga í einstökum verðbréfaflokkum, m.v. hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins í upphafi ársins. Vignir Rafn sagði að því hefði þurft að gera nýtt uppgjör fyrir sjóðinn til að sýna endurreiknaða hreina eign til greiðslu lífeyris sem nefnara í deilistuðli. Ætla verður að hann eigi við að markaðsverð þegar keyptu bréfa hafi vaxið þetta mikið en ekki að sjóðurinn hafi við kaup á hlutabréfum farið út fyrir gildandi heimildir. Vignir Rafn var spurður út í það hvort kannað hefði verið hvort og að hvaða marki sjóðurinn hefði fjárfest í samstæðum (þ.e. í skilningi 2. gr. hlutafélagalaga, sbr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna eins og þau voru á þessum tíma). Að sögn hans átti Exista 24,5% í Kaupþingi og í þeim skilningi hefði Kaupþing ekki fallið undir skilgreiningu sem dótturfélag Exista. Í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem giltu á þessum tíma, voru í 18. gr. skilgreind nán tengsl fjármálafyrirtækis við einstaklinga eða lögaðila, sem talin voru hindra eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þá er átt við 20% af hlutafé eða 20% yfirráð yfir atkvæðisrétti fyrirtækis. Í LV töflu 14 hér að framan er tekin saman hlutabréfaeign sjóðsins á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006-31.12.2008 í þús. kr. Þar kemur fram að a.m.k hluta þessa tíma á sjóðurinn verulega hluti í eignarhaldsfélaginu Exista og skyldum félögum. Spurður að því hvort ekki hafi verið óvarlegt af sjóðnum að eiga svo mikið bundið í þessum fyrirtækjum sagði Vignir Rafn að það hefði ekki verið hlutverk endurskoðenda að gera athugasemdir við slíkt enda hefðu tengdir aðilar ekki fallið undir neina skilgreiningu í lífeyrissjóðalögum (Þetta hefur breyst eftir fall bankanna, sbr. lög nr. 171/2008 um breytingu á lífeyrissjóðalögum).

Þeir hefðu þó verið sér meðvitaðir um þessi tengsl. Í lok árs 2007 hafi eignarhlutur sjóðsins í Kaupþingi, Exista, Bakkavör og Skiptum (Símanum) numið í kringum 60% af innlendra hlutabréfaeign sjóðsins.

Þótt ekki sé annað fram komið en að sjóðurinn hafi haldið eign sinni í þessum hlutabréfum innan lagaákvæða þá hefur reynslan sýnt, að þetta varð sjóðnum dýrt (Sjá LV tafla 14 að framan). Gæta verður þó þess þegar þetta er metið að Exista var á þessum tíma sífellt að auka og breyta eignarhaldi sínu á þessum fyrirtækjum og að íslenski hlutabréfamarkaðurinn var orðinn mjög takmarkaður og erfitt um vik fyrir stóra lífeyrissjóði að hreyfa til fjárfestingar sínar á þeim markaði þannig að það hefði ekki ófyrirsjáanleg áhrif á markaðinn sem hefði auðveldlega getað skaðað sjóðinn sjálfan. Vignir Rafn taldi að ekki hefði verið tilefni til að gera athugasemdir við hversu fáir aðilar hafi staðið að baki svo stórum eignarhluta sjóðsins. Endurskoðendurnir hefðu þó rætt málin við forstjóra sjóðsins í lok árs 2007 þegar hlutabréfaverð tók að lækka. Þá hafi fram komið að sjóðurinn teldi að stjórnendur umræddra fyrirtækja væru sterkir og það væru jafnvel kaupþækifæri í þessum félögum.

Allir stærstu lífeyrissjóðir landsins áttu verulega hluti í föllnu bönkunum og fleiri fjármálafyrirtækjum. Í raun er komið fram að stjórnendur sjóðanna höfðu fyrir október 2008 ekki trú á að þeir gætu fallið. Merki voru þó um mjög versnandi stöðu bankanna. Má í því sambandi nefna að þann 17. mars 2008 lauk Glitnir banki við skuldabréfaútboð, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leytnu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 (á „skiptidegi“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atvika sem tiltekin voru í skuldabréfunum. Með öðrum orðum, þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi eigendum skuldabréfanna með peningum, heldur yrði bréfið greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8%. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hafði þó vara á sér eftir stórfelld stjórnar- og eigendaskipti á hlutum í Glitni hf. í apríl 2007. Sjóðurinn dró úr

eignarhaldi sínu á bankanum og skyldum fyrirtækjum þótt hann hlyti bágð fyrir hjá stjórnendum þeirra. Ráðstöfun sem síðar reyndist ekki að ástæðulausu.²¹ Sjóðurinn hafnaði einnig boði Glitnis hf. um kaup á framangreindu víkjandi láni í mars 2008.

Eftir fall bankanna og fleiri fjármálafyrirtækja hefur sjóðurinn orðið að afskrifa mest alla hlutafjareign sína í fjármálafyrirtækjunum enda þótt það hafi orðið nokkru eftir hrun að því er Straum og SPRON varðaði, sbr. LV tafla 14. Jafnframt hefur hlutafjareign í Exista o.fl. félögum verið afskrifuð, sbr. sömu töflu. Tap Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2008 og 2009 er að miklu leyti fólgið í tapaðri innlendri hlutafjareign (Sjá LV tafla 8).

Þáverandi endurskoðandi sjóðsins (Vignir Rafn) var spurður út í þessa afleiðusamninga (aðallega var hér um að ræða framvirka gjaldmiðlasamninga) en ljóst er að kaup margra lífeyrissjóða á gjaldmiðlavörnum jukust eftir því sem leið á árið 2008, eftir að gengi krónunnar veiktist. Hann var spurður hvort endurskoðendur hefðu gert einhverjar athugasemdir við notkun sjóðsins á þessum samningum. Að hans sögn gerðu þeir það ekki vegna þess að afleiðusamningar voru álitnir hluti af áhættustýringu gagnvart erlendu verðbréfasafni sjóðsins. Eðlilegt hefði verið að hans mati að tempru eignir sjóðsins með kaupum á gjaldmiðlavörnum.

Fram kom í máli Vignis Rafns að endurskoðendur hefðu verið að störfum innan sjóðsins í ársbyrjun 2008 og þá í sambandi við uppgjör ársins 2007. Síðan hafi verið kallað á þá í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Vegna óvissunnar um uppgjör þessara samninga hafi reikningar sjóðsins verið áritaðir með ábendingu. Ekki hafi verið talin þörf á því að gera fyrirvara við uppgjörið. Þorgeir Eyjólfsson, þáverandi forstjóri sjóðsins, sagði í viðtali við nefndina að þeir hefðu aukið varnirnar þegar krónan veiktist og dregið úr þeim þegar hún styrktist. Gjaldmiðlavarnirnar hafi skilað sjóðnum ávinningi en einnig hafi verið leitast við að jafna sveiflur í ávöxtun sjóðsins og draga úr flökti. Að því er varðar aukningu gjaldmiðlavarna þegar krónan tók að veikjast 2008 hafi það verið vegna þess að þeir hafi haft trú á því að um tímabundna erfiðleika væri að ræða. Þeir hafi ekki

séð það fyrir að þetta færi svona gjörsamlega á hliðina eins og raunin varð. Hefði það ekki gerst, hefði krónan styrkst aftur og varnirnar skilað góðum árangri. Talsverður ágreiningur er um það meðal sérfræðinga hvort lífeyrissjóðir, sem eru langtímafjárfestar, eigi að verja þær með slíkum skammvinnnum samningum eins og hér um ræðir. Haft er eftir Þorgeiri Eyjólfssyni í viðauka I með skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um fall bankanna, bls. 74, að fyrirkomulag skýrslugjafa um sjóðina leiði til þess að ársuppgjör þeirra hafi óþarflega mikið vægi en hans einkaskoðun sé sú að miklu eðlilegra sé að horfa á ávöxtun sjóðanna í ljósi fimm til tíu ára tímabils.

Í 10. tl. 1. mgr. 36. gr. laga um lífeyrissjóðina, eins og honum var breytt með 4. gr. laga nr. 70/2004, er lífeyrissjóðunum heimiluð gerð afleiðusamninga til að draga úr áhættu sjóðsins. Það er þannig, sbr. það sem segir í almenna hluta skýrslunnar, einungis heimilt að gera afleiðslusamninga til þess að draga úr áhættu. Deila má um hvort tilgangur sjóðsins, sem og annarra lífeyrissjóða, hafi með gerð þessara samninga eingöngu verið bundinn við það að draga úr áhættu. Fram hefur komið eftir fall bankanna að lífeyrissjóðirnir telja sig á tímabili hafa haft mikið upp úr því að gera þessa samninga, þó svo að lokum hafi þeir margir hverjir brunnið inni með verulegar fjárhæðir í þessum samningum og ekki tekist að loka þeim fyrir fall bankanna. Jafnframt er spurning hvort sjóðirnir, í þessu tilviki Lífeyrissjóður verzlunarmanna, hafi á árinu 2008 sýnt nægilega varfærni við gerð slíkra samninga þegar gjaldmiðlavarnirnar voru auknar allt þar til þær áttu að verja um og yfir 90% af erlendu eignasafni sjóðsins (Sjá kafla 5.1.4 um gjaldmiðlavarnir).

Í yfirlitinu yfir tap sjóðsins, LV tafla 8, kemur fram að umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008, 2009 og 2010. Hugsanlega getur þó tapið lækkað, verði skuldajöfnun viðurkennd gagnvart gjaldmiðlavarnarsamningunum þegar þeir verða gerðir upp. Þá átti sjóðurinn víkjandi skuldabréf á hendur þremur fjármálafyrirtækjum eða Landsbanka Íslands hf., Byr sparissjóði og SPRON. Það merkir að krafa sjóðsins vék fyrir öllum kröfum á hendur útgefanda öðrum en endurgreiðslu hlutafjár. Skuldabréfin hafa verið afskrifuð með öllu. Vissulega hefðu verulegar tekjur fylgt þessum fjár-

21 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Þorgeir Eyjólfsson og Gunnar Pál Pálsson, dags. 20.12 og 17.12.2010.

festingum, hefðu kröfur þessar greiðst. Með vísun til þeirrar varfærni sem fylgja verður við fjárfestingar á vegum lífeyrissjóða, svo sem boðið er í upphafs-ákvæði 36. gr. lífeyrissjóðalaganna og leiðir jafnframt af anda laganna og tilgangi, verður að draga í efa að slík fjárfesting sem hér um ræðir samræmist lögum þótt ef til vill megi halda því fram að hreinlega sé ekki tekið fyrir hana.

Í LV töflu 12 er farið yfir afskriftir sjóðsins af fyrirtækjaskuldabréfum 2008 og 2010. Afskriftir þessar eru aðallega í þeim fyrirtækjum sem mest höfðu sig í frammi á opnum markaði síðustu árin fyrir fall bankanna. Í almennum hluta skýrslunnar, kafla 5.1, er lýst óvönduðum vinnubrögðum bankanna við skráningu bréfanna á markaði, en telja verður að lífeyrissjóðunum sé ekki heimilt að fjárfesta í verðbréfum, sem á að skrá á skipulegan verðbréfamarkað, fyrr en formlega hefur verið gengið frá skráningu þeirra, sbr. 2. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaganna.

Þótt nokkrar athugasemdir hafi verið gerðar við framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins má einnig margt gott um hana segja. Gæta verður þess hvaða andi ríkti í íslensku fjármálalífi á þessum tíma, sem stjórnaðist af áhrifum fjárfestingar- og viðskiptabankanna, máttleysi eftirlitsstofnana og þeirri stefnu Seðlabanka Íslands að halda gengi krónunnar uppi hvað sem það kostaði án þess að tryggt væri að aðrir kraftar efnahagslífsins væru þeim samstiga.²²

²² Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Hallgrím Snorrason, fyrrum hagstofustjóra, dags. 3.1.2011, Þorgeir Eyjólfsson, dags. 20.12.2010, og Þórð Friðjónsson, þáverandi forstjóra Kauphallar Íslands, dags. 22.11.2010.

31. Kafli

31.1 Lífeyrissjóður Vestfirðinga	59
31.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	59
31.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2008 til 2010	64
31.2 Stjórn og starfshættir	70
31.2.1 Stjórn og starfsmenn	70
31.2.2 Samskipta- og siðareglur	71
31.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2006 - 2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	72
31.3.1 Inngangur	72
31.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	72
31.3.4 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga	73

31.1 Lífeyrissjóður Vestfirðinga

31.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Upphaf

Lífeyrissjóður Vestfirðinga var stofnaður árið 1970 á grundvelli kjarasamninga á milli ASÍ og VSÍ. Verkalýðsfélög innan Alþýðusambands Vestfjarða auk Vinnuveitendasambands Íslands stóðu að stofnun sjóðsins. Aðildarsamtök sjóðsins af hálfu launamanna eru Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan og Vélstjórafélag Ísafjarðar.

Stjórn sjóðsins

Stjórnarmenn eru fjórir og er kjörtímabil þeirra tvö ár. Árlega skal kjósa helming stjórnarmanna. Stjórnarmenn skulu ekki sitja lengur en átta ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn sjóðsins.

Kjör stjórnar fer þannig fram að tveir stjórnarmenn eru kosnir af Samtökum atvinnulífsins og tveir eru kosnir af fulltrúum aðildarsamtaka launþega. Fjórir varamenn eru kosnir á sama hátt og til jafn langs tíma og aðalmenn.

Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, sem er að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi. Í samþykktum sjóðsins kemur eftirfarandi fram varðandi skipun í fulltrúaráð og atkvæðagreiðslur:

gr. 5.3 Innan lífeyrissjóðsins starfar fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum samtaka launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa. Aðildarsamtök sjóðsins tilnefna fulltrúa sína í fulltrúaráð lífeyrissjóðsins og fara þeir með atkvæði á ársfundi og öðrum fundum sjóðsins í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við ákvæði samþykktu þessara. Skipunartími fulltrúa er eitt ár í senn.

Fulltrúar samtaka launamanna skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum samkvæmt grein 3.2, kys úr sínum hópi í fulltrúaráðið tvo fulltrúa fyrir allt að 100 félagi og síðan einn fulltrúa fyrir hverja

50 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur 25 eða meiru. Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins skulu valdir eftir þeim reglum sem Samtök atvinnulífsins setja. Heimilt er fulltrúaráðsmanni að fara með umboð eins annars fulltrúa á fundum fulltrúaráðsins.

gr. 5.4 Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага greiða atkvæði hvorir í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Vestfirðinga árin 2006–2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Lífvest tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í árslok

Nafn:	Titn.	2009	2008	2007	2006
Kristján G. Jóhannsson	SA.	Form	Varaf.	X	
Pétur Sigurðsson	VV.	Varaf.	Form.	Varaf.	Form
Bjarni L. Gestsson	VV.	X	X	X	X
Áslaug Alfreðsdóttir	SA.	X	X	Form.	X
Einar Valur Kristjánsson					X
Samtök atvinnulífsins	SA.				
Verkalýðsfélag Vestfirðinga	VV.				

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga er Guðrún K. Guðmannsdóttir og hefur hún gegnt því starfi frá árinu 1981. Auk framkvæmdastjóra starfa fjórir starfsmenn hjá sjóðnum.

Endurskoðun:

Helgi F. Arnarson og Sæmundur Valdimarsson, endurskoðendur KPMG hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Vigfús Ásgeirsson, tryggingastærðfræðingur

Innri endurskoðun:

Helga Harðardóttir, endurskoðandi KPMG hf.

Regluvörður:

Framkvæmdastjóri sjóðsins

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Kristján G. Jóhannsson hefur setið í stjórn eftirtalinnna fyrirtækja og félaga:

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.
Olúfélag útvegsmanna hf.
ISÓ-ferðir ehf.
Ísfrsk fjárfesting ehf.
H-7 ehf.
H-9 ehf.
Snerpa ehf.
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Hvetjandi ehf. (varamaður)

Áslaug Alfreðsdóttir hefur setið í stjórn eftirtalinnna fyrirtækja:

Vesturferðir ehf.
Galti ehf.

Guðrún K. Guðmannsdóttir hefur setið í stjórn eftirtalinnna fyrirtækja og samtaka:

Landssamtök lífeyrissjóða.
Íslensk verðbréf hf.
Smali ehf.

Heimild: Minnisblað Lífeyrissjóðs Vestfirðinga dags. 5. apríl 2011, tölvupóstur dags. 5. okt. 2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Vestfirðinga er að finna í 2. grein samþykktar sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.
- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktar þessara.
- 2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3 Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.
- 2.4 Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Í 22. kafla samþykktar

þessara er fjallað sérstaklega um séreignardeild sjóðsins. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt á milli deilda í hlutfalli við umfang hverrar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Lífeyrissjóður Vestfirðinga skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildar eru einungis tæp 2% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð um Lífeyrissjóð Vestfirðinga hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Á stjórnarfundum sjóðsins þann 29. september 1998 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem sneru að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins eru:

- Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga fer með yfirumsjón sjóðsins. Stjórnin ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins.
- Að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórn ásamt framkvæmdastjóra skulu ávaxta fjármuni sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin hverju sinni með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- Að sjá um að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- Að ráða framkvæmdastjóra, setja honum starfsreglur og veita prókúruumboð.
- Að setja lánareglur fyrir sjóðinn.
- Að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað. Stjórnarformaður skal ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði sjóðsins.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um skipun stjórnar, hæfi stjórnarmanna, stjórnarfundi, samskipti stjórnar og framkvæmdastjóra, réttindi og skyldur stjórnarmanna. Nýjar og endurskoðaðar starfsreglur stjórnar voru samþykktar árið 2010.

Starfsreglur framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga setti framkvæmdastjóra starfsreglur þann 1. október 1998. Helstu atriði í starfsreglum framkvæmdastjóra voru:

- Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur umsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins gagnvart stjórn og skal gæta þess að við reksturinn sé farið eftir lögum og reglum sem sett eru um starfsemi lífeyrissjóða og einstökum reglum og stefnu sem stjórn sjóðsins hefur sett og kann að setja.
- Framkvæmdastjóri annast kaup og sölu verðbréfa samkvæmt ákvörðun stjórnar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Hann hefur yfirumsjón með að tryggingar og ákvæði keyptrar verðbréfa falli innan gildandi reglna, samþykktar og laga um sjóðinn. Við ráðstöfun á fjármagni sjóðsins er framkvæmdastjóra skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.
- Allar ákvarðanir sem teljast óvenjulegar eða mikils háttar og hafa greinilega verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu teknar af stjórn hans.
- Framkvæmdastjóri skal reglulega leggja fyrir stjórn yfirlit yfir fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins og aðrar upplýsingar sem teljast nauðsynlegar fyrir stjórnarmenn að vita um

Aðrar starfsreglur framkvæmdastjóra varða undirritun skjala, upplýsingar til endurskoðenda, setu á stjórnarfundum og þau almennu atriði sem framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með og flokkast undir daglegan rekstur sjóðsins.

Á fundi nefndarinnar með framkvæmdastjóra sjóðsins þann 23. september 2011 kom fram að engin fjárhæðarmörk hefðu verið sett þar sem framkvæmdastjóra bæri að tilkynna stjórn um kaup sín

á verðbréfum fyrir hönd sjóðsins. Sama átti við um „óvenjulegar eða mikilsháttar“ ákvarðanir. Þannig virðist það hafa verið háð mati framkvæmdastjórans sjálfs hvort og þá hvenær tilkynna þyrfti stjórn sjóðsins um tilteknar ákvarðanir.

Ofangreindar starfsreglur framkvæmdastjóra voru síðan endurskoðaðar og nýjar starfsreglur samþykktar árið 2010.

Fjárfestingarstefna (samtryggingardeild)

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Stefnan er unnin í samvinnu við starfsfólk sjóðsins og eignastýringaraðila. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins milli ára ekki miklar. Lagt hefur verið upp með að fjárfesta í dreifðu eignasafni innanlands og utan. Stefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

Lífvest tafla 2

Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar fyrir árið 2008	
Bréf með föstum tekjum:	allt að 65%
Skuldabréf:	allt að 55%
Skuldabréf ríkissjóðs	15-45%
Önnur skuldabréf (sveitarfél., banka og fyrirt.)	10-45%
Veðlán	0-5%
Innlán í bönkum	allt að 2%
Bréf með breytilegum tekjum:	allt að 60%
Hlutabréf	allt að 40%
Skráð innlend hlutabréf	5-40%
Óskráð innlend hlutabréf	0-2%
Skráð erlend hlutabréf	0-5%
Verðbréf erlend	allt að 40%
Hlutabréfasjóðir, hlutdeildarskírteini og verðbréfasjóðir	10-40%
Sérgreind verðbréfasöfn	0-20%
Stefnt er að eftirfarandi myntsamsetningu verðbréfasafns:	
Innlend mynt	60-80%
Erlendar myntir	20-40%

Markmið stjórnar sjóðsins er að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til öryggis og áhættu og var áhersla lögð á eftirfarandi atriði er varðaði fjárfestingar sjóðsins:

- Allt að þriðjungur eigna sjóðsins lúti virkri eignastýringu.
- Skuldabréfasafn sjóðsins verði með meðalbinditíma 10-15 ár.

- Hlutfall hlutabréfa í eignum sjóðsins verði aukið í allt að 50% á næstu árum.

Heimild: Ársskýrsla Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2007.

Eignastýring

Eignastýring sjóðsins

Lífeyrissjóður Vestfirðinga var með samninga við Íslensk verðbréf hf. og Glitni banka hf. um eignastýringu. Jafnhliða eignastýringu Íslenskra verðbréfa og Glitnis sá lífeyrissjóðurinn að hluta til sjálfur um eignastýringu á ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, skuldabréfum fyrirtækja og skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Þá sá sjóðurinn sjálfur um sjóðfélagalán. Þær eignir sem sjóðurinn keypti sjálfur hafa verið í innheimtu og vörslu hjá Landsbankanum sem er aðalviðskiptabanki sjóðsins.

Íslensk verðbréf hf.

Í janúar 2002 gerði Lífeyrissjóður Vestfirðinga samning við Íslensk verðbréf hf. um eignastýringu og er sá samningur enn í gildi. Í eignastýringarsamningnum var samið um stýringu á fjórum eignasöfnum sjóðsins sem eru:

- Innlend hlutabréf – veltusafn
- Innlend skuldabréf, veltusafn og kjarnasafn
- Erlend hlutabréf.

Í viðauka með samningnum var síðan tilgreind fjárfestingarstefna fyrir hvert eignasafn fyrir sig. Fjárfestingarstefnan var síðan uppfærð reglulega. Eignir í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum hf. hafa verið á bilinu 20 – 30% af heildareignum sjóðsins. Eignastýring Íslenskra verðbréfa var svokölluð virk stýring, þ.e. ekki var fjárfest m.t.t. samsetningar á tiltekinni vísitölu. Þá fjárfestu Íslensk verðbréf ekki í hlutabréfa- eða skuldabréfasjóðum fyrir hönd sjóðsins.

Glitni banki hf.

Einnig var gerður eignastýringarsamningur við Glitni banka hf. í nóvember 2006. Í viðauka I með samningnum fylgdi fjárfestingarstefna sjóðsins. Þar var kveðið á um að innlend skuldabréf hefðu 55% vægi, innlend hlutabréf 15% vægi og erlendir hlutabréfasjóðir 30% vægi. Hvað varðaði innlend verðbréf var ekki tilgreint hlutfall milli sérgreindra verðbréfa og sjóða. Heimiluð frávík frá fjárfestingarstefnu voru 15% nema á innlendum hlutabréfum, þar voru frávikin heimiluð

allt að 10%. Glitnir fjárfesti nánast eingöngu í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum. Samningurinn við Glitni var síðan endurnýjaður árið 2009 en þá við Íslandsbanka hf. Af heildareignum sjóðsins hafa um 15-20% verið í eignastýringu hjá Glitni/Íslandsbanka hf.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður Vestfirðinga var með samning við Landsbankann um gjaldmiðlavarðnir. Erlendar eignir sjóðsins voru um 25% af heildareignum og voru gengisvarnir ca. 30-50% af erlendu eigninni.

Morgan Stanley

Í gildi var samningur við Morgan Stanley í London frá árinu 1997 um stýringu á sérgreindu safni verðbréfa. Umrætt verðbréfasafn hefur að jafnaði verið um 8% af heildareignum lífeyrissjóðs Vestfirðinga.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 787 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 5,8% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 1.542 talsins, samanborið við 1.381 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum þannig fjölgað um 2,8% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað meira en nemur fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Lífvest tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	460	386	332	266	221
Örorkulífeyrir	231	228	201	183	151
Makalífeyrir	78	73	67	59	51
Barnalífeyrir	18	18	16	15	14
Samtals, verðlag hvers árs	787	705	616	523	437
Samtals, verðlag 2009	787	758	782	703	628

Frá árinu 1997 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Vestfirðinga.

Lífvest tafla 4

Breyting á lífeyrisséttindum

Ár	Breyting
1998	5%
2006	7%
2007	10%
2009	-12%
2010	-8%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Lífvest tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	40.664	37.184	40.043	37.513	32.457
Skuldbindingar	46.123	43.907	38.471	33.330	29.643
Samtals	-5.459	-6.723	1.572	4.183	2.814
% af skuldbindingum	-11,8%	-15,3%	4,1%	12,6%	9,5%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður mikil breyting á þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 15,3% árið 2008 og 11,8% árið 2009. Breytingin á heildarstöðu í krónum milli áronna 2007 og 2008 er eftirtektarverð. Þannig aukast skuldbindingar sjóðsins um 5.436 mkr. en jafnframt dragast eignir saman um 2.859 mkr. Samtals er þetta breyting til hins verra á heildarstöðu sjóðsins um 8.295 mkr. milli ára.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Í árslok 2007 var erlend verðbréfaeign sjóðsins tæp 26% af heildareignum sjóðsins. Innlend hlutabréf voru um 22%, skuldabréf með ríkisábyrgð tæp 18% og önnur verðbréf 17%. Framangreindir fjórir verðbréfaflokkar námu samtals 83% af heildareignum sjóðsins í árslok 2007. Í árslok 2008 voru sömu verðbréfaflokkar og taldir eru upp hér að framan komnir niður í 56,9% af heildareignum sjóðsins. Munar þar mest um innlend hlutabréf sem fóru niður í 3,5% af eign sjóðsins.

Lífvest tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	819	779	5.987	6.842	6.486
Innlendir hlutabréfasjóðir	85	134	361	446	335
Innlendir skuldabréfasjóðir	887	1.015	1.428	706	457
Erlend verðbréfaeign	9.649	7.369	7.044	7.132	4.988
Skuldabréf með ríkisábyrgð	8.397	5.853	4.807	4.754	4.370
Skuldabréf sveitarfélaga	2.008	1.901			
Skuldabréf fjármálastofnana	1.047	2.073	2.549	2.165	1.738
Skuldabréf fyrirtækja	1.853	2.637			
Önnur skuldabréf*			4.655	3.617	2.946
Veðlán	586	516	405	360	434
Samtals	25.331	22.277	27.236	26.022	21.754

*Fram til ársins 2008 voru skuldabréf sveitarfélaga og fyrirtækja færð saman sem „önnur skuldabréf“.

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.

Árið 2008 var raunávöxtun eignasafna sjóðsins neikvæð um 29,7%. Hrap var á innlendum hlutabréfum og skuldabréf fyrirtækja og bankastofnana komu illa út. Raunávöxtun var neikvæð um 21,4% á erlendri verðbréfaeign en þar var væntanlega um stundartap að ræða enda var sjóðurinn langt kominn með að vinna ávöxtun erlenda safnsins upp á árinu 2009.

Lífvest tafla 7

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	7,5%	-82,8%	-6,2%	11,5%	52,0%
Innlendir hlutabréfasjóðir	-7,6%	-33,3%	-5,5%	6,4%	60,7%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-18,1%	-12,1%	0,4%	4,1%	
Erlend hlutabréf	21,5%	-5,0%	-13,0%	23,3%	6,4%
Erlend verðbréfaeign	17,0%	-21,4%	0,9%	20,1%	10,8%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	4,4%	3,0%	2,7%	3,2%	4,4%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,5%	4,2%	2,8%	4,9%	5,5%
Skuldabréf fjármálastofnana	14,2%	-19,1%	3,2%	7,9%	3,4%
Skuldabréf fyrirtækja	-3,0%	-32,3%	5,0%	5,5%	5,3%
Veðlán	8,3%	7,6%	5,3%	6,5%	6,2%
Innlán	6,5%	5,0%	5,5%	5,2%	5,0%
Samtals	0,2%	-29,7%	-0,4%	9,2%	17,2%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags. 07.04.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var hrein raunávöxtun þegar rekstrar-kostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum jákvæð um 0,2%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 29,7%. Hrein raunávöxtun árið 2007 var jafnframt neikvæð eða um 0,4%. Hins vegar var hrein raunávöxtun árinna 2006 og 2005 mjög góð eða 9,2% og 17,2%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 2,1% og síðustu 10 árin var hún neikvæð um 0,3%.

Lífvest tafla 8

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	0,2%	-29,7%	-0,4%	9,2%	17,2%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,1%	0,1%	10,1%	8,7%	5,9%
Tíu ára meðalávöxtun	-0,3%	1,0%	5,4%	6,1%	6,1%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 2.944 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 1.027 mkr. sem var hækkun um 15% frá árinu 2008.

Afkoma sjóðsins árin 2005 og 2006 var mjög góð. Á verðlagi ársins 2009 var hrein eign sjóðsins árið 2007 nánast óbreytt frá árinu 2006. Árið 2008 var afkoma sjóðsins slæm og lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 5.111 mkr. Árið 2009 hækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um 2.275 mkr. Frá árinu 2005 til 2009 hefur hrein eign sjóðsins á föstu verðlagi ársins 2009 lækkað um 6.563 mkr. eða 20,7%.

Lífvest tafla 9

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	1.027	893	810	717	670
Lífeyrir	-783	-661	-585	-520	-436
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	252	-5.243	452	1.228	2.483
Tekjur / -gjöld af húseignum og lóðum	3	3	3	4	3
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	3.252	2.522	1.071	2.585	1.565
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-1.396	-2.197	-37	-34	-17
Fjárfestingartekjur	2.111	-4.915	1.489	3.783	4.034
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-14	-12	-12	-13	-21
Rekstrarkostnaður	-66	-59	-56	-50	-46
Rekstrargjöld	-80	-71	-68	-63	-67
Aðrar tekjur	0	0	10	0	0
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	2.275	-4.754	1.656	3.917	4.201
Hrein eign frá fyrra ári	22.870	27.624	25.968	22.051	17.850
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	25.145	22.870	27.624	25.968	22.051

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

	2009	2008	2007	2006	2005
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	2.275	-5.111	2.103	5.266	6.041
Hrein eign frá fyrra ári	22.870	29.698	32.981	29.647	25.667
Hrein eign til greiðslu lífeyris	25.145	24.587	35.084	34.913	31.708

1) Lífeyrissjóður Vestfirðinga sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

31.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum

árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/ eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins var að mestu í eftirfarandi sex verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Innendum skuldabréfasjóðum
- Erlendum verðbréfum

Lífvest tafla 10

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, innendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum, erl. verðbréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða		552	660	1.212
Skuldabréf fyrirtækja	67	844	1.535	2.446
Innlend hlutabréf		107	5.067	5.174
Innlendir hlutabréfasjóðir*		-85	379	294
Innlendir skuldabréfasjóðir		291	-3	288
Erlend verðbréf	200			200
	267	1.709	7.638	9.614
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		827		827
Samtals tap í mkr.	267	2.536	7.638	10.441

*Í tapi sjóðsins árið 2008 í innendum hlutabréfasjóðum er einnig tap í hlutabréfasjóðum frá árinu 2007 að fjárhæð 153 mkr.

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags.7.4.2011 og 13.9.2011.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 10.441 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Skv. forsendum bankanna myndu gjaldmiðlavarnarsamningarnir auka tap sjóðsins um 424 mkr. og yrði það þá samtals 10.865 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 2.549 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 2.073 mkr. en í árslok 2009 var hún komin

niður í 1.047 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og fjármálafyrirtækja bæði árin 2008 og 2009 eða samtals 1.212 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni banka hf. 230 mkr., Kaupþingi banka hf. 175 mkr., Byr sparissjóði 167 mkr., SPRON 160 mkr. og Sparissjóði Mýrasýslu 148 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 371 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og fjármálafyrirtækja í eigu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall hjá hverju félagi fyrir sig. Taflan á eingöngu við árið 2009.

Lífvest tafla 11

Bankar og sparissjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Glitni banki hf.	19	-37	56	-
Kaupþing banki hf.	93	-4	97	-
Landsbanki Íslands hf.	239	-67	306	-
Sparissjóðabanki Íslands hf./Icebank hf.	37	37	0	100%
Straumur - Burðarás hf.	60	45	15	75%
SPRON hf.	157	139	18	89%
VBS fjárfestingarbanki hf.	44	30	14	68%
Byr sparissjóður	334	167	167	50%
Sparissjóður Mýrasýslu	216	148	68	69%
Sparissjóður Bolungarvíkur	103	26	77	25%
Sparissjóðurinn í Keflavík	132	66	66	50%
Frjálsi fjárfestingarbankinn	4	2	2	50%
Samtals	1.438	552	886	38%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árin 2008 og 2009 af skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum. Engar afskriftir áttu sér stað hjá þessum aðilum árið 2010.

Lífvest tafla 12

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2009	2008	Samtals
Glitni banki hf.	-37	267	230
Kaupþing banki hf.	-4	179	175
Byr sparissjóður	167		167
SPRON hf.	139	21	160
Sparissjóður Mýrasýslu	148		148
Sparissjóðabanki Íslands hf./Icebank hf.	37	72	109
Straumur - Burðarás hf.	45	33	78
Sparissjóðurinn í Keflavík	66		66
VBS fjárfestingarbanki hf.	30	13	43
Sparissjóður Bolungarvíkur	26		26
Landsbanki Íslands hf.	-67	75	8
Frjálsi fjárfestingarbankinn	2		2
Samtals í mkr.	552	660	1.212

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags. 07.04.2011 og 13.9. 2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Fram til ársins 2008 færði Lífeyrissjóður Vestfirðinga skuldabréf útgefin af fyrirtækjum og sveitarfélögum sem eina fjárhæð undir liðnum „Önnur skuldabréf“. Frá og með 2008 hafa ofangreind skuldabréf hins vegar verið aðgreind sem „skuldabréf fyrirtækja“ og „skuldabréf sveitarfélaga“. Önnur skuldabréf (þ.e. skuldabréf fyrirtækja og sveitarfélaga) uxu jafnt og þétt í eignasafni lífeyrissjóðsins. Í ársbyrjun 2006 var eign sjóðsins í „öðrum skuldabréfum“ samtals 2.946 mkr. Í árslok sama árs var þessi eign orðin 3.617 mkr., sem var hækkun um 22,8% á einu ári. Í árslok 2007 voru önnur skuldabréf komin í 4.655 mkr. og höfðu þá hækkað um 1.038 mkr. eða 28,7% á einu ári.

Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 2.637 mkr. og hafði lífeyrissjóðurinn þá afskrifað fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 1.535 mkr. Bókfærð staða í árslok 2009 var 1.853 mkr., af þeirri fjárhæð voru afskrifaðar 844 mkr. Samtals námu afskriftir af skuldabréfum fyrirtækja 2.446 mkr. árin 2008 – 2010.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækjaskuldabréfa í eigu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnt afskriftahlutfall hjá hverjum aðila fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Lífvest tafla 13

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Samson ehf.	63	46	17	73%
Landic Property hf.	69	59	10	86%
Mosaic Fashions hf.	41	22	19	54%
Milestone ehf.	48	48	0	100%
Exista hf.	87	78	9	90%
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.	309	211	98	68%
Baugur Group hf.	14	14	0	100%
Egla hf.	39	39	0	100%
Bakkavör Group hf.	423	296	127	70%
Lýsing hf.	62	31	31	50%
Samtals	1.155	844	311	73%

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árin 2008-2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Lífvest tafla 14

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf.		59	260	319
Samson ehf.		46	271	317
Bakkavör Group hf.	15	296		311
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.		211	72	283
Milestone ehf.		48	136	184
Mosaic Fashions hf.		22	149	171
HF Eimskipafélag Íslands			165	165
Exista hf.		78	87	165
Egla hf.		39	61	100
Íslensk afþreying hf.			98	98
FL Group hf.			96	96
Nýsir hf.			77	77
Baugur Group hf		14	58	72
Lýsing hf.	20	31		51
Kögun hf			5	5
N1 hf./Olíufélagið	32			32
Samtals í mkr.	67	844	1.535	2.446

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags. 7.4.2011 og 13.9.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður Vestfirðinga samtals 3.835 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 5.067 mkr. og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október 2008. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera 22 – 26% árin 2006 og 2007 í það að verða aðeins 3,5% árið 2008 og 3,2% árið 2009.

Lífvest tafla 15

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	20.096	780	5.988	6.842	6.486
Keypt hlutabréf	12.160	285	2.618	4.372	4.885
Seld hlutabréf	13.992	140	2.758	5.524	5.570
Hlutafjäreign í lok tímabils	14.428	819	780	5.988	6.842
Hagn / (-tap)	-3.835	-107	-5.067	298	1.041

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags. 07.04.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög (sjá töflu 16).

Þann 1. jan. 2006 átti Lífeyrissjóður Vestfirðinga hlutabréf samtals að fjárhæð 6.486 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 6.842 mkr. Um mitt ár 2007 fór hlutabréfaeign

sjóðsins hæst eða í 8.362 mkr. sem var aukning um 22% frá áramótum 2006/2007. Á sama tíma hækkaði úrvalsvisitalan um 29,5%. Á seinni árhelmingi 2007 lækkaði hlutabréfaeign sjóðsins enda var hlutabréfagengi þá farið að lækka mikið. Þannig hafði úrvalsvisitalan lækkað um 23,9% frá 1. júlí 2007 til 31. desember 2007. Á árinu 2008 fór eign sjóðsins í hlutabréfum hratt lækkandi þannig að í lok ársins var hún komin niður í 780 mkr. sem var lækkun á árinu um 5.208 mkr. eða 87% af hlutabréfasafni sjóðsins. Þá vekur það athygli að um helmingur af hlutabréfaeign sjóðsins í árslok 2008 var hlutabréf í óskráðum félögum.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árhelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til falls bankanna. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing banki hf.

Í ársbyrjun 2006 var eign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Kaupþingi samtals 2.718 þús. hlutir eða um 2.028 mkr. að markaðsvirði. Segja má að sjóðurinn

Lífvest tafla 16

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestfirðinga á markaðsvirði tímab. 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Kögun hf.	154.470			5.406	3.356	2.946		
Marel hf.	95.713	41.657	21.768			82.211	79.995	70.675
Mosaic Fashion hf.	117.541	163.809	76.808					
Actavis Group hf.	756.429	735.552	759.181					
Icelandic Group hf.	15.168			28				
Vinnslustöðin hf.	131.103							
Össur hf.	214.414	174.024	112.890	59.674	56.160	56.584	56.749	60.462
Bakkavör Group hf.	353.116	539.392	538.544	414.670	318.795	223.969	162.263	19.745
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		65.376	81.043	35.082	23.405	14.457	4.044	1.264
Straumur Burðarás hf.	305.053	517.488	731.713	663.137	482.584	347.723	272.594	20.693
Glitnir banki hf.	1.167.256	1.113.696	1.326.952	718.690	683.531	878.893	246.833	
Kaupþing banki hf.	2.028.044	2.054.916	2.464.875	2.006.382	1.608.329	1.483.924	1.135.111	
Landsbanki Íslands hf.	799.461	681.392	1.039.749	1.058.752	854.878	396.569	263.956	
Alfesca hf.	24.072	55.591	69.804	114.253	112.112	138.412	29.939	103.587
Century Alum. hf.			85.125	83.668	122.109	131.182	69.000	26.359
Exista hf.		77.059	440.079	211.710	63.617	63.265	54.540	
Stoðir hf./FL Group hf.	47.750	176.495	173.224	69.565	85.920			
SPRON hf.		88.576	122.672	127.599	59.953	66.519	69.627	
Icelandair Group Holdings hf.		20.311	15.624	43.235	48.430	18.006	20.400	14.416
Atorka hf./Jarðboranir hf.				39.630	30.720	26.726	19.122	2.923
Aðrir smáir	105.711							71.212
Samtals skráð félög í þús. kr.	6.315.301	6.505.334	8.060.051	5.651.479	4.553.897	3.931.387	2.484.172	391.336
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Einar J. Skúlason hf.	39.484							
Flaga hf.	7.283	3.220	2.335	1.045	1.082	1.169	1.168	1.168
Flugleiðir hf.	47.750							
Greiðslustofa lífeyrissjóða ehf.	80	80	80	80	70	70	70	70
Hvetjandi hf., eignarhaldsfélag	4.100	4.100	4.100	4.100	4.100	4.100	4.100	4.100
Íslandssími hf.	34.718	35.868	35.910	37.718				
Íslensk verðbréf hf.	12.108	12.108	70.504	70.504	70.546	75.860	75.852	208.964
MP BIO hf.	570							
Sparisjóður Vestfirðinga	139	143	145	1.399	8.580	8.680	8.680	8.680
Sumarbyggð Súðavík	100	100	100	100	100	100	100	100
Íslensk eignastýring ehf		126.877	127.606	127.606	127.606	127.606	126.877	126.877
Eignarhaldsfélag um verðbréfasfr.	329	329	329	329	329	329	329	329
Reiknistofa lífeyrissjóðanna	9.050	9.050	37.300	37.300	37.300	37.300	37.300	37.300
Gír	14.909	24.000	24.000	24.000				
Janus	300	300						
Aðrir mjög smáir		120.911		31.877	10	44	100	700
Samtals óskráð félög í þús. kr.	170.920	337.086	302.409	336.058	249.723	255.258	254.576	388.288
Samtals	6.486.221	6.842.420	8.362.460	5.987.537	4.803.620	4.186.645	2.738.747	779.623

Heimild: Yfirlit unnið úr gögnum Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, dags 07.04.2011.

hafi verið að selja frá sér hlutabréf í Kaupþingi allt tímabilið að undanskilum hlutabréfakaupum að verðmæti 77 mkr. á seinnihluta árs 2007. Þegar bankinn fór í þrot átti sjóðurinn um 1.640. þús. hluti í Kaupþingi. Áætlað tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi er um 1.113 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	2.718		746	2.028
31.12.06	2.443	-275	841	-231
30.06.07	2.191	-252	1.125	-284

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.07	2.279	88	880	77
31.03.08	2.003	-276	803	-222
30.06.08	1.945	-58	763	-44
30.09.08	1.640	-305	692	-211
31.12.08			0	
Samtals		-1.078		1.113
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.113
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.113

Glitnir banki hf.

Í árslok 2005 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Glitni hf. 67.471 þús. hlutir að markaðsvirði 1.167 mkr. Á árunum 2006 og 2007 seldi sjóðurinn 34.729 þús. fyrir 802 mkr. Á fyrri hluta árs 2008 eykst hlutabréfaeign sjóðsins í Glitni en aukningin er að mestu tilkomin vegna greiðslu fyrir hlutabréf sem sjóðurinn átti í FL Group. Þegar FL Group hf. var afskráð var hluthöfum félagsins greitt með hlutabréfum í Glitni. Samtals varð tap sjóðsins á hlutabréfaeign í Glitni 739 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	67.471		17,30	1.167
31.12.06	47.798	-19.673	23,30	-458
30.06.07	45.836	-1.962	28,95	-57
31.12.07	32.742	-13.094	21,95	-287
31.03.08	39.625	6.883	17,25	119
30.06.08	57.071	17.446	15,40	269
30.09.08	54.249	-2.822	4,55	-13
31.12.08			0,00	
Samtals		-13.222		739
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				739
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				739

Straumur-Burðarás hf.

Í árslok 2005 var hlutabréfaeign sjóðsins í Straumi-Burðarás 19.185 þús. hlutir að nafnverði sem jafngilti 305 mkr. að markaðsvirði. Frá ársbyrjun 2006 til og með fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti Lífeyrissjóður Vestfirðinga jafnt og þétt hlutabréf í Straumi eða 21.921 þús. hluti fyrir 358 mkr. Frá og með öðrum ársfjórðungi 2008 seldi sjóðurinn síðan 14.262 þús. hluti fyrir 91 mkr. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Straumi varð a.m.k. 521 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	19.185		15,90	305
31.12.06	29.740	10.555	17,40	184
30.06.07	33.488	3.748	21,80	82
31.12.07	34.139	651	15,10	10
31.03.08	41.106	6.967	11,74	82
30.06.08	34.947	-6.159	9,95	-61
30.09.08	32.646	-2.301	8,35	-19
31.12.08	26.844	-5.802	1,86	-11
Samtals		7.659		571
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				571
Staða 31.12.08	26.844		1,86	-50
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				521

Exista hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í Exista ekki mikill eða 3.424 þús. hlutir sem jafngiltu 77 mkr. að markaðsvirði. Á fyrri helmingi ársins 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 9.369 þús. hluti og hefur kaupverð þeirra hluta verið um 322 mkr. m.v. gengi á bréfunum 30.06.2007. Frá og með miðju ári 2007 byrjaði sjóðurinn að selja hlutabréf sín í Exista. Þannig voru seldir samtals 6.676 þús. hlutir á seinni hluta árs 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008. Athygli vekur að sjóðurinn fjárfestir síðan aftur í Exista á öðrum ársfjórðungi 2008 og er þá gengi hlutabréfa búið að lækka verulega.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05				
31.12.06	3.424		22,50	77
30.06.07	12.793	9.369	34,40	322
31.12.07	10.719	-2.074	19,75	-41
31.03.08	6.117	-4.602	10,40	-48
30.06.08	8.413	2.296	7,52	17
30.09.08	9.090	677	6,00	4
31.12.08		-9.090	0,04	
Samtals		-3.424		331

Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				331
Staða 31.12.08	0		0,04	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				331

Innlendir hlutabréfasjóðir

Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefur ekki lagt mikla áherslu á fjárfestingar í innlendum hlutabréfasjóðum. Mest átti lífeyrissjóðurinn í hlutabréfasjóðum í árslok 2006 eða um 446 mkr. sem var einungis um 1,7% af heildareignum sjóðsins það ár. Tap sjóðsins á innlendu hlutabréfasjóðunum á þessu fjögurra ára tímabili var 183 mkr. Mest varð tapið á árinu 2008 eða um 227 mkr. og á árinu 2007 var það um 153 mkr.

Lífvest tafla 17

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Innl. hlutabréfasjóðir í byrjun tímabils	1.275	134	361	446	335
Kaup í innl. hlutabréfasjóðum	342	184		157	
Selt úr innl. hlutabréfasjóðum	408	318		90	
Innl. hlutabréfasj. í lok tímabils	1.026	86	134	361	446
Hagn / (-tap)	-183	85	-227	-153	111

Innlendir skuldabréfasjóðir

Í ársbyrjun 2006 átti lífeyrissjóðurinn 457 mkr. í innlendum skuldabréfasjóðum. Í árslok 2007 hafði eign lífeyrissjóðsins í innlendum skuldabréfasjóðum nánast þrefaldast og var þá orðin 1.428 mkr. Á árinu 2008 var mikið um kaup og sölu í skuldabréfasjóðum. Árið 2009 tapaði Lífeyrissjóður Vestfjarða samtals 291 mkr. á eign sinni í skuldabréfasjóðum.

Lífvest tafla 18

Hagn. / (-tap) af innlendum skuldabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Innl. skuldabréfasjóðir í byrjun tímabils	3.606	1.015	1.428	706	457
Kaup í innlendum skuldabréfasjóðum	7.981	165	3.226	2.966	1.625
Selt úr innl.skuldabréfasjóðum	7.497	2	3.642	2.329	1.524
Innl. skuldabréfasj. í lok tímabils	4.036	887	1.015	1.428	706
Hagn / (-tap)	-55	-291	3	86	147

Erlend verðbréfaeign

Það vakti athygli að Lífeyrissjóður Vestfirðinga afskrifaði engin erlend verðbréf fyrr en árið 2010. Aðrir lífeyrissjóðir afskrifuðu sams konar verðbréf og voru í eigu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árið 2009. Sjóðurinn afskrifaði samtals 200 mkr. af erlendum verðbréfum árið 2010, þar af voru 103 mkr. í erlendum fagfjárfestasjóðum og 97 mkr. í erlendum skuldabréfasjóðum.

Lífvest tafla 19

Afskriftir erlendra fagfjárfestasj. 2010

	Staða 01.01.10	Afskrift	Staða 31.12.10	%
Absolute Return Str.	77	73	4	95%
GIR Capital Investment	37	11	26	30%
Riverside Holdings II	19	19	0	100%
Samtals í mkr.	133	103	30	77%

Lífvest tafla 20

Erlend skuldabréf - afskriftir

	Staða 01.01.10	Afskrift	Staða 31.12.10	%
Société General *	97	97	0	100%
Samtals í mkr.	97	97	0	100%

* Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.1.9. Société General – skuldabréf.

Heimild: Tölvupóstar frá framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestfirðinga dags. 28. nóv. 2011, 29. nóv. 2011 og 30. nóv. 2011,

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Lífeyrissjóður Vestfirðinga gerði afleiðusamninga við Landsbanka Íslands hf. til að takmarka gengis-

áhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins. Við fall bankans í október 2008 voru samningarnir í neikvæðri stöðu og nam skuld sjóðsins samtals 1.132 mkr. m.v. gengisvísitöluna 175 stig með vöxtum. Sjóðurinn gerir ráð fyrir að skuldabréfum útgefnum af Landsbankanum að fjárhæð 305 mkr. verði skuldajafnað á móti hluta af samningunum.

Lífvest tafla 21

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heild- arkrafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðanna m.v. GVT 175 stig	885	247	1.132	-305	827
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	885	591	1.476	-225	1.251
Mismunur á kröfum í mkr.					424

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestfirðinga dags. 15.09.2011.

Bankinn gerir ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Ýrtruðu kröfur bankans á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 1.476 mkr.

Athygli vekur að nafnverð heildarkröfu að fjárhæð 885 mkr. er það sama hvort heldur miðað er við GVT 175 stig eða uppgjörsgengi samninganna en þá var GVT þó nokkuð hærri en 175 stig. Erfitt reyndist að fá nákvæmar upplýsingar frá sjóðnum um stöðu samninganna og vaxtakröfu bankans. Nefndin lét staðar numið þegar ofangreindar upplýsingar lágu loks fyrir.

„Allt frá bankabruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammasamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjóri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

31.2 Stjórn og starfshættir

31.2.1 Stjórn og starfsmenn

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga er skipuð fjórum einstaklingum, tveir eru kosnir af stjórn Samtaka atvinnulífsins og tveir eru kjörnir af „fulltrúum aðildarsamtaka launþega sem að sjóðnum standa“.¹ Aðildarsamtökin eru Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Félag járníðnaðarmanna á Ísafirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan og Vélstjórafélag Ísafjarðar.² Þessi aðildarsamtök kjósa fulltrúa sína í fulltrúaráð en samtök launþega kjósa jafn marga og samtök atvinnurekenda í fulltrúaráðið. Það eru fulltrúar launþegasamtakanna í fulltrúaráði lífeyrissjóðsins sem kjósa fulltrúa sína í stjórn lífeyrissjóðsins á ársfundum hans.³

Fulltrúar launþegasamtakanna kjósa sína fulltrúa í stjórn sjóðsins en hinn almenni launþegi sem áhuga hefði á að hafa áhrif á hverjir fulltrúar hans væru ætti litla möguleika á að hlutast til um það.

Stjórn lífeyrissjóðsins fer með yfirstjórn hans. Það merkir að stjórnin skal sjá til þess að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og samþykktir sjóðsins. Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum þeim málum sem talin eru óvenjuleg eða mikilsháttar en getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að afgreiða slík mál. Skjöl allra slíkra mála eiga að vera undirrituð af framkvæmdastjóra og stjórnarformanni.⁴

Það er athyglisverður munur á orðalagi samþykktar sjóðsins og starfsreglna stjórnar. Í samþykktunum segir að stjórnin skuli fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um starfsemi sjóðsins og stefnumótun en í starfsreglunum segir að hún skuli taka ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar. Í samþykktum sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu hans...“ og í reglum stjórnar segir að stjórnin skuli „fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins ár hvert“.⁵ Það má benda á að munur er á því að fjalla um eitthvað og móta það annars vegar

og ákveða það og samþykkja hins vegar. Ekki er ástæða til að draga neinar stærri ályktanir af þessum orðalagsmunum því öllum virðist ljóst að það er stjórnin sem ber ábyrgðina á fjárfestingarstefnunni og það er stjórnin sem ber ábyrgð á niðurstöðu mála sem eru meiriháttar eða óvenjuleg. Framkvæmdastjórinn ber einungis ábyrgð á slíkum málum liggi til þess sérstök samþykkt. En betra samræmi í orðavali væri æskilegt.

Framkvæmdastjóri sér um og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins. Hann ræður annað starfsfólk, hann undirbýr stjórnarfundi og sér til þess að upplýsingar séu lagðar fyrir stjórn sem eiga að fara þangað, er málsvari sjóðsins ásamt stjórnarformanni og hann fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hlut í nema stjórn ákveði annað.⁶ Hann ber ábyrgð á fjárfestingum þess fjár sem sjóðurinn sjálfur hefur í sinni vörslu.

Það er ástæða til að hafa orð á því að það er ófullkomin umgjörð um það hvað stjórnarmönnum er heimilt í þeim efnum að sitja í stjórnnum fyrirtækja. Í starfsreglum stjórnar segir, að stjórnarformaður skui ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði sjóðsins en þetta gildi þó ekki um atvinnufyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Um stjórnarmenn gildir að þeir geta ekki orðið stjórnarmenn ef þeir eiga hluti í eða sitja í stjórn félags sem sjóðurinn á verulegan hlut í. Það virðist skynsamlegt fyrir lífeyrissjóð að fá utanaðkomandi aðila til að sitja í stjórnnum hlutafélaga sem hann á hluti í fremur en að stjórnarmenn sitji þar.

Í starfsreglum stjórnar kemur fram eftirtektarverður munur á þeim og samþykktum sjóðsins. Í reglunum segir: „Stjórn sjóðsins skal ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu lífeyrissjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.“⁷ Hér er afdráttarlaust kveðið á um að stjórnin ákveði fulltrúa sinn í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis sem sjóðurinn á hlut í. Það er því ekki sjálfgefið að framkvæmdastjórinn sé fulltrúi

1 Samþykktir Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2006 gr. 4.1.

2 Sama, gr. 3.2.

3 Sama, gr. 5.3.

4 Sama, gr. 4.5 og Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2010, gr. 3.1.

5 Sama, gr. 4.5 og Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2010, gr. 3.2.

6 Sama, gr. 4.7.

7 Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2010, gr. 3.8. Í gr. 4.2 segir: „Stjórnin ákveður hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.“

sjóðsins, heldur verður stjórnin að ákveða það hverju sinni. Eins og fram kemur í fyrri hluta þessa kafla þá hefur framkvæmdastjórinn m.a. setið í stjórn Íslenskra verðbréfa sem varamaður frá 2009-2011 og í stjórn Smala hf. frá 2001-2010. Tveir stjórnarmenn eiga atvinnufyrirtæki eða sitja í stjórn atvinnufyrirtækis en sjóðurinn hefur ekki fjárfest í þeim. Aðrir stjórnarmenn virðast ekki hafa setið í stjórnnum fyrirtækja eða hlutafélaga.

Framkvæmdastjóri og starfsfólk sjóðsins hefur séð um sjóðfélagalán, skuldabréf á banka og fyrirtæki og hluta af ríkisskuldabréfum en öðrum fjárfestingum hefur verið útvistað.⁸ Framkvæmdastjórinn nefndi í viðtali við nefndina kaup á bréfum í Básafelli hf. á Ísafirði en þau voru óskráð og kaup á bréfum í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum en þau bréf voru skráð. Það var skilningur framkvæmdastjórans að þetta væru dæmi um óvenjuleg kaup sem alltaf væru borin undir stjórn. En þetta ákvæði nær einnig til þeirra aðila sem taka að sér eignastýringu fyrir hönd sjóðsins og það er eðlilegt að spyrja sig hvort slíkar ákvarðanir hafi einhvern tímann verið teknar. Það er ljóst af lýsingu framkvæmdastjórans að upplýsingastreymi frá eignastýringaraðilanum til sjóðsins hefur verið eðlilegt og hægt var að leggja fyrir stjórn í hverjum mánuði yfirlit yfir fjárfestingar. En það virðist hafa verið svo, að svo framarlega sem eignastýringaraðilinn hélt sig innan fjárfestingarstefnunnar, þá var ekki talin ástæða til að gera athugasemdir. Það fyrirkomulag er hins vegar óviðunandi fyrir lífeyrissjóð. Þær ákvarðanir um fjárfestingar sem teknar eru geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjóðinn þótt þær rúmist innan fjárfestingarstefnunnar. Það er æskilegt að sjóðurinn setji sér einhverjar viðmiðanir um hvað teljist vera meiriháttar ákvarðanir og hvað mikilsháttar ákvarðanir.

31.2.2 Samskipta- og siðareglur

Lífeyrissjóður Vestfjarða setti sér samskipta- og siðareglur í apríl 2009. Að því er best verður séð þá eru ekki til eldri siðareglur fyrir sjóðinn jafnvel þótt í starfsreglum hans frá því í desember 2008 sé vísað í siðareglur sem starfsmenn eigi að hafa að leiðar-

ljósi.⁹ Þessar reglur eru viðbót við aðrar og lýsa með almennari hætti hlutverki, skyldum og réttindum sem fylgja rekstri lífeyrissjóðs. Í upphafi er staðhæft að starfsmenn og stjórn lífeyrissjóðsins geri sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að taka við lífeyrissparnaði, ávaxta hann og greiða síðan út. Starfsmenn þurfi að eiga margvísleg samskipti við viðskiptaaðila á markaði og þau samskipti eiga að þjóna því eina markmiði að ná sem bestri ávöxtun á fé sjóðsins og virða almennt viðskiptasiðferði.

Reglurnar skiptast í fjóra kafla. Fyrsti kafli er um góða starfshætti og segir að öll starfsemi sjóðsins skuli miðast að því að vera hagsmunum sjóðfélaga til framdráttar. Starfsmenn skuli gæta þess að aðhafast ekkert sem vakið geti efa um hæfni þeirra til að starfa fyrir sjóðinn. Annar kafli fjallar um ferðalög sem starfsmenn þurfa að takast á hendur vegna starfa sinna fyrir sjóðinn. Slíkar ferðir geta verið nauðsynlegar fyrir starfsmennina til að afla sér góðra upplýsinga um möguleika á fjármálamarkaði en sjóðurinn skal bera kostnað af slíkum ferðalögum, öllum gögnum um þau haldið til haga í eitt ár og viðburðir í tengslum við slíkar ferðir verða að vera innan eðlilegra marka. Þriðji kafli kveður á um bann við að þiggja gjafir frá viðskiptaaðilum lífeyrissjóðsins nema um sé að ræða persónuleg tengsl við þá eða þær séu innan eðlilegra marka sem jólagjafir eða tækifærisgjafir. Fjórti kafli segir að brot á þessum reglum geti varðað áminningu eða uppsögn.

Þessar reglur ná til starfsmanna sjóðsins og stjórnar hans eins og eðlilegt má telja. Það er þess vegna sérstakt að það er einungis í upphafinu sem talað er um stjórn en þegar komið er að númeruðum köflum þá eru starfsmenn einungis nefndir til sögunnar. Þetta veldur vafa um það hvort stjórnarmenn falli undir þann hluta reglnanna sem er í númeruðum köflum. Þessi tvískipting er óþarfi. Reglurnar í heild sinni eiga að ná til bæði starfsmanna og stjórnar. Reglurnar ná yfir mikilvægustu viðfangsefni reglna af þessu tagi. Það er ævinlega álitaeftni hvað á að taka með og hvað ekki en það hefði að ósekju mátt hafa kafla um hagsmunaárekstra og tengsl stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóðsins við fyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í.

Það er ekki sagt hver eigi að skera úr um það hvort athöfn telst vera brot á þessum reglum. Það er skyn-

⁸ Viðtal við Guðrúnu Guðmannsdóttur, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestfjarða.

⁹ Starfsreglur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga desember 2008.

samlegt að hafa sérstaka nefnd til að fjalla um það sem skipuð er utanaðkomandi fólki. Þetta er sérstaklega brýnt af því að reglurnar ná yfir stjórn og starfsmenn. Það er tillaga úttektarnefndarinnar að slík nefnd verði skipuð.

Í febrúar 2007 voru lagðar fyrir stjórn *Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar*. Það verður

ekki séð að fjallað hafi verið frekar um þær og athugað hvernig hægt væri að styðjast við þær eða beita þeim. Það er álit úttektarnefndarinnar að full ástæða sé fyrir stjórn sjóðsins að skoða þessar reglur af fullri alvöru og tengja þær samskipta- og siðareglum og öðrum þeim reglum sem við á.

31.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 2006 - 2009. Athugasemdir úttektarnefndar

31.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður Vestfirðinga var stofnaður árið 1970 á grundvelli kjarasamninga ASÍ og VSÍ. Það voru verkalýðsfélög innan Alþýðusambands Vestfjarða sem stofnuðu sjóðinn ásamt Vinnuveitendasambandinu. Í yfirlitinu yfir starfsemi sjóðsins eru þessi stéttarfélag talin upp. Hér er því um að ræða hefðbundinn vinnumarkaðssjóð og stjórn hans skipuð fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Sjóðurinn er bundinn við Vestfjarðakjálkann en samkvæmt því sem framkvæmdastjórinn sagði úttektarnefndinni hefur sjóðurinn þó ekki lánað sérstaklega til fyrirtækja á þeim slóðum framar öðrum.¹⁰

Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga árin fyrir fall bankanna ber glöggt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitgerðar þessarar. Hrein eign til greiðslu lífeyris á verðlagi 2009 óx framan af úttektartímabilinu. Þegar kom fram á árið 2007 dró verulega úr vextinum og árið 2008 lækkar hrein eign um 5.111 mkr. Árið 2009 hækkar síðan hrein eign til greiðslu lífeyris um 2.275 mkr.

31.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun á sjóðnum

Nefndarmenn og starfsmáður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Lífeyrissjóð Vestfirðinga rætt við Guðrúnu Guðmannsdóttur framkvæmdastjóra. Jafnframt hafa þeir rætt við

Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignarstýringar Íslenskra Verðbréfa, en fyrirtækið hafði hluta af fjárfestingum sjóðsins í stýringu. Þá var einnig rætt við Helgu Indriðadóttur og Halldóru Skúladóttur sjóðstjóra í eignastýringu hjá Íslandsbanka/Glitni á úttektarárunum en þær komu að eignastýringu fyrir lífeyrissjóðinn.

Fram kom að framkvæmdastjórinn hafði sjálfur séð um þau viðskipti sem fóru fram innan sjóðsins á úttektartímanum en að öðru leyti var sjóðurinn með eignarstýringarsamninga við framangreind fyrirtæki. Innan sjóðsins var stýring á þeim skuldabréfum banka og fyrirtækja sem sjóðurinn átti út líftíma bréfanna (skúffubréf) auk sjóðfélagalána. Þá hefur sjóðurinn jafnframt haldið utan um ríkisskuldbréf að hluta en hinn hlutinn verið í eignastýringu hjá Íslenskum Verðbréfum. Stýringaraðilarnir starfa samkvæmt stefnu sem sjóðurinn hefur samþykkt og rúmast innan fjárfestingarstefnu hans. Fundað var með þeim tvisvar á ári og oftar ef þörf var á að fara yfir fjárfestingar, ávöxtun ofl. Lífeyrissjóðurinn mun mánaðarlega hafa fengið sendar skýrslur frá eignastýringaraðilunum þar sem farið var yfir hreyfingar milli mánaða og í hverju var fjárfest fyrir hönd sjóðsins.¹¹ Ennfremur geta lífeyrissjóðir haft netaðgang að fjárfestingum sínum hjá Íslenskum Verðbréfum og séð þar yfirlit yfir stöðu dagsins.¹²

31.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var í stórum dráttum háttáð á úttektartímanum. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins

10 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Guðrúnu Guðmannsdóttur, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, dags. 23.9.2011.

11 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Guðrúnu Guðmannsdóttur.

12 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar ÍV, dags. 27.9.2011.

virðist ákveðin með verulegum vikmörkum. Þótt vikmörk geti verið nauðsynleg og einhverju miðgildi sé venjulega fylgt geta mjög við vikmörk valdið því að erfiðara verður að koma til móts við ákvæði 36. gr. lífeyrissjóðalaganna um háamörk ákveðinna fjárfestinga og fjárfestingarflokka og því veruleg hætta á að ákvæðin séu brotin. Sérstaklega gildir þetta þegar háamörk vikmarka eru ákveðin þau sömu og háamörk laganna. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem höfðu með höndum eignastýringu fyrir sjóðinn sögðu úttektarnefndinni að þeir hefðu talið það í verkahring lífeyrissjóðanna að hafa eftirlit með að reksturinn væri innan hámarka laganna og í samræmi við ákveðna stefnu. Samkvæmt samningi við þá hefðu þeir átt að halda sér innan ákveðinnar stefnu sem fjárfestingum þeirra var mörkuð og gerðu þeir það, átti a.m.k. ekki að vera hætta á að farið væri út fyrir vikmörk heildarfjárfestingarstefnu sjóðsins.

Forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa sagði að hefði verið hætta á að eitthvað slíkt gæti gerst, t.d. væri lífeyrissjóðurinn sjálfur með hluta fjárfestinga í ákveðnum tegundum fjárfestinga, væri haft samband við sjóðinn. Hann taldi að ekki hefði reynt á þetta atriði. Þegar ÍV tæki að sér fjárfestingarverkefni, væri miðað við tiltekna grunnfjárhæð í stýringu. Fyrir bankahrún hefði verið algengara að viðskiptavinurinn ákvæði sjálfur hve mikið væri fjárfest í hverjum flokki verðbréfa og verðbréfafyrirtækið sæi síðan um stýringuna. Eftir hrún hefði breytingin orðið sú að í sífellt fleiri samningum ÍV við viðskiptavini ákvæði fyrirtækið innan heildarramma í hverju ætti að fjárfesta og færði milli eignaflokka.¹³

Lífeyrissjóður Vestfirðinga fjárfesti á úttektarárunum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Glitnis, auk þess sem eignastýring bankans var með ríkisskuldabréf í eigu sjóðsins. Að sögn framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins setti eignastýring bankans upp drög að fjárfestingarstefnu sem borin var undir stjórn sjóðsins. Hvað snertir einstakar fjárfestingar réð eignastýring bankans ferðinni svo fremi að fjárfestingin rúmaðist innan þeirrar eignastýringar sem fara átti eftir samkvæmt samningnum. Þá átti lífeyrissjóðurinn jafnframt hlutabréf sem voru í vörslu bankans en ekki í beinni stýringu. Framkvæmdastjórinn sagðist ekki hafa skoðað undirliggjandi eignir í sjóðum

bankans. Sjóðirnir hefðu hins vegar sýnt góða ávöxtun. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við breytingar á eignasafni verðbréfasjóðanna upp úr miðju ári 2007. Halldóra Skúladóttir sjóðstjóri sagði að eignastýring bankans hefði treyst stýringunni á verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum bankans, auk þess sem FME hefði séð um eftirlit með þeim og staðfest bæði fyrir og eftir bankahrún, að þeir hefðu verið innan allra fjárfestingarheimilda. Hins vegar sagði hún að í ljós hefði komið að breytingar hefðu orðið á samsetningu sjóðanna á þann veg, að hlutfall ríkisskuldabréfa fór minnkandi sem hlutfall af útgáfu skuldabréfa en á móti jukust t.a.m. útgáfur fyrirtækjaskuldabréfa.

31.3.4 Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga

Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga varð fyrst og fremst á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð aðallega á eftirfarandi liðum: Skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, innlendum hlutabréfasjóðum, innlendum skuldabréfasjóðum og gjaldmiðlavarnarsamningum. Eignasafnið var vel dreift. Samtals nam tap af þessum liðum 10.441 mkr. (Sjá yfirlit um sjóðinn, tafla 10). Lítið sem ekkert tap mun en hafa orðið af sjóðfélagalánum.

Ljóst er af viðtölum úttektarnefndarinnar við framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins að lítil eða engin umræða skapaðist innan sjóðsins um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Lífeyrissjóðalögin hafa að geyma ákvæði um hámark fjárfestinga í einstökum fyrirtækjum og samstæðum þeirra. Þá höfðu lög um fjármálafyrirtæki frá 2002 skilgreint tengd fyrirtæki, sem vekja hefðu mátt aðila sem störfuðu á fjárfestingarmarkaði til umhugsunar um hættur sem af þessu stöfuðu, svo sem seinna kom í ljós. Í almennum hluta skýrslunnar, kafla 5.1.7, er nánar fjallað um þetta atriði. Þá gildi það sama um fyrirsvarsmenn Lífeyrissjóðs Vestfirðinga og fyrirsvarsmenn annarra sjóða að þeir voru ekki á verði fyrir þeirri hættu sem stafaði af gölluðum skilmálum eingreiðsluskuldabréfa (kúlulánum), sem smám saman urðu ríkjandi í útgáfum eignarhaldsfyrirtækja á markaði. Er þetta nánar rætt í almennum hluta skýrslunnar, kafla 5.1.5. Við fall bankanna tapaði sjóðurinn verulegum fjárhæðum á þessum eingreiðslubréfum banka og

¹³ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson.

annarra fyrirtækja, bæði tengdum og ótengdum. Þótt fyrirsvarsmenn sjóðanna og verðbréfafyrirtækjanna hefðu haft einhvern vara á sér um að í óefni stefndi var ekki unnt að losna við þessi bréf á árinu 2008 nema fyrir hrakvirði. Forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa sagði nefndinni að þegar leið á árið 2008, hefði hann gætt sín á því, eftir að hafa fengið greidd eingreiðslubréf fyrirtækja á gjalddaga, að taka ekki þátt í útboðum sömu fyrirtækja. Þannig hefði hann fengið greitt á gjalddaga frá Samson og í júní 2008 frá Baugi og ekki tekið þátt í endurfjármögnun lánanna. Hann gerði því skóna að endurfjármögnunin hefði lent hjá Landsbankanum annars vegar og Glitni hins vegar.¹⁴

Framkvæmdastjóri sjóðsins sagði aðspurður, að sjóðurinn hefði átt eitthvað af víkjandi lánnum á Landsbankann almennt. Hefðu elstu bréfin verið frá 2004. Heildarvirði þeirra lána mun hafa verið 70-80 mkr. við fall bankans. Úttektarnefndin telur vafasamt að lífeyrissjóðir sem varfærnir fjárfestar eigi yfirhöfuð að fjárfesta í víkjandi lánnum (Sjá umfjöllun um víkjandi lán í kafla 5.1.9.). Þá hefur sjóðurinn orðið, svo sem fleiri lífeyrissjóðir, að afskrifa láns-hæfistengd skuldabréf, sbr. töflu 20 hér að framan. Úttektarnefndin telur að heimild sjóðsins til slíkra fjárfestinga sé hæpin eins og nánar er rætt í almennum hluta skýrslunnar, kafla 5.1.9.

Tap Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var mest í innlendum hlutabréfum. Hlutabréfaeignin var vel dreifð en mest í bönkunum þremur. Hlutabréfaeignin jókst 2006 og fyrri hluta árs 2007 en byrjaði að lækka á seinni árshelmingi 2007 og 2008 hrapaði hún raunverulega. Lífeyrissjóðurinn hélt utan um hluta af fyrirtækjabréfum sjóðsins innanhúss. Að sögn framkvæmdastjórans var horft til starfsemi og vænts hagnaðar fyrirtækja áður en bréf voru keypt, svo og að einhverju leyti ársreikninga. Framkvæmdastjórinn sagði að sjóðurinn hefði verið byrjaður að minnka við sig í hlutabréfum fyrir hrun en ekki nægilega. Að hennar sögn hefði sjóðurinn ekki gefið stýringaraðilum bein fyrirmæli um þetta, en hefði þó, þegar andvirði innlausnar Actavis-bréfa var notað til fjárfestinga í öðrum bréfum, óskað eftir því að losna úr þeim félögum.¹⁵

Að framan er ýmislegt tíundað sem miður fór í starfsemi Lífeyrissjóðs Vestfirðinga í aðdraganda hrunsins. Hins vegar er ekki unnt að ætla stjórnendum hans og eignarstýringaraðilum frekar en öðrum stjórnendum fjárfestinga lífeyrissjóða að hafa mátt gera sér grein fyrir hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall þeirra að koma í ljós hvernig yfirstjórn þeirra var háttað í aðdraganda hrunsins og eignarhaldi þeirra oft á tíðum misbeitt. Allur almenningur var jafnframt illa upplýstur um erfiðleika bankanna við að fjármagna sig á erlendum mörkuðum á þessum tíma. Fæstir fagfjárfestar virðast því hafa áttað sig á alvarleika málsins þótt þeir hafi ef til vill haft eitthvert hugboð um að þungt væri fyrir fæti. Jafnvel virðast starfsmenn fjárfestingardeilda bankanna sjálfra ekki hafa verið nægjanlega upplýstir um ástandið fyrr en á allra síðustu dögum fyrir hrun. Æðstu stjórnendur bankanna hafa hugsanlega einir haft heildarsýn yfir stöðuna. Stjórnendum Sedlabankans og Fjármálaeftirlitsins og greiningardeildum bankanna er einnig legið á hálsi af stjórnendum lífeyrissjóðanna fyrir að hafa annaðhvort ekki lesið stöðuna rétt eða látið blekkjast af yfirstjórn bankanna. Stjórnmalameinn og ímyndarsérfræðingar hafi svo verið notaðir til að fegra myndina, sbr. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.¹⁶

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson.

15 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Guðrúnu Guðmannsdóttur.

16 Sjá m.a. skýrslu RNA, 1. bindi kafla 5: Stefna stjórnvalda um stærð og starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja, bls. 209 o.áfr.

32. Kafli

32.1 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	77
32.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja	77
32.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2008 til 2010	82
32.2 Stjórn og starfshættir	87
32.2.1 Stjórn og starfsmenn	87
32.2.2 Samskipta- og siðareglur	87
32.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2006-2009	
Athugasemdir úttektarnefndar	88
32.3.1 Inngangur	88
32.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins	88
32.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og tap	89

32.1 Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

32.1.1 Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Upphaf

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja var stofnaður í kjölfar kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins á árinu 1969 og hefur sjóðurinn starfað frá 1. janúar 1970. Séreignardeild sjóðsins hefur starfað frá 1. janúar 1999. Þann 1. júlí 2005 tók sjóðurinn upp aldurstengda réttindaávinnslu, en fram að þeim tíma var ávinnslan óháð aldri. Öll áunnin réttindi sjóðfélaga fram til 30. júní 2005 eru varðveitt óbreytt samkvæmt þeim reglum sem giltu þann dag. Eftirtalin stéttarfélög eru aðilar að Lífeyrissjóði Vestmannaeyja:

- Deild VR í Vestmannaeyjum
- Drífandi stéttarfélag
- FIT, félag iðn- og tæknigreina vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum
- Sjómannafélagið Jötunn
- Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi
- Verkstjórafélag Vestmannaeyja
- VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum
- Vörubílstjórafélagið Ekill

Stjórn sjóðsins

Fjöldi stjórnarmanna er sex og er kjörtímabil hvers þeirra þrjú ár. Engin takmörk eru á hámarks-tíma sem aðalmaður má sitja í stjórn sjóðsins. Samkvæmt reglum Samtaka atvinnulífsins geta aðalmenn sem skipaðir eru af þeim ekki setið lengur en sex ár í stjórn samfellt.

Val stjórnarmanna fer þannig fram að þrír skulu vera kjörnir af þeim stéttarfélögum sem eiga aðild að sjóðnum og þrír af Samtökum atvinnulífsins. Fulltrúar stéttarfélaga skulu kosnir eftir þeim reglum, sem stéttarfélög er aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um. Fulltrúar atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, þar af einn tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja. Sex varamenn eru tilnefndir á sama hátt. Stjórnin skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Í 5. gr. samþykkt sjóðsins er fjallað um ársfund sjóðsins:

5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði samþykkt þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaga þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélögin koma sér saman um. Fulltrúar atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Samtök atvinnulífsins setja.

5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðru vísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiði atkvæði hvorir í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmat.

Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Fundurinn er þó fyrst og fremst upplýsingafundur.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja árin 2006–2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

LVEY tafla 1

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Guðrún Erlingsdóttir	SF	Form.	Varaf.	Form.	X
Arnar Sigurmundsson	SA	Varaf.	Form.	Varaf.	Form.
Elías Björnsson	SF	X	X	X	Varaf.
Andrea Elin Atladóttir	SA	X	X	X	X
Guðný Óskarsdóttir	SF	X	X	X	X
Ægir Páll Friðbertsson	SA	X	X		
Eyjólfur Martinsson	SA			X	X
Samtök atvinnulífsnis	SA				
Fulltrúar sjóðfélaga	SF				

Eins og sjá má í töflu nr. 1 hafa litlar breytingar verið á stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á ofangreindu tímabili. Eyjólfur Martinsson fer úr stjórn árið 2008 og í staðinn kemur Ægir Páll Friðbertsson.

Báðir fyrir Samtök atvinnulífsins. Á umræddu tímabili gegndu Guðrún Erlingsdóttir og Arnar Sigurmundsson formennsku í tvö ár hvort fyrir sig.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Torfi Sigtryggsson var framkvæmdastjóri sjóðsins frá 1. janúar 1990 þar til hann lést í október 2011.

Haukur Jónsson hefur verið skrifstofustjóri frá ársbyrjun 1997. Haukur er starfandi framkvæmdastjóri þar til nýr hefur verið ráðinn í stað Torfa Sigtryggssonar.

Samtals eru fjórir starfsmenn á skrifstofu sjóðsins í þremur stöðugildum.

Endurskoðun:

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, endurskoðandi Deloitte hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi og yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte hf., og Eyrún Einarsdóttir, verkefnastjóri áhættuþjónustu Deloitte hf.

Regluvörður:

Framkvæmdastjóri sjóðsins.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja skipar aðal- og varamann í stjórn Jökla-Verðbréfa hf., en sjóðurinn hefur átt 33%-50% hlut í fyrirtækinu árin 2006-2009.

Aðalmaður: Torfi Sigtryggsson, framkvæmdastjóri. Í stjórn Jökla-Verðbréfa hf. til 31. mars 2011.

Aðalmaður: Ægir Páll Friðbertsson, fyrrum stjórnarmaður í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Í stjórn Jökla-Verðbréfa hf. frá 1. apríl 2011.

Varamaður: Guðrún Erlingsdóttir, stjórnarmaður.

Fyrir hönd sjóðsins hafa engir aðrir setið í stjórnnum fyrirtækja á ofangreindu tímabili.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja er að finna í 2. grein samþykka sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykka þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr.129/1997 og á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

2.3 Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi. Lífeyrissjóðnum er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum, um innheimtu iðgjalda fyrir þá, samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.

2.4 Sjóðurinn skiptist í deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Ákvæði 19. greinar samþykka þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins.

Starfsemi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Í séreignardeild er hægt að velja um tvær ávöxtunarleiðir, Safn I og Safn II.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildanna eru rétt innan við 1% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð um Lífeyrissjóð Vestmannaeyja hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Á stjórnarfundi sjóðsins þann 17. júlí 2000 voru samþykktar starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Fyrstu þrjár greinar starfsreglnanna fjalla um starfsemi sjóðsins og skipan og skiptingu starfa innan stjórnar. Fjórða og veigamesta grein reglnanna er um verkvið stjórnar. Helstu atriði þar að lútandi eru eftirfarandi:

- Stjórn fer með yfirstjórn í málefnum sjóðsins og skal sjá til að starfsemin sé í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórnin skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórn og framkvæmdastjóri skulu ávaxta fjármuni sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.
- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.
- Stjórnin ræður framkvæmdstjóra, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn.
- Stjórnin felur framkvæmdastjóra að sjá um allan daglegan rekstur sjóðsins og veitir honum heimild til kaupa og sölu á verðbréfum í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um fyrirvar stjórnar, ábyrgð stjórnarmanna, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, skýrslur, frekari reglur um störf stjórnar, breytingar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur framkvæmdastjóra

Fyrstu starfsreglur framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja voru samþykktar á stjórnarfundum sjóðsins þann 17. febrúar 2009.

Starfsskyldur framkvæmdastjóra eru þessar:

- Að annast daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt stefnu og fyrirætlum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til þátta sem eru óvenjulegir eða mikilsháttar. Framkvæmdastjóri tekur slíkar ákvarðanir samkvæmt ákvörðun stjórnar, nema stjórnin hafi veitt honum heimild til afgreiðslu slíkra mála. Leiki vafi á hvort tiltekið mál sé mikilsháttar, skal framkvæmdastjóri hafa samband við formann eða varaformann stjórnar til að skera úr um það.
- Að sjá um kaup og sölu verðbréfa í samræmi við fjárfestingarstefnu.

- Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðendum, endurskoðunarnefnd, tryggingafræðingi og eftirlitsaðilum allar upplýsingar sem þeir óska um rekstur sjóðsins.

Fjárfestingarstefna (samtryggingardeild)

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins til eins árs í senn. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins milli ára ekki miklar. Stefna sjóðsins fyrir árið 2008 var þessi:

LVEY tafla 2

Markmið um eignasamsetningu og vikmörk fyrir árið 2008

Tegund fjárfestingar:	Markmið	Vikmörk
Verðbréf með föstum tekjum	um 48,2%	hámark 55%
Samningsbundnar innstæður	3,3%	0-5%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	26,5%	25-40%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2,2%	0-5%
Skuldabréf banka og lánastofnana	8,1%	5-15%
Önnur skuldabréf	8,1%	5-15%
Verðbréf með breytilegum tekjum	um 51,8%	hámark 60%
Innlend hlutabréf	13,6%	10-20%
Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir	28,6%	25-30%
Sérgreind erlend hlutabréfasöfn	4,9%	0-10%
Sérhæfðar fjárfestingar	4,7%	0-8%
Hlutfall erlendra mynta	um 37,5%	25-50%

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 781 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 9,1% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 1.228 talsins, samanborið við 944 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum fjölgaði lífeyrisþegum um 6,8% að meðaltali milli ára. Þannig höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi hækkað meira en sem nemur fjölgun lífeyrisþega. Þess ber að geta að sumir lífeyrisþegar eru með fleiri en eina tegund lífeyris. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fáir lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

LVEY tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	394	308	256	203	172	669	593	518	486	449
Örorkulífeyrir	285	220	204	179	163	384	333	361	354	351
Makalífeyrir	70	61	56	46	41	166	155	154	150	145
Barnalífeyrir	8	7	11	9	8	101	89	102	97	106
Séreignargreiðslur	24	4	3	3						
Samtals	781	600	530	440	384	1.228	1.084	1.012	969	944
Samtals, verðlag 2009	781	645	673	592	552					

Þann 30. september 1999 tóku gildi breytingar á samþykktum sjóðsins. Meginbreytingin fólst í því að lífeyrisaldur var lækkaður um tvö ár, þ.e. úr 67 árum í 65 ár. Lífeyrisréttindi sjóðfélaga héldust hins vegar óbreytt þrátt fyrir fyrrnefnda lækkun á lífeyrisaldri.

Jafnframt voru lífeyrisréttindi samræmd þannig að allir sjóðfélagar eiga þess nú kost að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri en þá með skerðingu á réttindum.

Frá og með 1. júlí 2005 tók sjóðurinn upp blandað kerfi jafnrar og aldurstengdrar réttindaávinnslu. Nýja kerfið fól í sér að lífeyrisaldur sjóðfélaga var færður í 67 ár. Sjóðfélagar geta flýtt töku lífeyris til 62 ára aldurs en þá með skerðingu á réttindum.

Öll áunnin réttindi fyrir 1. júlí 2005 og sem gerð er grein fyrir hér að ofan héldust hins vegar óbreytt.

Frá og með 1. janúar 2007 voru áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega hækkuð um 10%.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

LVEY tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	40.545	37.184	33.480	31.121	26.339
Skuldbindingar	42.794	38.407	32.456	28.087	25.350
Samtals	-2.249	-1.223	1.024	3.034	989
% af skuldbindingum	-5,3%	-3,2%	3,2%	10,8%	3,9%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Þá verður töluverð breyting þannig að heildareignir sjóðsins samanborið

við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 3,2% árið 2008 og neikvæðar um 5,3% árið 2009.

Eignastýring

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja á þriðjungs hlut í fjármálafyrirtækinu Jöklum-Verðbréfum hf., en það félag annast hluta af verðbréfavíðskiptum og eignausýslu fyrir lífeyrissjóðinn. Þeir fjárvörslusamningar sem sjóðurinn hefur gert við Jökla-Verðbréf hf. eru:

- Samningur um umsýslu og ávöxtun tiltekinnna fjármuna lífeyrissjóðsins, aðallega íslensk hlutabréf, dags. 15.10.2001.
- Samningur um umsýslu og ávöxtun tiltekinnna erlendra verðbréfa lífeyrissjóðsins dags. 2.6.2004.
- Samningur um gjaldmiðlastýringu dags. 2.6.2004.

Í fjárvörslusamningunum við Jökla-Verðbréf frá 15.10.2001 og 2.6.2004 kemur fram að fjárvörsluaðili skuli fylgja fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins og þeim takmörkunum sem þar er kveðið á um. Þá hefur fjárvörsluaðili heimild til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun þeirra fjármuna sem honum hafa verið fengnir til umsýslu. Þá þarf fjárvörsluaðili ekki að ráðfæra sig við stjórn lífeyrissjóðsins um einstakar fjárfestingar nema ráðstafanirnar séu óvenjulegar eða mikilsháttar. Lífeyrissjóðurinn getur óskað eftir að fjárvörsluaðili fjárfesti eða fjárfesti ekki í tilteknum verðbréfum og ber að tilkynna það skriflega.

Í viðaukum með samningunum er gerð grein fyrir þeim verðbréfasöfnum sem afhent eru fjárvörsluaðila til ávöxtunar. Í samningnum frá 2001 er um að ræða innlent hlutabréfasafn og í samningi frá 2004 er það erlent verðbréfasafn.

Í samningi um gjaldmiðlastýringu frá 2.6.2004 kemur fram að sjóðurinn veitir Jöklum-Verðbréfum hf. upplýsingar um eignastöðu sína í erlendum myntum ársfjórðungslega. Jöklar-Verðbréf hf. munu þá haga gjaldmiðlastýringunni í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Gjaldmiðlasamsetningu verður stýrt með framvirkum samningum, valréttarsamningum eða öðrum afleiðusamningum og/eða samsetningu slíkra samninga. Markmið þessara samninga var að draga úr gengisáhættu gjaldmiðlasafnsins.

Miðað við yfirlit frá Jöklum-Verðbréfum hf. um mitt ár 2009 voru um 33% af verðbréfaeign lífeyrissjóðsins í þeirra umsjá. Jafnframt kemur fram í skýrslu innri endurskoðunar (2009) að flestar fjárfestingar sem gerðar eru af Jöklum-Verðbréfum hf. hafi áður verið bornar undir framkvæmdastjóra sjóðsins. Allar óhefðbundnar fjárfestingar fóru fyrir stjórn sjóðsins.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Athygli vekur að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja er jafnan með nokkuð mikið af eignum sínum bundið í erlendri mynt eða rúmlega 30%. Eins er með skuldabréf með ríkisábyrgð en eign sjóðsins í þeim er á bilinu 27 til 33%. Þannig eru þessir tveir verðbréfaflokkar með yfir 60% af eignasafni sjóðsins. Öðrum eignum sjóðsins, s.s. innlendum hlutabréfum, skuldabréfum lánastofnana og fyrirtækjaskuldabréfum, virðist dreift nokkuð jafnt og eru þær á bilinu 2.000 til 3.000 mkr. Sjóðurinn veitti engin sjóðfélagalán.

LVEY tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bundin innlán	1.033	1.019	825	741	662
Aðrar fjárfestingar			880	454	184
Innlend hlutabréf	985	956	2.719	2.940	3.162
Erlend verðbréfaeign	7.643	6.285	7.450	7.063	4.889
Innlend hlutdeildarskírteini			56		102
Framtaksfjárfestingar	2.089	1.997			
Skuldabréf með ríkisábyrgð	9.713	8.218	6.447	5.711	4.569
Skuldabréf sveitarfélaga	3.512	3.018	613	612	592
Skuldabréf lánastofnana	2.022	1.867	2.085	2.012	1.822
Skuldabréf eignaleigufyrirtækja		2	5	18	30
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	91	84			
Skuldabréf fyrirtækja	1.693	1.974	2.015	1.854	1.451
Hlutdeildarfélag	25	43	45	30	45
Samtals	28.806	25.463	23.140	21.435	17.508
Niðurfærslur	-1.531	-1.191			
Samtals	27.275	24.272	23.140	21.435	17.508

Niðurfærslur árin 2008 og 2009 eru annars vegar óbein niðurfærsla á skuldabréfum lánastofnana og hins vegar óbein niðurfærsla á fyrirtækjaskuldabréfum.

Heimild: Ársreikningar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja.

Á árinu 2008 var lægsta ávöxtunin á innlendum hlutabréfum eða -74%. Eign sjóðsins í innlendum hlutabréfum var hins vegar aldrei mikil eða á bilinu 11%-13% af eignasafni sjóðsins. Þá var einnig mikil lækkun á ávöxtun innlendra skuldabréfa, skuldabréfum lánastofnana og fyrirtækjaskuldabréfum. Þá lækkuðu erlendir hlutabréfasjóðir nokkuð en þar var væntanlega um stundartap að ræða enda voru sjóðirnir búnir að vinna það tap upp á árinu 2009.

LVEY tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Innlánsreikningar	5,6%	6,2%	5,2%	4,6%	4,1%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	4,4%	4,1%	4,4%	4,4%	4,7%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,2%	3,6%	4,8%	4,8%	4,8%
Skuldabréf banka og annarra lánastofnana	-28,5%	-23,5%	3,3%	4,9%	6,5%
Skuldabréf fyrirtækja	1,9%	-31,7%	5,4%	5,9%	5,8%
Erlend skuldabréf		5,4%	-5,3%	15,6%	5,7%
Innlend hlutabréf	-13,3%	-74,0%	21,4%	14,1%	42,5%
Erlend hlutabréf	-0,6%	17,0%	-8,6%	20,4%	6,5%
Innlendir skuldabréfasjóðir		-18,8%	4,4%	-4,9%	14,7%
Erlendir hlutabréfasjóðir	24,6%	-8,1%	-10,6%	30,4%	10,5%
Framtaksamlög, Private Equity	-19,4%	43,7%	-0,6%	2,2%	0,5%

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 2,9%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 11,5% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands. Raunávöxtun á árinu 2007 var jákvæð um 1,2%. Hins vegar var raunávöxtun á árunum 2006 og 2005 mjög góð eða 12,7% og 12,2%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var 3,1% og síðustu 10 árin var hún 3,3%.

LVEY tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	2,9%	-11,5%	1,2%	12,7%	12,2%
Fimm ára meðalávöxtun	3,1%	4,7%	9,2%	8,9%	5,9%
Tíu ára meðalávöxtun	3,3%	4,3%	6,3%	6,9%	6,5%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 2.118 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 1.525, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals 273 launagreiðendur greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 996 mkr. sem var hækkun um 11,9% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 versnaði afkoma sjóðsins verulega frá árinu 2006. Afkoman var síðan slökust árið 2008. Rétt er að benda á að afkoma ársins 2006 var óvenju góð eins og sjá má í neðangreindri töflu. Árið 2009 fór afkoma sjóðsins síðan að lagast þótt hún ætti ennþá nokkuð í land með að ná afkomu árána 2006 og 2005.

LVEY tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	996	890	759	601	554
Lífeyrir	-779	-600	-529	-438	-382
Tekjur / -gjöld af eignarhlutum	187	-1.632	679	849	1.301
Tekjur / -tap frá hlutdeildarfélögum	-3	-2	0	0	2
Vaxtatekjur / -gjöld og gengismunur	3.098	3.683	911	2.867	1.286
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-339	-1.279	0	0	0
Fjárfestingartekjur	2.943	770	1.590	3.716	2.589
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-29	-39	-25	-23	-21
Rekstrarkostnaður	-32	-32	-28	-27	-25
Rekstrargjöld	-61	-71	-53	-50	-46
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	3.099	989	1.767	3.829	2.715
Hrein eign frá fyrra ári	24.362	23.373	21.606	17.777	15.062
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	27.461	24.362	23.373	21.606	17.777
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun / -lækkun á hreinni eign á árinu	3.099	1.063	2.244	5.148	3.904
Hrein eign frá fyrra ári	24.362	25.128	27.441	23.901	21.658
Hrein eign til greiðslu lífeyris	27.461	26.192	29.685	29.049	25.562

1) Lífeyrissjóður Vestmannaeyja sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

32.1.2 Tap Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá liði í eignasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapinu. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa

jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árinu 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins var að mestu þríþætt og liggur í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum

LVEY tafla 9

Yfirlit yfir tap Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	272	515	432	1.219
Skuldabréf fyrirtækja	8	-169	753	592
Innlend hlutabréf		8	2.121	2.129
	280	354	3.306	3.940
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		0		0
Samtals tap í mkr.	280	354	3.306	3.940

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011 og 20.9.2011.

Ofangreindir liðir mynda tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 3.940 mkr. Í uppgjöri sjóðsins er gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir séu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar leggja bankarnir til að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavarnarsamningarnir tap sjóðsins um 1.455 mkr. og yrði tap sjóðsins þá samtals 5.395 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Skuldabréfaeign sjóðsins í skuldabréfum banka og sparissjóða hefur haldist nokkuð jöfn frá ársbyrjun 2006 til ársloka 2009. Í ársbyrjun 2006, 2007 og 2008 var skuldabréfaeign sjóðsins í bönkum og sparissjóðum um 2.000 mkr. Í árslok 2008 fór skuldabréfaeign sjóðsins í bönkum og sparissjóðum niður í 1.867 mkr. Umtalsverðar afskriftir urðu á árunum 2008 til 2010 eða samtals 1.219 mkr. Mest var af-

skrifað af skuldabréfum gefnum út af Byr sparissjóði eða 282 mkr., SPRON hf. 240 mkr., Sparissjóði Vestmannaeyja 217 mkr. og Glitni 201 mkr. Afskriftir hjá öðrum bönkum og sparissjóðum námu samtals 279 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

LVEY tafla 10

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Byr sparissjóður	132	150		282
SPRON hf.	24	216		240
Sparissjóður Vestmannaeyja	88	129		217
Glitni banki hf.	6	-4	199	201
Landsbanki Íslands hf.	10	14	96	120
Sparissjóðabanki Ísl./Icebank hf.	10	1	69	80
VBS fjárfestingarbanki	53	21		74
Frjálsi fjárfestingarbankinn	5			5
Sparissjóður Mýrasyslu	-39	39		0
Kaupþing	-7	-61	68	0
Straumur Burðarás hf.	-10	10		0
Samtals í mkr.	272	515	432	1.219

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011 og 20.9.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst úr því að vera 1.451 mkr. í árslok 2005 í 2.015 mkr. í árslok 2007. Á árinu 2008 voru umtalsverðar afskriftir á fyrirtækjaskuldabréfum eða 753 mkr. Á árinu 2009 kom í ljós að afskriftir ársins 2008 höfðu verið óþarflega ríflegar og voru þær þá lækkaðar um 169 mkr. Árið 2010 voru afskriftir samtals 8 mkr. Samtals hafði sjóðurinn því afskrifað 592 mkr. af fyrirtækjaskuldabréfum á þremur árum. Mest var afskrifað af skuldabréfum gefnum út af Landic Property eða 307 mkr., Exista 168 mkr. og Samson 92 mkr. Aðrar afskriftir námu 25 mkr.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja árin 2008 til 2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

LVEY tafla 11

Afskriftir hjá fyrirtækjum og stofnunum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf.	51	34	222	307
Exista hf.	14	41	113	168
Samson ehf.	11	11	70	92
N 1/Olíufélagið ehf.	21			21

	2010	2009	2008	Samtals
Bakkavör hf.	-33	6	31	4
Egla hf.		-103	103	0
Atorka hf./Jarðboranir hf.	-56	56		0
Teymi hf./Kögun hf.		-97	97	0
Stoðir hf./FL Group hf.		-57	57	0
Avion hf./HF Eimskipafélag Ísl.		-60	60	0
Samtals í mkr.	8	-169	753	592

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011 og 20.9.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Lífeyrissjóður Vestmannaeyja 925 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 2.121 mkr. og er skýringuna fyrst og fremst að finna í bankahruninu í október það ár.

Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera á bilinu 12-18% árin á undan í það að verða aðeins 3,7% árið 2008 og 3,4% árið 2009.

LVEY tafla 12

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjäreign í byrjun tímabils	9.778	956	2.719	2.940	3.162
Keypt hlutabréf	1.284	89	555	190	449
Seld hlutabréf	2.536	53	197	1.026	1.260
Hlutafjäreign í lok tímabils	7.601	985	956	2.719	2.940
Hagn / (-tap)	-925	-8	-2.121	615	588

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. *Sjá töflu 13.*

Þann 1. jan. 2006 átti Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hlutabréf samtals að fjárhæð 3.162 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 hafði hlutabréfaeign sjóðsins heldur lækkað og var þá 2.940 mkr. Þann 1. jan. 2008 var eign sjóðsins í hlutabréfum 2.719 mkr. eða heldur lægri en árið áður. Hæst fór úrvalsvísitalan þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Um áramótin 2007/2008 hafði vísitalan lækkað um 29,9% á tæpu hálfu ári og stóð þá í 6.318 stigum.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórð-

LVEY tafla 13

Hlutabréfaeign Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006-31.12.2008 í þús.kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Hf. Eimskipafélag Íslands hf.		70.796	87.787	75.588	50.428	31.150	8.713	1.676
Actavis Group hf.	309.332	311.134	332.011					
Alfesca hf.	138.608	135.891	42.534	54.383	53.363	57.208	49.989	32.960
Atorka hf./Jarðboranir hf.	22.400	54.633	64.777	71.322	55.371	54.548	39.036	5.966
Bakkavör hf.	283.090	305.731	304.784	256.914	204.918	170.629	171.150	21.890
Century Alum. hf.			46.383	46.519	67.838	72.878	62.368	24.292
Exista hf.		31.793	48.609	30.870	16.256	28.674	22.902	153
Glitnir banki hf.	191.780	206.028	261.470	198.247	157.523	140.629	44.621	
FL Group hf.		55.200	56.000	55.500	50.000	33.100	37.500	26.500
Kaupþing banki hf.	697.832	782.493	916.686	577.660	552.811	525.274	527.949	
Kögun hf.	109.236							
Landsbanki Íslands hf.	359.672	297.864	380.625	390.151	335.669	289.911	109.027	
Mosaic Fashions hf.	9.400	7.650						
Marel hf.	9.224	40.251	23.101	27.820	25.229	51.924	59.357	83.537
SPRON hf.				18.260	21.879	16.983	13.362	9.690
Straumur Burðarás hf.	220.235	101.812	116.925	80.804	62.824	55.653	63.403	17.843
Vinnslustöðin hf.	673.326	374.607	707.591	707.591	707.591	707.591	707.591	541.099
Össur hf.	125.676	152.823	122.157	115.976	109.147	109.971	119.822	127.487
Samtals í þús. kr.	3.149.809	2.928.708	3.511.437	2.707.606	2.470.845	2.346.122	2.036.791	893.093
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Brú Venture Capital hf.								56.436
Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf.	605	605	605	605	605	605	605	605
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða	98	98	98	98	98	98	98	98
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.	4.175	3.782	3.782	3.782	3.782	3.782	3.782	3.782
Janus endurhæfing ehf.	200	200						
Kinn ehf.	517							
Reiknistofa lífeyrissjóða ehf.	2.445	2.445	2.445	2.445	2.445	2.445	2.445	2.445
Suð-Vestur ehf.	4.480	4.480	4.480	4.480	4.480	4.480	4.480	
Samtals í þús. kr.	12.521	11.610	11.410	11.410	11.410	11.410	11.410	63.367
Samtals félög í þús. kr.	3.162.330	2.940.318	3.522.848	2.719.016	2.482.256	2.357.533	2.048.201	956.460

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011.

ungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Nedst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins

ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing banki hf.

Þann 31. desember 2005 átti lífeyrissjóðurinn 935 þús. hluti í Kaupþingi. Gengi hlutabréfa Kaupþings um þessi áramót var 746, þannig að markaðsvirði hlutabréfanna á þessum tíma var 698 mkr. Á árinu 2007 seldi sjóðurinn 274 þús. hluti á því tímabili sem gengi bréfanna var sem hæst eða á bilinu 880 – 1.125. Söluvirði þessara bréfa var um 269 mkr. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 keypti sjóðurinn til sín 32 þús. hluti. Þrátt fyrir mikið fall á gengi hlutabréfa keypti sjóðurinn 75 þús. hluti til viðbótar á þriðja ársfjórðungi 2008. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi var a.m.k. 502 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	935		746	698
31.12.06	930	-5	841	-4
30.06.07	815	-115	1.125	-129
31.12.07	656	-159	880	-140
31.03.08	688	32	803	26
30.06.08	688	0	763	
30.09.08	763	75	692	52
31.12.08	813		0	
Samtals		-172		502
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				502
Stæða 31.12.08	813		0	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				502

Landsbanki Íslands hf.

Nafnvirði hlutfjáreignar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja í Landsbanka Íslands var mest í ársbyrjun 2006 eða 14.261 þús. hlutir. Á árinu 2006 og fyrri helmingi ársins 2007 seldi sjóðurinn 4.226 þús. hluti. Á seinni helmingi ársins 2007 keypti sjóðurinn aftur 1.000 þús. hluti eftir að gengi bréfa Landsbankans var tekið að falla. Sjóðurinn hélt síðan áfram kaupum á hlutabréfum í bankanum þrátt fyrir fallandi gengi allt fram að þriðja ársfjórðungi 2008 að sjóðurinn seldi frá sér 7.233 þús. hluti, en þá hafði gengi hlutabréfa Landsbankans lækkað um 40% frá miðju ári 2007. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Landsbanka Íslands var a.m.k. 171 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	14.216		26,10	371
31.12.06	11.240	-2.976	26,50	-79
30.06.07	9.990	-1.250	38,10	-48
31.12.07	10.990	1.000	35,50	36
31.03.08	11.340	350	29,60	10
30.06.08	12.577	1.237	23,05	29
30.09.08	5.344	-7.233	20,40	-148
03.10.08	5.344	0	19,85	
31.10.08	5.344	0	0,00	
Samtals		-8.872		171
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				171
Stæða 31.10.08	5.344		0	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				171

Glitnir banki hf.

Svipað á við um Glitni og Landsbanka Íslands. Hlutabréfaeign sjóðsins að nafnvirði var mest í byrjun árs 2006 eða 11.086 þús. hlutir sem námu 192 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 seldi sjóðurinn 2.244 þús. fyrir um 52 mkr. Síðan var nánast engin hreyfing á hlutabréfaeign sjóðsins í Glitni þar til á

þriðja ársfjórðungi 2008 að sjóðurinn keypti 675 þús. hluti á mjög lágu gengi eða 4,55 rétt fyrir fall bankans. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Glitni var a.m.k. 150 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	11.086		17,30	192
31.12.06	8.842	-2.244	23,30	-52
30.06.07	9.032	190	28,95	6
31.12.07	9.032	0	21,95	
31.03.08	9.132	100	17,25	2
30.06.08	9.132	0	15,40	
30.09.08	9.807	675	4,55	3
31.12.08	9.807	0	0,00	
Samtals		-1.279		150
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				150
Stæða 31.12.08	9.807		0,00	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				150

Bakkavör hf.

Í ársbyrjun 2008 var gengi á hlutabréfum Bakkavarar hf. 58,50 og átti sjóðurinn þá 4.392 þús. hluti að nafnvirði í félaginu eða tæpar 257 mkr. að markaðsvirði. Gengi Bakkavarar féll síðan mjög hratt árið 2008 og var komið niður í 2,49 í árslok. Kaup Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á hlutabréfum í Bakkavör á árinu 2008 vekja athygli en þá voru keyptir samtals 4.295 hlutir. Ekki er unnt að finna út nákvæmt kaupverð þessara hlutabréfa, þar sem úttektarnefndin hefur ekki um það upplýsingar. Sé hins vegar miðað við lægsta kaupgengi í hverjum ársfjórðungi þá hefur kaupverðið verið um 99 mkr. sem tapaðist nánast allt um leið og það var keypt.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	5.562		50,90	283
31.12.06	4.892	-670	62,50	-42
30.06.07	4.392	-500	69,40	-35
31.12.07	4.392	0	58,50	
31.03.08	4.962	570	41,30	24
30.06.08	5.804	842	29,40	25
30.09.08	8.035	2.231	21,30	48
31.12.08	8.687	652	2,49	2
Samtals		3.125		302
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				302
Stæða 31.12.08	8.687		2,49	-22
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				281

Straumur Burðarás hf.

Í ársbyrjun 2006 átti lífeyrissjóðurinn 13.851 þús. hluti í Straumi sem var um 223 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 seldi sjóðurinn 8.000 þús. hluti

með nokkrum hagnaði þar sem gengi hlutabréfa bankans hafði hækkað á árinu. Á fyrrihluta ársins 2007 seldi sjóðurinn 500 þús. hluti til viðbótar á því tímabili sem gengi hlutabréfanna var sem hæst eða 21,80. Nánast engar breytingar voru síðan á hlutabréfaeign sjóðsins þar til á seinni hluta ársins 2008 að sjóðurinn keypti 4.000 þús. hluti fyrir um 21 mkr. enda gengi bréfa í Straumi orðið mjög lágt. Áætlað tap lífeyrissjóðsins á hlutabréfum í Straumi Burðarás var a.m.k. 78 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	13.851		16,10	223
31.12.06	5.851	-8.000	17,40	-139
30.06.07	5.351	-500	21,80	-11
31.12.07	5.351	0	15,10	
31.03.08	5.351	0	11,74	
30.06.08	5.593	242	9,95	2
30.09.08	7.593	2.000	8,35	17
31.12.08	9.593	2.000	1,86	4
Samtals		-4.258		96
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				
Staða 31.10.08	9.593		1,86	-18
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				78

Erlend verðbréf

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hefur ekki þurft að afskrifa eða færa niður nein erlend verðbréf.

Heimild: Tölvupóstur frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 17. okt. 2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

LVEY tafla 14

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta- kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	251		251	-251	0
Krafa bankanna m.v. uppgjörs-gengi samninganna	1.664	136	1.800	-345	1.455
Mismunur á kröfum í mkr.					1.455

Heimild: Gögn frá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja dags. 4.7.2011.

Í ársreikningi 2009 færði Lífeyrissjóður Vestmannaeyja til skuldar 251 mkr. sem skuld sjóðsins við Kaupþing hf. vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð var m.v. gengisvísitöluna 175 stig. Ennfremur gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni upp í kröfur bankans. Gangi forsendur lífeyrissjóðsins eftir eru áhrif gjaldmiðlavarnarsamninganna þegar komin fram í ársreikningum sjóðsins.

Kaupþing hf. gerir hins vegar ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsdegi hvers samnings fyrir sig að viðbættum dráttarvöxtum. Ýrtruðu kröfur bankans á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 1.800 mkr. með dráttarvöxtum. Lífeyrissjóðurinn á skuldabréf útgefin af bankanum að fjárhæð 345 mkr. sem sjóðurinn telur að muni ganga upp í kröfur bankans. Mismunurinn á kröfum Kaupþings og tillögum lífeyrissjóðsins er 1.455 mkr. Fari svo að sjóðurinn þurfi að gera samningana upp miðað við kröfur bankans hefði það veruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og myndi færa heildarskuldbindingar hans úr því að vera neikvæðar um 5,3% niður í 8,7%

Heimild: Ársreikningur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2009.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. um uppgjör á útstandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

32.2 Stjórn og starfshættir

32.2.1 Stjórn og starfsmenn

Verkalýðsfélag í Vestmannaeyjum og Samtök atvinnulífsins standa að Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Stjórnarmenn taka á sig hefðbundnar skyldur með stjórnarsetu og er ágæt grein gerð fyrir þeim í samþykktum og reglum sjóðsins. Þó er ástæða til að nefna fáeina hluti sem athuga mætti frekar.

Í stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja hafa setið fulltrúar sem koma frá fyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Þeir hafa ekki tekið þátt í umræðu eða ákvörðunum um eigin fyrirtæki eins og eðlilegt er. Það þarf að nefna þrennt í þessu sambandi. 1. Það er eðlileg krafa þegar svona stendur á að stjórnarmenn í þessari stöðu taki alls ekki þátt í þeim fundi þar sem málefni fyrirtækisins eru rædd og ákvörðuð. Það nægir ekki að þeir víki af fundi meðan þau mál eru rædd, stutt fjarvera af þessu tagi tryggir ekki hlutlæga og gagnrýna umfjöllun stjórnar um fyrirtækið. Fulltrúar verða að geta tjáð sig án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif slík umfjöllun og endanleg ákvörðun kann að hafa á annan stjórnarmann. 2. Skuldbinding lífeyrissjóðs er við eigendur réttinda í honum og engan annan. Ef fjárfesting í heimabyggð uppfyllir eðlilegar kröfur um arðsemi og áhættu er ekkert að henni. En stjórn lífeyrissjóðs verður alltaf að vera á varðbergi gagnvart þeirri freistingu að fjárfesta á einhverri annarri forsendu en langtímahagsmunum eigenda sjóðsins. Það eru ekki hagsmunir eigenda sjóðsins að setja fjármuni í fyrirtæki í heimabyggð ef áhættan er of mikil. Lífeyrissjóðir hafa engar skuldbindingar til að tryggja störf, einungis að ávaxta fjármuni eigenda sinna og tryggja þeim lífeyri. 3. Það er rétt að nefna að það getur verið erfitt að komast hjá árekstrum af þessu tagi þegar lífeyrissjóður er bundinn við eitt byggðarlag. En það er þeim mun ríkari ástæða til að vera á varðbergi. Það er rétt að taka fram að ekkert í fjárfestingum þessa sjóðs bendir til að teknar hafi verið vafasamar ákvarðanir enda kemur rekstur hans nokkuð vel út á þeim árum sem skoðuð voru.

Í *Verklagsreglum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja* fjallar 7. gr. um tilkynningaskyldu.¹ Öll þessi grein fjallar

¹ Verklagsreglur Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, 2007.

einungis um tilkynningaskyldu starfsmanna sjóðsins, það er hvergi vikið að skyldum stjórnarmanna. Það á við í þessum sjóði eins og öðrum að full ástæða er til að skrá alla verðbréfaeign stjórnarmanna þegar þeir taka sæti í stjórn og öll viðskipti sem þeir eiga meðan þeir sitja í stjórn. Lífeyrissjóðir eru eign annarra og það tryggir trúverðugleika stjórnar að gefa upp þessar eignir sínar.

32.2.2 Samskipta- og siðareglur

Árið 2009 samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja samskipta- og siðareglur stjórnar og starfsmanna. Þær eru settar til að tryggja að öll samskipti byggi á almennum grunnreglum sem tryggja eiga gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Fyrsti hlutinn heitir góðir starfshættir og segir að allt sem starfsmenn geri skuli vera sjóðnum og sjóðfélögum til framdráttar, forðast skuli hagsmunaárekstra og allt sem vakið getur efa um hæfni starfsmannanna. Annar kaflinn sem fjallar um ferðalög kveður á um að starfsmenn kunni að þurfa að sækja fundi til kynningar og fræðslu sem skipulagðir eru af viðskiptaaðilum sjóðsins. Sjóðurinn beri kostnað af slíkum ferðum fyrir starfsmenn og stjórnarmenn. Þriðji hluti reglnanna segir að starfsmönnum og stjórn sé óheimilt að þiggja gjafir eða boð frá viðskiptaaðilum sjóðsins nema gjafirnar séu hóflegar eða eigi rætur í persónulegum tengslum. Sé um vafa að ræða beri að leita álits framkvæmdastjóra eða stjórnarformanns. Fjórdi og síðasti hlutinn nefnist viðurlög og segir að brot starfsmanns á þessum reglum geti varðað áminningu eða uppsögn en brot stjórnarmanns verði farið með á grundvelli gildandi starfsreglna sjóðsins.

Þessar reglur taka til þeirra atriða sem hafa verið umdeild síðustu árin og það skiptir miklu máli fyrir lífeyrissjóðina að þau séu innan eðlilegra marka. Spilling í samskipum við viðskiptaaðila lífeyrissjóðs er ekkert gamanmál og þess vegna sjálfsagt að reyna að girða fyrir hana. En nefna verður tvennt um síðustu greinina. Það er ekkert sagt um það hver ákveður hvort starfsmaður hefur brotið af sér. Að líkindum ber að skilja það svo að það sé stjórn sjóðsins en það er ekki sjálfsagt að svo sé og það er ekki heldur augljóslega besta fyrirkomulagið. Það síðara er munur-

inn sem gerður er á starfsmönnum og stjórn. Þessi greinarmunur getur byggst á 6. gr. starfsreglnanna sem fjallar um ábyrgð stjórnarmanna.² Þótt þessar reglur séu vissulega fyrir hendi, þá virðist ekki ástæða til að gera þennan greinarmun í siðareglunum.

² Starfsreglur stjórnar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, 2009.

Að síðustu er ástæða til að nefna að einungis samþykktir sjóðsins, ársreikningur og árshlutaupp-gjör eru aðgengileg á vef hans en ekki siðareglurnar, starfsreglur stjórnar eða aðrar þær reglur sem sjóðurinn hefur sett sér. Þær eiga þó ýmsar erindi við sjóðfélaga að minnsta kosti.

32.3 Fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja 2006-2009 Athugasemdir úttektarnefndar

32.3.1 Inngangur.

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja á úttektartímanum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna verður nefndin jafnframt að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja var stofnaður í kjölfar kjarasamninga aðila vinnuarkaðarins árið 1969, fyrst sem sameignarsjóður eingöngu en frá 1. janúar 1999 einnig sem séreignarsjóður, sem starfræktur er í tveimur ávöxtunarleiðum. Sjóðurinn er þannig venjulegur vinnuarkaðssjóður þótt það marki hann nokkuð að hann er staðbundinn.

Hrein eign til greiðslu lífeyris óx framan af úttektartímabilinu. Þegar kom fram á árið 2007 dró frekar úr vextinum þótt heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar hafi enn verið jákvæðar. Árið 2008 urðu hins vegar umskipti þannig að heildareignirnar samanborið við heildarskuldbindingarnar urðu neikvæðar um 3,2% og síðan enn 2009 um 5,3%. Þessar breytingar voru að mestu afleiðingar af falli bankanna enda þótt þær hafi ekki komið fram fyrr en árið 2009 að hluta til.

32.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja rætt við Hauk Jónsson, settan framkvæmdastjóra sjóðsins. Haukur tók við starfinu í fyrra í veikindum Torfa Sigtryggssonar, sem var framkvæmdastjóri frá 1. janúar 1990. Haukur hefur verið skrifstofustjóri sjóðsins síðan 1997. Þá var jafnframt rætt við Jónas Dalberg, framkvæmdastjóra Jökla Verðbréfa, en það fyrirtæki var á úttektar-

tímanum í eigu sjóðsins og Festu lífeyrissjóðs og fór með um 33% af fjárfestingum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja sé miðað við árið 2009. Framkvæmdastjórar lífeyrissjóðanna beggja sátu þar í stjórn og komu mikið að fjárfestingunum í einhvers konar óformlegu fjárfestingarráði. Framkvæmdastjórnir urðu hins vegar að segja sig úr stjórn Jökla í kjölfar breytinga, sem gerðar voru á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (4. mgr. 52. gr.) með lögum nr. 75/2010, sem gerir ráð fyrir að stjórnarmenn í einum eftirlitsskyldum aðila megi ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn í öðrum eftirlitsskyldum aðila. Það var mat Jónasar Dalberg að þessi breyting væri ekki til bóta varðandi sitt fyrirtæki þar sem það væri algjörlega í eigu lífeyrissjóða og rekið í raun sem eignastýringardeild þeirra. Framkvæmdastjórnir væru þannig eðlilegir stjórnarmenn í fyrirtækinu. Þeir hefðu þannig bein áhrif á stefnumótun verðbréfafyrirtækisins og jafnvel á einstakar fjárfestingar. Eftirlit lífeyrissjóðsins hefði einnig verið beinna með þessu móti og ekki skorið á boðleiðir. Úttektarnefndinni þykir rétt að taka undir þessa skoðun varðandi fyrirtæki eins og Jökla Verðbréf. Annað getur verið upp á teningnum um önnur verðbréfafyrirtæki, sem eru ekki í eins nánu sambandi við lífeyrissjóðina og starfa með öðrum hætti. Þess ber að geta að það lá fyrir Alþingi tillaga um undanþágu frá þessari tilhögun, sem hefði átt við Jökla Verðbréf, en vegna andstöðu FME mun ekki hafa orðið af samþykkt hennar. Lítil vandi virðist þó hafa verið að orða undanþáguna svo að hún næði aðeins til takmarkaðs hóps verðbréfafyrirtækja sem væru í jafn nánu sambandi við lífeyrissjóðina og Jökla.

32.3.3 Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja og tap

Að framan er því lýst að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Festa lífeyrissjóður og núna einnig Lífeyrissjóður bænda eiga saman fyrirtækið Jöklar Verðbréf, sem þannig er samstarfsvettvangur þessara lífeyrissjóða um fjárfestingar. Hjá Jöklum starfa tveir sérfræðingar, annar rekstrarfræðingur, hinn viðskiptafræðingur og auk þess löggiltur endurskoðandi. Þeir eru og löggiltir verðbréfamíðlarar. Eins og fyrr segir fóru Jöklar með um 33% af öllum fjárfestingum Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Gilti það m.a. um allar skráðar fjárfestingar á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf o.s.frv. Allar óhefðbundnar fjárfestingar fóru þó fyrir stjórn sjóðsins, svo og fjárfestingar í óskráðum bréfum. Jöklar komu þó að greiningu á þeim fjárfestingarkostum. Mun þar hafa verið um óverulegan hluta safnsins að ræða. Helstu fjárfestingar sem stjórnin hefur þannig komið að eru fjárfestingar í Vestmannaeyjum. Er þar helst um að ræða hlutabréf sjóðsins í Vinnslustöðinni sem sjóðurinn keypti fyrir nokkrum árum. Ennfremur átti sjóðurinn lítinn hlut í Fiskmarkaði Vestmannaeyja. Önnur dæmi um óhefðbundnar fjárfestingar eru kaup í fiskvinnslufyrirtækinu Kinn í Vestmannaeyjum og í Eignarhaldsfélagi Vestmannaeyja, en þar var um að ræða sjóð sem stofnaður var fyrir atbeina Kaupþings og hafði að markmiði fjárfestingu í nýsköpun á landsbyggðinni. Það verkefni rann út í sandinn.³ Sjóðfélagalán voru á úttektartímanum ekki lengur hjá sjóðnum. Hafði það eignasafn að mestu verið selt til Íslandsbanka og Sparisjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1997.

Fjárfesting lífeyrissjóðsins í Vinnslustöðinni hefur heppnast vel en almennt verður sjóður, sem starfar á svo tiltölulega fámennum stað, að gæta sín mjög á fjárfestingum í heimabyggð því aðalhlutverk hans er ekki uppbygging á staðnum, heldur fjárvarsla og eignastýring fyrir sjóðfélaga (Sjá kafla 5.2). Lífeyrissjóður Vestmannaeyja virðist að mestu hafa sinnt því hlutverki samviskusamlega því eignasafn sjóðsins var vel dreift og þó nokkuð fjárfest utanlands. Fjárfestingarstefnan virðist eðlileg og vikið hófleg.

Stjórnin setti sér starfreglur árið 2000 en starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra voru ekki settar fyrr en eftir hrun. Starfsreglurnar eru í sama formi og hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum og vísa til lögbundins eftirlitshlutverks stjórnar, gerðar fjárfestingarstefnu og að óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir skuli stjórnin taka. Heimildir framkvæmdastjóra til fjárfestinga voru í samræmi við fjárfestingarstefnuna.

Í fjárvörslusamningum við Jökla Verðbréf kom fram að fjárvörsluáðilinn skyldi fylgja fjárfestingarstefnunni og þeim takmörkunum sem kveðið var á um í samningum. Fjárvörsluáðilanum var heimilað að taka sjálfstæðar ákvarðanir um ávöxtun þeirra fjármuna sem honum voru fengnir til umsýslu. Hann þurfti ekki að ráðfæra sig við stjórn sjóðsins nema um óvenjulegar og meiriháttar fjárfestingar væri að ræða en að sögn Jónasar Dalberg ráðfærði hann sig jafnan við framkvæmdastjóra sjóðsins.⁴

Í samningi um gjaldmiðlastýringu frá 2. júní 2004 kom fram að sjóðurinn átti að senda Jöklum eignastöðu sína í erlendum upphæðum eftir myntum ársfjórðungslega. Jöklar áttu að haga gjaldmiðlastýringunni í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Markmiðið átti að vera að draga úr gjaldmiðlaáhættu. Að sögn Jónasar Dalberg höfðu Jöklar í raun verið farnir út úr gjaldmiðlavörnum fyrir Lífeyrissjóð Vestmannaeyja á árunum 2006, 2007 og fram í mars 2008. Um það leyti hefði hins vegar komið fyrirspurn frá stjórn sjóðsins um það af hverju eignasafnið væri ekki varið eins og safn annarra sjóða. Beiðni hafi svo komið frá stjórninni um að bætt yrði í varnir á erlendar eignir á nýjan leik. Þess má geta að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja var með hátt hlutfall af eignasafni sínu í erlendum bréfum eða 30%. Jónas Dalberg sagði að þeir Torfi hefðu í kjölfarið farið rólega af stað varðandi varnir á erlendar eignir. Þá hafi hins vegar komið önnur fyrirspurn frá stjórn og ósk um að hlutfallið yrði enn aukið. Varnarhlutfallið varð þó aldrei hátt eða mest 15-20% af erlendri eign.⁵ Gjaldmiðlavarnarsamningarnir voru keyptir af gjaldeyrisdeild Kaupþings með milligöngu Jökla.

Í viðtali við Jónas Dalberg kom fram að við mat á fjárfestingarkostum hefðu ársreikningar verið greind-

3 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Hauk Jónsson skrifstofustjóra og starfandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, dags. 4.11.11.

4 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jónas Dalberg, framkvæmdastjóra Jökla Verðbréfa, dags. 8.11.11.

5 Sbr. viðtal við Jónas Dalberg, dags. 8.11.11.

ir. Horft hafi verið til líftíma skuldabréfa, því lengri sem hann var, því betri þóttu bréfin. Í tilviki sveitarfélaga var horft til láns hæfis, heildarskuldbindinga, stærðar o.fl. Sagði Jónas að Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hefði ekki fjárfest mikið í fyrirtækjaskuldabréfum árin 2007 og 2008. Í eignasafni sjóðsins, sem flestra annarra sjóða, er að finna ýmis bréf á umdeild fyrirtæki. Sagði Jónas að t.d. hefði verið fjárfest í virtum framleiðslufyrirtækjum en svo hefðu sjóðirnir setið uppi með fjárfestingar í eignarhaldsfyrirtækjum, sem ekki áttu fyrir skuldum (Sjá hér að framan kafla 5.1.5 Skilmálar skuldabréfa). Menn hefðu talið þessar fjárfestingar traustar til að byrja með. Þegar þeir tóku að átta sig voru þessir pappírar ekki lengur söluvara. Lögfræðingar hafi sagt þeim að þessir tilflutningar væru löglegir ef ekkert í skilmálum bréfanna kæmi í veg fyrir þá. Þessi skoðun er umdeilanleg, t.d. ef sanna mætti, að tilgangur flutninganna hefði verið að komast undan greiðslu. Hitt er annað mál, að sönnunaraðstaðan gæti verið mjög erfið. Sannist það í sakamáli að skipulega hafi verið unnið að undanskoti eigna gæti staðan breyst og auðveldara orðið að ná fram skaðabótakröfum á hendur sakborningum. Eigi þeir þá enn einhverjar eignir.

Tap sjóðsins varð helst á skuldabréfum banka, sparissjóða og eignarhaldsfyrirtækja svo og á innlendum hlutabréfum í sömu fyrirtækjum.

33. Kafli

33.1 Sameinaði lífeyrissjóðurinn	93
33.1.1 Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins	93
33.1.2 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins 2008 til 2010	100
33.2 Stjórn og starfshættir	106
33.2.1 Stjórn.	106
33.2.2 Samskipta- og siðareglur og Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar.	107
33.3 Fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	109
33.3.1 Inngangur	109
33.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	109
33.3.3 Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins.	109
33.3.4 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins.	111

33.1 Sameinaði lífeyrissjóðurinn

33.1.1 Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins

Upphaf

Sameinaði lífeyrissjóðurinn hóf starfsemi 1. júní 1992 við sameiningu Lífeyrissjóðs byggingarmanna og Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða og fór endanleg sameining þeirra sjóða fram 1. apríl 1994. Þann 1. janúar 1995 hófu félagsmenn í Lífeyrissjóði bóka-gerðamanna, Lífeyrissjóði Félags garðyrkjumanna og Lífeyrissjóði múrara að greiða til sjóðsins. Frá 1. janúar 1996 greiddu félagsmenn í Lífeyrissjóði byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði og Lífeyrissjóði verkstjóra til sjóðsins. Endanleg sameining þessara fimm sjóða við Sameinaða lífeyrissjóðinn fór fram 1. apríl 1996 miðað við tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðunum hinn 31. desember 1995.

Þann 1. janúar 2002 hófu sjóðfélagar í Lífeyrissjóðnum Hlíf að greiða til Sameinaða lífeyrissjóðsins. Ársfundir sjóðanna samþykktu sameininguna og fór hún fram á grundvelli tryggingafræðilegs mats á stöðu sjóðanna 31. desember 2001.

Allmörg stéttarfélag eiga aðild að sjóðnum og eru þau þessi:

- AFL. Starfsgreinafélag Austurlands, málmíðnaðardeild.
- Fagfélagið.
- Félag bóka-gerðarmanna.
- Félag iðn- og tæknigreina.
- Félag málmíðnaðarmanna Akureyri.
- Félag skipstjórnarmanna.
- Félag veggfóðrara og dúklagningarsveina.
- Félag vélstjóra og málm-tæknimanna.
- Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sauðárkróki.
- Stéttarfélag Vesturlands.
- Verkstjórásamband Íslands.
- Þingiðn.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum. Þrír eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga og aðrir þrír eru kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár. Annað árið eru kosnir tveir fulltrúar sjóðfélaga og næsta ár einn. Sama gildir um fulltrúa Samtaka atvinnulífsins.

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins og sjóðfélaga skipta árlega með sér formennsku í stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar og fulltrúar þeirra sem kosnir eru í fulltrúaráðið eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Fulltrúaráð sem skipað er að jöfnu fulltrúum sjóðfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig.

Í gr. 5.2.1 í samþykktum sjóðsins er fjallað nánar um ársfundi:

„Fulltrúar stéttarfélaga skulu valdir þannig að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum skv. gr. 3.1, kýs úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 virka félagsmenn, sem jafnframt eru virkir sjóðfélagar í sjóðnum og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Jafnmargir fulltrúar skulu kosnir til vara.

Með virkum félagsmönnum og sjóðfélögum er átt við félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi, sem greiða félagsgjöld til stéttarfélagsins og samhliða lífeyrisiðgjöld til sjóðsins svo og elli-lífeyrisþega og örorkulífeyrisþega sem aðild eiga að sjóðnum og viðkomandi stéttarfélagi. Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu þau stéttarfélag, sem aðild eiga að sjóðnum senda sjóðnum lista á tölvutæku formi yfir alla félagsmenn sína eða þá félagsmenn sína sem þau telja að uppfylli ofangreind skilyrði pr. 31. desember á undan. A.m.k. tveimur mánuðum fyrir boðaðan ársfund skal stjórn sjóðsins hafa borið þessi gögn saman við skrár sjóðsins og hafa úthlutað fjölda fulltrúa hvers félags í samræmi við ofanritað.“

Í gr. 5.2.2 kemur fram að:

„Samtök vinnuveitenda, sem aðild eiga að sjóðnum tilnefna jafn marga fulltrúa úr sínum röðum og viðkomandi stéttarfélag kýs. Þegar fyrir liggur hver fulltrúafjöldi stéttarfélaganna er, skal viðkomandi atvinnurekendafélagi tilkynnt um fjölda þann, sem það á rétt á að tilnefna. Í

þeim tilfellum þar sem ekki er mótsvarandi félag atvinnurekenda tilnefna Samtök atvinnulífsins fulltrúa, þannig að heildarfjöldi fulltrúa vinnuveitenda sé jafn fulltrúum stéttarfélaganna“.

Gr. 5.3 er svohljóðandi:

„Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðru vísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiða atkvæði hvorir í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.“

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Sameinaða lífeyrissjóðnum árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Sameinaði tafla 1

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Haraldur Þór Ólason	SA	Form.	Varaf.	X	X
Auður Hallgrímsdóttir	SA	X	X		
Sveinbjörn Hjálmarsson	SA	X	X		
Þorbjörn Guðmundsson	SF	Varaf.	Form	Varaf.	Form.
Georg Páll Skúlason	SF	X	X	X	X
Hilmar Harðarson	SF	X	X	X	X
Þorgeir Jósefsson	SA			Form.	Varaf.
Örn Jóhannesson	SA			X	X
Samtök atvinnulífsins	SA				
Fulltrúar sjóðfélaga	SF				

Litlar breytingar hafa orðið á stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins á tímabilinu. Árið 2008 komu tveir nýir stjórnarmenn inn fyrir Samtök atvinnulífsins. Það voru þau Auður Hallgrímsdóttir og Sveinbjörn Hjálmarsson sem komu inn í stjórnina fyrir Þorgeir Jósefsson og Örn Jóhannesson.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri frá stofnun Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 1992 var Jóhannes Siggeirsson og gegndi hann því starfi fram í febrúar 2005. Kristján Örn Sigurðsson tók þá við sem framkvæmdastjóri sjóðsins og gegnir hann því starfi í dag. Kristján hóf störf hjá sjóðnum árið 1997. Skrifstofustjóri er Ólafur Haukur Jónsson og deildarstjóri eignasviðs er Sigríður Hrund Guðmundsdóttir. Þessi þrjú skipa jafnframt framkvæmdastjórn sjóðsins. Stöðugildi hjá sjóðnum eru 16 talsins.

Endurskoðun:

Sigurður Ámundason, endurskoðandi, Grant Thornton endurskoðun ehf., 2006-2008

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi, Grant Thornton endurskoðun ehf, 2009

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi, Grant Thornton endurskoðun ehf. frá 2010

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi, Grant Thornton endurskoðun ehf., 2006-2008

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi, Grant Thornton endurskoðun ehf., 2009

Sif Einarsdóttir, endurskoðandi, Deloitte, frá 2010

Regluvörður:

Ragnar Baldursson, hrl.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Enginn af stjórnarmönnum Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur setið í stjórnnum félaga umrætt tímabil. Framkvæmdastjóri sjóðsins, Kristján Örn Sigurðsson, hefur aftur á móti setið í stjórnnum eftirtalinna félaga:

- Reiknistofa lífeyrissjóðanna ehf., formaður 2006 - 2010
- Virðing hf. 2007 - 2009
- Eignarhaldsfélag Sameinaða lífeyrissjóðsins, formaður frá 2006
- Brú félagar ehf., frá nóvember 2006 - 2008 (afskráð)
- Húsfélagið Borgartúni 30, til 2007
- Frumtak GP ehf., varastjórn frá júlí 2008
- Framtakssjóður Íslands, varastjórn frá desember 2009
- Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða, varastjórn frá ágúst 2009

Forstöðumaður rekstrarsviðs sjóðsins, Ólafur Haukur Jónsson, hefur setið í stjórn húsfélagsins Borgartún 30 frá 2007.

Heimild: Minnisblað Sameinaða lífeyrissjóðsins dags. 11.10.2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að finna í 2. grein samþykktta sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.
 - 2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktta þessara.
 - 2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaganna og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár.
 - 2.3 Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyrstryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktta þessara.

Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins

Sameinaði lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur fjárhagslega aðskildum deildum, tryggingadeild og séreignardeild. Fyrir árið 2008 voru tvær grunndeildir innan sjóðsins en það voru stigadeild og aldurstengd deild. Deildir þessar voru sameinaðar í eina tryggingadeild þann 1. janúar 2008. Starfsemi sjóðsins byggist á tveimur megin sviðum sem eru annars vegar eignasvið og hins vegar rekstrarsvið.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir þeirra eru aðeins um 4,7% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð um Sameinaða lífeyrissjóðinn hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins

Stjórn sjóðsins setti sér starfsreglur. Þær starfsreglur sem vitnað verður í hér að neðan voru samþykktar af stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins þann 25. september 2008. Reglurnar eru í samræmi við fyrri starfsreglur frá árinu 2000 og 2002.

- 5 Stjórnun sjóðsins.
 - 5.1 Stjórnun sjóðsins er í höndum stjórnar og framkvæmdastjóra. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans og skal fjalla um allar meiri háttar

ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Stjórnin skal sjá um að fullnægjandi skipulag sé á rekstri og nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.

- 5.2 Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur.
- 5.3 Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn sjóðsins og skal í því efni fylgja stefnu stjórnarinnar og þeim fyrirmælum sem hún hefur gefið. Til daglegrar stjórnar teljast ekki ákvarðanir sem teljast óvenjulegar og þýðingarmiklar í rekstri sjóðsins. Þurfi framkvæmdastjóri að taka ákvörðun sem kynni að teljast óvenjuleg eða þýðingarmikil skal hann leitast við að hafa samráð við formann stjórnar eða aðra stjórnarmenn eftir föngum.

Annað sem fram kemur í starfsreglunum snýr að verkaskiptingu stjórnar, stjórnarfundum, boðun þeirra, lögmatum ákvörðunum, vanhæfi, fundargerðum, ársreikningum, endurskoðun, ársfundum og kynningu á starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur framkvæmdastjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eignasviðs

Í ferillýsingu sem samþykktar voru á stjórnarfundum þann 25. september 2008 er að finna starfslýsingu framkvæmdastjóra ásamt starfslýsingu fyrir aðra starfsmenn sjóðsins. Þar segir m.a.:

- Framkvæmdastjóri annast þau verkefni sem kveðið er á um í lögum, samþykktum sjóðsins, erindisbréfi og samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.
- Framkvæmdastjóri er daglegur yfirmaður skrifstofustjóra og deildarstjóra eignasviðs.
- Framkvæmdastjóri er formaður framkvæmdastjórnar og leiðir störf hennar.
- Framkvæmdastjóri hefur með höndum daglega yfirstjórn fjárhagsbókhalds.
- Framkvæmdastjóri ráðstafar fé sjóðsins í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma. Honum ber að haga verðbréfa kaupum þannig að ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið verði sem best. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar og ekki í samræmi við

fjárfestingarstefnu sjóðsins getur framkvæmdastjóri ekki gert nema með heimild sjóðstjórnar.

- Framkvæmdastjóri fer einn með prókúru fyrir hönd sjóðsins.

Að öðru leyti er fjallað um skyldur framkvæmdastjóra varðandi upplýsingaskyldu til stjórnar sjóðsins, fundarsetu, þagnarskyldu og kveðið á um að honum sé ekki heimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Þá beri framkvæmdastjóra að taka þátt í stjórn áhættufjármagnsfyrirtækja og stjórnun þjónustustofnana eða fyrirtækja sem sjóðurinn á aðild að.

Yfirmaður rekstrarsviðs er skrifstofustjóri, hann er jafnframt staðgengill framkvæmdastjóra og á sæti í framkvæmdastjórn sjóðsins. Helstu verkefni skrifstofustjóra eru umsjón með iðgjaldainnheimtu og iðgjaldaskráningu, daglegur rekstur upplýsingakerfa, starfsmannahald, varsla skjala og lífeyrismál.

Deildarstjóri eignasviðs er yfirmaður verðbréfa-deildar og situr í framkvæmdastjórn sjóðsins.

- Deildarstjórinn hefur yfirumsjón með öllu verðbréfasafni sjóðsins. Hann annast daglega eignastýringu á innlendu og erlendu eignasafni sjóðsins samkvæmt fyrirfram mótaðri stefnu sjóðsins á hverjum tíma.
- Deildarstjóri hefur daglega umsjón með lánveitingum til sjóðfélaga.
- Deildarstjóri annast reglulega greiningu á öllum íslenskum hlutafélögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands.
- Deildarstjóri skal leita nýrra fjárfestingatækifæra og annarra möguleika til þess að bæta ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma.
- Deildarstjóri hefur eftirlit með verðbréfa- og gjaldeyrisáhættu sjóðsins og annast hann jafnframt áhættumat á öllum verðbréfasöfnum sjóðsins.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins endurskoðar fjárfestingarstefnu sjóðsins einu sinni á ári. Við endurskoðunina skal taka tillit til breytinga á mörkuðum og ytri skilyrðum sem geta haft áhrif á starfsumhverfi lífeyrissjóðsins. Einnig gerir stjórn sjóðsins áætlun í upphafi hvers árs um fjárfestingar á árinu sem byggir á

fjárfestingarstefnu sjóðsins og stöðu og horfum á verðbréfamörkuðum.

Heimild: Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008, dags. 23.11.2007.

Sameinaði tafla 2

Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir árið 2008:

Innlendar eignir og fjárfestingar	Stefna
Eign í íslenskum krónum	55-80%
Eign í erlendra mynt	20-45%
Skipting fjárfestinga:	
Laust fé	0-6%
Skuldabréf	50-75%
Par af innlent	40-70%
Par af erlent	0-10%
Hlutabréf	25-50%
Par af innlent	5-25%
Par af erlent	20-45%
Skipting skuldabréfa:	
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	15-40%
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga	0-10%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	3-20%
Skuldabréf með fasteignatryggingu	5-25%
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	0-12%

Heimild: Ársskýrsla Sameinaða lífeyrissjóðsins 2008.

Eignastýring

Sameinaði lífeyrissjóðurinn gerði samninga um eignastýringu við eftirtalda aðila: Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., Landsbanka Íslands hf., Íslensk verðbréf hf. og Virðingu hf. Hluta af eignum Sameinaða lífeyrissjóðsins er stýrt af sjóðnum sjálfum. Framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sátu framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og deildarstjóri eignasviðs fjallaði um kaup og sölu á innlendum verðbréfum sem keypt voru utan fjárvörslusamninga. Deildarstjóri eignasviðs hefur yfirumsjón með öllu verðbréfasafni sjóðsins og annast daglega eignastýringu á innlendu og erlendu verðbréfasafni sjóðsins samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins (Ferillýsingar Sameinaða lífeyrissjóðsins).

Hér á eftir verður fjallað um þá eignastýringarsamninga sem í gildi voru milli Sameinaða lífeyrissjóðsins og fjárvörsluadila.

Rekstrarfélag Kaupþing banka hf.

Þann 12. desember 2005 gerði Sameinaði lífeyrissjóðurinn eignastýringarsamning við Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. um stýringu á innlendu hlutabréfasafni að verðmæti 1.004 mkr. Í viðauka

I með samningnum kemur fram: „Að jafnaði skal verðbréfasafnið að fullu fjárfest í íslenskum hlutabréfum eða verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar sem fjárfesta í íslenskum hlutabréfum og lúta lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Sé fjárfest í sjóði þá skal hann metinn eftir undirliggjandi eignum þegar verið er að meta verðbréfaeign verðbréfasafnsins“. Þá er einnig kveðið á um að „fjárfesting í einstöku félagi, sem vegur meira en 5% af innlendu hlutabréfasafni viðskiptavinar, skal að jafnaði ekki vera meiri en sem nemur tvöföldu vægi þess í viðmiðunarvísitölu safnsins og skal alls ekki fara umfram þrefalt vægi“. Til viðbótar við innlent hlutabréfasafn var Kaupþingi einnig falin varsla á erlendum hlutabréfasjóðum. Í samningnum voru erlendir hlutabréfasjóðir skilgreindir sem „alþjóðlegir hlutabréfasjóðir, landsvæðasjóðir, landasjóðir, atvinnugreinasjóðir og vísitölusjóðir sem viðskipti er átt með í kauphöllum (ETF's)“. Einnig var kveðið á um að safnið væri samsett að lágmarki úr fimm eignum þar sem hámarks hlutdeild hvernar eignar væri 25%.

Landsbanki Íslands hf.

Í eignastýringarsamningi við Landsbanka Íslands hf. dags. 18. apríl 2007, kemur fram í viðauka I með samningnum að sjóðurinn veiti bankanum heimild til fjárfestinga í innlendum hlutabréfum. Að hámarki mátti laust fé vera 20% en stefnt var á að það væri sem næst 0%. Þá er einnig tilgreint í hvaða innlendum hlutabréfum bankinn hafi heimild til að fjárfesta.

Heimild til að fjárfesta í eftirfarandi félögum	
Kaupþing	Actavis
Landsbankinn	Bakkavör
Glitnir	HF. Eimskipafélag Íslands
Straumur Burðarás	Atorka
FL Group	Össur
Marel	Exista
Mosaic Fashion	Alfesca
Atlantic Petroleum	365

Íslensk verðbréf hf.

Þann 1. desember 2006 gerðu Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Íslensk verðbréf hf. samning um ávöxtun og vörslu eigna sjóðsins. Með samningnum fylgja tveir undirsamningar sem báðir innihalda fjárfestingarstefnu sjóðsins, annar fyrir *innlendu skuldabréf - veltusafn* og hinn fyrir *innlendu hlutabréf – stöðusafn*.

Í fjárfestingarstefnunni fyrir innlendu skuldabréf var skipting milli skuldabréfaflokka þessi:

• Markflokkar ríkisskuldabréfa	0-100%
• Önnur ríkistryggð skuldabréf	0-60%
• Ríkisvixlar	0-100%
• Laust fé	0-100%

Í fjárfestingarstefnu fyrir innlendu hlutabréf var kveðið á um að safnið skyldi samsett úr 4-7 veltumiklum félögum og 0-3 félögum þar sem sjóðstjóri mæti að sérstök tækifæri væru til staðar. Ekkert einstakt félag mátti veða meira en 60% af safninu og þrjú stærstu félögin máttu ekki veða meira en 80% af safninu. Heimilt var að selja öll bréfin úr safninu og vera með 100% laust fé. Til viðmiðunar við val á einstökum hlutabréfum skyldi litið til grunnatriða í rekstri fyrirtækja, s.s. góðrar arðsemi, sterkrar fjárhagsstöðu, leiðandi samkeppnisstöðu, góðrar stjórnunar, góðs verðs á bréfum m.v. viðurkenndar matsaðferðir og einnig bæri að líta til markaðsaðstæðna, fréttu, breytinga á hluthafahópi o.s.frv. Viðmiðun safnsins var 75% Icx15 og 25% IcxMain.

Til viðbótar ofangreindum samningnum var undirritaður vörslusamningur við Íslensk verðbréf hf. þann 10. mars 2008.

Virðing hf.

Á árunum 2006 – 2009 var í gildi samningur um eignastýringu við Virðingu hf. Þau verðbréf sem voru í stýringu fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn voru ríkisskuldabréf að upphæð 7.200 mkr. í ársbyrjun 2006 en voru komin í 12.000 í árslok 2007. Auk þess var stýring á skráðum innlendum hlutabréfum einnig í vörslu Virðingar að upphæð 4.700 mkr. í ársbyrjun 2006 en var komið niður í 850 mkr. í lok árs 2009.

Þann 2. apríl 2008 var undirritaður annar samningur við Virðingu hf. um fjárfestingu Sameinaða lífeyrissjóðsins í Veðskuldabréfasjóðnum Virðingu. Um var að ræða fagfjárfestisjóð um sameiginlega fjárfestingu í skuldabréfum. Í viðauka A með samningnum skuldbatt Sameinaði lífeyrissjóðurinn sig til að leggja 2.000 mkr. í sjóðinn. Virðing hf. gat að hámarki innkallað 40% af skuldbindingunni á fyrstu 12 mánuðum samningstímans nema samkomulag yrði um hærra hlutfall.

Í viðauka B er síðan fjárfestingarstefna veðskuldabréfasjóðs Virðingar og er hún þannig:

- Skuldabréf með tryggingu í eignum skráðum hjá Fasteignamati ríkisins.
- Sjóðurinn starfar aðallega á Stór-Reykjavíkursvæðinu en þó er heimild til að fjárfesta 20% utan höfuðborgarsvæðisins.
- Um 80% af sjóðnum verða innan við 65% veðsetningarhlutfall og heimild til að vera með 20% í 65-75% veðsetningu.
- Hámarksvægi á einstaka útgafendur er 20% og 10% í einstaka útgáfu.

Á fundi nefndarinnar með framkvæmdastjóra sjóðsins þann 15. sept. 2011 kom fram að fjárfesting sjóðsins í ofangreindum veðskuldabréfasjóði hefði komið mjög vel út fyrir lífeyrissjóðinn.

Þann 1. mars 2009 var síðan undirritað samkomulag við Virðingu um eignastýringu á innlendu hlutabréfasafni sjóðsins.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - tryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 3.062 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 3,6% á milli ára. Lífeyrisþegum fjölgaði nokkuð en í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 4.929 talsins samanborið við 4.262 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 3,7% að meðaltali milli ára. Þannig héldust lífeyrisgreiðslur sjóðsins á föstu verðlagi nánast í hendur við fjölgun lífeyrisþega. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Frá árinu 1997 hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í Sameinaða lífeyrissjóðnum.

Sameinaði tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr. - tryggingadeild					Fjöldi lífeyrisþega - tryggingadeild				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	2.088	1.745	1.490	1.332	1.197	2.847	2.670	2.533	2.509	2.285
Örorkulífeyrir	554	479	402	380	351	727	718	657	699	688
Makalífeyrir	383	328	298	289	269	1.154	1.096	1.064	1.060	1.039
Barnalífeyrir	31	29	29	30	30	201	211	201	249	250
Fjölskyldubætur	6	23	2	2	9					
Samtals	3.062	2.604	2.219	2.033	1.847	4.929	4.695	4.455	4.517	4.262
Samtals, verðlag 2009	3.062	2.800	2.818	2.733	2.656					

Sameinaði tafla 4

Breytingar á réttindum

Ár	Breyting	
1.7.1997	7,10%	Hækkun áunninna og framtíðarréttinda.
1.1.2000	7,00%	Hækkun stiga sem áunnin voru fyrir 1.1.2000. Lífeyrisgreiðslur hækkuðu frá 1.7.2000.
1.9.2004	-3,30%	Lækkun áunninna og framtíðarréttinda.
1.1.2006	7,00%	Hækkun áunninna réttinda í aldursdeild.
1.1.2007	8,00%	Hækkun áunninna réttinda í aldursdeild.
1.1.2008	10,75%	Hækkun áunninna réttinda í aldursdeild. Stiga- og aldursdeild sameinaðar.
1.1.2009	-10,00%	Lækkun réttinda sem áunnin voru fyrir 1.1.2009. Lækkunin tók gildi 1.8.2009.
1.1.2010	-7,00%	Lækkun réttinda sem áunnin voru fyrir 1.1.2010

Eins og sést í töflunni hér að ofan þá gekk sú réttindaaukning sem náðist fram á árunum 2006 til 2008 til baka á árunum 2009 og 2010.

Tryggingafræðileg staða - tryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Sameinaði tafla 5

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	165.463	174.006	172.482	103.682	92.470
Skuldbindingar	183.181	200.074	168.320	100.688	95.662
Samtals	-17.718	-26.068	4.162	2.994	-3.192
% af skuldbindingum	-9,7%	-13,0%	2,5%	3,0%	-3,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar árin 2006 og 2007. Árið 2008 verður mikil breyting þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 13,0% árið 2008 og 9,7% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun eignasafna

Þegar árið 2007 sem er síðasta heila árið fyrir fall bankanna er skoðað og það borið saman við árið 2005 kemur í ljós að verðbréfaeign sjóðsins hækkar um 33,9%. Veigamestu breytingarnar á ofangreindu tímabili eru þær að sjóðurinn eykur hlut sinn verulega bæði í hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja. Um leið lækkar hlutdeild sjóðsins í ríkisskuldabréfum úr 26,2% árið 2005 í 19,6% árið 2007. Þess má geta að milli árána 2005 til 2007 breytti sjóðurinn fjárfestingarstefnu sinni varðandi ríkistryggð skuldabréf til lækkunar. Árið 2005 var fjárfestingarstefnan 20-40% í ríkistryggðum skuldabréfum. Árið 2007 var stefnan 15-40% í ríkistryggðum skuldabréfum. M.ö.o. þá var heimilað að draga úr vægi ríkistryggðra skuldabréfa og auka þá um leið hlut annarra eignasafna á móti.

Í árslok 2007 voru erlendar eignir 32,5% af eignasafni sjóðsins. Ríkisskuldabréf voru 19,7%, innlend hlutabréf 16,0% og skuldabréf fyrirtækja 12,3%. Ofangreind fjögur verðbréfasöfn námu þannig 80,5% af heildareignum sjóðsins í árslok 2007.

Í árslok 2009 voru erlendar eignir nánast óbreyttar sem hlutfall af heildareignum eða 30,9%. Ríkisskuldabréf voru 32,2%, innlend hlutabréf 3,4% og skuldabréf fyrirtækja 5,6%. Ofangreind fjögur verðbréfasöfn námu þannig 72,1% af heildareignum sjóðsins í árslok 2009.

Af ofangreindu er ljóst að áhersla sjóðsins eftir fall bankanna liggur fyrst og fremst í ríkisskuldabréfum enda ekki um marga aðra fjárfestingarkosti að ræða enn sem komið er.

Sameinaði tafla 6

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	3.782	6.916	1.278	333	490
Innlend hlutabréf	3.384	3.823	14.842	15.432	9.629
Erlend hlutabréf	25.631	25.794	27.569	26.282	18.904
Erlend skuldabréf	4.922	2.467	2.468	2.268	1.001
Ríkisskuldabréf	31.842	23.353	18.263	16.290	18.136
Skuldabréf sveitarfélaga	4.218	1.435	1.593	1.618	1.374
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	3.535	1.196	4.110	4.462	5.932
Veðskuldabréf	5.393	4.651	3.645	2.584	2.545
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	5.555	11.965	11.361	9.851	5.742
Veðlán	10.588	9.877	7.415	6.369	5.353
Samtals	98.850	91.477	92.544	85.489	69.106

Árið 2008 var raunávöxtun eignasafna neikvæð um 22,5% og liggur sú lækkun eingöngu í innlendum hlutabréfum, skuldabréfum fjármálafyrirtækja og skráðum markaðsskuldabréfum fyrirtækja. Þá er athyglisvert að nokkrir eignaflokkar sýna ávallt stöðuga og góða ávöxtun. Má þar nefna ríkisskuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, veðskuldabréf og veðlán.

Á árinu 2009 var ávöxtun erlendra verðbréfa neikvæð um 18% en þar var væntanlega um stundartap að ræða.

Sameinaði tafla 7

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006	2005
Bankainnstæður	2%	1%	7%	6%	5%
Innlend hlutabréf	-15%	-70%	2%	9%	48%
Erlend hlutabréf	5%	0%	-9%	30%	9%
Erlend skuldabréf	-18%	28%	-1%	17%	2%
Ríkisskuldabréf	6%	7%	0%	4%	6%
Skuldabréf sveitarfélaga	5%	5%	6%	6%	6%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	-38%	-49%	0%	7%	7%
Veðskuldabréf	4%	5%	5%	5%	5%
Skráð markaðsskuldabréf fyrirtækja	-31%	-57%	5%	6%	5%
Veðlán	3%	7%	7%	6%	7%
Samtals	-1,4%	-22,5%	0,0%	11,8%	12,8%

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Raunávöxtun sjóðsins

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 1,4%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var neikvæð um 22,5% og raunávöxtun árið 2007 var 0%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 11,8% og 12,0%.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm árin er neikvætt um 0,9%. Sameinaði lífeyrissjóðurinn birtir ekki meðalraunávöxtun síðustu 10 ára í ársreikningum sínum.

Sameinaði tafla 8

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-1,4%	-22,5%	0,0%	11,8%	12,0%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,9%	0,7%	7,5%	5,2%	2,3%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 10.550 sjóðfélagar til tryggingadeildar sjóðsins á móti 12.213 árið áður sem var 13,6% fækkun milli ára. Iðgjaldagreiðslur 2009

námu alls 5.032 mkr. sem var 15% lækkun frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 stöðvaðist vöxtur sjóðsins nánast. Árið 2008 lækkaði hrein eign til greiðslu lífeyris um rúma 6.556 mkr. Síðan varð breyting til hins betra árið 2009 en þá jókst hrein eign sjóðsins um 8.141 mkr. Í árslok 2009 var þó enn langt í land með að eignasafn sjóðsins næði sinni fyrri stærð, en hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 4% lægri en hún var árið 2005.

Sameinaði tafla 9

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Löggjöld	5.032	5.926	5.137	4.392	3.990
Lífeyrir	-3.818	-2.710	-2.324	-2.099	-1.899
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	337	-9.377	989	1.965	3.886
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	9	10	6	6	7
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	11.038	8.723	4.631	12.402	6.371
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-4.206	-8.432	-3	-17	-24
Fjárfestingartekjur	7.178	-9.076	5.623	14.356	10.240
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-132	-119	-119	-99	-93
Rekstrarkostnaður	-119	-119	-118	-99	-94
Rekstrargjöld	-251	-238	-237	-198	-187
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	8.141	-6.098	8.199	16.451	12.144
Sameining séreignarsparnaðarleida	592				
Hrein eign frá fyrra ári	90.474	96.572	88.373	71.922	59.778
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	99.207	90.474	96.572	88.373	71.922
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	8.141	-6.556	10.413	22.118	17.462
Hrein eign frá fyrra ári	90.474	103.824	112.238	96.698	85.956
Hrein eign til greiðslu lífeyris	99.207	97.268	122.651	118.816	103.419

1) Sameinaði lífeyrissjóðurinn sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknaritekjur fjármálafyrirtækja.

33.1.2 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins þar sem tapið var mest. Ekki var talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/

eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins liggur að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparisjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Erlendum verðbréfum

Sameinaði tafla 10

Yfirlit yfir tap Sameinaða lífeyrissjóðsins af skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, erlendum verðbréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparisjóða	268	1.873	3.345	5.486
Skuldabréf fyrirtækja	-134	1.324	4.417	5.607
Innlend hlutabréf		174	10.271	10.445
Erlend verðbréf	329	343		672
	463	3.714	18.033	22.210
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		3.209		3.209
Samtals tap í mkr.	463	6.923	18.033	25.419

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Fimm ofangreindir liðir mynda tap á árunum 2008 til 2010 samtals að fjárhæð 25.419 mkr. Í uppgjöri sjóðsins er gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningar sjóðsins við bankana séu gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers sammings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Skv. forsendum bankanna myndu gjaldmiðlavarnarsamningarnir auka tap sjóðsins um 7.806 mkr. og yrði það samtals 33.225 mkr

Skuldabréf banka og sparisjóða

Í ársbyrjun 2008 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparisjóðum samtals 4.110 mkr. en var í lok sama árs komin niður í 1.196 mkr. Í árslok 2009 voru skuldabréf banka og sparisjóða komin í 3.535 mkr. Umtalsverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparisjóða árin 2008, 2009 og 2010 eða samtals 5.486 mkr. Framangreindar afskriftir eru í raun tapað fé fyrir sjóðinn. Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni banka hf. 1.486 mkr., Byr sparisjóði 793 mkr., SPRON 755 mkr., VBS fjárfestingarbanka 560 mkr., Landsbanka Ís-

lands hf. 438 mkr. og Kaupþing banka hf. 437 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparisjóða námu samtals 1.017 mkr.

Víkjandi og breytanlegt skuldabréf Glitnis.

Í mars 2008 efndi Glitnir banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leyttinu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna breytast yfir í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði bréfið greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Sameinaði lífeyrissjóðurinn tók þátt í útboðinu og keypti skuldabréf af Glitni fyrir 300 mkr. sem töpuðust nokkrum mánuðum síðar eða strax við fall bankans. Kaupin voru samþykkt í framkvæmdastjórn sjóðsins en fóru ekki fyrir stjórn sjóðsins (Sjá nánar kafla 5.1.9 Glitnir hf. - skuldabréfaútboð í mars 2008).

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparisjóða í eigu Sameinaða lífeyrissjóðsins árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Sameinaði tafla 11

Bankar og sparisjóðir - afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
MP Fjárfestingarbanki	12	-2		
Sparisjóðab. Ísl/ Icebank hf.	241	186	55	77%
Sparisjóðurinn í Keflavík	197	182	15	92%
VBS fjárfestingarbanki	257	219	38	85%
Sparisjóður Mýrasýslu	173	119	54	69%
Straumur Burðarás hf.	171	119		70%
SPRON	514	421	93	82%
Landsbanki Íslands hf.	898	143	755	16%
Kaupþing banki hf.	832	-43	875	
Glitnir banki hf.	1.124	-7	1.131	
BYR sparisjóður	777	536	241	69%
Samtals í mkr.	5.196	1.873	3.257	36%

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Sameinaða lífeyrissjóðsins af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum.

Sameinaði tafla 12

Afskriftir hjá bönkum og sparisjóðum vegna skuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Glitnir banki hf.	-24	-7	1.517	1.486
BYR sparisjóður	188	536	69	793
SPRON	42	421	292	755
VBS fjárfestingarbanki	179	219	162	560
Landsbanki Íslands hf.	33	143	262	438
Kaupþing banki hf.	-59	-43	539	437
Sparisjóðab. Ísl/ Icebank hf.	-92	186	241	335
Straumur Burðarás hf.		119	171	290
Sparisjóðurinn í Keflavík	15	182	66	263
Sparisjóður Mýrasýslu	-14	119	24	129
Samtals í mkr.	268	1.875	3.343	5.486

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var 5.742 mkr. í árslok 2005 og jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 11.361 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 5.619 mkr. eða 98% á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 11.965 mkr. en í árslok 2009 var hún komin niður í 5.555 mkr.

Á árinu 2008 voru afskrifaðar 4.417 mkr. af skuldabréfum fyrirtækja. Þrátt fyrir miklar afskriftir á árinu 2008 voru 1.324 mkr. afskrifaðar til viðbótar á árinu 2009. Á árinu 2010 voru afskriftir hins vegar lækkaðar um 134 mkr. Samtals urðu afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa hjá sjóðnum 5.607 mkr. Mest var afskrifað af skuldabréfum í Samson ehf. eða 1.367 mkr. Þá voru 753 mkr. afskrifaðar af skuldabréfum í Avion hf./HF Eimskipafélagi og 729 mkr. af skuldabréfum í Atorka Group hf./Jarðborunum hf., í Milestone ehf. um 554 mkr. og í Exista hf. um 501 mkr. Aðrar afskriftir námu samtals 1.703 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja og stofnana í eigu Sameinaða lífeyrissjóðsins í ársbyrjun 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Taflan á eingöngu við um árið 2009.

Sameinaði tafla 13

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
365 hf.	32	28	4	88%
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.	884	361	523	41%
Bakkavör Group hf.	1.013	363	650	36%
Baugur Group hf.	67	53	14	79%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	434	319		74%
Egla hf.	72	42	30	58%
Exista hf.	177	22	155	12%
Hagar hf.	176	-24		
Teymi hf./Kögun hf.	120	82	38	68%
Mosaic Fashions hf.	173	153	20	88%
Milestone ehf.	139	75	64	54%
Nýsir hf.	47	26	21	55%
N1 hf./Olíufélagið hf.	532	-72	716	
Samson ehf.	14	-146	160	
Latibær ehf.	127	106	21	83%
Skipti hf./Síminn hf.	472	-64	699	
Samtals í mkr.	4.479	1.324	3.115	30%

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Sameinaða lífeyrissjóðsins árin 2008 til 2010 af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Sameinaði tafla 14

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa

	2010	2009	2008	Samtals
Samson ehf.	160	-146	1.353	1.367
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		319	434	753
Atorka Group hf./Jarðboranir hf.	-218	361	586	729
Milestone ehf.	64	75	415	554
Exista hf.	-10	22	489	501
Nýsir hf.	21	26	331	378
Mosaic Fashions hf.	20	153	172	345
Baugur Group hf.	14	53	160	227
Egla hf.	-4	42	183	221
Bakkavör Group hf.	-303	363	111	171
Latibær ehf.	12	106		118
Teymi hf./Kögun hf.	20	82	12	114
N1 hf./Olíufélagið hf.	86	-72	72	86
365 hf.	4	28	11	43
Hagar hf.		-24	24	0
Skipti hf./Síminn hf.		-64	64	0
Samtals í mkr.	-134	1.324	4.417	5.607

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Sameinaði lífeyrissjóðurinn 7.697 mkr. á innlendra hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 10.271 mkr. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera á

bilinu 16-18% árin 2006 og 2007 í það að verða aðeins 4,2% árið 2008 og 3,4% árið 2009.

Sameinaði tafla 15

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutfjáreign í byrjun tímabils	42.657	2.864	14.787	15.373	9.633
Keypt hlutabréf	53.405	323	10.951	29.689	12.442
Seld hlutabréf	52.558	230	12.603	31.355	8.370
Hlutfjáreign í lok tímabils	35.807	2.783	2.864	14.787	15.373
Hagn. / (-tap)	-7.697	-174	-10.271	1.080	1.668

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendra hlutabréfaeign Sameinaða lífeyrissjóðsins tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. *Sjá töflu 16.*

Þann 1. jan. 2006 átti Sameinaði lífeyrissjóðurinn hlutabréf samtals að fjárhæð 9.633 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 15.373 mkr. Þann 1. jan. 2008 var eign sjóðsins í hlutabréfum 14.787 mkr. Hæst fór úrvalsvísitalan þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Um áramótin 2007/2008 hafði vísitalan lækkað frá hæsta gildi um 29,9% og stóð þá í 6.318 stigum. Hlutfjáreign sjóðsins var áberandi mest í Kaupþingi og síðan í Landsbanka Íslands, Straumi Burðarás og Glitni. Sjóðurinn átti lítið af óskráðum hlutabréfum, mest í Símanum eða 675 mkr. að markaðsvirði og síðan stofnfjárbréf í Byr sparisjóði að verðmæti 548 mkr. Eignarhlutur sjóðsins í öðrum óskráðum félögum var óverulegur.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Sameinaða lífeyrissjóðsins í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors ársheilmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upp-

Sameinaði tafla 16

Hlutabréfaeign Sameinaða lífeyrissjóðsins á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús.kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Actavis hf.	727.776	1.258.185	1.647.560					
Alfesca hf./SÍF hf.	381.657	580.499	150.592	243.968	245.049	262.707	239.202	157.716
Atorka hf./Jarðboranir hf.	173.598	119.143	58.898	423.741	313.008	166.055	48.087	5.950
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		266.915	116.150	133.798	37.293	3.980		
Bakkavör hf.	895.988	1.279.719	1.260.529	915.946	860.905	594.649	377.863	47.347
Century Alum. hf.			416.697	372.160	423.190	454.632	248.339	98.876
Dagsbrún hf.	64.964							
Exista hf.		1.289.028	1.646.613	790.148	185.198	966.356	620.340	4.069
FL Group hf.	347.571	633.823	550.058	67.595	92.861	76.313		
Flaga hf.	47.000	30.798	20.129	8.708	7.889	8.517	8.517	8.517
Glitnir banki hf.	1.405.236	1.634.933	1.303.538	1.032.824	249.081	883.242	264.023	
Grandi hf.	8.569							
Icelandair hf.		127.854	42.403	141.249	107.640	22.370		
Kaupþing banki hf.	2.005.746	4.325.905	5.839.921	4.999.549	2.891.591	2.914.938	2.370.136	
Kögun hf.	226.193							
Landsbanki Íslands hf.	1.326.575	1.559.671	2.484.036	1.613.565	1.082.088	1.203.323	757.427	
Marel hf.	118.865	108.410	93.841	569.747	516.682	1.002.920	1.000.992	1.100.247
Mosaic Fashion hf.	131.719	164.113	211.648					
Skipti hf.					1.005.035			
SPRON hf.				14.608	13.299	5.965	19.141	13.881
Straumur Burðarás hf.	550.262	761.977	1.661.531	1.654.175	1.180.830	989.098	1.026.825	212.670
Teymi hf.		29.565	52	209.388	159.037	77.026	88.516	88.516
TM hf.		46.745	48.667					
Össur hf.	316.210	395.228	305.106	724.209	711.314	716.685	719.754	774.865
Vinnslustöðin hf.	15.960							
Samtals í þús. kr.	8.743.888	14.612.509	17.857.972	13.915.377	10.081.988	10.348.777	7.789.161	2.512.653
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
3 Plus	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Byr sparissjóður				54.767	548.525	548.525	548.525	141.372
Eignarhaldsfél. tsj. um verðbrj.	626	626	626	44.223	44.223	44.223	44.223	44.223
Eignarhaldsfél. Sameinaða tsj.	39.996	39.996	39.996	39.996	40.000	40.000	40.000	40.000
EJS	1.907							
Fiskeldi Eyjafjarðar	456	456	456	456	456	456	456	456
Greiðslustofa lífeyrissjóða					58	58	58	58
Janus Endurhæfing	500	500	500					
Karl K. Karlsson	1.828	1.828	1.828	1.828	1.828	1.828		
Máttarstólpar	350	350	350					
Reiknistofa lífeyrissjóða	15.486	15.486	15.486	30.972	30.972	30.972	30.972	30.972
SH	127.488	2.587	2.179	1.760				
Síminn hf.	675.000	675.000	675.000	675.000				
Skinney-Þinganes	2.497	2.497	2.497	2.497	2.497	2.497	2.497	2.497
Softís	2.040	2.040	2.040	2.040	2.040	2.040	2.040	
Sparissjóður vélstjóra	226	226	226					
Stálsmiðjan	26	26	26	26	26	26	26	26
Uppspretta	4.820	3.600	3.600	2.650	2.650	2.650	2.650	2.650
Virðing	14.250	14.250	14.250	14.250	14.250	14.250	22.632	87.814
Samtals í þús. kr.	888.997	760.969	760.560	871.965	689.025	689.025	695.579	351.568
Samtals í þús. kr.	9.632.884	15.373.478	18.618.532	14.787.342	10.771.013	11.037.802	8.484.741	2.864.220

Heimild: Gögn frá Sameinaða lífeyrissjóðnum dags. 30.8.2011.

hafsstöðu hlutfjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildar-tap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til

falls bankanna. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupping banki hf.

Af hlutabréfum í einstöku félagi átti Sameinaði lífeyrissjóðurinn langmest í Kaupping banka hf. Í ársbyrjun 2006 átti sjóðurinn hlutabréf að verðmæti 2.006 mkr. í Kauppingi. Á árinu 2006 tvöfaldaði sjóðurinn hlutabréfaeign sína í bankanum. Á árinu 2007 bætti sjóðurinn heldur við hlutabréfum eða 537 þús. hlutum og átti þá orðið 5.681 þús. hluti sem jafngiltu 4.999 mkr. að markaðsvirði í árslok 2007. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 seldi sjóðurinn 2.080 þús. hluti eða 36,6% af eign sinni í Kauppingi fyrir 1.630 mkr. Heildartap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Kaupping var um 2.778 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	2.689		746,00	2.006
31.12.06	5.144	2.455	841,00	2.065
30.06.07	5.191	47	1.125,00	53
31.12.07	5.681	490	880,00	431
31.03.08	3.601	-2.080	803,00	-1.670
30.06.08	3.820	219	763,00	167
30.09.08	3.425	-395	692,00	-273
31.12.08	2.696		0,00	
Samtals		736		2.778
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				2.778
Staða 31.12.08	2.696		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				2.778

Straumur Burðarás hf.

Í ársbyrjun 2006 átti Sameinaði lífeyrissjóðurinn 34.608 þús. hluti sem námu 557 mkr. að markaðsvirði. Árin 2006 og 2007 bætti sjóðurinn jafnt og þétt við hlutabréfaeign sína í Straumi og átti orðið 109.548 þús. hluti í árslok 2007 og nam andvirði þeirra hluta um 506 mkr. Á fyrri hluta árs 2008 voru 10.141 þús. hlutir seldir. Á þriðja ársfjórðungi keypti sjóðurinn 23.566 þús. hluti fyrir 197 mkr. Áætlað tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Straumi nam um 1.777 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	34.608		16,10	557
31.12.06	43.792	9.184	17,40	160
30.06.07	76.043	32.251	21,80	703
31.12.07	109.548	33.505	15,10	506
31.03.08	100.582	-8.966	11,74	-105
30.06.08	99.407	-1.175	9,95	-12
30.09.08	122.973	23.566	8,35	197
31.12.08	114.339	-8.634	1,86	-16
Samtals		79.731		1.990
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.990
Staða 31.12.08	114.339		1,86	-213
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.777

Exista hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Sameinaða lífeyrissjóðsins í Exista 57.209 þús. hlutir sem jafngiltu 1.287 mkr. að markaðsvirði. Á fyrri hluta árs 2007 seldi sjóðurinn frá sér um 9.342 þús. hluti með verulegum hagnaði. Frá miðju ári 2007 fer gengi Exista að falla með miklum hraða. Þannig var gengi hlutabréfanna 34,40 þann 30.06.2007. Ári síðar eða þann 30.06.2008 var gengi Exista komið niður í 7,52 sem var lækkun um 78,1% á einu ári.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn átti hlutabréf í Skiptum hf. (eignarhaldsfélag Símans og fleiri félaga). Eign lífeyrissjóðsins í Skiptum hf. var 160.806 þús. hlutir sem jafngilti 2,18% af heildarhlutafé Skipta hf. Í mars 2008 gerði Exista hf. öðrum hluthöfum í Skiptum hf. yfirtökutilboð í þeirra hlut í félaginu. Sameinaði lífeyrissjóðurinn samþykkti yfirtökutilboð Exista hf. Samkvæmt tilboðinu var hver hlutur í Skiptum hf. metinn á 6,64 kr. en hver hlutur í Exista var metinn á 10,10 kr. Fyrir hvern hlut í Skiptum hf. voru þannig greiddir 0,6574 hlutir í Exista. Yfirtökutilboð Exista skýrir þannig hækkun á eign sjóðsins í Exista á 2. ársfjórðungi 2008 (Sjá nánar kafla 5.1.9 Exista hf. – yfirtökutilboð á Skiptum hf. í mars 2008).

Hlutabréf Exista voru orðin verðlaus í lok ársins 2008 og tapaði Sameinaði lífeyrissjóðurinn a.m.k. 1.257 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Exista.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.06	57.209		22,50	1.287
30.06.07	47.867	-9.342	34,40	-321
31.12.07	40.007	-7.860	19,75	-155
31.03.08	17.807	-22.200	10,40	-231
30.06.08	128.505	110.698	7,52	832
30.09.08	103.390	-25.115	6,00	-151
31.10.08	101.722	-1.668	0,04	
Samtals		44.513		1.261
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.261
Staða 31.10.08	101.722		0	-4
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.10.08 í mkr.				1.257

Bakkavör hf.

Í árslok 2006 átti Sameinaði lífeyrissjóðurinn 20.476 þús. hluti í Bakkavör hf. sem var um 1.280 mkr. að markaðsvirði. Sjóðurinn seldi síðan á árinu 2007 um 4.819 þús. hluti með nokkrum hagnaði. Hlutafjáreign sjóðsins í Bakkavör var síðan nokkuð jöfn allt þar til bréfin urðu verðlaus í lok árs 2008.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	17.603		50,90	896
31.12.06	20.476	2.873	62,50	180
30.06.07	18.163	-2.313	69,40	-161
31.12.07	15.657	-2.506	58,50	-147
31.03.08	20.845	5.188	41,30	214
30.06.08	20.226	-619	29,40	-18
30.09.08	17.740	-2.486	21,30	-53
31.12.08	18.788	1.048	2,49	3
Samtals		1.185		912
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu 912				
Stæða 31.12.08	18.788		2,49	-47
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				865

Glitnir banki hf.

Í ársbyrjun 2006 átti Sameinaði lífeyrissjóðurinn 81.228 þús. hluti í Glitni. Á árinu 2006 og fyrri helmingi ársins 2007 dregur sjóðurinn úr eignarhaldi sínu í bankanum og selur á þessu tímabili 36.201 þús. hluti með nokkrum hagnaði. Sjóðurinn er síðan áfram á söluhlíðinni allt þar til á fyrsta ársfjórðungi 2008 að keyptir voru 42.914 þús. hlutir fyrir 661 mkr. Það vekur athygli að sjóðurinn heldur áfram að kaupa hlutabréf í Glitni alveg fram að falli bankans. Tap sjóðsins á hlutabréfaeign sinni í Glitni var um 619 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Stæða	Hreyfing		
31.12.05	81.228		17,30	1.405
31.12.06	70.169	-11.059	23,30	-258
30.06.07	45.027	-25.142	28,95	-728
31.12.07	47.053	2.026	21,95	44
31.03.08	14.439	-32.614	17,25	-563
30.06.08	57.353	42.914	15,40	661
30.09.08	58.027	674	4,55	3
03.10.08	71.667	13.640	3,91	53
31.12.08	71.667		0,00	
Samtals		4.079		619
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu 619				
Stæða 31.12.08	71.667		0,00	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				619

Landsbanki Íslands hf.

Markaðsvirði hlutabréfa Sameinaða lífeyrissjóðsins í Landsbankanum var í ársbyrjun 2006 samtals 1.369 mkr. Mestur varð eignarhlutur sjóðsins í bankanum um mitt ár 2007 eða 65.198 þús. hlutir sem voru um 2.484 mkr. að markaðsvirði. Eftir að verð hlutabréfa hafði verið í hámarki um mitt ár 2007 tók sjóðurinn til við að selja hlutabréf sín í

bankanum að undanskildum kaupum á 15.648 þús. hlutum á öðrum ársfjórðungi 2008. Á seinni hluta ársins 2008 tókst sjóðnum að selja 37.946 þús. hluti í bankanum rétt fyrir fall hans í október það ár.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Stæða	Hreyfing		
31.12.05	52.434		26,10	1.369
31.12.06	58.856	6.422	26,50	170
30.06.07	65.198	6.342	38,10	242
31.12.07	45.453	-19.745	35,50	-701
31.03.08	36.557	-8.896	29,60	-263
30.06.08	52.205	15.648	23,05	361
30.09.08	37.129	-15.076	20,40	-308
03.10.08	14.259	-22.870	19,85	-454
31.10.08	14.259	0	0,00	
Samtals		-38.175		415
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu 415				
Stæða 31.10.08	14.259		0	
Tapað hlutfé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				415

Erlend verðbréfaeign

Erlendu verðbréfin hér að neðan hafa öll verið niðurfærð eða afskrifuð um 100% nema Helix Capital Netherland sem hefur verið fært niður um 34%.

Sameinaði tafla 17

Erlend skuldabréf - niðurfærslur/afskriftir	2010	2009	Samtals
Société Générale	58	177	235
Helix Capital Netherland	115	44	159
NBS Calyon Finance Guernsey	41	122	163
SPIRIT	115		115
Samtals í mkr.	329	343	672

Sjá nánar kafla 5.1.9 Société Generale.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Árið 2007 keypti Sameinaði lífeyrissjóðurinn gjaldmiðlavarir til að verja erlenda hluta eignasafns sjóðsins. Meginstefnan var sú að vera með ca. 50% af erlendum eignum varin. Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafði gert afleiðusamninga við Glitni, Kaupþing og Landsbankann. Samningar þessir voru bæði gjaldmiðla-, valréttar- og vaxtaskiptasamningar. Í árslok 2009 var neikvæð stæða á flestum þessara samninga.

Sameinaði tafla 18

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	5.019	499	5.518	-2.309	3.209
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	10.581	2.723	13.304	-2.309	10.995
Mismunur á kröfum í mkr.					7.786

Eins og fram kemur hér að ofan færir sjóðurinn 3.209 mkr. í ársreikningi 2009 sem skuld við lána- stofnanir vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð er m.v. gengisvísitöluna í sept. 2008 sem var þá 175 stig. Skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af bönkum, sem sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta notað til skuldajöfnunar, eru samtals að fjárhæð 2.309 mkr.

Hins vegar gera bankarnir ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Ýrtrustu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v. 31.12.2009 eru 10.995 mkr.

33.2 Stjórn og starfshættir

Sameinaði lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1992 við sameiningu tveggja lífeyrissjóða. Síðan hafa nokkrir aðrir lífeyrissjóðir sameinast honum. Tólf stéttarfélög eiga aðild að sjóðnum.

33.2.1 Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins skiptist á milli stéttarfélaganna og Samtaka atvinnulífsins með svipuðum hætti og hjá öðrum almennum sjóðum. Stjórnin er skipuð sex mönnum, þrír frá stéttarfélagunum, þrír frá Samtökum atvinnulífsins. Stéttarfélögin hafa þá aðferð að velja fulltrúa í fulltrúaráð fyrir hvern ársfund sjóðsins og hvert félag velur einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn á almennum félagsfundi. Þetta þýðir að fjöldi félaga í fulltrúaráðinu getur breyst frá ári til árs og hann getur líka breyst á milli félaganna. Stéttarfélögin tilkynna fjölda fulltrúa sinna á ársfundi til Samtaka atvinnulífsins og framkvæmdastjórn þeirra tilnefni sama fjölda. Þessir fulltrúar mynda fulltrúaráð lífeyrissjóðsins sem kys stjórn hans til tveggja ára í senn. Það sem er mikilvægt við þennan feril er að

„Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstæða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjóri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Kaupþing banka hf. og Glitni banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

félagar í stéttarfélagunum kjósa sína fulltrúa sjálfir en ekki stjórnir félaganna. Með þeirri skipan skapast ákveðið eignarhald félaganna sjálfra á stjórn sjóðsins þótt það sé svo fulltrúaráðið sem kys stjórnarmenn á ársfundi. Fulltrúar stéttarféлага og atvinnurekenda skiptast á um að fara með formennsku stjórnarinnar.

Stjórnin fer með yfirstjórn sjóðsins og henni ber að fjalla um „allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi“. Hún á að sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins og ræður framkvæmdastjóra.¹ Framkvæmdastjórinn ræður starfsmenn sjóðsins, annast daglegan rekstur hans en allar ákvarðanir sem eru „óvenjulegar eða mikilsháttar“ er honum einungis heimilt að framkvæma að fenginni ákvörðun stjórnar eða samkvæmt samþykktri áætlun.² Sambandi stjórnar og framkvæmdastjóra er lýst með svipuðum hætti í *Starfsreglum stjórnar* en þar eru það ákvarðanir sem teljast vera „óvenjulegar eða þýðingarmiklar“ sem

1 Samþykktir Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006, gr. 4.5.

2 Sama, gr. 4.5.1.

honum er ekki heimilt að taka einum.³ Í Ferillýsingum er þessu sambandi lýst með svofelldum hætti: „Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar og ekki í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins getur framkvæmdastjóri ekki gert nema með heimild stjórnar.“⁴ Hér bætist viðbótarskilyrði við sem knýr á um samþykki stjórnar en það er að ráðstöfunin verður að vera andstæð fjárfestingarstefnu sjóðsins eða að minnsta kosti ekki í samræmi við hana til að leita þurfi heimildar stjórnar.

Það er athyglisvert að í *Starfsreglum stjórnar* þá skal framkvæmdastjóri leitast við að hafa samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum um óvenjulegar og þýðingarmiklar ákvarðanir. Í *Samþykktum* sjóðsins segir að „Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.“⁵ Samþykktirnar gera það alveg skýrt að það er stjórnarfundur sem er endanlegi ákvörðunaraðilinn um allar meiriháttar ákvarðanir og sá fundur á að fá öll slík mál til ákvörðunar fyrirfram sé þess nokkur kostur en það er ekki skýrt að þetta skuli gera svo í *Starfsreglum stjórnar*. Það er sjálfsagt að fara eftir samþykktunum í þessu efni en ekki Starfsreglum stjórnar. Það er einnig sjálfsagt að benda á að það verður að lagfæra og skýra þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til að vísa þurfi ráðstöfun til stjórnar. Það er óheppilegt að sömu hlutir eru ekki nefndir í ferillýsingu og í *Starfsreglum stjórnar* og *Samþykktum* en þó er ljóst að starfsreglur og ferillýsingar víkja fyrir samþykktum.

Í gögnum sem nefndin hefur undir höndum er hvergi að finna viðmiðanir um það hvað telst meiriháttar, óvenjulegt eða þýðingarmikið. Það þýðir að mat á því verður hjá framkvæmdastjóranum og að líkindum framkvæmdastjórninni. Ástæðan er sú að þau fá hvert málið á fætur öðru í dagsins önn sem þarf að ákveða, ekki stjórnin. Auðvitað geta myndast um þetta starfsvenjur sem eru öllum ljósar en nefndinni virðist þetta nægilega mikilvægt atriði til að um það ættu að gilda skráðar reglur.

Annað atriði sem ekki virðist nægilega ljóst er staða framkvæmdastjórnar. Hún styðst við ákvæði í feril-

lýsingum sjóðsins en ekki neina samþykkt stjórnar sjóðsins.⁶ Enga lýsingu er að finna á hlutverki framkvæmdastjórnarinnar í ferillýsingunum en það getur vart verið annað en aðstoð við framkvæmdastjórnann, trygging fyrir góðu upplýsingaflæði innan sjóðsins og vönduðum undirbúningi ákvarðana sem ekki teljast vera meiriháttar eða óvenjulegar. En það er líka skýrt í ferillýsingunum að það er á ábyrgð framkvæmdastjórnans að vísa ákvörðunum um óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir til stjórnar.⁷ Framkvæmdastjórnin kemur ekki að því samkvæmt þessu regliverki enda hefur hún ekki formlega ábyrgðarstöðu.

33.2.2 Samskipta- og siðareglur og Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar

Sameinaði lífeyrissjóðurinn setti sér samskipta- og siðareglur í maí 2009.⁸ Þær eru í 7 greinum. Sú fyrsta er um almenn atriði, hlutverk sjóðsins, að sjóðurinn leggi rækt við samskipti sín við sjóðfélaga, viðskiptamenn og fyrirtæki og síðan segir að sjóðurinn hafi undirgengist reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar⁹ og sett sér jafnræðisáætlun um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.¹⁰ Önnur greinin fjallar um umsýslu fjármuna þar sem lögð er áhersla á að fylgja 36. gr. *laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda* og sérstaklega er dregið fram að viðskipti sjóðsins á fjármálamarkaði afli aðilum þar þjónustutekna. Síðan segir: „Allar slíkar þóknanir skulu bókadar og flokkaðar eftir viðskiptavinum. Við endurskoðað uppgjör og könnunaruppgjör skulu slíkar þóknanir birtar stjórn.“ Í þriðju grein er lýst hvernig starfsmönnum beri að hegða sér í samskiptum við sjóðfélaga og vinnuveitendur og í þeirri fjórðu er sama atriði lýst í samskiptum við Fjármálaeftirlitið. Í fimmtu grein er greint frá því að starfsmönnum beri að forðast allt sem varpað gæti skugga á trúverðuleika sjóðsins og mögulega stuðlað að hagsmunaárekstrum og í sjöttu grein er dregið fram að starfsmenn gæti að stöðu sinni í samskiptum við viðskipta- og þjónustuaðila og sæki einungis fundi og kynningar sem hafa skýrt upplýsingagildi og varða hag sjóðsins. Sjöunda greinin er um eftirfylgni með þessum reglum,

6 Ferillýsingar 2008, 1. kaffi, bls. 3.

7 Ferillýsingar 2008, 2. kaffi, bls. 4.

8 Samskipta- og siðareglur Sameinaða lífeyrissjóðsins 2009.

9 Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, samþykktar 2007.

10 Jafnræðisáætlun Sameinaða lífeyrissjóðsins, án árs. <http://www.lifeyrir.is/>

3 Starfsreglur stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins 2002, gr. 5.3.

4 Ferillýsingar 2008, 2. kaffi, bls. 4.

5 Samþykktir Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006, gr. 4.5.1.

að stjórnin haldi vakandi umræðum um og þekkingu á siðareglum innan sjóðsins og kynni þær nýjum starfsmönnum. Þá segir, að starfsmaður geti leitað til óháðs sérfræðings telji hann reglurnar brotnar og að reglurnar skuli endurskoðaðar reglulega.

Jafnræðisáætlun sjóðsins miðast við það að sjóðurinn sjálfur gæti jafnræðis karla og kvenna í störfum sínum og sé til fyrirmyndar á þessu sviði. Reglur Sameinuðu þjóðanna taka til þess að í fjárfestingum sjóðsins sé gætt að umhverfissjónarmiðum, félagslegum sjónarmiðum og stjórnarháttum (UFS) fyrirtækja sem fyrirhugað er að fjárfesta í. Í reglunum eru sex yfirlýsingar og við hverja yfirlýsingu eru nokkrar aðgerðir sem stuðla eiga að því markmiði sem í yfirlýsingunni felst. Fyrsta yfirlýsingin er þessi: „Við munum taka tillit til UFS-málefna við mat á fjárfestingarkostum og í ákvörðunarferli.“ Tvær þeirra aðgerða sem lýst er sem leið að þessu markmiði eru að meta hæfni eignastýringaradila innan sjóðs til að taka tillit til UFS-málefna og hvetja til UFS-þjálfunar fagfólks á sviði eignastýringar. Sjötta yfirlýsingin kveður á um að þeir sem taki þessar reglur upp geri grein fyrir störfum sínum á þessu sviði og hvernig gangi að koma reglunum í framkvæmd.

Það er rétt að það komi fram að þetta regluverk Sameinaða lífeyrissjóðsins sem hér hefur verið lýst er á margan hátt til fyrirmyndar, skýrt, skipulegt og vel unnið. En það þýðir ekki að það sé fullkomið. Það er mikill kostur á samskipta- og siðareglunum að gert er ráð fyrir því að starfsmenn geti leitað eftir ráðgjöf utanaðkomandi aðila telji þeir reglurnar brotnar. Sá aðgangur verður að vera þannig að starfsmenn þurfi ekki fyrst að leita til framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar til að fá heimild til að setja sig í samband við þennan utanaðkomandi aðila, heldur ættu upplýsingar um hann að birtast þar sem reglurnar eru. En það er samt ekki skýrt hver hefur vald til að skera úr um túlkun reglnanna.

Það er mjög athyglisvert að tekið er skýrt fram í samskipta- og siðareglunum að leggja eigi fyrir stjórn sundurlíðað yfirlit yfir þær þóknarir sem greiddar eru þeim fjármálastofnunum sem sjóðurinn er í viðskiptum við. Það verður að líta svo á að hér sé bæði átt við fastar þóknarir og árangurstengdar. Þetta eru mikilvægar upplýsingar sem stjórn ber að fá og ákveða hvernig hún vill fara með þær. Það er mat

úttektarnefndarinnar að þessar upplýsingar eigi að koma fram í ársskýrslu til að sjóðfélögum sé ljóst hver er raunverulegur kostnaður við rekstur sjóðsins.

Reglur Sameinuðu þjóðanna fjalla á margan hátt um sömu hluti og siðareglurnar en áhersla þeirra er á að siðferðileg sjónarmið verði hluti af fjárfestingarstefnu þeirra sem taka þær upp. Það kom fram í viðtali við formann stjórnar sjóðsins að öllum viðskiptaáðilum hefði verið kynnt þessi stefna sjóðsins. Sömu sjónarmið eiga við um þessar reglur og um samskipta- og siðareglurnar að stjórn eða annar tilgreindur aðili verður að bera ábyrgð á því að efna til umræðna um reglurnar, starfsfólk verður að þjálfa í notkun þeirra eins og skýrt kemur fram í leiðunum að markmiði númer eitt og lýst var hér að ofan. Ástæðan fyrir því er sú að þetta er ekki hluti af hefðbundnu háskólanámi í viðskiptafræðum og þau sjónarmið sem liggja að baki reglum Sameinuðu þjóðanna geta oft virkað eins og hemill á arðsemi og verða því í augum þeirra sem eiga að fara eftir þeim eins og hindrun sem þarf að yfirstíga fremur en eðlileg krafa sem ber að uppfylla. Það er full ástæða fyrir sjóðinn að setja sér markmið í þessu efni. Þau gætu til dæmis falist í því að krefjast upplýsinga um stöðu kynjanna í þeim fyrirtækjum sem á að fjárfesta í eða upplýsinga um launamun. Til að tryggja framgang þessara tveggja atriða þarf að efna til námskeiðs um þessi atriði fyrir starfsmenn, festa siðferðilegar viðmiðanir eða UFS-viðmiðanir í ferillýsingum og verklagsreglum. Það ætti til dæmis að koma í lið 1.9 þar sem fjallað er um kaup á skráðum skuldabréfum¹¹ og sama á við ef í verklagsreglunum væri sambærilegur kafli um hlutabréf. Þar gæti staðið: Skuldari uppfylli kröfur um jafnrétti kynjanna og hóflegan launamun. Það þarf síðan að þróa mælitæki og vísitölur um þessi efni til að hægt sé að meta þetta með hlutlægum hætti. Þetta getur kostað umtalsverða vinnu en þegar til lengri tíma er litið ætti sú vinna að skila sér til sjóðsins.

Í Reglum Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að þeir sem taki reglurnar upp geri grein fyrir árangri af notkun þeirra. Það verður ekki séð á ársskýrslum sjóðsins eftir að reglurnar voru samþykktar í stjórn hans að gerð sé grein fyrir því hvernig hefur gengið að framfylgja þeim. Það er full ástæða til að hvetja stjórnina til að vinda bráðan bug að því.

¹¹ Verklagsreglur 2008, bls. 9.

33.3 Fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

33.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Sameinaða lífeyrissjóðsins á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Sameinaði lífeyrissjóðurinn hóf starfsemi sína 1992 við sameiningu Lífeyrissjóðs byggingarmanna og Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða. Síðar bættust sex aðrir sjóðir í hópinn svo sem segir í yfirlitinu um starfsemi sjóðsins. Nokkuð mörg stéttarfélög eiga aðild að sjóðnum. Mörg þeirra eru skipuð iðnlærðum mönnum, þar á meðal úr verktakaiðnaðinum. Hér er því um að ræða hefðbundinn vinnumarkaðssjóð og stjórn hans skipuð fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Við hrun bankanna tapaði lífeyrissjóðurinn svo sem margir aðrir sjóðir verulegum fjármunum. Eftirfarandi samdráttur í verktakaiðnaði er honum einnig mjög erfiður á þann veg að með lækkuðum heildarlaunum og verulegri fækkun sjóðfélaga hafa iðgjöld þessa sjóðs skroppið saman.¹² Sjóðurinn á þó að hafa framtíðina fyrir sér þegar atvinnulífið kemst á fullan skrið á nýjan leik.

Starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins árin fyrir fall bankanna ber glöggvitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitsgerðar þessarar. Hrein eign til greiðslu lífeyris óx verulega framan af úttektartímabilinu. Þegar kom fram á árið 2007 dró úr vextinum. Árið 2008 var hrein eign til greiðslu lífeyris miðað við heildarskuldbindingar neikvæð um 26.068 mkr. eða um 13% og 2009 neikvæð um 17.718 mkr. eða um 9,7% (Sjá töflu 5 hér að framan). Lækka varð áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga árið 2009 og aftur 2010 og höfðu þá hækkanir næstu ára á undan gengið til baka (Sjá töflu SL 4).

33.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Sameinaða lífeyrissjóðinn rætt við Kristján Örn Sig-

urðsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, Sigríði Hrund Guðmundsdóttur, forstöðumann eignasviðs, og Þorbjörn Guðmundsson sem hefur skipst á við aðra að vera formaður og varaformaður sjóðsins á úttektartímanum. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignasviðs komu að fjárfestingum lífeyrissjóðsins. Auk þeirra hefur Ólafur Haukur Jónsson skrifstofustjóri skipað framkvæmdastjórn frá því í lok árs 2006 og tekið þátt í ákvörðunum um fjárfestingar. Við það hefur verið miðað að flestar fjárfestingar væru ræddar í framkvæmdastjórn áður en ákvarðanir væru teknar. Þá hafa allar meiri háttar fjárfestingar verið bornar undir stjórn og allar fjárfestingar í óskráðum bréfum. Það voru hins vegar engin ákveðin fjárhæðarmörk sem giltu um hvað teldist meiriháttar fjárfesting fyrir en eftir hrun. Reglur um framkvæmdastjórn áttu sér stöð í ferillýsingum sem samdar höfðu verið fyrir sjóðinn. Samkvæmt skipuriti, sem sett var í þessum ferillýsingum, átti framkvæmdastjóri að halda fundargerð vegna funda hennar. Ítarlegar verklagsreglur lágu einnig fyrir. Framkvæmdastjórinn sagði að sjóðurinn hefði staðið fyrir árlegum haustfundi með stjórn sjóðsins þar sem kvaddir hefðu verið til sérfróðir aðilar til að meta stöðu markaða og aðstoða við gerð framfallsreikninga ofl. Þá er miðað við að ákveðnir eignaflokkar séu teknir út og fylgni og vænt ávöxtun reiknuð fyrir hvern flokk. Umræðan á slíkum fundum mun hafa snúist um hver áhætta sjóðsins í fjárfestingum ætti að vera. Sjóðurinn mun hafa fengið aðstoð frá áhættustýringu Kaupþings við að stilla upp útlínum að áhættulýsingu.¹³

33.3.3 Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Sameinaða lífeyrissjóðsins var í stórum dráttum háttað á úttektartímanum. Í viðtali úttektarnefndarinnar við framkvæmdastjórnann kom fram að á árunum 2002/2003 hefði eignasamsetning Sameinaða lífeyrissjóðsins verið önnur en margra annarra lífeyrissjóða. Hlutfall erlendra bréfa var t.d. 50% af eignum sjóðsins. Þetta hafi komið illa út fyrir ávöxtun sjóðs-

12 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Þorbjörn Guðmundsson, stjórnarformann Sameinaða lífeyrissjóðsins, dags. 15.9.2011.

13 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóra Sameinaða lífeyrissjóðsins, dags. 15.9.2011.

ins árin á eftir. Því hafi verið um það rætt um 2005 í stjórn sjóðsins hvort þeir ættu að halda sig við fyrri stefnu að leggja áherslu á ríkiskuldabréf og veðbréf auk erlendra bréfa, eða svo sem margir aðrir sjóðir (vinnumarkaðssjóðir) að auka vægi innlendra hlutabréfa og fyrirtækjaskuldabréfa sem sjóðurinn hafði lagt litla áherslu á fram að því. Þessi umræða hefði dregið dóm af umfjöllun um lífeyrissjóðina á þessum tíma, ávallt hafi verið litið til eins árs í senn um ávöxtun sjóðanna og ekkert litið til þess hver áhættugrunnur þeirra væri. Framkvæmdastjórinn kvaðst um það sannfærður að hefði sjóðurinn haldið óbreyttri fjárfestingarstefnu, hefði hann tapað mun minna á bankahrúningu.¹⁴ Samkvæmt þeim samanburði á lífeyrissjóðum landsmanna sem úttektarnefndin hefur gert og á ávöxtun þeirra á úttektartímanum hlýtur hún að taka undir þetta álit framkvæmdastjórans. Má ef til vill halda því fram að vinnumarkaðssjóðir (stéttarfélagssjóðir) hafi verið útsettari fyrir ríkjandi umræðu en aðrir sjóðir vegna baklands þeirra. Langtímasjónarmið um ávöxtun og áhættu hafi því átt erfiðara uppdráttar í þeim sjóðum.

Fjárfestingarstefna Sameinaða lífeyrissjóðsins virðist ákveðin með mjög rúmum vikmörkum. Þótt vikmörk geti verið nauðsynleg og einhverju miðgildi sé venjulega fylgt geta mjög víð vikmörk valdið því að erfiðara verður að koma til móts við ákvæði 36. gr. lífeyrissjóðalaganna um háþörk ákveðinna fjárfestinga og því veruleg hættu á að ákvæðin séu brotin. Sérstaklega gildir þetta þegar háþörk vikmarka eru þau sömu og háþörk laganna. Starfsmenn sjóðsins vilja þó ekki segja að þetta hafi komið að sök hjá þeim.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafði eignarstýringarsamninga við fjóra aðila. Sameinaði lífeyrissjóðurinn var og er einn eigenda verðbréfafyrirtækisins Virðingar. Hugmyndin með stofnun þess var að útvista þangað hluta af eignastýringu sjóðsins, m.a. innlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Á árinu 2003 hafði m.a. á grundvelli skýrslu, sem unnin var fyrir sjóðinn, verið ákveðið að heppilegra væri að útvista eignum félagsins til fleiri fjárfestingaraðila. Í framhaldi af því var samið við Kaupþing og Landsbankann um stýringu á hlutabréfasöfnum, Landsbankann eingöngu um stýringu innlends safns en Kaupþing

sá einnig um erlent safn. Það mun hafa verið eignastýring fagfjárfesta sem sá um fjárfestinguna hjá Kaupþingi. Íslensk verðbréf voru síðan með innlent skuldabréfasafn og hlutabréfasafn.¹⁵ Virðing var loks með skuldabréfasafn. Bæði Íslensk verðbréf og Virðing munu hafa átt að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Eignarstýringaraðilarnir voru þannig fimm og sagði framkvæmdastjórinn úttektarnefndinni að þetta hefði verið gert í því augnamiði að geta borið árangurinn saman og fækkað þeim síðan og fært til þess aðila sem best reyndist.¹⁶ Auk þessa sem hér hefur verið talið hafði sjóðurinn samninga við Landsbankann, Glitni og Kaupþing um gjaldmiðlavarnir. Miðað var við að varnarhlutfallið væri 50%. Í ljósi þess vaxtamunar sem var á milli gengis gjaldmiðla horfði sjóðurinn til þess að eðlilegt væri að draga úr áhættunni auk þess sem það þótti skynsamlegt að vera með varnir á erlendar eignir. Á árinu 2008 rýrnuðu erlendar eignir sjóðsins um 30% vegna hræringa á mörkuðum. Sjóðurinn mun ekki hafa selt mikið af eignunum, en við rýrnunina hækkaði varnarhlutfallið að sama skapi.¹⁷

Aðkomu framkvæmdastjórnar að eignastýringu sjóðsins sjálfs hefur verið lýst. Forstöðumaður eignasviðs hefur umsjón með öllu verðbréfasafni sjóðsins og annast daglega eignastýringu á innlendu og erlendu verðbréfasafni. Deildarstjórinn sagði úttektarnefndinni að hugmyndin með ráðningu hennar hefði verið sú að byggja upp innlent hlutabréfasafn sjóðsins og hafi það verið gert jafnt og þétt eftir að hún hóf störf 2004.¹⁸ Spurð að því hvernig mat hefði verið lagt á fjárfestingar sagði hún að skoðaðar hefðu verið greiningar frá ýmsum aðilum, bæði bönkum og líka verðbréfafyrirtækjum sem fjárfestu fyrir eigin reikning. Þá hafi verið sóttir kynningarfundir. Hún benti á að erfið hefði reynt að horfa til kennitalna á borð við meðalraunávöxtun síðustu 2-3 ára sökum þess hversu hratt fyrirtækin uxu á árunum fyrir bankahrún.¹⁹ Fram kom hjá framkvæmdastjóranum og deildarstjóranum að það hefði orðið niðurstaðan þegar hlutabréf byrjuðu að falla um mitt ár 2007 að

15 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar Íslenskra verðbréfa, dags. 27.9.2011.

16 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn.

17 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn Sigurðsson.

18 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigríði Hrunn Guðmundsdóttur, forstöðumann eignasviðs Sameinaða lífeyrissjóðsins, dags. 15.9.2011.

19 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigríði Hrunn.

14 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn, dags. 15.9.2011.

minnka stöður í hlutabréfum, sem voru í eigin stýringu. Forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa sagði að sama hefði gilt um það hlutabréfasafn sem fyrirtækið hafði í stýringu fyrir sjóðinn.²⁰ Erfiðara mun hafa reynst að selja fyrirtækjaskuldabréf því eftirmarkaður var lítill fyrir þau 2007 og 2008.²¹ Hins vegar munu eignastýringaraðilarnir hafa haldið sínum stöðum, enda miðuðu samningar við þá að því að þeir fjárfestu í tilteknum flokkum verðbréfa og hefðu lítið lausafé á hverjum tíma.²²

33.3.4 Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins

Tap Sameinaða lífeyrissjóðsins varð fyrst og fremst á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tapið varð aðallega í eftirfarandi verðbréfaflokkum: skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja og innlendum hlutabréfum. Vega þar innlendu hlutabréfin mest. Samtals nam tap á þessum liðum 25.419 mkr. (Sjá yfirlit um sjóðinn að framan í töflu 10). Lítið tap mun enn hafa orðið á sjóðfélagalánum, en einhverjir sjóðfélaga munu vera í skuldaaðlögun hjá embætti umboðsmanns skuldara.²³

Í yfirlitinu um starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins er því lýst að sjóðurinn tók þátt í útboði og keypti víkjandi skuldabréf af Glitni fyrir 383 mkr. sem töpuðust nokkrum mánuðum seinna. Bréf þetta var sérstakt af því leyti að skuldabréfin voru án gjalddaga og skyldi andvirðið breytast í hlutabréf 1. apríl 2013. Skuldabréfið var verðtryggt og með 8% vöxtum. Nokkrir lífeyrissjóðir keyptu í þessu útboði. Hafa fyrirsvarsmenn þeirra allir lýst því að mjög hafi verið þrýst á þá að kaupa í þessu útboði og þeim sýndar gylltar útkomur um stöðu bankans. Þess er nú freist að að fá þessum skuldabréfum rift fyrir dómi. Úttektarnefndin er þeirrar skoðunar að mjög sé hæpið að lífeyrissjóðir hafi lögum samkvæmt heimild til að kaupa víkjandi skuldabréf, a.m.k. með slíku ákvæði og hér um ræðir. Alla vega er ljóst að það samræmist illa hlutverki þeirra sem varfærinna fjárfesta, sbr. 1. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaga (Sjá nánar kafla 5.1.9).

Að framan er því lýst að um 2005 hafi lífeyrissjóðurinn breytt um stefnu og farið að leggja verulega

aukna áherslu á innlend hlutabréf í fjárfestingum sínum. Mun þetta hafa verið gert vegna þrýstings frá sjóðfélögum og fyrir samanburð við aðra lífeyrissjóði sem áður höfðu hætt sér inn á þessa braut með verulegum ábata að því er séð varð. Sjóðurinn jók svo þessar áherslur sínar með þó nokkrum árangri í bókum sínum allt fram á mitt ár 2007 að hlutabréfaverð tók að falla. Sjóðurinn mun þá hafa dregið úr þessum áherslum í eigin fjárfestingum og Íslensk verðbréf munu sömuleiðis hafa að ósk sjóðsins gert það. Aðrir eignastýringaraðilar sjóðsins munu hins vegar hafa haldið stöðum sínum samkvæmt stýringarsamningunum. Við fall bankanna tapaði sjóðurinn verulegum fjármunum á fjárfestingum í hlutabréfum.

Gjaldmiðlavarnir Sameinaða lífeyrissjóðsins voru, svo sem að framan greinir, hjá Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum og auk þess samkvæmt samningi við Ráðgjöf og efnahagsmál. Varnarhlutfallið var miðað við 50%. Hafði sjóðurinn fyrst tekið upp varnirnar upp úr aldamótum, en hlutfallið var aukið 2007 þar sem miklar sveiflur höfðu verið á ávöxtun erlendu bréfanna. Í ljósi þess vaxtamunar, sem var á milli gjaldmiðlasvæða, taldi sjóðurinn að eðlilegt væri að draga úr áhættunni auk þess sem varnirnar væru til ábata fyrir sjóðinn. Á árinu 2008 rýrnuðu erlendar eignir sjóðsins um 30% vegna hræringa á mörkuðum. Sjóðurinn mun ekki hafa selt mikið af erlendum eignum sínum en með rýrnun þeirra hækkaði varnarhlutfallið að sama skapi.²⁴ Umdeilanlegt er hvort nokkur þörf sé á gjaldmiðlavörnum lífeyrissjóða, sem eru langtímafjárfestar. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum eru gjaldmiðlavarnir eingöngu heimilar í varnarskyni. Það sjónarmið, sem sjóðurinn lagði upp með að hluta, að taka skyldi þátt í gjaldmiðlavörnum í ábataskyni, hefur því enga lagastoð. Sjá nánar um gjaldmiðlavarnir í almenna hluta skýrslunnar, kafla 5.1.4.

Ljóst er af viðtölum nefndarinnar við stjórnarmann og starfsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins að lítil umræða skapaðist innan sjóðsins um stjórnenda- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Ákvæði lífeyrissjóðalaga hafa að geyma ákvæði um hámark fjárfestinga í einstökum fyrirtækjum og samstæðum þeirra. Þá höfðu lög um fjármálfyrirtæki frá 2002 skilgreint tengd fyrirtæki, sem vekja hefðu mátt aðila

20 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson hjá ÍV.

21 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Kristján Örn og Sigríði Hrund.

22 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn.

23 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Þorbjörn Guðmundsson.

24 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kristján Örn.

sem störfuðu á fjárfestingarmarkaði til umhugsunar um hættur sem af þessu stöfuðu, svo sem seinna kom í ljós. Í almenna hluta skýrslunnar, kafla 5.1.7, er nánar fjallað um þetta atriði. Þá gilti það sama um fyrirsvarsmenn Sameinaða lífeyrissjóðsins og fyrirsvarsmenn annarra sjóða að þeir voru ekki á verði fyrir þeirri hættu sem stafaði af gölluðum skilmálum í eingreiðsluskuldabréfum (kúlulánum), sem smám saman urðu ríkjandi í útgáfum eignarhaldsfyrirtækja á markaði. Er um þetta nánar rætt í almenna hluta skýrslunnar, kafla 5.1.5. Við fall bankanna tapaði sjóðurinn verulegum fjárhæðum á þessum eingreiðslubréfum banka og annarra fyrirtækja, bæði tengdum og ótengdum. Þess ber að geta, að þegar líða tók á árið 2007 og á árinu 2008 var ekki lengur neinn eftirmarkaður með innlend skuldabréf. Þótt fyrirsvarsmenn sjóðanna hefðu haft einhvern vara á sér um að í óefni stefndi var því ekki unnt að losna við slík bréf nema fyrir hrakvirði. Forstöðumaður eignarstýringar Íslenskra verðbréfa sagði nefndinni að þegar leið að árið 2008 hefði hann gætt þess eftir að hafa fengið gjaldfallin eingreiðslubréf greidd á gjalddaga að taka ekki þátt í útboðum sömu fyrirtækja. Hann hefði þannig fengið eingreiðslubréf greidd á gjalddaga í júní frá Baugi og síðar frá Samson og ekki tekið þátt í endurfjármögnun þessara lána. Hann gerði því skóna að fjármögnunin hefði lent að verulegum hluta annars vegar á Glitni og hins vegar á Landsbankanum.²⁵

Að framan er ýmislegt tíundað sem miður fór í starfsemi Sameinaða lífeyrissjóðsins í aðdraganda hrunsins. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur Sameinaða lífeyrissjóðsins frekar en stjórnendur annarra lífeyrissjóða hafi mátt gera sér grein fyrir því hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall þeirra að koma í ljós hvernig yfirstjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra oft á tíðum misbeitt síðustu árin fyrir hrun. Almennigur var jafnframt illa upplýstur um erfiðleika bankanna við að fjármagna sig á erlendum mörkuðum. Fæstir fagfjárfestar virðast heldur hafa áttað sig á alvarleika málsins þótt þeir hafi ef til vill gert sér einhverja grein fyrir því að þungt væri fyrir fæti. Jafnvel virðast starfsmenn fagfjárfestadeilda bankanna sjálfra ekki hafa verið nægjanlega upplýstir fyrir en alveg á síð-

ustu dögum fyrir hrun. Æðstu stjórnendur bankanna hafa hugsanlega einir haft heildarsýn yfir stöðuna. Stjórnendum Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og greiningardeildum bankanna er einnig legið á hálsi af stjórnendum lífeyrissjóðanna fyrir að hafa annaðhvort ekki lesið stöðuna rétt eða verið blekkir af yfirstjórn bankanna. Stjórnámálemenn og ímyndarsérfræðingar hafi svo verið notaðir til að fegra myndina, sbr. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

25 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæ Guðbrandsson.

34. Kafli

34.1. Stafir lífeyrissjóður	115
34.1.1 Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs	115
34.1.2 Tap Stafa lífeyrissjóðs 2008 til 2010	121
34.2 Stjórn og starfshættir	130
34.2.1 Stjórn	130
34.2.2 Stjórn og starfsmenn	130
34.2.3 Samskipta- og siðareglur	132
34.3 Fjárfestingar Stafa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar	133
34.3.1 Inngangur	133
34.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	133
34.3.3 Fjárfestingarstefna Stafa lífeyrissjóðs	134
34.3.4 Tap Stafa lífeyrissjóðs	136

34.1. Stafir lífeyrissjóður

34.1.1 Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs

Upphaf

Stafir lífeyrissjóður var stofnaður árið 2006 en tók formlega til starfa 1. janúar 2007. Sjóðurinn var stofnaður með samruna Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar. Aðild að sjóðnum eiga fyrirtæki og einstaklingar sem áttu skyldu aðild að Samvinnulífeyrissjóðnum samkvæmt samþykktum og kjarasamningum við stofnun Samtaka atvinnulífsins 15. september 1999. Að auki eiga aðild að sjóðnum Samband atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði og Samtök ferðaþjónustunnar.

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum sjóðfélaga (launþega) og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð sex mönnum og skulu þrír kjörnir af sjóðfélögum og þrír af samtökum atvinnurekenda. Þá skulu jafnmargir varamenn kjörnir með sama hætti. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Einn fulltrúi í stjórn skal tilnefndur að höfðu samráði við Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og einn skal koma úr röðum aðildarfyrirtækja sjóðsins.

Fulltrúar sjóðfélaga og varamenn skulu kjörnir á sérstökum kjörfundi sem haldinn skal fyrir ársfund lífeyrissjóðsins, sbr. ákvæði gr. 6.3.1. í samþykktum sjóðsins. Réttur til að greiða atkvæði á þeim kjörfundum fer eftir gr. 6.3.1. Þeir þrír einstaklingar sem flest atkvæði fá á kjörfundinum teljast kjörnir í stjórn lífeyrissjóðsins.

Gr. 6.3.1. um kjörfund:

„Fulltrúar sjóðfélaga skulu vera 39 að tölu og jafnmargir til vara. Skiptist fjöldi þeirra milli þriggja hópa eftir aðild þeirra að sjóðnum. Í fyrsta lagi þeirra sem greiða til sjóðsins á grundvelli fyrirtækjaðildar, sbr. gr. 4.2, í öðru lagi þeirra sem greiða til sjóðsins á grundvelli kjarasamninga Rafiðnaðarsambands Íslands og í þriðja lagi þeirra sem greiða í sjóðinn á grundvelli kjarasamninga Matvæla- og veit-

ingasambands Íslands. Fjöldi fulltrúa skiptist á milli ofangreindra hópa í sama hlutfalli og fjárhæð greiddra lífeyrissjóðsiðgjalda á síðasta almanaksári frá hverjum hópi. Hver hópur um sig ákveður hvernig fulltrúaval fer fram innan sinna raða og hversu marga varamenn hann tilnefnir. Skal hann njóta aðstoðar starfsmanna lífeyrissjóðsins eftir þörfum og skulu upplýsingar um hversu marga fulltrúa hver hópur skal skipa liggja fyrir hjá sjóðnum eigi síðar en einum mánuði fyrir ársfund. Hver fulltrúi kjörinn samkvæmt framansögðu fer með eitt atkvæði við kjör fulltrúa sjóðfélaga (launþega) í stjórn sjóðsins og með 1/39 hluta atkvæða sjóðfélaga á ársfundi. Fulltrúar sjóðfélaga skulu valdir annað hvert ár, sömu ár og endurnýjun fer fram á stjórnarmönnum sjóðfélaga. Eigendur fyrirtækja, æðstu stjórnendur fyrirtækja, stjórnarmenn og aðilar nákomnir þeim geta ekki orðið fulltrúar sjóðfélaga.“

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra. Kjörið fer þannig fram að annað árið skal kjósa fulltrúa sjóðfélaga ásamt varamönnum og hitt árið fulltrúa atvinnurekenda ásamt varamönnum. Kjörtímabili núverandi stjórnar lýkur 28. febrúar 2013. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögurétti. Ársfundurinn er þó fyrst og fremst upplýsingafundur.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Stöfum lífeyrissjóði árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Stafir tafla 1

Stafir lífeyrissjóður - stjórn í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Haraldur H. Jónsson	RSÍ	Form.	Varaf.	Form.	Varaf.
Guðsteinn Einarsson	SA	Varaf.	Form.	Varaf.	
Arnbjörn Óskarsson	SA	X	X	X	X
Erna Hauksdóttir	SA	X	X	X	X
Niels S. Olgeirsson	Mat.	X	X	X	X
Sigurður Sigfússon	*	X	X	X	X
Guðbrandur Þ. Guðbrandsson	**				
Guðmundur Hjaltason	**				Form.
Karl Stefánsson	*				X
Aðildarfélag RSÍ			RSÍ		
Samtök atvinnulífsins			SA		
Matvís			Mat.		
Starfsmenn fyrirt. fyrrum aðildarfél. Samvinnulífeyrissjóðsins			*		
Launagr. fyrrum aðildarfélaga Samvinnulífeyrissjóðsins			**		

Stjórnarmenn í árslok 2009 hafa allir að tveimur undanskildum setið í stjórn sjóðsins frá stofnun. Frá árinu 2007 hefur stjórnarformennska skipst árlega milli Haralds H. Jónssonar og Guðsteins Einarssonar. Fyrsta starfsár sjóðsins, árið 2006, voru stjórnarmenn átta en var fækkað niður í sex árið 2007.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Ólafur Sigurðsson hefur verðið framkvæmdastjóri sjóðsins frá stofnun. Ólafur var áður framkvæmdastjóri Lífiðnar lífeyrissjóðs frá árinu 2005. Skúli Skúlason hefur verið hjáráðgjafi frá stofnun. Skúli var áður hjáráðgjafi Samvinnulífeyrissjóðsins frá 1984. Svava G. Sverrisdóttir hóf störf sem sjóðstjóri árið 2007 og Viktor Guðmundsson hefur verið skrifstofustjóri frá stofnun. Viktor starfaði áður hjá Lífeyrissjóðnum Lífiðn.

Endurskoðun:

Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, PricewaterhouseCoopers hf.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur.

Innra eftirlit:

Sif Einaradóttir, löggiltur endurskoðandi, Deloitte hf.

Regluvörður:

ADVEL lögfræðipjónusta.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Stjórnar- og starfsmenn Stafa lífeyrissjóðs sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009:

Guðsteinn Einarsson

- EBG ehf.
- Eignarhaldsfélagið Andvaka g.f.
- Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar
- Löngusker ehf.
- Langflug ehf.
- Icelandair ehf.
- Fóðurblandan hf. Samvinnusjóðurinn ses.
- Gift fjárfestingarfélag ehf.
- Fjárfestingarfélagið EST ehf.

Niels S. Olgeirsson

- Rekstrarfélag Virðingar

1) Heimild: Minnisblöð frá Stöfum lífeyrissjóði dags. 25. febr. 2011 og 5. jan. 2012.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Stafa lífeyrissjóðs er að finna í 2. grein samþykktu sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktu þessara.

2.2 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs

Stafir lífeyrissjóður skiptist í tvær megindeildir, samtryggingardeild og séreignardeild.

- *Samtryggingardeild:* Í samtryggingardeild greiðast lögbundin eða sammingsbundin ið-

gjöld, sbr. gr. 10.1 og 10.2 í samþykktum sjóðsins.

- *Séreignardeild*. Í séreignardeild greiðast viðbótariðgjöld, skv. samþykktum sjóðsins. Séreignardeildin býður upp á þrjár ávöxtunarleiðir:

Leið 1 (Sólstafir)

Leið 2 (Kjarnastafir)

Leið 3 (Upphafsstafir)

Nefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildanna eru aðeins um 5,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð yfir Stafir lífeyrissjóð hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Þann 28. ágúst 2007 samþykkti stjórn Lífeyrissjóðsins Stafa starfsreglur stjórnar. Verksvið stjórnar er m.a. eftirfarandi:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi sé í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gengur frá stafslýsingu.
- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórnin getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála með sérstakri bókun.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins.
- Ábyrgð stjórnarmanna varðandi fjárfestingar sjóðsins felst einkum í eftirfarandi:
 - Að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til þess að þekkja fjárhagsstöðu sjóðsins á hverjum tíma.
 - Að fjalla um fjárhagsáætlanir og leggja mat á þær.
 - Að fylgjast með meðferð vörslufjár, þ.m.t. gengisvörnum og framvirkum samningum.

- Að hafa vakandi auga með rekstri og fjárhagsstöðu sjóðsins og grípa inn í á viðeigandi hátt í tæka tíð, hvenær sem þörf krefur.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um tilgang, starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirsvar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðarbók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur og breytingar og meðferð á starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Undirritaðar voru starfsreglur framkvæmdastjóra Stafa lífeyrissjóðs þann 1. desember 2006. Um ábyrgð framkvæmdastjóra segir:

„Starfsmaður ber ábyrgð á fjármálum sjóðsins, bókhaldi, lífeyrismálum, kaupum og sölu verðbréfa, ávöxtunarmálum, innheimtumálum og hverjum þeim málum öðrum er stjórnin felur honum og tengjast starfsemi sjóðsins.“

Verksvið framkvæmdastjóra er eftirfarandi:

- Að annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við markaða stefnu og ákvörðun stjórnar.
- Að upplýsa stjórn sjóðsins um það helsta er varðar daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt reglum um upplýsingagjöf til stjórnar.
- Að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem mótuð hefur verið fyrir sjóðinn. Hann hefur heimild til kaupa á stöðluðum markaðsverðbréfum í samræmi við fjárfestingarstefnu. Allar fjárfestingar í óstöðluðum bréfum, bein lán eða fjárfestingar sem talist geta óvenjulegar og meiriháttar eða eiga sér ekki augljósa skírskotun í fjárfestingarstefnu sjóðsins, skulu hljóta staðfestingu stjórnar. Alla samninga sem telja verður meiriháttar skal framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórnarfund.
- Framkvæmdastjóri skal fara með atkvæðisrétt er fylgir eignarhluta sjóðsins í þeim félögum sem sjóðurinn á hluti í.
- Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðendum og tryggingafræðingi allar upplýsingar um sjóðinn sem þeir óska.

Fjárfestingarstefna, samtryggingardeild

Stjórn lífeyrissjóðsins á að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins með hliðsjón af fjárfestingarheimildum í samþykktum sjóðsins og þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnuna til eins árs í senn. Í fjárfestingarstefnunni skulu koma fram þær forsendur sem stjórn sjóðsins byggir stefnuna á. Heimild: Ársskýrsla Stafa lífeyrissjóðs árið 2007.

Fjárfestingarstefna sjóðsins gerir þannig ráð fyrir að við ráðstöfun fjármagns og eignastýringu á verðbréfasafni sjóðsins skuli eftirfarandi viðmið notuð um skiptingu eigna þannig að eignarhluti í einstökum verðbréfaflokkum geti að hámarki numið:

Stafir tafla 2

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2008 - skipting eftir tegundaflokkum.

	Samtrygging		Séreignarsjóðir		
	Markmið	Vikmörk	Leið 1	Leið 2	Leið 3
Í hlutfalli af hreinni eign til greiðslu lífeyris					
Innlán í bönkum og sparisjóðum	3,0%	4,0%	100%	10%	
Ríkisvixlar og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	13,0%	3,0%		2%	2%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1,0%	0,5%			
Skuldabréf og vixlar fjármálastofnana	5,0%	1,5%		3%	3%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	12,0%	2,0%		50%	35%
Hlutabréf	40,0%	6,0%			37%
Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða	2,0%	3,0%			3%
Önnur verðbréf	24,0%	8,0%		35%	20%
Samtals	100,0%		100%	100%	100%

Eðli málsins samkvæmt eru breytingar á fjárfestingarstefnu ekki miklar milli ára. Þá gerir stefnan ráð fyrir tilteknum lágmarks- og hámarksvikmörkum í hverjum verðbréfaflokki fyrir sig.

Eignastýring

Í lok árs 2006 var stofnað fjárfestingarráð hjá Stöfum. Skráð markmið þess er að stuðla að faglegum og vönduðum vinnubrögðum við framkvæmd á fjárfestingarstefnu sjóðsins. Verkefni fjárfestingarráðs er að aðstoða stjórn við mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins. Leggja mat á virði og vænta ávöxtun eignaflokka á hverjum tíma og áhættu sjóðsins sem felst í eignarhaldinu. Hafa eftirlit með einstaka fjárfestingum og að þær séu samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins á hverjum tíma. Gera mánaðarlega skýrslu um ávöxtun eigna og áhættu.

Fjárfestingarráð er skipað framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og öðrum starfsmönnum sem framkvæmdastjóri velur í ráðið. Framkvæmdastjóri er hópstjóri í ráðinu. Fjárfestingarráð er framkvæmdastjóra til skrafs og ráðagerða um framkvæmd fjárfestingarstefnunnar.

Fjárfestingarráðið hélt engar fundargerðir um fundi og ákvarðanir ráðsins árin 2006 og 2007. Fyrsti skráði fundur ráðsins sem úttektarnefndin hefur undir höndum er frá 1. mars 2008. Varla er hægt að kalla það sem þar er skráð niður fundargerð. Þess í stað er þar frekar um sundurlausa minnisþunkta að ræða. Í minnisþunktunum er ekki að sjá neitt heildstætt ferli þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir tillögum og/eða ákvörðunum sem ráðið tók varðandi kaup og/eða sölu einstakra verðbréfa. Fundargerðir lögðust eftir því sem á leið.

Heimild: Minnisblað Stafa lífeyrissjóðs dags. 10. maí 2006 og Fundargerðabók fjárfestingarráðs.

Í skýrslu innri endurskoðanda fyrir árið 2006 kemur fram sú ábending að fjárfestingarráð skrái fundargerðir þar sem fram kemur hvaða ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar. Innri endurskoðandi þurfti að ítreka ofangreinda ábendingu í skýrslum sínum fyrir árin 2007 og 2008.

Heimild: Skýrslur innri endurskoðanda fyrir árin 2006, 2007 og 2008.

Stafir lífeyrissjóður er með stóran hluta eigna sinna í fjárfestingum hjá eftirtöldum aðilum: Samningur um eignastýringu og eignaumsýslu við Virðingu hf.; samningur um gjaldeyrisáhættustýringu við Virðingu. Samningur um stýringu á sérgreindum eignum við Íslensk verðbréf hf. en afleiðuvíðskipti sjóðsins voru í stýringu hjá Landsbankanum og Glitni.

Virðing hf.

Þann 3. júní 2002 gerði Lífeyrissjóðurinn Lífiðn (forveri Stafa) samning við Virðingu hf. um vörslu, umsýslu og ávöxtun fjármuna sjóðsins samkvæmt fjárfestingarstefnu sem tilgreind var í viðauka með samningnum. Við samruna Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins í Stafi lífeyrissjóð, tóku Stafir við réttindum og skyldum Lífiðnar á fyrrnefndum samningi.

Þann 1. mars 2009 var síðan undirritaður nýr samningur milli Stafa lífeyrissjóðs og Virðingar hf. um eignastýringu. Samningurinn tók til innlendra

hlutabréfa og skuldabréfa ásamt safni norrænna hlutabréfa.

Íslensk verðbréf hf.

Þann 31.12.2007 undirrituðu Stafir og Íslensk verðbréf hf. samning um „Innlend skuldabréf - lausa-fjárstýringu“. Með samningnum fylgdi fjárfestingarstefna og var hún þannig:

Ríkistryggð skuldabréf og víxlar	0-100%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja og sveitarfélaga	0-100%
Skuldabréf og víxlar banka og fjármálafyrirtækja	0-100%
Millibankamarkaður	0-100%
Peningamarkaðsreikningar	0-100%
Peningamarkaðssjóðir	0-100%

Fjárfestingarstefnan kemur undarlega fyrir sjónir því skv. henni er fjárvörsluaðila heimilt að fjárfesta í hvaða hlutföllum sem er innan ofangreindra eignaflokka. Þess ber þó að geta í fjárstýringu hjá Íslenskum verðbréfum voru 400 mkr. sem svaraði til 0,5% af eignum sjóðsins.

Íslandsbanki hf.

Þann 22. desember 2003 gerðu Íslandsbanki og Stafir lífeyrissjóður með sér samning um eigna- og áhættustýringu á tilteknu erlendu eignasafni Stafa. Samningurinn fól í sér gerð afleiðusamninga um gjaldmiðla og viðskipti með gjaldeyri og miðar að því að halda gjaldmiðlaáhættu af erlenda gjaldmiðlasafninu innan ramma áhættustýringar sem skilgreindur var í viðauka I með samningnum. Í viðauka I kom fram að hámarksupphæð sem verja mátti til nettókaupa á valréttum vegna stýringarinnar væri 10 mkr. á ári og var miðað við að 0-100% af gjaldmiðlasafninu væru varin á hverjum tíma. Hámarksfjárhæð áhættu lífeyrissjóðsins Stafa í einstökum gjaldmiðli var tilgreind í samningnum.

Landsbanki Íslands hf.

Stafir lífeyrissjóður var einnig með samning um gjaldmiðlastýringu við Landsbanka Íslands hf. Sá samningur var undirritaður þann 16. desember 2003. Samningurinn fól í sér gerð framvirkra samninga, valréttarsamninga eða annarra afleiðusam-

inga. Tímalengd afleiðusamninga mátti að hámarki vera eitt ár og fjárhæð hvers samnings mátti vera á bilinu 2%-25% af fjárhæð erlenda eignasafnsins.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 2.707 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 11,4% á ári. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 9.348 talsins, samanborið við 7.410 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Stafir tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.	2009	2008	2007	2006
Ellilífeyrir	1.522	1.220	1.082	937
Örorkulífeyrir	300	259	263	254
Makalífeyrir	269	244	225	194
Barnalífeyrir	18	15	17	14
Séreignarlífeyrir	598	139	148	57
Samtals, verðlag hvers árs	2.707	1.877	1.735	1.456
Samtals, verðlag 2009	2.707	2.018	2.204	1.958

Eins og fram hefur komið þá voru Stafir lífeyrissjóður stofnaður með samruna Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar árið 2006. Stafir tóku hins vegar ekki formlega til starfa fyrr en 1. janúar 2007. Með tilliti til þess var ákveðið að sýna einungis réttindabreytingar frá og með árinu 2007.

Réttindabreytingar 2007-2010	
2007	0,7%
2009	(sept.) -6,0%
2010	(júlí) -2,5%
2010	(okt.) -2,5%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Stafir tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006
Eignir	138.422	142.363	142.356	120.301
Skuldbindingar	158.948	163.781	138.377	116.903
Samtals	-20.526	-21.418	3.979	3.398
% af skuldbindingum	-12,9%	-13,1%	2,9%	2,9%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar fram að árinu 2008. Árið 2008 urðu hins vegar mikil umskipti, þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar urðu neikvæðar um 21.418 mkr. eða 13,1%. Árið 2009 voru heildareignir 20.526 mkr. lægri en heildarskuldbindingar eða 12,9%.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Árin fyrir hrun voru innlend hlutabréf áberandi í eignasafni Stafa. Í árslok 2006 voru hlutabréfin 27,0% af eignasafni sjóðsins. Ári síðar eða í árslok 2007 var hlutdeild þeirra komin niður í 22,5%. Kom þar tvennt til, annars vegar lækandi gengi hlutabréfa og einnig seldi sjóðurinn nokkuð af hlutabréfum sínum, einkum í Glitni, Bakkavör og Kaupþingi. Skuldabréf með ríkisábyrgð voru á bilinu 13%-15% árin 2007 og 2006. Hlutdeild ríkistryggðra verðbréfa var komin í 27,1% í árslok 2009. Þá hafa erlend verðbréf verið á bilinu 23%-26% síðustu árin. Fyrirtækjabréf og bankabréf lækkuðu í kjölfar bankahrunsins enda varð tap sjóðsins mest í þeim eignaflokkum að innlendum hlutabréfum undanskildum.

Athygli vekur að verðbréfaeign Stafa í árslok 2009 var nánast sama fjárhæð og í árslok 2006. Ef niðurstöðutala eignasafnsins 2006, sem er 73.843 mkr., er framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs til ársloka 2009 þá hefði eignasafnið í árslok 2009 átt að vera 99.280 mkr. Þarna munar 25.437 mkr. og var þá ekki gert ráð fyrir raunávöxtun á tímabilinu.

Stafir tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006
Innlend hlutabréf	2.488	4.201	17.920	19.924
Innlend hlutdeildarskírteini	2.462	1.137	884	411
Erlend verðbréf	18.619	17.646	18.786	12.927
Skuldabréf með ríkisábyrgð	19.791	13.779	10.465	11.555
Fyrirtækjabréf	5.857	9.255	12.075	10.343
Bankar og sparissjóðir	1.479	4.118	4.000	4.450
Höfuðstólstr. skuldabréf	1.182	1.136	3.186	3.631

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007	2006
Sveitarfélög	2.307	1.209	1.006	1.000
Sjóðfélagalán	8.795	8.026	6.325	5.453
Önnur veðlán	7.676	6.488	4.933	4.028
Innlánsd. samvinnufélaga	52	286	154	70
Fullnustueignir	270	77	23	42
Bankainnstæður	2.064	461	13	9
Samtals	73.042	67.819	79.770	73.843

Hér að neðan má sjá ávöxtun einstakra eignasafna tímabilið 2006-2009.

Stafir tafla 6

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007	2006
Innlend hlutabréf	-31,9%	-80,2%	2,9%	9,8%
Innlend hlutdeildarskírteini	-67,3%	-14,7%	4,3%	5,3%
Erlend verðbréf	5,7%	-2,5%	-6,8%	25,6%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5,9%	4,7%	2,1%	4,0%
Fyrirtækjabréf	-18,9%	-22,8%	4,5%	7,0%
Bankar og sparissjóðir	-50,6%	-44,1%	4,2%	8,3%
Höfuðstólstr. skuldabréf	17,2%	-30,9%	-2,5%	6,5%
Sveitarfélög	5,3%	4,9%	5,2%	5,2%
Sjóðfélagalán	5,9%	6,2%	5,4%	5,0%
Önnur veðlán	6,9%	6,3%	7,2%	6,7%
Innlánsd. samvinnufélaga	6,4%	5,7%	4,3%	4,6%
Fullnustueignir	-23,7%	-43,2%	-23,3%	-34,9%
Bankainnstæður	2,8%	2,2%	9,0%	6,0%
Samtals	-4,9%	-23,2%	1,0%	9,1%

Heimild: Stafir lífeyrissjóður dags.12.1.2011 og árskýrslur sjóðsins.

Raunávöxtun*Samtryggingardeild*

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 4,9%. Þá var raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 neikvæð um 23,2%. Raunávöxtun 2007 var hins vegar jákvæð um 1,0% og árið 2006 var raunávöxtun jákvæð um 9,1% sem var mjög góður árangur. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu fimm árin var neikvæð um 2,0% en síðustu 10 árin var raunávöxtun hins vegar jákvæð um 0,6%.

Séreignardeild

Í séreignardeildum sjóðsins er það Leið 1, sem sker sig úr, en hún sýnir jákvæða ávöxtun á bilinu 4,2-6,4% öll fjögur árin. Ástæðan er sú að samkvæmt fjárfestingarstefnu Leiðar 1 er einungis heimilt að ráðstafa eignum sjóðfélaga á innlánsreikninga banka og sparissjóða. Miklar sveiflur voru í ávöxtun Leiðar 2 og Leiðar 3 enda þær báðar með áhættusæknari fjárfestingarstefnu en Leið 1.

Stafir tafla 7

Raunávöxtun

Samtryggingardeild:	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun	-4,9%	-23,2%	1,0%	9,1%
Fimm ára meðalávöxtun	-2,0%	1,3%	9,1%	8,6%
Tíu ára meðalávöxtun	0,6%	2,7%	6,1%	7,2%

Séreignardeild:	2009	2008	2007	2006
Leið 1, hrein raunávöxtun	5,0%	6,2%	6,4%	4,2%
Leið 2, hrein raunávöxtun	-2,7%	10,2%	5,5%	6,1%
Leið 3, hrein raunávöxtun	5,4%	-19,4%	0,7%	9,1%

Stafir lífeyrissjóður, samtals	-4,6%	-23,1%	0,9%	9,0%
--------------------------------	-------	--------	------	------

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005-2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 10.646 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 8.217, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði. Iðgjaldagreiðslur árið 2009 námu samtals 3.926 mkr. sem var lækkun um 12,6% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á föstu verðlagi (verðlag 2009) kemur í ljós að árið 2007 var aukning á hreinni eign til greiðslu lífeyris mun minni en fyrri ár. Árið 2008 var beinlínis um að ræða lækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Árið 2009 var hrein eign til greiðslu lífeyris lægri en árið 2008 (m.v. verðlag 2009). Ef hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2005 sem var 89.663 mkr. er framreiknuð m.v. vísitölu neysluverðs til ársloka 2009 hefði hrein eign sjóðsins þann 31. des. 2009 átt að vera 128.935 mkr. Þess í stað var hún 79.968 mkr. eins og fram kemur hér að neðan.

Stafir tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	3.926	4.495	4.012	3.361	2.932
Lífeyrir	-2.708	-1.878	-1.735	-1.455	-1.312
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	-1.213	-12.125	1.436	5.451	5.785
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	7.684	10.964	3.895	5.209	3.528
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-3.456	-7.475	-13	8	-71
Fjárfestingartekjur	3.015	-8.636	5.318	10.668	9.242
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-92	-94	-69	-99	-83
Rekstrarkostnaður	-109	-102	-85	-121	-110
Rekstrargjöld	-201	-196	-154	-220	-193
Endurmat fastafjármuna					88
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	4.032	-6.215	7.441	12.354	10.757
Hrein eign frá fyrra ári	75.936	82.151	74.710	62.356	51.599
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	79.968	75.936	82.151	74.710	62.356

Afkoma á föstuverðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	4.032	-6.682	9.450	16.610	15.468
Hrein eign frá fyrra ári	75.936	88.320	94.885	83.836	74.196
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	79.968	81.639	104.336	100.446	89.663

1) Stafir lífeyrissjóður sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknanirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6, Þóknatekjur fjármálfyrirtækja.

34.1.2 Tap Stafa lífeyrissjóðs 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu af tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar koma hins vegar ekki að fullu fram fyrir en á árunum 2009 og 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/ eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, úti-standandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins er að meginhluta til í eftirfarandi eignaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Erlendum verðbréfum

Stafir tafla 9

Yfirlit yfir tap Stafa lífeyrissjóðs af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, erlendum verðbréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	349	1.739	3.931	6.019
Skuldabréf fyrirtækja	534	2.503	4.175	7.212
Innlend hlutabréf		901	13.971	14.872
Erlend verðbréfaeign	330	444		774
	1.213	5.587	22.077	28.877
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT) 175		558		558
Samtals tap í mkr.	1.213	6.145	22.077	29.435

Heimild: Stafir lífeyrissjóður dags.12.1.2011 og 2.5.2011.

Ofangreindir liðir mynduðu tap hjá sjóðnum, samtals að fjárhæð 29.435 mkr., á árunum 2008 til 2010. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp m.v. gengi á gjalddaga hvers samnings fyrir sig. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga. Samkvæmt for-

sendum bankanna myndi tap sjóðsins af samningunum aukast um 1.080 mkr. og yrði það samtals 30.515 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 4.118 mkr. en í árslok 2009 var skuldabréfaeignin komin niður í 1.479 mkr. Umtalverðar afskriftir áttu sér stað á skuldabréfum banka og sparissjóða árin 2008-2010 eða samtals 6.019 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Glitni 2.537 mkr., Straumi 976 mkr., Kaupþingi 911 mkr., SPRON 461 mkr. og VBS Fjárfestingarbanka 432 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparissjóða námu samtals 702 mkr.

Víkjandi og breytanlegt skuldabréf Glitnis hf.

Í mars 2008 efndi Glitnir banki til skuldabréfaútboðs, samtals að fjárhæð 15.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leytnu sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði það greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Stafir lífeyrissjóður tók þátt í útboðinu og keyptu skuldabréf fyrir 500 mkr. sem töpuðust nokkrum mánuðum síðar eða strax við fall bankanna.

Sjá nánar kafla 5.1.9 Glitnir hf. – skuldabréfaútboð í mars 2008.

Í „fundargerð fjárfestingarráðs“ dags. 14. mars 2008 er bókað: „Glitnir breytanlegt skuldabréf – kaupa 500 milljónir.“ Enginn greining, mat eða rökstuðningur fyrir kaupunum kemur fram í „fundargerð fjárfestingarráðs“. Þá er ekkert bókað um þessi kaup í fundargerð stjórnar sjóðsins sem verður að teljast undarlegt þar sem skilmálar skuldabréfsins voru jafn sérstakir og raun ber vitni og rakið er hér að framan.

Með bréfi dags. 5. jan. 2012 kom fram hjá framkvæmdastjóra Stafa: „Í fundargerð stjórnar Stafa 6. maí 2008 kemur fram að framkvæmdastjóri hafi fjallað um rekstur sjóðsins og öll viðskipti í þeim mánuði sem kaup á skuldabréfum Glitnis áttu sér

stað. Ákvörðun um þessi tilteknu skuldabréfakaup var hins vegar ekki færð til bókar á fundi stjórnar áður en þau áttu sér stað, enda venjan sú að bera ekki viðskipti með skráð skuldabréf á lánastofnanir sérstaklega undir sjóðstjórn“.

Landsbanki Íslands hf., lánsþæfistengd skuldabréf (Credit Linked Notes)

Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, 2. bindi, kafla 7.3.6.1, bls. 23, er gerð grein fyrir útgáfu á „lánsþæfistengdum skuldabréfum“ þar sem Landsbanki Íslands hafði milligöngu og kom á viðskiptum milli viðskiptavina sinna og UBS AG, Jersey Branch. Gjaldþagi lánsþæfistengda skuldabréfsins var árið 2013. Bréfið var tengt jafnt við lánsþæfi Kaupþings og Glitnis. Gjaldþelling varð ef þessir tveir bankar:

1. Yrðu gjaldþrota.
2. Greiddu ekki skuldir sínar, þegar greiðslan væri yfir 1 milljón USD eða jafngildi þess.
3. Gengju í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

Með bréfi dags. 26. nóvember 2008 óskaði úttektarnefndin m.a. eftir því við Stafir lífeyrissjóð að sjóðurinn gerði grein fyrir kaupum sínum á ofangreindum lánsþæfistengdum skuldabréfum en sjóðurinn tók þátt í útboðinu og keypti skuldabréf að fjárhæð 500 mkr.

Meginatriðið í svari framkvæmdastjóra Stafa lífeyrissjóðs var eftirfarandi:

„Eins og réttilega er bent á í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fjárfestu nokkrir lífeyrissjóðir, þar á meðal Stafir, í skuldabréfum útgefnum af UBS, svonefndum „lánsþæfistengdum“ skuldabréfum. Eins og umfjöllunin ber með sér þá hafði Landsbankinn milligöngu og kom á viðskiptum milli viskiptavina sinna og UBS AG, New Jersey Branch. Verðbréfamiðlarar Landsbanka kynntu fjárfestingarkostinn fyrir starfsmönnum Stafa á fundi þann 6. mars 2008. Eins og kynningin ber með sér þá var gjaldþagi skuldabréfsins árið 2013 og upphæðin var samtals 3,1 milljarður íslenskra króna sem gefið var út og skráð á markað í Dublin og gefið út af UBS AG.

Verðmæti skuldabréfsins réðst af ávöxtunarkröfu og endurgreiðslu vaxta og höfuðstóls. Vextir

skuldabréfsins voru þriggja mánaða REIBOR að viðbættu álagi sem tók mið af skuldatryggingarálagi Glitnis og Kaupþings við útgáfu bréfsins. Vextirnir sem fjárfestirinn (viðskiptavinur Landsbankans) innheimti ársfjórðungslega voru breytilegir eða á ársgrunni 10,70% ofan á REIBOR. Þetta jafngildi 25,70% vöxtum á útgáfudegi.

Fjárfestingarkosturinn var greindur og skoðaður af starfsfólki Stafa í fjárfestingarráði frá 6. mars og skoðaður á óformlegum fundum þann 10. og 11. mars 2008 og fjárfestingarákvörðun tekin á fundi fjárfestingarráðs þann 12. mars 2008 þar sem allir meðlimir voru mættir. Ákveðið var að kaupa skuldabréf að upphæð 500 milljónir. Nokkur umræða átti sér stað á fundinum um málið og voru fundarmenn sammála um að áhættan væri viðunandi í samanburði við aðrar eignir sjóðsins á sama tíma. Hægt hefði verið að leggja málið upp með þeim hætti að ef við hefðum ekki treyst okkur til að fjárfesta í slíkri afurð, hefðum við átt að selja hlutabréfaeign okkar í hinum íslensku bönkum. Verulegt borð var fyrir báru samkvæmt skilmálum og mikið þurfti að ganga á til þess að framkalla veðkall að okkar mati.

Það sem síðar gerðist og lýst er í skýrslu RNA þá tapaði sjóðurinn verulegum fjármunum af þessum viðskiptum eins og fjölmörgum öðrum sem tengdust bönkunum. Samkvæmt skilmálum bréfsins hafði UBS AG heimild til að kalla eftir meiri fjármunum frá viðskiptavinum Landsbankans ef markaðsvirði lánsþæfistengda skuldabréfsins fór niður fyrir fimmtíu prósent af fyrirfram gefinni samningsupphæð í evrum. Veðkall var á tímabilinu vegna lækkanði gengis ISK og hækkandi skuldatryggingarálags á bankana tvo. Fjárfestingarráð sá ekki fyrir þá snörpu breytingu sem varð á þeim forsendum sem fjárfestingin byggði á við kaup. Við veðkall ákvað fjárfestingarráð að innleysa það tap sem hafði orðið á markaðsvirði bréfsins, í stað þess að leggja fram frekari tryggingu. Sú ákvörðun leiddi til þess að sjóðurinn seldi samkvæmt skilmálum og innleysti mikið tap af viðskiptunum“.

Á fundi fjárfestingarráðs dags. 12. mars 2008 er bókað: „Ákveðið að kaupa CLN (Credit linked notes/lánsþæfistengt skuldabréf) á Glitni og Kaupþing

gefið út af UBS, sjá m.f. gögn – 500 mkr., seljum Bakkavör skuldabréf og Baug“.

Sjá nánar kafla 5.1.9 Landsbanki Íslands hf. – lánsþæfistengt skuldabréf (Credit Linked Notes).

Í töflunni hér að neðan er sýnd staðan gagnvart einstökum fjármálafyrirtækjum árið 2009, afskriftir og nettóstaða í árslok það ár. Þá er sýnt afskriftahlutfall ársins og nemur það 55%.

Stafir tafla 10

Bankar og sparissjóðir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Byr sparissjóður	320	192	128	60%
Glitni banki hf.	211	204	7	97%
Kaupþing banki hf.	447	157	290	35%
Landsbanki Íslands hf.	34	34	0	100%
Sparissjóður Mýrasýslu	161	27	134	17%
Sparissjóðurinn í Keflavík	222	68	154	31%
SPRON hf.	318	313	5	98%
Straumur Burðarás hf.	1.249	598	669	48%
VBS Fjárfestingarbanki hf.	206	146	60	71%
Samtals	3.168	1.739	1.447	55%

Mestu afskriftirnar á skuldabréfum banka og sparissjóða áttu sér stað á árinu 2008 eða samtals 3.931 mkr. Á árinu 2009 voru afskrifaðar 1.739 mkr. og var nettóstaða í árslok þá komin niður í 1.447 mkr. Á árinu 2010 varð að grípa til enn frekari afskrifta og voru þær 349 mkr. á því ári. Afskriftir skuldabréfa banka og sparissjóða árin 2008-2010 nema þannig samtals 6.019 mkr.

Stafir tafla 11

Bankar og sparissjóðir - afskriftir skuldabréfa 2008-2010 í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Glitni banki hf.		204	2.333	2.537
Straumur Burðarás hf.	176	598	202	976
Kaupþing banki hf.		157	754	911
SPRON hf.		313	148	461
VBS Fjárfestingarbanki hf.	72	146	214	432
Byr sparissjóður	101	192		293
Landsbanki Íslands hf.		34	149	183
Sparissjóðurinn í Keflavík		68	86	154
Sparissjóður Mýrasýslu		27	45	72
Samtals	349	1.739	3.931	6.019

Heimild: Stafir lífeyrissjóður dags. 12.1.2011 og 12.5.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var 10.343 mkr. í árslok 2006. Ári síðar eða í árslok 2007 hafði þessi skuldabréfaeign aukist um 16,7% og var orðin 12.075

mkr. Vegna afskrifta á skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjum á árinu 2008 fór hún niður í 9.255 mkr. í árslok 2008 og í árslok 2009 stóðu fyrirtækjabréfin í 5.857 mkr. Samtals afskrifaði/niðurfærði Stafir lífeyrissjóður 7.212 mkr. af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum.

Mestu afskriftirnar á einstaka fyrirtæki voru: Landic Property 1.241 mkr., Exista hf. 912 mkr., Eimskip hf. 869 mkr., Egl hf. 727 mkr., FL Group hf. 512 mkr., Olíufélagið/N1 502 mkr., Baugur hf. 480 mkr. og Samson 402 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækja voru samtals 1.567 mkr.

Smárasteinn ehf. var 100% í eigu Baugur Group hf. Samkvæmt samþykktum var tilgangur félagsins „fjárfestingar í verðbréfum á Íslandi og erlendis, lánastarfsemi og tengdur atvinnurekstur“. Þann 21. júní 2006 var nafni Smárasteins ehf. breytt í BG Capital ehf. Eigendur voru áfram þeir sömu og tilgangur félagsins áfram óbreyttur. Á árinu 2007 keyptu Stafir lífeyrissjóður óskráð skuldabréf sem útgefið var af BG Capital ehf., samtals að fjárhæð 203 mkr. Á hluthafafundi í BG Capital ehf. þann 2. apríl 2008 var nafni félagsins enn breytt og nú í Styrkur Invest ehf. Styrkur Invest ehf. varð síðan gjaldþrota árið 2010. Engar eignir fundust í búinu. Telja verður afar hæpið að lífeyrissjóður sé að kaupa óskráð skuldabréf í félagi sem stundar óskilgreindar fjárfestingar í verðbréfum bæði hér á Íslandi og erlendis sé mið tekið af samþykktum félagsins. Heimild: Skýrsla innri endurskoðenda dags. 29. janúar 2008, Gagnagrunnur Creditinfo.

Stafir tafla 12

Fyrirtæki og stofnanir - staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærd staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Atorka hf./Jarðboranir hf.	587	290	297	49%
Bakkavör hf.	840	245	595	29%
Baugur Group hf.	107	53	54	50%
Egl hf.	343	213	130	62%
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	396	276	120	70%
Exista hf.	369	319	50	86%
Fyrirtækjabréf óskráð	318	38	280	12%
Teymi hf./Kögun hf.	148	62	86	42%
Landic Property hf.	630	578	52	92%
Mosaic Fashions hf.	118	115	3	97%
Nýsir	0	-18	18	
Íslensk afþreying hf./Og fjarskipti hf.	182	103	79	57%
N1 hf./Olíufélagið	892	89	803	10%
Samson ehf.	57	57	0	100%
Skipti hf./Síminn hf.	421	18	403	4%
Sjóvá-Almennar	182	67	115	37%
Stoðir hf./FL Group hf.	57	-1	58	-2%
Samtals	5.647	2.504	3.143	44%

Heimild: Stafir lífeyrissjóður dags.12.1.2011.

Stafir tafla 13

Fyrirtæki og stofnanir - afskriftir skuldabréfa 2008-2010 í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Landic Property hf.		578	663	1.241
Exista hf.		319	593	912
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl. hf.		276	593	869
Egl hf.		213	514	727
Stoðir hf./FL Group hf		-1	513	512
N1 hf./Olíufélagið hf.	413	89		502
Baugur Group hf.		53	427	480
Samson ehf.		57	345	402
Íslensk afþreying hf./Og fjarskipti hf.		103	211	314
Mosaic Fashions hf.		115	182	297
Atorka hf./Jarðboranir hf.		290	5	295
Bakkavör hf.		245		245
Sjóvá-Almennar	121	67	48	236
Teymi hf./Kögun hf.		62	64	126
Fyrirtækjabréf óskráð		38	17	55
Skipti hf./Síminn hf.		18		18
Stoðir hf./FL Group hf.		-1		-1
Nýsir hf.		-18		-18
Samtals	534	2.503	4.175	7.212

Innlend hlutabréf

Á fjórum árum tapaði Stafir lífeyrissjóður 12.138 mkr. af innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 13.971 mkr. Þá tapaði sjóðurinn 901 mkr. á innlendum hlutabréfum árið 2009. Árin 2006-2007 varð hins vegar hagnaður af hlutabréfum að fjárhæð 2.734 mkr. Á móti tapinu á hlutabréfunum komu arðgreiðslur en þær voru óverulegar.

Árin 2006 og 2007 var hlutabréfaeignin á bilinu 23-27% af verðbréfasafni sjóðsins. Árin 2008 og 2009 féll hlutdeild innlendra hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins niður í 6,2% - 3,4%.

Stafir tafla 14

Hagn. / (-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutfjáreign í byrjun tímabils	15.972	4.201	17.921	19.924	15.972
Keypt hlutabréf	30.033	910	5.625	18.008	5.490
Seld hlutabréf	31.379	1.722	5.374	20.657	3.626
Hlutfjáreign í lok tímabils	2.488	2.488	4.201	17.921	19.924
Hagn. / (-tap)	-12.138	-901	-13.971	646	2.088

Heimild: Stafir lífeyrissjóður.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Félögunum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög (Sjá töflu 15).

Þann 1. jan. 2006 áttu Stafir lífeyrissjóður innlend hlutabréf samtals að fjárhæð 15.636 mkr. Ári síðar eða 1. jan. 2007 var hlutabréfaeign sjóðsins komin í 19.924 mkr. Mest varð hlutabréfaeign sjóðsins þann

30.06. 2007 eða 22.927 mkr. sem var hækkun um 15,1% frá áramótum. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaverð að komast í hæstu hæðir. Þannig fór úrvals-vísitalan hæst þann 18. júlí 2007 eða í 9.016,5 stig.

Stafir tafla 15

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús. kr.

Skráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Actavis Group hf	561.688	807.111	1.113.822					
Alfesca hf	1.664.508	1.921.304	1.685.439	2.086	2.047.337	2.194.866	1.933.798	1.285.855
Atorka hf./Jarðboranir hf.	14.055	14.845						
Bakkavör Group hf.	2.100.530	2.741.897	2.515.922	1.766.845	1.551.971	1.032.322	636.465	75.300
Century Alum. hf.			371.070		542.820	583.150		
Avion hf./Hf. Eimskipafél. Ísl.		332.822	179.741	103.072	66.394	41.012	11.472	3.585
Exista hf		652.001	973.662	669.329	227.604	960.033	765.984	
Stoðir hf./FL Group hf	674.535	895.929	935.323	115.933	78.946			
Flaga Group hf.	34.879	18.656	11.226	5.022	4.100	4.426	4.426	
Glitnir banki hf.	1.453.087	1.892.114	1.915.804	1.145.604	690.035	1.150.996	470.429	
Grandi hf.	30.927							
Icelandair Group hf.		383.410	253.099	397.298	333.650	149.595	169.481	126.392
Icelandic Group hf.		997						
Kaupbing banki hf	4.833.944	5.328.935	6.648.373	5.744.669	5.002.690	4.516.197	4.041.972	
Kögun hf.	206.062							
Landsbanki Íslands hf.	837.310	1.384.951	2.336.113	1.450.754	1.092.181	1.179.492	663.918	
Marel hf.	68.342	31.493		383.609	347.893	726.806	720.834	792.160
Mosaic Fashions hf.	209.675	150.520	108.860					
Nýherji hf.								233.331
Skipti hf.					1.005.613			
SPRON hf.				156.928	73.737	57.236	45.033	32.657
Straumur Burðarás hf.	661.945	1.225.268	1.938.130	1.579.067	1.251.179	892.157	950.572	220.942
Teymi hf.		116.993	82.800	142.621	103.003	48.260	72.734	
Vinnslustöðin hf.	41.218							
Össur hf.	304.336	243.129	104.644	326.647	337.150	339.696	341.151	383.432
365 hf.	70.434	95.937	67.669	41.266	25.620	22.491		
Samt. skráð félög í þús. kr.	13.767.473	18.238.311	21.241.697	16.115.139	14.781.920	13.898.735	10.828.270	3.153.653
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Aflvaki hf.	926	926	926	926	926	926	926	926
Eignarh.félag lífeyrissjóða ehf.	2.488	2.488	2.488	2.488	2.488	2.488	2.488	2.488
Borgarplast hf.	14.252							
FISK ehf.	162.000							
Exista ehf.								5.107
Karl K. Karlsson hf.	15.028	15.028	15.028	15.028	15.029	15.029	15.029	15.029
Landic Property hf.				107.924	107.924	107.924	107.924	35.057
Loðnurvinnslan hf.	2.648	2.648	2.648	2.648	2.648	2.648	2.648	2.648
OpenHand hf.	2.850	570	570	5	4.817	4.817		
Reiknistofa lífeyrissjóða nýja	8.910	8.910	8.910	21.175	21.175	21.175	21.175	21.175
Samkaup hf.	250.486	250.486	250.486	250.486	250.488	250.488	250.488	250.488
Samskip hf.	714.295	714.295	714.295	714.295	714.296	714.296	714.296	614.294
Síminn hf	675.000	675.040	675.000	675.388				
Teymi hf.								51.953
Virðing hf.	14.250	14.250	14.250	14.250	14.250	14.250	22.632	47.063
Önnur óskráð félög	5.806	743	1.137	742	742	742	742	742
Samt. óskráð félög í þús. kr.	1.868.939	1.685.384	1.685.737	1.805.354	1.134.782	1.134.782	1.138.347	1.046.969
Samtals félög í þús. kr.	15.636.411	19.923.695	22.927.435	17.920.493	15.916.702	15.033.517	11.966.617	4.200.623

Heimild: Yfirlit frá Stöfum dags. 2. mars 2011.

Frá þeim tíma lækkaði úrvalsvisitalan um 29,9% fram til áramóta 2007/2008 og var þá komin niður í 6.318 stig. Úrvalsvisitalan hélt síðan áfram að lækka á árinu 2008. Um leið lækkaði hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs og var svo komið í árslok 2008 að hún var skráð á 4.201 mkr. og hafði þá lækkað um 81,7% frá miðju ári 2007. Af hlutabréfaeign sjóðsins í árslok 2008 voru 1.047 mkr. í óskráðum félögum, þeirra stærst var Samskip að fjárhæð 614 mkr.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeignina þann 31.12.2005, 31.12.2006, 30.06.07 og 31.12.07. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Nedst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildar-tap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Lögð er áhersla á að þrátt fyrir mikið tap á innlendum hlutabréfum árið 2008 þá höfðu hlutabréf skilað sjóðnum góðri ávöxtun árin á undan, sérstaklega árið 2005 og einnig árið 2006. Þá er einnig rétt að benda á að sjóðirnir voru í ákveðnum vanda frá seinni hluta árs 2007 hvað varðar hlutabréfaeign sína. Stórfelld sala á hlutabréfum hefði getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér úti á markaðnum. Hins vegar er jafnljóst að sjóðirnir hefðu getað haldið að sér höndum og hætt að kaupa hlutabréf frá og með

seinni hluta árs 2007 og séð til hvernig hlutirnir þróuðust á innlendum og erlendum mörkuðum.

Kaupþing banki hf.

Mesta tap Stafa lífeyrissjóðs á hlutabréfum var hjá Kaupþingi eða um 4.247 mkr. Um áramótin 2005/2006 var eign sjóðsins í Kaupþingi um 4.834 mkr. Mjög lítil hreyfing var á henni allt tímabilið sem skoðað var. Þannig voru aðeins tæp 10% af hlutum sjóðsins í Kaupþingi seld frá sjóðnum á tímabilinu. Stafir lífeyrissjóður var 12. stærsti hluthafi í Kaupþingi þann 31.12.2007.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	6.480		746	4.834
31.12.06	6.336	-144	841	-121
30.06.07	5.910	-426	1.125	-479
31.12.07	6.528	618	880	544
31.03.08	6.230	-298	803	-239
30.06.08	5.919	-311	763	-237
30.09.08	5.841	-78	692	-54
31.12.08	5.841	0	0,00	
Samtals		-639		4.247
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				4.247
Staða 31.12.08	5.841		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				4.247

Straumur Burðarás hf.

Í upphafi tímabilsins sem er til skoðunar áttu Stafir 41.632 þús. hluti í Straumi að markaðsvirði 662 mkr. Gengi hlutabréfa í Straumi fór hæst þann 19. júlí 2007 en þann dag stóð gengi Straums í 23,25. Á tímabilinu sem er til skoðunar jók sjóðurinn jafnt og þétt hlut sinn í Straumi þrátt fyrir að gengi félagsins væri á stöðugri niðurleið. Reyndar seldi sjóðurinn frá sér 16.920 hluti á 2. ársfjórðungi 2008 en annars var sjóðurinn nettókaupandi hlutabréfa í Straumi.

Dags.	Nafnverð		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	41.632		15,90	662
31.12.06	70.418	28.786	17,40	501
30.06.07	88.702	18.284	21,85	400
31.12.07	104.574	15.872	15,10	240
31.03.08	106.574	2.000	11,74	23
30.06.08	89.664	-16.910	9,95	-168
30.09.08	113.841	24.177	8,35	202
03.10.08	113.841	0	7,08	
31.12.08	118.786	4.945	1,86	9
Samtals		77.154		1.868
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.868
Staða 31.12.08	118.786		1,86	-221
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.647

Bakkavör hf.

Í árslok 2005 var eign Stafa lífeyrissjóðs í Bakkavör að markaðsvirði 2.140 mkr. Á árinu 2006 hækkaði gengi Bakkavarar um tæp 22% og juku Stafir hlut sinn í félaginu um 2.242 hluti. Á fyrra árhelmingi 2007 héldu hlutabréf Bakkavarar enn áfram að hækka og seldi þá sjóðurinn 7.619 þús. hluti. Á seinni árhelmingi 2007 fór gengi Bakkavarar að lækka og seldi sjóðurinn þá 6.050 þús. hluti. Sala hlutabréfanna í Bakkavör árið 2007 var með hagnaði. Það vekur hins vegar athygli að Stafir keyptu hlutabréf í Bakkavör á fyrsta ársfjórðungi 2008 fyrir 305 mkr. Gengi Bakkavarar féll mjög hratt árið 2008 og var komið niður í 2,49 í árslok. Tap Stafa lífeyrissjóðs á hlutabréfaeign sinni í Bakkavör hefur verið a.m.k um 1.444 mkr.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	41.628		51,40	2.140
31.12.06	43.870	2.242	62,50	140
30.06.07	36.252	-7.618	69,40	-529
31.12.07	30.202	-6.050	58,50	-354
31.03.08	37.578	7.376	41,30	305
30.06.08	35.113	-2.465	29,40	-72
30.09.08	29.881	-5.232	21,30	-111
31.10.08	29.881	0	4,75	
31.12.08	29.881	0	2,49	
Samtals		-11.747		1.518
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.518
Stæða 31.12.08	29.881		2,49	-74
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.444

Exista hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Stafa lífeyrissjóðs í Exista 28.978 þús. hlutir sem jafngiltu 652 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 4.912 hluti. Frá miðju ári 2007 fór gengi Exista að falla með miklum hraða. Þannig var gengi hlutabréfanna 34,40 þann 30.06.2007. Ári síðar eða þann 30.06.2008 var gengi Exista komið niður í 7,52 sem var lækkun um 78,1% á einu ári. Stafir lífeyrissjóður áttu hlutabréf í Skiptum hf. (eignarhaldsfélagi Símans og fleiri félaga) og voru 5. stærsti hluthafi þess félags með 2,18% eignarhlut þann 25. mars 2008. Í mars 2008 gerði Exista hf. öðrum hluthöfum í Skiptum hf. yfirtökutilboð í þeirra hlut í félaginu. Stafir lífeyrissjóður samþykktu yfirtökutilboð Exista hf. og fengu greitt fyrir hlutina í Skiptum hf.

með hlutabréfum í Exista hf. Skýrir það hækkingu á eign sjóðsins í Exista á 2. ársfjórðungi 2008. Hlutabréf Exista voru nánast orðin verðlaus í lok ársins 2008 og töpuðu Stafir a.m.k 1.405 mkr. á hlutabréfum sínum í Exista hf.

Sjá nánar kafla 5.1.9, Exista hf. – yfirtökutilboð á Skiptum hf., í mars 2008.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	28.978		22,50	652
30.06.07	28.304	-674	34,40	-23
31.12.07	33.890	5.586	19,75	110
31.03.08	21.885	-12.005	10,40	-125
30.06.08	127.664	105.779	7,52	795
30.09.08	127.664	0	6,00	
31.12.08	127.664	0	0,04	
Samtals		98.686		1.410
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.410
Stæða 31.12.08	127.664		0	-5
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				1.405

Glitni banki hf.

Um áramótin 2005/2006 var eignarhlutur Stafa lífeyrissjóðs í Glitni 1.453 mkr. að markaðsvirði. Gengi hlutabréfa í Glitni fór hæst um miðjan júlí 2007. Þá byrjaði gengi bankans að falla og hélt sú þróun áfram allt til falls hans. Á árinu 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008 náðu Stafir að selja samtals 41.205 þús. hluti í Glitni með hagnaði. Á öðrum og þriðja ársfjórðungi 2008 gerðist það að Stafir lífeyrissjóður keyptu samtals 63.389 hluti í Glitni að andvirði 665 mkr. Tap Stafa lífeyrissjóðs í Glitni var um 1.101 mkr.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	83.993		17,30	1.453
31.12.06	81.207	-2.786	23,30	-65
30.06.07	66.176	-15.031	28,95	-435
31.12.07	52.192	-13.984	21,95	-307
31.03.08	40.002	-12.190	17,25	-210
30.06.08	74.740	34.738	15,40	535
30.09.08	103.391	28.651	4,55	130
31.12.08	103.391		0,00	
Samtals		19.398		1.101
Upphafsstæða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.101
Stæða 31.10.08	103.391		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.101

Erlend verðbréfaeign

Stafir tafla 16

Erlend verðbréf - afskriftir skuldabréfa 2008-2010 í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Société Generale ¹⁾	226	318		544
Calyon Finance Floa	48	108		156
Helix Capital Nethe	41	18		59
Clearwater	15			15
Samtals í mkr.	330	444	0	774

1) Sjá kafla 5.1.9 Société Generale.

Heimild. Stafir lífeyrissjóður, dags. 12.1.2011 og 3.5.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu gjaldmiðlavarnarsamninga Stafa lífeyrissjóðs við Landsbanka Íslands og Glitni þann 31.12.2009

Stafir tafla 17

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009, annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda jöfnun	Mis munur
Tillaga sjóðanna m.v. GVT 175 stig	1.500	36	1.536	-978	558
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	1.816	498	2.314	-676	1.638
Mismunur á kröfum í mkr.					1.080

Eins og fram kemur hér að ofan færðu Stafir til skuldar 1.536 mkr. í ársreikningi 2009. Fyrirnefnd fjárhæð var áætluð skuld sjóðsins við Landsbanka Íslands og Glitni vegna óuppgerðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Fjárhæðin er m.v. gengisvísitöluna 175 stig án dráttarvaxta. Ennfremur gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sjóðsins á viðkomandi viðskiptabanka. Skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af bönkum sem sjóðurinn gerir ráð fyrir að geta skuldajafnað eru samtals að fjárhæð 978

Stafir tafla 18

Exista og tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2007			2006		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Bakkavör	1.767	958	2.725	2.742	852	3.594
Exista	669	852	1.521	652	816	1.468
Kaupþing Bank hf.	5.745	656	6.401	5.329	612	5.941
Síminn hf.	675	421	1.096	675		675
Samtals í mkr.	8.856	2.887	11.743	9.398	2.280	11.678
Hrein eign til greiðslu lífeyris í mkr.			82.151			74.710
Hlutf. af hreinni eign til greiðslu lífeyris			14,3%			15,6%

mkr. Gangi þetta eftir myndi skuld Stafa lífeyrissjóðs vegna gjaldmiðlavarnarsamninga verða 558 mkr.

Bankarnir gera hins vegar ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verðir gerðir upp m.v. gengi á uppgjörstigi hvers samnings fyrir sig ásamt dráttarvöxtum. Ýrtruðu kröfur bankanna á hendur sjóðnum þann 31.12.2009 eru 2.314 mkr.

„Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011.

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Glitni banka hf. um hvernig standa skuli að uppgjöri á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

Tengdir aðilar

Exista og tengdir aðilar

Þau félög sem tengjast Exista hf. og koma við sögu hjá Stöfum lífeyrissjóði eru: Kaupþing, Bakkavör og Síminn. Í árslok 2006 nam hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs samtals 19.924 mkr. Þar af var hlutabréfa-

eign sjóðsins í Exista hf. og tengdum aðilum samtals 9.398 mkr. eða sem nam 47,2% af hlutabréfaeign sjóðsins. Í árslok 2007 var hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs samtals 17.920 mkr. Hlutabréf í Exista og tengdum aðilum námu þá samtals 8.856 mkr. eða 49,4% af hlutabréfaeign sjóðsins. Þá áttu Stafir lífeyrissjóður skuldabréf á ofangreind félög, samtals að fjárhæð 2.280 mkr., í árslok 2006 og 2.887 mkr. í árslok 2007.

Í árslok 2006 nam skulda- og hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í Exista hf. og tengdum aðilum samtals 11.678 mkr. sem var um 15,6% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 var skulda- og hlutabréfaeign í Exista og tengdum aðilum 11.743 mkr. eða 14,3% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Af skuldabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í félögunum fjórum var búið að afskrifa 2.086 mkr. í árslok 2009 (Sjá töflu 18).

Baugur Group og tengdir aðilar

Þau félög sem tengjast Baugi Group hf. og komu við sögu hjá Stöfum lífeyrissjóði er að finna í töflunni

hér að neðan. Á því tímabili sem skoðað var nam skulda- og hlutabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í Baugi Group hf. og tengdum félögum samtals 6.477 mkr. í árslok 2006 eða 8,7% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Í árslok 2007 var verðbréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í sömu félögum samtals 6.768 mkr. sem var 8,2% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Af skuldabréfaeign Stafa lífeyrissjóðs í félögunum þrettán sem talin eru upp hér að neðan höfðu 5.508 mkr. verið afskrifaðar í árslok 2010 (Sjá töflu 19).

Almennt séð virðist sem aðilar innan lífeyrissjóðakerfisins hafi ekki verið nægjanlega vel á verði gagnvart fjárfestingum sínum í fjárhagslega tengdum aðilum. Þannig var fjárfesting sjóðsins í Existahópnum 15,6% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2006 og 14,3% í árslok 2007. Fjárfesting í Baugi Group hf. og tengdum aðilum var mun minni. Þess ber að geta að margar af ofangreindum fjárfestingum Stafa í verðbréfum, sem síðar tengdust Baugi komu til áður en eignatengsl mynduðust við Baug.

Tengdir aðilar: Byggir á skilgreiningu sem gerð er grein fyrir í kafla 4.2.6, Fjárfestingar í skuldabréfum og víxlum banka, sparissjóða, o.fl., og kafla 5.1.7, Tengdir aðilar.

Stafir tafla 19

Baugur Group hf. og tengdir aðilar sem hlutfall af hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2007			2006		
	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals	Hlutabréf	Skuldabréf	Samtals
Baugur Group		459	459			0
Hagar hf.		181	181		171	171
Landic Property		993	993		971	971
Teymi hf./Kögun hf.		182	182		172	172
Húsasmiðjan		11	11		20	20
FL Group hf.	116	490	606	896	463	1.359
Og fjarskipti		303	303		287	287
Tryggingamiðstöðin		286	286		203	203
Mosaic Fashions		249	249	151	79	230
Glitnir Banki hf.	1.892	1.220	3.112	1.146	1.705	2.851
Styrkur Invest ehf.		202	202			0
365 hf.	41		41	96		96
Teymi	143		143	117		117
Samtals í mkr.	2.192	4.279	6.768	2.406	4.071	6.477
Hrein eign til greiðslu lífeyris í mkr.			82.151			74.710
Hlutf. af hreinni eign til greiðslu lífeyris			8,2%			8,7%

34.2 Stjórn og starfshættir

Stafir lífeyrissjóður tók til starfa árið 2006 og fyrsti stjórnarfundur var haldinn 30. júní það ár.

34.2.1 Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð sex mönnum sem kjörnir eru af Samtökum atvinnulífsins annars vegar og hins vegar af þeim verkalýðsfélögum sem eiga aðild að Stöfum. Verkalýðsfélögin eru þau félög sem aðild áttu að Samvinnulífeyrissjóðnum sem sameinaðist Lífiðn, þ.e. þau félög sem eru innan Rafiðnaðarsambands Íslands og Matvæla- og veitingasambands Íslands. Fulltrúarnir skulu vera 39, þriðjungur úr hverjum hópi sem aðild á að Stöfum. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og fulltrúar launamanna og atvinnurekenda skiptast á um að vera formenn eitt ár í senn. Ekkert hámark er á þeim tíma sem stjórnarmenn geta setið í stjórn Stafa.

Úttektarnefndin er þeirrar skoðunar að hámarks-tími stjórnarsetu ætti að vera 8-12 ár (Sjá kafla 5.2.3). Það virðist einnig skynsamlegt að formaður sitji tvö ár í senn fremur en eitt.

Það er eftirtektarvert að ársfundur Stafa árið 2009 samþykkti að stefnt skyldi að því að auka lýðræði við kjör stjórnar. Á stjórnarfundinum þann 30.6. sama ár setti formaður stjórnar fram þá hugmynd að fjölga skyldi stjórnarmönnum um tvo og þeir kosnir í netkosningu. Framkvæmdastjóri Stafa sagði í viðtali við nefndina að þessi samþykkt hefði verið kynnt forsvarsmönnum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands en þeir hefðu lagst gegn henni á þeirri forsendu að hér væri um að ræða málefni sem heyrði undir kjarasamninga stéttarfélaganna.¹

Það er skoðun úttektarnefndarinnar að stjórnir lífeyrissjóða skuli móta sér stefnu um að einn eða fleiri stjórnarmenn úr hópi sjóðfélaga skuli kosnir á ársfundum (Sjá kafla 5.2.2).

34.2.2 Stjórn og starfsmenn

Stjórn lífeyrissjóðsins Stafa fer með æðstu stjórn hans og ber ábyrgð á rekstri sjóðsins.² Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri í umboði stjórnar. Stjórn á að fjalla um allar meiriháttar og óvenjulegar

ákvarðanir um stefnumótun og starfsemi sjóðsins og framkvæmdastjóri getur einungis tekið ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða meiriháttar liggja fyrir ákvörðun stjórnar eða áætlun sem stjórn hefur samþykkt.³ Stjórn ber að sjá til að útbúið sé regluverk sem stuðlar að því að þessi markmið náist. Þessar reglur hafa verið samdar og samþykktar en innri endurskoðendur segja í skýrslu frá 2009 að þessar reglur þjóni ekki allar hlutverki sínu.⁴ Unnið hefur verið að endurbótum. Regluverk af þessu tagi verður að vera í stöðugri þróun og það er erfitt að finna það jafnvægi sem skilar bestum árangri.

Ein mikilvægasta ákvörðun stjórnar er að ráða framkvæmdastjóra og setja honum reglur. Stjórn á ekki að skipta sér af daglegum rekstri enda er framkvæmdastjóri ráðinn til að sjá um hann. Það komu fram í skýrslu innri endurskoðenda vegna ársins 2007 athugasemdir við það atriði í ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra, að í honum væri árangurstenging bundin við að ná skrifstofu- og rekstrarkostnaði niður. Athugasemdin gekk út á, að það væri hagar framkvæmdastjóra að draga úr eftirliti með eigin störfum með því að minnka kostnað við eftirlit. Úttektarnefndin tekur undir athugasemdir innri endurskoðenda og bendir á að þetta sé óeðlilegt fyrirkomulag. Úr þessu hefur verið bætt. Stjórninni ber að hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra og að útgjöld séu eðlileg. Það er einnig ástæða til að benda á að stóru upphæðirnar sem lífeyrissjóðurinn getur sparað liggja í útgjöldum vegna þóknana til fjármálastofnana, en þær eru því miður ekki skráðar sérstaklega og verða því ósýnilegar sem útgjöld.

Framkvæmdastjóri hefur ekki heimild til að taka ákvarðanir sem eru meiriháttar eða óvenjulegar nema fyrir liggja sérstök ákvörðun stjórnar eða samþykkt áætlun enda segir í starfsreglum stjórnar: „Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar.“⁵ Hér er tekið afdráttarlaust til orða og ljóst að ekki eiga að vera undantekningar á þessari reglu nema í því eina tilviki að stjórnin hafi

1 Viðtal við Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Stafa, 14.3. 2001.

2 Samþykktir fyrir Staf lífeyrissjóð 2007, gr. 5.5.

3 Sama, gr. 5.5 og 5.5.2.

4 Stafir lífeyrissjóður, innri endurskoðun, 2009, bls. 20.

5 Starfsreglur stjórnar Stafa lífeyrissjóðs, 2007, gr. 5.4.

með sérstakri bókun veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.

Í reglunum er ekki kveðið á um hvernig beri að skilja hvað er óvenjulegt eða meiriháttar og því nauðsynlegt að leita annað eftir því. Ólafur Sigurðsson sagði í viðtali við nefndina að lengi vel hefði verið miðað við að ákvarðanir sem snerust um 1% af eignum sjóðsins teldust vera meiriháttar. Þessi viðmiðunarregla var viðhöfð í þeim sjóðum sem runnu saman í Stafi. Í skýrslu innri endurskoðenda fyrir starfsárið 2008 er gerð athugasemd við að ekki sé skýrt hvað átt sé við með meiriháttar eða óvenjulegri fjárfestingu. Í framhaldi af því setti sjóðurinn sér þá reglu að allar fjárfestingar sem væru meiri en 0.5% af heildareignum sjóðsins, hvort sem þær væru í skráðum eða óskráðum eignum, skyldu bornar undir stjórn.

Það er mikilvægt fyrir stjórn að geta verið viss um að starfsmenn framfylgi vilja hennar og hún geti litið eftir því að svo sé. Það er sömuleiðis gott fyrir starfsmenn að vita hver mörkin eru, hvað á að miða við. Það væri einfaldara fyrir alla, að stjórn setti sér fjárhæðarmörk fremur en hlutfallsviðmiðanir. Svo að dæmi sé tekið þá gæti stjórn sett sér þá reglu að allar fjárfestingar undir 750 mkr. teldust ekki meiriháttar og því gætu starfsmenn tekið ákvarðanir um þær í samræmi við þær reglur sem um slíkar ákvarðanir gilda. Það er sjálfsögð krafa um allar slíkar ákvarðanir að þær séu jafn vel undirbúnar og lán til sjóðfélaga þar sem krafist er fullra trygginga og gengið úr skugga um að þeir séu færir um að greiða fyrir lán sem þeir fá.

Úttektarnefndin telur að skynsamlegt sé að styðjast við tiltekna fjárhæðir sem viðmiðun, það auðveldi starfsmönnum ákvarðanir sínar og stjórninni eftirlit.⁶ Það er hins vegar ekki hægt að fallast á að sömu viðmiðanir gildi um fjárfestingar í óskráðum bréfum. Það er alveg ljóst af reglunum að allar ákvarðanir sem eru óvenjulegar skulu fyrst fara fyrir stjórn. Fjárfestingar í óskráðum bréfum eru óvenjulegar. Ef stjórn er reiðubúin að veita starfsmönnum heimild til slíkra fjárfestinga þá er eðlilegt að um þær gildi lág viðmiðunarmörk, til dæmis 50 milljónir, allt umfram það færi fyrir stjórn. Það þarf líka

að endurskoða þær reglur og samþykktir sem í gildi eru ef stjórn vill hafa þennan háttinn á. Það gerir einnig eftirlit með fjárvörsluáðila auðveldara að miða við tiltekna upphæð en Stafir hafa útvistað miklu af eignum sínum til þeirra.

Fjárfestingarráð starfar hjá Stöfum. Í því sitja framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn. Fjárfestingarráð getur haft ýmsa kosti, það virðist geta tryggt gæði fjárfestinga og festu í ákvörðunum. Úttektarnefndin telur að reglur um fjárfestingarráð þurfi að vera skýrari svo að staða þess og stjórnar verði ljós og að þar séu varðveittar allar upplýsingar svo hægt sé að rekja allar ákvarðanir.

Í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í afgreiðslu máls eigi þeir hagsmuna að gæta sjálfir og verði að gæta þess að gera ekki neinar ráðstafanir sem eru til þess fallnar að taka hagsmuni ákveðinna sjóðfélaga eða fyrirtækja fram yfir aðra á kostnað sjóðsins.⁷ Í starfsreglum stjórnar Stafa segir að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í afgreiðslu mála sem varða sjóðinn og þá persónulega, stjórnarmaður skal tilkynna stjórn fyrirfram ef hann telur sig vanhæfan og stjórnarmenn megi ekki taka hagsmuni einstakra sjóðfélaga eða fyrirtækja fram yfir aðra með ótilhlýðilegum hætti eða á kostnað sjóðsins.⁸ Í þessum reglum er ekki kveðið á um að stjórnin skuli setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Á árinu 2007 var óháðum aðila, ADVEL-lögfræðiþjónustu, falið að annast regluvörslu fyrir hönd sjóðsins.⁹

Stjórnarmenn sitja sumir í stjórnnum annarra félaga. Þetta á sérstaklega við um Guðstein Einarsson en skv. því sem fram kemur í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan situr hann í stjórnnum 9 félaga. Guðsteinn situr í stjórn fleiri félaga en ekki er talin ástæða til að telja þau öll upp. Guðsteinn er kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga. Það er ljóst að stjórnarmaður sem situr í stjórn svo margra félaga getur hæglega lent í hagsmunaárekstrum. Lífeyrissjóðurinn á í Samkaupum og sömuleiðis Kaupfélagi Borgfirðinga. Í viðtali við ytri endurskoðanda Stafa kom fram að eitt árið hefði félag á vegum

6 Innri endurskoðendur gerðu sams konar athugasemd í skýrslu um sjóðinn fyrir árið 2008.

7 Samþykktir fyrir Stafi lífeyrissjóð 2008, gr. 5.7.og 5.7.1.

8 Starfsreglur stjórnar Stafa lífeyrissjóðs, 2007, gr. 11.1, 11.2, 11.3.

9 Fundargerð stjórnar 27.11. 2007.

Guðsteins tekið lán hjá sjóðnum vegna Kaupfélags Borgfirðinga. Endurskoðandinn athugaði þetta lán sérstaklega vegna hættu á því að slíkt lán væri veitt á óeðlilegum kjörum. Ekkert óeðlilegt kom í ljós.¹⁰ Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins dró það skýrt fram að Guðsteinn hefði reglulega vakið athygli á því að hann gæti verið í óeðlilegri stöðu og Guðsteinn hefði aldrei beitt sér fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum sem hann tengdist. Guðsteinn sjálfur taldi ekki hættu á hagsmunaaárekstrum í viðtali við úttektarnefndina.¹¹ Það eru engin gögn í höndum nefndarinnar sem benda til neins sem er vafasamt og tengist störfum Guðsteins en það er samt ástæða til að benda á að það getur hæglega skapað hættu á vantrausti að einstaklingur sem situr í svo mörgum stjórnnum félaga sem tengjast lífeyrissjóði með ýmsum hætti sitji í stjórn hans eða sé formaður stjórnar eins og er raunin með Guðstein.

Lífeyrissjóðir eru almannahagssjóðir. Það þýðir að stjórnar- og starfsmenn fara alltaf með fjármuni annars fólks og gengi sjóðsins byggist á því trausti sem stjórnin og starfsmenn njóta. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að það ætti að vera ótvíráð skylda allra stjórnar- og starfsmanna lífeyrissjóða að skrá alla verðbréfaeign sína og tilkynna öll viðskipti sín á markaði jafnóðum og þau eiga sér stað (Sjá kafla 5.2.4.).

34.2.3 Samskipta- og siðareglur

Samskipta- og siðareglur Stafa skiptast í fimm greinar. Fyrsta greinin nefnist almenn atriði. Þar er lögð áhersla á að starfsmenn geri sér ljósa ábyrgð sína á fjármunum í eigu sjóðfélaga og það verði best gert með stöðugu sambandi við aðila á markaði. Það er einnig vakin athygli á því að ákvarðanir um viðskipti stuðli að því að mótaðilinn fær þóknunir og að upplýsingar um allar þóknunir skuli skráðar og birtar stjórn.

Önnur greinin lýsir upplýsingaskyldu starfsmanna til stjórnar um alla mögulega hagsmunaaárekstra, gjöfum og risnu sem þeir þiggi af þjónustuaðilum á fjármálamarkaði og kveðið er á um að starfsmönnum sé með öllu óheimilt að hvetja til þess að þeim verði gefnar gjafir.

Þriðja greinin heitir fundir og ferðir vegna einstakra viðskipta. Starfsmenn eru hvattir til þess að sækja fundi um fjármál og fjármálaafurðir sem viðskiptaaðilar skipuleggja. En allir slíkir fundir verði að hafa skýrt kynningarinnihald sem verði að koma vel fram í þeim gögnum sem lögð eru fram. Sjóðurinn beri allan kostnað af fundum af þessu tagi og allt sem starfsmenn sjóðsins þiggi af viðskiptaaðilanum sé viðeigandi og tengist tilgangi fundarins.

Í fjórðu grein er fjallað um fræðslufundi og ferðir vegna langvarandi viðskiptasambands. Slíkir fundir þurfa að nýtast í stefnumótun sjóðsins og sjóðurinn ber allan kostnað vegna þeirra.

Fimmta og síðasta greinin ber heitið ráðgefandi tengsl starfsmanna og þjónustuaðila. Í henni er ítrekað að framkvæmdastjóra sé óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar og að eignarhlutur teljist vera þátttaka í atvinnurekstri nema hluturinn sé óverulegur.

Þessar samskipta- og siðareglur mættu vera markvissari, til dæmis er í raun fjallað um sama hlutinn í þriðju og fjórðu grein. Það er galli á þessum reglum að þær gilda einungis fyrir starfsmenn, ekki fyrir stjórn. Það verður að segjast eins og er, að stjórn hlýtur ekki síður en starfsmenn að vera bundin af ákveðnum siðferðilegum kröfum. Þessar reglur þyrftu að ná yfir víðara svið en þær gera, til dæmis ætti að lýsa skyldum stjórnar og starfsmanna við sjóðfélaga.

Í þessum reglum er ekki kveðið á um viðurlög eða brot á reglunum. Það virðist því að reglurnar eigi að vera hvatning. Það er ein möguleg aðferð við að semja siðareglur og þá er engin þörf á siðanefnd eða úrskurðum enda er ekkert um það fjallað í þessum reglum.

¹⁰ Viðtal við Gunnar Þór Ásgeirsson, ytri endurskoðanda Stafa, 17.3. 2011.

¹¹ Viðtal við Guðstein Einarsson, stjórnarmann í Stöfum.

34.3 Fjárfestingar Stafa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

34.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir fjárfestingarstarfsemi Stafa lífeyrissjóðs á úttektartímanum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna verður nefndin jafnframt að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Stafir lífeyrissjóður varð til 2006 við sameiningu Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar.

Starfsemi Stafa lífeyrissjóðs árin eftir sameininguna ber glöggt vitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitserðarinnar. Stafir tóku ekki formlega til starfa fyrr en 1. janúar 2007. Með tilliti til þess var ákveðið að sýna ekki réttindabreytingar nema frá og með 2007. Skuldbindingar sjóðsins voru neikvæðar um 13,1% árið 2008 og 12,9% árið 2009. Lækka hefur þurft réttindi sjóðfélaga, a.m.k. tímabundið, þ.e. um 6% 2009 (sept.), um 2,5% 2010 (júlí) og aftur um 2,5% sama ár (okt.) (Sjá töflu 3 í yfirlitinu um starfsemi Stafa). Reikna verður einnig með því að lágmarksiðgjöld sjóðfélaga til sjóðsins voru hækkuð á þessum árum, sbr. lög nr. 167/2006 um breytingu á lífeyrissjóðalögnum.

34.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á framangreindum gögnum Stafa lífeyrissjóðs rætt við Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, og Guðstein Einarsson, sem ýmist var formaður eða varaformaður á úttektarárunum á móti Haraldi H. Jónssyni. Þá var rætt við Óskar Örn Ágústsson, forstöðumann eignastýringar Virðingar, en fyrirtækið hafði á úttektartímanum fjárstýringu fyrir um það bil 14% af heildareignum Stafa, sbr. síðar. Loks var rætt við Sif Einarsdóttur, löggiltan endurskoðanda hjá Deloitte hf., annan af innri endurskoðendum Stafa, og Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltan endurskoðanda hjá PriceWaterCoopers hf., ytri endurskoðanda lífeyrissjóðsins. Engar athugasemdir eru gerðar við endurskoðun sjóðsins.

Guðsteinn Einarsson er kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga og auk þess framkvæmdastjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga sem nú um

stundir er eignarhaldsfélag. Hann var og mun vera í stjórn fjölda annarra fyrirtækja, þar á meðal eignarhaldsfyrirtækja og fjárfestingarféлага ásamt því að vera stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Stafir eiga í einhverjum þessara fyrirtækja. Spurning er hversu vel það samrýmist stjórnarsetu hans fyrir sjóðinn. Hann er tilnefndur í stjórn Stafa af Samtökum atvinnulífsins. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, sagðist ekki hafa orðið var við að Guðsteinn væri að fá þá til að fjárfesta í fyrirtækjum honum tengdum og Guðsteinn taldi sjálfur engin tormeiki á stjórnarsetu sinni fyrir sjóðinn. Eðlilegt getur verið að lífeyrissjóður hafi í krafti eignarhlutar aðild að stjórn fyrirtækis en hér er ekki um það að ræða. Guðsteinn sýnist ekki sitja í stjórn annarra fyrirtækja í krafti eignar lífeyrissjóðsins. Þótt Samtök atvinnulífsins tilnefni mann til að taka sæti í stjórn lífeyrissjóðs, getur verið heppilegra að það sé ekki einhver sem hagsmuni getur haft af því að lífeyrissjóðurinn fjárfesti í fyrirtækjum honum tengdum. Athugasemdir við stjórnarstörf er að öðru leyti að finna í kafla 34.2.2.

Í skýrslu innri endurskoðanda segir um fjárfestinguna og fjárfestingarstefnu Stafa: „Á árunum 2006 og 2007 var fenginn erlendur ráðgjafi vegna fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins sem hafði m.a. áhrif á að lífeyrissjóðurinn var með lítið af fjárfestingum varið og mikla áhættudreifingu að sögn framkvæmdastjóra. Hins vegar átti lífeyrissjóðurinn töluvert mikið af skuldabréfum fyrirtækja sem erfitt var að losa sig við á árinu 2008 þrátt fyrir tilraunir til þess. Lífeyrissjóðurinn hafði talið að um örugga fjárfestingu væri að ræða en þegar eftirspurn var engin, sat lífeyrissjóðurinn uppi með skuldabréf fyrirtækja sem ekki reyndist unnt að selja. Breytingar gerðust hratt hjá fyrirtækjum á árinu 2008 og erfitt að gera sér grein fyrir stöðu þeirra í tæka tíð. Þá var mótaðilaáhætta vanmetin að sögn framkvæmdastjóra, ekki var horft nægjanlega á stjórnunar- og eignatengsl fyrirtækjanna.“¹²

Í viðtölum við nefndina kom fram að starfsmenn sjóðsins höfðu hugsað út í hvaða aðilar væru tengdir þegar fjárfestingarákvarðanir voru teknar en þeir gerðu sér enga grein fyrir hve hagsmunir sömu eigenda í ólíkum fyrirtækjum og svo aftur í bönk-

¹² Skýrsla innri endurskoðanda, dags. 28. janúar 2009.

unum væru hættulega nánir.¹³ Hér að framan er að finna dæmi um skuldabréfakaup Stafa í þrettán félögum sem öll höfðu eignatengsl við sama félagið sem var Baugur Group hf. Forráðamenn Stafa virðast ekki alltaf hafa gert sér ljóst að þeir væru að kaupa skuldabréf af félögum sem væru fjárhagslega tengd í gegnum eignarhald sömu eigenda.

Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur reynt erfitt að henda reiður á út frá hvaða forsendum sjóðurinn gekk þegar keypt voru verðbréf í félögum eða sjóðum. Stundum virðist aðaláherslan vera á því hvort tiltekin fjárfesting sé innan fjárfestingarstefnu sjóðsins eða ekki. Sjóðurinn þarf að leggja áherslu á að eftirlitsferill með fjárfestingum nái meira utan um „gæði fjárfestinga“ og áhættustýringu. Hann verður að spyrja sig hvaða kröfur hann á að gera til mótaðila sem er útgefandi bréfsins og getur verið sveitarfélag, opinbert fyrirtæki, félag í einkaeign eða félag með dreifðri eignaraðild. Það þarf að leggja mat á rekstrar- og eigendasögu félagsins, miða skýrt við ýmsar kennitölur, s.s. arðsemi eiginfjár, samsetningu og greiningu á eiginfé, EBITDA, sjóðstreymi o.fl. Þá þarf að kanna eigendatengsl og fjárhagsleg tengsl við önnur félög.

34.3.3 Fjárfestingarstefna Stafa lífeyrissjóðs

Stafir lífeyrissjóður á rétt innan við 10% í verðbréfafyrirtækinu Virðingu. Sjóðurinn hefur gert samning við Virðingu um samstarf sem grundvallast á rammasamningi um eignastýringu varðandi þrjú sértæk eignasöfn sjóðsins. Að baki hverjum eignastýringarsamningi er sérstök fjárfestingarstefna sem tilgreinir með hvaða nánar greindum hætti fjárfestingar eru heimilar innan hvers safns. Virðing hefur mest haft umsjón með um það bil 14% af heildareignum Stafa, þ.m.t. lunganum af innlendum hlutabréfum í eigu sjóðsins og stórum hluta af ríkisskuldabréfasafni hans. Einnig hefur Virðing haft umsjón með norrænu hlutabréfasafni sjóðsins.¹⁴

Virðing er löggilt verðbréfafyrirtæki, stofnað árið 1999, sem upphaflega var í eigu stéttarfélaga og lífeyrissjóða, þ. á m. Lífiðnar og Sameinaða lífeyrissjóðsins. Fyrirtækið var frá upphafi hugsað sem sjálfstæð verðbréfaeining, óháð bönkunum. Hug-

mynd lífeyrissjóðanna var að bjóða upp á fjölbreyttari leiðir í séreignarsparnaði. Breytingar hafa orðið á eignarhaldi fyrirtækisins með aðkomu fleiri lífeyrissjóða og einkaaðila. Sem fyrr sérhæfir fyrirtækið sig þó í eignastýringu án stöðutöku fyrir eigin reikning. Fulltrúi Stafa á sæti í stjórn Virðingar og átti Ólafur framkvæmdarstjóri þar sæti þangað til í hitteðfyrra. Með breytingu sem gerð var á lögum um fjármála-fyrirtæki nr. 161/2002 með lögum nr. 75/2010 voru skilyrði til stjórnarsetu þrengd og m.a. lagt bann við því að stjórnarmaður/eða starfsmaður í einum eftirlitsskyldum aðila gæti átt sæti í stjórn annars slíks aðila. Enginn greinarmunur var gerður á því um hvers konar eftirlitsskyldan aðila var að ræða. Lífeyrissjóður er eftirlitsskyldur aðili og getur því ekki tilnefnt framkvæmdastjóra sinn til stjórnarsetu í eignastýringarfyrirtæki sem sjóðurinn á ásamt öðrum og stýrir stórum hluta eignasafns hans. Erfiðara verður því að hafa eftirlit með eignastýringunni.¹⁵ Núverandi fulltrúi Stafa í stjórn Virðingar er Rúnar Bachmann en hann á jafnframt sæti í endurskoðunarráði Stafa.

Hjá Virðingu starfa 13 manns. Eignastýring sjóðanna skiptist þannig á milli starfsmanna að tilteknir starfsmenn sem sinna eignastýringu eru ábyrgir fyrir tilteknum eignaflokkum. Óskar Örn Ágústsson er t.d. ábyrgur fyrir stýringu innlendra hlutabréfa. Að hans sögn hefur Virðing sjálfðæmi um einstakar fjárfestingarákvarðanir innan ramma fjárfestingarstefnunnar, þ.e. starfsmaður Virðingar ber einstakar fjárfestingar ekki fyrirfram undir framkvæmdastjóra eða stjórn viðkomandi sjóðs. Starfsmenn Virðingar eiga hins vegar vikulega fundi með forsvarsmönnum lífeyrissjóðsins þar sem farið er yfir kaup og sölu verðbréfa. Þá fær stjórn sjóðsins yfirlit yfir verðbréfakaup eftir á. Engar fundargerðir virðast haldnar yfir þessa fundi. Óskar Örn vildi ekki viðurkenna að illa hefði farið fyrir innlendu hlutabréfasafni Stafa við fall bankanna. Að hans sögn töpuðust um 94% af hlutabréfum á íslenska hlutabréfamarkaðinum almennt, en aðeins 72% af hlutabréfasafni í stýringu Virðingar. Það hafi verið markaðurinn sem fór á hliðina. Samstarf Stafa og Virðingar hefur haldið áfram eftir fall bankanna. Óskar segir að hlutabréfasafn í stýringu

13 Viðtal við Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Stafa, 14.3. 2011.

14 Sbr. viðtal úttektarnefndarinnar við Ólaf Sigurðsson, dags. 14.3.2011.

15 Sbr. viðtal úttektarnefndarinnar við Sif Einarsdóttur, innri endurskoðanda Stafa, dags. 16.3.2011. Sjá ennfremur: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna fyrirhugaðra breytinga sem síðan voru gerðar á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með lögum nr. 75/2010, dags. 25.2.2010.

Virðingar hafi skilað 43% ávöxtun 2010. Hann taldi menn varkárari við kaup á innlendum hlutabréfum eftir hrun.

Stafir lífeyrissjóður hefur stóran hluta eigna sinna í fjárstýringu, þ.m.t. hjá Virðingu. Virðing hefur þess utan veitt Stöfum virðisaukandi þjónustu á söfnum sjóðsins, m.a. að því er varðar verðmat á einstökum fyrirtækjum. Þá hefur sjóðurinn samning um stýringu á sérgreindum eignum við Íslensk verðbréf hf. Ólafur framkvæmdastjóri segir hér um lítinn hluta eigna að ræða. Skömmu eftir hrun stofnuðu Íslensk verðbréf svonefndan kröfusjóð sem heldur utan um fyrirtækjaskuldabréf kröfuhafa. Hugmyndin var að sameina krafta kröfuhafa í tengslum við kröfuhafafundi, lögfræðikostnað og annað tengt falli íslensku bankanna. Afleiðsluviðskipti (gjaldmiðlavarnir) voru í stýringu hjá Landsbankanum hf. og Glitni hf. Upphaflega var samið um heimild til varna að fjárhæð 500 mkr. við hvorn banka en var síðar hækkað í 1.500 mkr. við Glitni hf. Hér var um rammasamning að ræða um gjaldmiðlastýringu með viðaukum þar sem fram komu heimildir sem viðkomandi banki hafði til að verja eignir sjóðsins.

Í lok árs 2006 var sett á fót fjárfestingarráð hjá Stöfum. Skráð markmið þess er að stuðla að faglegum og vönduðum vinnubrögðum við framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins. Leggja mat á virði, hugsanlega ávöxtun eignaflokka á hverjum tíma og áhættu sjóðsins sem felst í eignarhaldinu. Einnig að hafa eftirlit með einstaka fjárfestingum og gera mánaðarlega skýrslu um ávöxtun eigna og áhættu sem fylgir fjárfestingunum. Fjárfestingarráðið er þannig framkvæmdastjóra til halds og trausts við framkvæmd fjárfestingarstefnunnar. Athugunarvert er að ráðið hélt engar fundargerðir um ákvarðanir sínar árin 2006 og 2007. Fyrsti skráði fundurinn er 1. mars 2008, en telst frekar vera minnispunktur en raunveruleg fundargerð. Af minnispunktum þessum verður lítið ráðið um rökstuðning fyrir einstökum ákvörðunum. Með tímanum fer þetta þó batnandi. Framkvæmdastjóri sagði að sjóðurinn hefði sjálfur haft um 5% af heildareignum sjóðsins í stýringu innan sinna vébanda.

Stjórn Stafa tekur virkan þátt í mótun fjárfestingarstefnunnar en lætur framkvæmdastjóra ásamt fjárfestingarráði eftir framkvæmd hennar að mestu leyti.

Fjárfestingar í óskráðum fyrirtækjum eru þó bornar fyrirfram undir stjórn.¹⁶

Eins og fram kemur hér að framan og í töflu 2 í yfirliti um starfsemi Stafa marka stjórn og fjárfestingarráð stefnu fjárfestinganna innan lagaheimilda. Heimildir voru nokkuð mismunandi eftir því hvort um skyldutryggingu var að ræða eða leiðir í séreignarsparnaði. Fjárfestingarstefnunni var á úttektartímanum skilað til Fjármálaeftirlitsins eins og lög gera ráð fyrir og þar farið yfir hana. Breytingar á henni voru ekki miklar milli ára. Athygli vekur að stýring eignasafna sjóðsins er ekki nema að takmörkuðu leyti innan sjóðsins sjálfs, heldur útvistar hann miklum hluta af eignastýringu sinni samkvæmt rammasamningum til banka eða eignastýringarfyrirtækja, aðallega Virðingar. Sjóðurinn hefur því aðeins að takmörkuðu leyti áhrif fyrirfram á einstakar fjárfestingar þótt hann hafi tækifæri til að fylgjast náið með hvað er að gerast eftir á, a.m.k. hjá Virðingu. Ekki er hins vegar sjálfgefið að innri endurskoðandi eignarstýringarfyrirtækisins geri úrtök sem taka mið af þeirri þjónustu sem fyrirtækið innir af hendi á grundvelli samnings við einstaka lífeyrissjóði um útvistun. Viða erlendis mun það þekkjast að gerð sé sérstök skýrsla um útvistunina. Innri endurskoðandi Stafa endurskoðar ekki hjá eignastýringarfyrirtækinu. Ráða þyrfti bót á þessu.¹⁷

Athugunarefni er hver var ábyrgð eignastýringarfyrirtækjanna gagnvart sjóðnum yrði verulegt tap á fjármunum í eignastýringu hjá þeim. Þá er það alveg sérstakt álitamál hvaða upplýsingar bankarnir, Landsbankinn hf. og Glitnir hf., sem höfðu með gjaldmiðlavarnir að gera, áttu að gefa Stöfum lífeyrissjóði á árinu 2008 um hæfni sína til að framkvæma efni rammasamninganna. Í ljósi þess hvernig stjórnendur bankanna og margra annarra fjármála-fyrirtækja höguðu sér í aðdraganda hrunsins hljóta lífeyrissjóðirnar, þar á meðal Stafir, sem útvistuðu stórum hluta eignastýringar sinnar, að hugleiða að sameinast í ríkara mæli um fjárfestingarfyrirtæki án

16 Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Ólaf Sigurðsson, dags. 14.3.2011, og Guðsteín Einarsson, dags. 17.3.2011.

17 Sif Einaradóttir, innri endurskoðandi Stafa, lýsti þessu í samtali við úttektarnefndina (16.3.2011) og líkti við svarthol. Það er, að við úttekt innri endurskoðandans í þeim tilvikum þar sem lífeyrissjóður hefur útvistað bróðurpartinum af sinni starfsemi, t.d. fjárfestingum og upplýsingatækni, hefur innri endurskoðandinn ekki nema brot af heildarmyndinni fyrir framan sig.

samvinnu við aðra.¹⁸ Innan slíkra fyrirtækja mundu lífeyrissjóðirnir þá efla kunnáttu í eignastýringu fyrir lífeyrissjóði. Þessi eignastýringarfyrirtæki geta þá þróað með sér skilmála fjármálagerninga svo þeir komi til greina sem fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði. Ljóst er að skilmálar í fjármálagerningum um gjaldfellingu við flutning eigna og veða milli fyrirtækja og sönnun um gjaldfærni eignastýringarfyrirtækja hefðu í fyrri tilfellinu getað hamlað gegn einhverjum af slíkum tilflutningum og því síðara dregið úr áhættusækni stjórnendanna. Hins vegar má vera að ekkert nema aðskilnaður milli fjárfestingarbanka og viðskiptabanka og takmörkun á eignarhaldi bankanna við tiltölulega lítinn hluta hvers fyrirtækis hefði getað séð við hirðuleysi og áhættusækni í stjórnun þeirra. Loks ber þess að geta að lífeyrissjóðir, sem útvista eins og Stafir stórum hluta fjárfestinga sinna til óskyldra eða lítið skyldra fyrirtækja, greiða oftast einhverja árangurstengda þóknun, sem eykst við betri ávöxtun. Kostnaður af útvistun er mikill en aðeins hluti hans er innheimtur í formi árangurstengdrar þóknunar. Allur annar kostnaður er falinn inni í ávöxtun og kemur til lækkunar á þeirri ávöxtun sem viðskiptavinirnir njóta. Spurning er hvort sjóðirnir gerðu sér almennt næga grein fyrir hversu mikill þessi kostnaður var en hann kemur ekki fram í bókhaldi þeirra.¹⁹

34.3.4 Tap Stafa lífeyrissjóðs

Tap Stafa lífeyrissjóðs samkvæmt ársskýrslum sjóðsins liggur aðallega í skuldabréfum banka og sparisjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum. Benda verður auk þess á að til þess getur komið að einnig verði að færa niður sjóðfélagalán sem hvíla á yfirveðsettu húsnæði²⁰. Virðist þetta með líkum hætti og hjá sumum öðrum lífeyrissjóðum.

Stafir áttu mest af hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. og Glitni hf. en jafnframt nokkuð í tengdum fyrirtækjum. Skuldabréfaeign sjóðsins var dreifðari en hlutabréfaeignin en jafnframt töluverð í tengdum

fyrirtækjum (Töflur 18 og 19 í yfirliti yfir starfsemi Stafa).

Gunnar Þór Ásgeirsson, ytri endurskoðandi Stafa, sagði PWC ekki hafa gert athugasemdir við fjárfestingar sjóðsins í aðdraganda bankahrunsins. Þá hafi heldur ekki verið gerðar athugasemdir við fjárfestingar í skyldum fyrirtækjum. Skoðað hefði verið hvar stærstu bréfin voru, hvers konar bréf þetta voru og hvort þau væru í skilum. Óskar Örn Ágústsson, forstöðumaður eignastýringar Virðingar, hélt því fram að allir hefðu gert sér grein fyrir því þegar félög voru tengd en umfangið hefði komið á óvart. Virðing hafi þó haldið að sér höndum varðandi kaup í einstökum félögum, m.a. Existu og FL Group. Verðlagning þessara fyrirtækja hafi verið óhagstæð, eignasafnið á yfirverði. Samkvæmt núgildandi lögum, 5. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðalaga, sbr. lög 171/2008, hefði eign sjóðsins verið talin of há í Exista hf., Kaupþingi banka hf. og öðrum tengdum fyrirtækjum (Stafir, tafla 18 í yfirlitinu um starfsemi Stafa). Hins vegar var ákvæðið takmarkað við fyrirtæki, sem tilheyrðu sömu samstæðu, samkvæmt eldri lögum, sbr. 2. gr. hlutafárlaga nr. 2/1995. Fjárfestar hefðu þó á þessum tíma einnig átt að líta til ákvæða annarra laga um tengd fyrirtæki og það hefði átt að verða til þess að þeir hefðu varann á sér varðandi þessi fyrirtæki. Í tilfelli Stafa voru fjárfestingar í FL Group, Glitni banka hf. og fleiri tengdum fyrirtækjum helst til háar (Sjá töflu 19 í yfirlitinu um starfsemi Stafa). Erfitt gat þó verið á athugunartímanum að halda sér innan marka fjárfestingarstefnu, því verð á hlutabréfum sveiflaðist svo mikið. Vissulega var einnig mjög erfitt að átta sig á tengingu sumra þessara fyrirtækja og fyrir hvað þau stóðu. Verður að viðurkenna að utan frá lítur jafnvel svo út að blekkingum hafi verið beitt um eignarhaldið o.fl., þótt hér verði ekkert um það fullyrt. Lífeyrissjóðirnir mega þannig hafa verið blekkir sem aðrir. Það er á valdi sérstaks saksóknara að fara með mál um refsineymi slíkrar brotastarfsemi en að því slepptu koma reglur um góða viðskiptahætti til skoðunar.

Athygli vekur að mörg skuldabréf sem gefin voru út af bönkum og sparisjóðum eru svokölluð víkjandi lán, þ.e. víkja fyrir öllum öðrum skuldbindingum en hlutabréfum. Í mars 2008 keyptu Stafir lífeyrissjóður, sem og margir aðrir lífeyrissjóðir, skuldabréf í útgáfu Glitnis hf. sem ekki áttu að greiðast upp,

18 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Guðstein Einarsson, stjórnarmann í Stöfum, sem sagði þeirrar skoðunar að frekari sameining lífeyrissjóða og samvinna, m.a. með öflugum greiningardeildum, væri það sem koma skyldi, dags. 17.3.2011.

19 Sbr. viðtal við Sif Einarsdóttur, dags. 16.3.2011.

20 Samkomulag um sértæka skuldaðlögun einstaklinga 22. desember 2010

heldur breytast í hlutabréf 2013. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa, vildi ekki viðurkenna að skuldabréfaútgáfa þessi hefði verið óeðlileg en hún hefði verið óvenjuleg að því er varðaði breytinguna yfir í hlutabréf. Kaupin voru ekki borin undir stjórn Stafa. Ólafur sagði að til grundvallar útboði þessara skuldabréfa hefðu fyrst og fremst verið uppgjör og rekstur bankans, þ.e. greiningarskýrslur og kynningarfundir ásamt útgáfulýsingu. Úttektarnefndinni þykir mjög vafasamt að þessi kaup og önnur kaup á víkjandi skuldabréfum hafi verið í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaga um varkárni í fjárfestingum lífeyrissjóða. Vilji sjóðstjórar jafna þessum sérstöku kaupum við hlutabréfakaup, verður ekki hjá því komist að líta svo á, að verið sé að fara á svig við heimildir lífeyrissjóðalaga. Af útgáfulýsingu þessa skuldabréfaútbóðs sést að henni var ætlað að höfða til lífeyrissjóða sérstaklega enda keyptu þeir margir. Á sama tíma varð opinbert að fyrirhugað skuldabréfaútbóð bankans í Bandaríkjunum hafði runnið út í sandinn. Ólafur heldur því fram að sjóðurinn hafi ekki haft grun um að bankinn gæti verið að verða gjaldþrota og er úttektarnefndin ekki að rengja það út af fyrir sig (Sjá einnig kafla 5.1.9. í almenna hluta skýrslunnar um UBS-bréfið).

Ólafur Sigurðsson var spurður út í fjárfestingu sjóðsins í Société General. Um er að ræða einn af stærstu bönkum Evrópu og stærsta banka Frakklands. Landsbankinn seldi á sínum tíma skuldabréf á bankann sem gekk undir nafninu baktryggt skuldabréf. Baktryggingin var í því fólgin að bankinn hafði safnað saman 100 skuldabréfum á evrópsk og amerísk fyrirtæki sem voru með AA+ í lánshæfismat (sterkir og stæðilegir skuldarar). Í skilmálum skuldabréfsins kom hins vegar fram að færi meira en 7,7% af undirliggjandi safni í þrot, væri bréfið ónýtt. Það gekk eftir og búið er að afskrifa bréfið að fullu í bókum Stafa. Annar hvor af fyrirrennurum Stafa lífeyrissjóðs keypti þessi bréf. Það gerðu líka fleiri lífeyrissjóðir og hafa orðið að afskrifa skuldabréfið að fullu. Úttektarnefndin er þeirrar skoðunar að bréf með slíkum skilmálum eigi lífeyrissjóðir ekki að kaupa með vísun til þeirrar varkárni sem þeir eiga að sýna í fjárfestingum.

Óskar Örn Ágústsson sagði að Virðing fjárfesti eingöngu í skráðum bréfum í umboði Stafa. Meðal fjárfestinga Virðingar 2008 fyrir hönd Stafa voru

hlutabréfakaup í Glitni síðla árs 2008, bæði fyrir og eftir kaup ríkisins á 75% eignarhlut í bankanum. Gengi bréfa Glitnis hafði hríðfallið frá miðju ári 2007. Sama dag og ríkið keypti hlut í Glitni seldi Virðing jafnframt eignarhlut í Landsbankanum. Hluti af andvirði þeirra bréfa var nýttur til hlutabréfakaupa í Glitni. Óskar sagðist hafa haldið að ríkið mundi styðja við bakið á Glitni. Óskar viðurkenndi að þessi kaup hefðu verið mikil mistök. Hins vegar hefði versta fjárfesting Virðingar fyrir Stafi verið í Straumi fjárfestingarbanka. Í árslok 2005 áttu Stafir 41.000 hluti í Straumi Burðarás. Af bókum sjóðsins sést að Virðing fyrir hönd Stafa var stöðugur kaupandi í Straumi næstu misserin fram að hruni að undanskildum 2. ársfjórðungi 2008. Óskar sagði að bankinn hefði litið vel út og verið tiltölulega hagstætt verðlagður. Fylgst hafi verið með afkomu félagsins og farið var á kynningarfundum með stjórnendum þess. Þeir hafi haldið að bankinn mundi lifa af. Þótt bréfin hafi fallið mikið, græði maður ekkert með því að sigla bara með straumnum en þeir hafi vissulega haft áhyggjur. Eftir á að hyggja hafi þetta verið röng ákvörðun. Aðspurður um það hvort þeir hafi fundið fyrir auknum þrýstingi frá bönkunum um kaup í þeim þegar nálgadist hrun eða frá 2007 var svar hans á þessa leið: „Bankarnir reyndu auðvitað að koma sínum bréfum inn á alla.“

Í töflum 12 og 13 er yfirlit yfir dreifingu bókfærðrar stöðu og afskriftir skuldabréfa fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja. Mörg þessi fyrirtæki eru eignarhaldsfyrirtæki, sem fóru með mikil völd í stóru bönkunum. Kaupin eru dreifð og fyrri hluta árs 2008 er selt í FL Group hf. og einnig í Exista hf. Hlutur sjóðsins í Exista jókst þó á ný síðar á árinu vegna yfirtöku Exista á Skiptum hf. svo sem Óskar Örn sagði nefndinni. Þóknarir til banka og verðbréfasjóða vegna kaupa og sölu verðbréfa eru ekki sýndar sérstaklega í ársreikningum, sbr. og það sem áður er sagt.

Þótt hér að framan hafi verið fundið að ýmsum einstökum fjárfestingum Stafa lífeyrissjóðs virðast stjórnendur sjóðsins og starfsmenn Virðingar sem unnu fyrir þá hafa gert sér nokkra grein fyrir þeim vandamálum sem að lífeyrissjóðunum stöðjuðu og kostað kapps um að kynna sér markaðinn. Það er þannig ljóst að það er starfræksla bankanna og fall

þeirra svo og fyrirtækja þeim tengdum, sem veldur mestu um tap lífeyrissjóðsins. Í sumum tilfellum er jafnvel líklegt að einhverjir starfsmenn bankanna hafi brotið trúnað á lífeyrissjóðnum sem viðskiptavini, bæði almennt og jafnvel samkvæmt rammasamningi.

35. Kafli

35.1 Stapi lífeyrissjóður	141
35.1.1 Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs	141
35.2 Stjórn og starfshættir	153
35.2.1 Stjórn.	153
35.2.2 Stjórn og starfsmenn	154
35.2.3 Síðareglur	156
35.3 Fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar.	157
35.3.1 Inngangur	157
35.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins.	157
35.3.3 Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs	158
35.3.4 Tap Stapa lífeyrissjóðs	159

35.1 Stapi lífeyrissjóður

35.1.1 Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs

Upphaf

Stapi lífeyrissjóður var stofnaður við samruna Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands þann 15. nóvember 2006. Réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins voru samræmd við réttindaákvæði Lífeyrissjóðs Austurlands. Lífeyrissjóður Austurlands var stofnaður í samræmi við ákvæði kjarasamninga árið 1969. Lífeyrissjóður Norðurlands var aftur á móti stofnaður árið 1992 með sameiningu sex lífeyrissjóða á Norðurlandi. Starfssvæði Stapa lífeyrissjóðs nær frá Hrutafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á þessu svæði sem kemur úr ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi, verslun, þjónustu, iðnaði o.fl. Sjóðurinn rekur tvær skrifstofur, aðra á Akureyri og hina í Neskaupstað.

Nedangreind stéttarfélög eru aðildarfélög sjóðsins fyrir hönd launamanna:

- AFL, starfsgreinafélag
- Aldan, stéttarfélag
- Eining-Iðja, Eyjafirði
- Félag byggingarmanna, Eyjafirði
- Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri
- Framsýn, stéttarfélag
- Iðnsveinafélag Skagafjarðar
- Stéttarfélagið Samstaða
- Verkalýðsfélag Hrutfirðinga
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verslunarmannafélag Skagfirðinga
- Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum

Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum. Varamenn eru jafnmargir. Kosning stjórnarmanna fer fram á ársfundi sjóðsins. Fulltrúar launamanna sem eru þrjú talsins eru kosnir af fulltrúum stéttarfélaga en fulltrúar launagreiðenda eru tilnefndir af samtökum atvinnulífsins. Kjörtímabil er 2 ár og er helmingur stjórnar kjörinn á hverjum ársfundi. Fulltrúar launagreiðenda og launamanna skiptast árlega á um að fara með formennsku í stjórn sjóðsins.

Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum sjóðsins.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð sem er að jöfnu skipað fulltrúum launamanna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum. Fulltrúar launamanna eru valdir þannig að hvert aðildarfélag launamanna að lífeyrissjóðnum kys úr sínum hópi einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn. Fulltrúar atvinnurekenda eru þannig valdir að 50 stærstu fyrirtæki og stofnanir, að teknu tilliti til iðgjaldgreiðslna af eigin starfsmönnum, tilnefna einn fulltrúa hvert. Samtök launagreiðenda skulu síðan tilnefna fulltrúa til að jafna tölu fulltrúa launamanna og launagreiðenda. Í atkvæðagreiðslum skulu fulltrúar launamanna og atvinnurekenda fara með helming atkvæða án tillits til fjölda fulltrúa á fundi. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Fyrir hinn almenna sjóðfélaga er ársfundurinn þó fyrst og fremst upplýsingafundur.

Heimild: Samþykktir Stapa lífeyrissjóðs 2008.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Stapa lífeyrissjóði árin 2007-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Stapi tafla 1

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007
Sigurður Hólm Freysson	Sjóðfél.	Form.	Varaf.	X
Sigrún Björk Jakobsdóttir	Atv.	Varaf.	Form.	
Aðalsteinn Árni Baldursson	Sjóðfél.	X	X	
Anna María Kristinsdóttir	Atv.	X	X	X
Björn Snæbjörnsson	Sjóðfél.	X	X	Form.
Guðrún Ingólfssdóttir	Atv.	X		
Aðalsteinn Ingólfsson	Atv.		X	Varaf.
Ásgerður Pálsdóttir	Sjóðfél.			X
Þorbjörg Þorfinnsdóttir	Atv.			X
Fulltrúi atvinnurekenda	Atv.			
Fulltrúi sjóðfélaga	Sjóðfél.			

Af núverandi stjórnarmönnum hafa þrjú setið í stjórn sjóðsins frá stofnun hans og tveir hafa setið í stjórninni í tvö ár.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs er Kári Arnór Káráson og hefur hann gegnt því starfi frá stofnun sjóðsins. Kári var áður framkvæmdastjóri

Lífeyrissjóðs Norðurlands frá árinu 1993. Guðmundur Baldvin Guðmundsson er skrifstofustjóri og staðgengill framkvæmdastjóra. Hann hóf störf hjá Stapa lífeyrissjóði í febrúar 2006. Jóna Finndís Jónsdóttir hefur starfað sem sjóðstjóri frá árinu 2007. Stöðugildi við sjóðinn eru 10,1 talsins.

Endurskoðun:

Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi, Price-waterhouseCoopers hf. (til 2010)

Knútur Þórhallsson, endurskoðandi, Deloitte hf. (frá 2010)

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur

Innri endurskoðun:

Þórir Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, Price-waterhouseCoopers hf. (til 2010)

Helga Harðardóttir, endurskoðandi, KPMG ehf. (frá 2010)

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009

Starfsmenn Stapa lífeyrissjóðs sátu í eftirtöldum stjórnnum tímabilið 2006-2009:

Kári Arnór Kárason:

- Íslensk verðbréf hf., stjórnarformaður
- Brú Venture Capital hf., meðstjórnandi
- Fasteignir ÍV ehf., stjórnarformaður
- Rusor ehf., stjórnarformaður
- Glíma ehf., stjórnarmaður og 100% eigandi.
- Hámark ehf., stjórnarmaður og 100% eigandi gegnum móðurfélagið Glímu ehf.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson:

- Tækifæri hf.
- Starfsendurhæfing Norðurlands

Heimild: Minnisblað Stapa lífeyrissjóðs til nefndarinnar dags.12.10.2010.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Stapa lífeyrissjóðs er að finna í 2. grein samþykktá sjóðsins.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktá þessara

2.2 Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Halda skal fjárhag deildanna aðskildum. Rekstrarkostnaði sjóðsins skal skipt milli deilda í hlutfalli við umfang hverrar deildar samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.

2.3 Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, og á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 29. maí 1969 og 12. desember 1995. Tryggingardeild sjóðsins tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

2.4 Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja og efla þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykktá þessara.

Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs.

Stapi lífeyrissjóður skiptist í tvær deildir samtryggingardeild og séreignardeild. Séreignardeildin býður upp á þrjú ávöxtunarsöfn með mismunandi áhættu:

Safn I hefur að markmiði að ná öruggri ávöxtun til lengri tíma litið, með hóflegri áhættu.

Safn II er áhættusamara safn með víðtækari heimildum til fjárfestingar í hlutabréfum og erlendum verðbréfum. Markmið safnsins er að hámarka ávöxtun til lengri tíma litið.

Safn III er alfarið ávaxtað í innlánnum og skammtabréfum og er áhættuminnsta safnið.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins þar sem eignir séreignardeildanna eru aðeins um 4% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildanna er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign sjóðsins.

Í yfirferð um Stapa lífeyrissjóð hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar

Hjá Stapa lífeyrissjóði eru í gildi starfsreglur stjórnar frá júní 2007. Í fjórðu grein starfsreglnanna sem fjallar um verksvið stjórnar kemur m.a. fram:

- Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins milli ársfunda og skal sjá um að skipulag

sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.

- Stjórn skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans, gengur frá starfslýsingu hans, setur honum starfsreglur og veitir honum lausn frá störfum.
- Framkvæmdastjóri skal sjá um allan daglegan rekstur og hann ræður annað starfsfólk til sjóðsins.
- Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu.
- Stjórnin skal hafa eftirlit með og sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu hans hverju sinni.
- Stjórnin skal setja reglur um innihald, form og tíðni upplýsingagjafar til hennar þannig að hún geti sinnt þessu eftirlitshlutverki.
- Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal framkvæmdastjóri hafa samráð við formann og varaformann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- Fyrir lok nóvember ár hvert skal framkvæmdastjóri leggja fyrir stjórn tillögur um fjárfestingarstefnu sjóðsins og fjárfestingaráætlun næsta árs. Stjórn skal taka þessar áætlanir til umfjöllunar og afgreiðslu.
- Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri og eftir atvikum

aðrir starfsmenn í hans umboði annast stýringu á eignum sjóðsins, þar með talið kaup og sölu verðbréfa og hvers kyns eignar, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Að öðru leyti fjalla starfsreglur stjórnar um starfsemi, skipan og skiptingu starfa innan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda o.fl., ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar og breytingar og meðferð starfsreglna.

Í janúar 2009 setti stjórn sjóðsins reglur um heimildir starfsmanna og áritanir og í september 2010 voru settar reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar.

Fjárfestingarstefna, samtryggingardeild

Stjórn sjóðsins mótir fjárfestingarstefnu árlega og er hún yfirfarin með reglubundnum hætti á stjórnarfundum. Á hverjum stjórnarfundum eru lagðar fram upplýsingar um fjárfestingar milli funda, afkomu allra eignaflokka og hver framvindan er miðað við stefnu sjóðsins og áætlanir. Fjárfestingarmarkmið eru þau ávöxtunarmarkmið sem sjóðurinn setur sér og takmarkast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í. Fjárfestingarstefnan fyrir árið 2008 gerði ráð fyrir auknum sveigjanleika með möguleika til aukinna fjárfestinga í hlutabréfum og óhefðbundnum fjárfestingum umfram það sem áður hafði verið. Þá eru tilgreind heimiluð vikið frá fjárfestingarstefnunni en þau verða að teljast nokkuð rúm.

Stapi tafla 2

Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2008

Flokkar	Áætlað vægi í árslok 2007	Vægi í árslok 2008	Breyting	Vikmörk
Ríkisbréf	21%	20%	-1%	20-50%
Önnur skuldabréf	16%	17%	1%	0-20%
Veðskuldabréf	2%	2%	0%	0-10%
Erlend skuldabréf	10%	10%	0%	0-20%
Innlend hlutabréf	16%	20%	4%	10-30%
Erlend hlutabréf	19%	20%	1%	10-30%
Aðrar fjárfestingar	8%	9%	1%	0-10%
Skammtímbréf - innlán	8%	2%	-6%	0-10%
Samtals	100%	100%		

Heimild: Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs fyrir árið 2008.

Eignastýring

Innlendri verðbréfaeign Stapa lífeyrissjóðs var að hluta til úthýst til Íslenskra verðbréfa hf. Með samningi dags. 15. janúar 2002 gerðu Lífeyrissjóður Norðurlands (annar af forverum Stapa lífeyrissjóðs) og Íslensk verðbréf hf. með sér samning um ávöxtun og vörslu eigna Lífeyrissjóðs Norðurlands. Þegar Stapi lífeyrissjóður tók síðan til starfa árið 2007 þá yfirtók Stapi samninginn nánast óbreyttan. Síðan voru gerðir nokkrir undirsamningar sem fjölluðu nánar um hina ýmsu verðbréfaflokka sjóðsins þar sem m.a. var kveðið á um eftirfarandi atriði: Fjárfestingarstefnu sjóðsins, fjárvörslu og eignastýringu, þóknanir (umsýslu- og viðskiptaþóknanir, árangurstengdar þóknanir og umbun til starfsmanna Íslenskra verðbréfa). Ofangreindir undirsamningar náðu til innlendra hlutabréfa- og skuldabréfasafna sem síðan gátu skipst niður í undirsöfn eftir áhættu og eðli þeirra verðbréfa sem í hlut áttu. Stapi lífeyrissjóður hefur einnig stýrt söfnum í öllum sömu eignaflokkum og var úthýst til Íslenskra verðbréfa. Var það gert bæði til samanburðar og til að meta árangur eigin starfsmanna og úthýsingaraðila.

Ofangreindur samningur var í gildi til 15. júní 2009 en þá gerðu Stapi lífeyrissjóður og Íslensk verðbréf hf. með sér nýjan samning um eignastýringu og vörslu eigna. Jafnframt voru gerðir undirsamningar um meðferð á hinum ýmsu verðbréfaflokkum sjóðsins.

Erlend verðbréfaeign Stapa er fyrst og fremst í sjóðasöfnum sem var stýrt af framkvæmdastjóra Stapa. Norrænu hlutabréfasafni sjóðsins sem ekki er mikið að vöxtum hefur verið úthýst til Íslenskra verðbréfa hf. Gjaldmiðlavarnir voru fyrst og fremst hjá Landsbanka Íslands hf. og lítilla hjá Glitni hf.

Á fundi stjórnar Stapa lífeyrissjóðs þann 30. apríl 2008 voru samþykktar „Reglur um fjárfestingarráð Stapa lífeyrissjóðs“. Ráðið starfar í umboði stjórnar sem setur því reglur. Í reglunum kemur m.a. fram:

3. gr. Fjárfestingarráð er skipað þremur einstaklingum sem starfa hjá sjóðnum og gegna störfum framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og skrifstofustjóra. Framkvæmdastjóri er formaður fjárfestingarráðs.
4. gr. Fjárfestingarráð skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en vikulega, að undanskildum eðlilegum sumarleyfistíma. Ráðið skal halda fundargerðir um fundi sína og eru þær aðgengilegar fyrir stjórn sjóðsins.
5. gr. Allar fjárfestingar sem starfsmenn sinna fyrir sjóðinn skulu teknar fyrir í fjárfestingarráði og skal ráðið taka um þær ákvörðun. Kynna skal niðurstöður kostgæfnisathugana og kannana á fjárfestingarkostum í ráðinu áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin. Fjárfestingar í nýjum eignaflokkum og/eða hjá nýjum eignastýrendum skal að jafnaði fjalla um á a.m.k. tveimur fundum í fjárfestingarráði.
6. gr. Komi upp skiptar skoðanir um fjárfestingarvalkosti í ráðinu ræður atkvæði formanns. Allir ráðsmenn geta þó skotið máli til stjórnar sjóðsins við slíkar aðstæður og skal ákvörðun þá ekki tekin nema stjórn hafi um hana fjallað.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 2.741 mkr. og hækkuðu um 17,4% frá árinu 2008. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 2,0% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað nokkuð á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 7.072 talsins, samanborið við 5.551 í árslok 2005. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni (Sjá töflu 3).

Stapi tafla 3

	Lífeyrisgreiðslur í mkr.					Fjöldi lífeyrisþega				
	2009	2008	2007	2006	2005	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	1.698	1.391	1.179	1.035	922	4378	3984	3704	2431	2177
Örorkulífeyrir	809	725	729	666	648	2.086	1.466	1.833	1.410	1347
Makalífeyrir	197	182	169	152	141	509	523	533	339	312
Barnalífeyrir	37	38	40	43	48	99	109	124	107	118
Samtals	2.741	2.336	2.117	1.896	1.759	7.072	6.083	6.194	4.287	3.954
Samtals, verðlag 2009	2.741	2.511	2.689	2.549	2.529					

*Fjöldi lífeyrisþega Lífeyrissjóðs Austurlands

Á síðasta ársfundi Lífeyrissjóðs Norðurlands árið 2006 var samþykkt hækkun á áunnum réttindum sjóðfélaga um 2,75%. Hækkunin var gerð til að samræma réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Norðurlands og Lífeyrissjóði Austurlands vegna sameiningar sjóðanna.

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðanna á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Stapi tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	175.401	174.381	176.861	160.618	121.300
Skuldbindingar	196.546	187.287	173.023	154.983	124.187
Samtals	-21.145	-12.906	3.838	5.635	-2.887
% af skuldbindingum	-10,8%	-6,9%	2,2%	3,6%	-2,3%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar árin 2006 og 2007. Árið 2008 varð mikil breyting þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru neikvæðar um 6,9% 2008 og 10,8% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Töflurnar tvær hér að neðan sýna annars vegar stöðu verðbréfaeignar sjóðsins frá og með árinu 2007 og hins vegar raunávöxtun hvers eignasafns fyrir sig. Ástæða þess er sú að árið 2007 er fyrsta heila starfsár Stapa lífeyrissjóðs. Verðbréfaeign sjóðanna sem sameinaðir voru í Stapa lífeyrissjóð var sett fram með þeim hætti að erfitt var að tengja hana við núverandi uppsetningu án þess að valda hugsanlegum misskilningi.

Erlend verðbréfaeign hefur verið stór hluti af verðbréfasafni sjóðsins en árið 2007 námu erlend verðbréf 37,0% af heildareignum. Hlutdeild þeirra fór síðan upp í 42,9% árið 2008 og 38,9% árið 2009. Þá hafa ríkistryggð skuldabréf einnig verið stór hluti af safni sjóðsins eða á bilinu 33.682 mkr. upp í 37.052 mkr. sem jafngildir í kringum 40% af eigna-

safninu. Innlend markaðsskuldbréf sem samantanda aðallega af fyrirtækjaskuldabréfum og skuldabréfum banka og sparisjóða fóru úr 12.961 mkr. árið 2007 í 24.226 mkr. árið 2009. Í ársbyrjun 2008 var innlend hlutabréfaeign Stapa samtals 11.724 mkr. Sjóðurinn keypti hlutabréf á árinu fyrir 4.331 mkr. en seldi jafnframt hlutabréf fyrir 10.617 mkr. Stapi var þannig nettóseljandi hlutabréfa árið 2008. Eign í peningamarkaðssjóðum í ársbyrjun 2008 var 7.522 mkr. Sjóðurinn var nettóseljandi peningamarkaðsbréfa að fjárhæð 6.667 mkr. og dró það verulega úr tapi hans.

Stapi tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.	2009	2008	2007
Bundnar bankainnstæður	2.322	6.138	980
Innlend hlutabréf	1.655	1.374	11.724
Innlendir hlutabréfasjóðir	0	3	941
Innlendir skuldabréfasjóðir	2.526	1.046	1.172
Framtakssjóðir	564	359	
Peningamarkaðssjóðir	329	569	7.522
Erlend verðbréfaeign	37.117	33.753	33.682
Ríkistryggð skuldabréf	37.052	17.141	20.940
Innlend markaðsskuldbréf	24.226	28.761	12.961
Önnur skuldabréf	97		
Veðskuldabréf	1.187	1.241	1.253
Samtals án niðurfærslu	107.075	90.385	91.175
Niðurfærsla verðbréfa	11.698	11.621	177
Samtals	95.377	78.764	90.998

Stapi tafla 6

Hér að neðan má sjá raunávöxtun allra eignasafna sjóðsins.

Hrein raunávöxtun eignasafna	2009	2008	2007
Bundnar bankainnstæður	5,4%	2,9%	4,0%
Innlend hlutabréf	-6,8%	-57,1%	-4,5%
Innlendir hlutabréfasjóðir	-30,3%	-52,6%	-6,0%
Innlendir skuldabréfasjóðir	-19,0%	-20,0%	-0,9%
Framtakssjóðir	24,8%	113,6%	0,0%
Peningamarkaðssjóðir	-31,3%	-19,3%	0,6%
Erlend verðbréfaeign	-4,8%	14,8%	-5,8%
Ríkistryggð skuldabréf	4,6%	3,7%	0,5%
Innlend markaðsskuldbréf	-12,2%	-45,0%	4,9%
Önnur skuldabréf	22,0%		
Veðskuldabréf	5,0%	5,5%	5,4%
Samtals	-6,2%	-13,9%	-0,6%

Heimild: Stapi lífeyrissjóður og ársskýrslur sjóðsins.

Raunávöxtun - Tryggingardeild

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum neikvæð um 6,2%. Raunávöxtun sjóðsins á

árinu 2008 var neikvæð um 13,9% og skýrist það einkum af áföllum þeim sem urðu á fjármálamarkaði hér innanlands og eftirmálum þeirra. Raunávöxtun 2007 var einnig neikvæð um 0,6%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 8,6% og 14,0%. Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin var neikvæð um 0,1% en síðustu 10 árin var raunávöxtun jákvæð um 1,4%.

Stapi tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	-6,2%	-13,9%	-0,6%	8,6%	14,0%
Fimm ára meðalávöxtun	-0,1%	3,7%	8,7%	8,6%	6,1%
Tíu ára meðalávöxtun	1,4%	3,6%	6,2%	7,1%	7,4%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Alls greiddu 18.186 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu 2009. Iðgjaldgreiðslur árið 2009 námu samtals 5.112 mkr. sem var lækkun um 1,7% frá fyrra ári.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 var aukning á hreinni eign til greiðslu lífeyris mun minni en fyrri ár. Árið 2008 var afkoman lökust og hækkaði hrein eign það ár aðeins um 4.036 mkr. sem var um 20,9% af hækkuninni árið 2006. Árið 2009 hækkaði hrein eign um 4.560 mkr. Þá er fróðlegt að sjá að hrein eign til greiðslu lífeyris árið 2009 var nánast sama fjárhæð og árið 2005 (verðlag 2009).

Stapi tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	5.122	5.209	5.469	4.689	3.615
Lífeyrir	-3.083	-2.375	-2.014	-1.919	-1.767
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	52	-3.750	702	1.959	5.832
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	9.736	16.263	3.704	10.358	4.514
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-7.140	-11.456	-34	-80	-75
Fjárfestingartekjur	2.648	1.057	4.372	12.237	10.271
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-50	-53	-59	-86	-82
Rekstrarkostnaður	-77	-84	-114	-96	-84
Rekstrargjöld	-127	-137	-173	-182	-166
Aðrar tekjur	0	0	446	-437	13
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	4.560	3.754	8.100	14.388	11.966
Hrein eign frá fyrra ári	95.744	91.990	83.890	69.502	57.536
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	100.304	95.744	91.990	83.890	69.502

Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009

Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	4.560	4.036	10.287	19.344	17.206
Hrein eign frá fyrra ári	95.744	98.898	106.544	93.444	82.733
Hrein eign til greiðslu lífeyris	100.304	102.934	116.832	112.788	99.939

1) Stapi lífeyrissjóður sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þóknarir eru færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6, Þóknatekjur fjárfestingartækja.

35.1.2 Tap Stapa lífeyrissjóðs 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Þar er átt við eignir eins og bankainnstæður, veðskuldaþréf sjóðfélaga og verðbréf með ábyrgð ríkisins. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árunum 2008 og 2009 og að nokkrum hluta á árinu 2010. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins lá að mestu í eftirfarandi verðbréfaflokkum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Innendum hlutabréfasjóðum
- Peningamarkaðssjóðum
- Erlendum skuldabréfum

Stapi tafla 9

Yfirlit yfir tap Stapa lífeyrissjóðs af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innendum hlutabréfum, hlutabréfa- og peningamarkaðssjóðum, erl. skuldabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	-103	9.656	4.176	13.729
Skuldabréf fyrirtækja	812	1.219	2.916	4.947
Innlend hlutabréf		94	4.064	4.158
Innlendir hlutabréfasjóðir		1	108	109
Peningamarkaðssjóðir		131	286	417
Innlendir skuldabréfasjóðir		99	86	185
Erlend skuldabréf		594		594
	709	11.794	11.636	24.139
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		3.580		3.580
Samtals tap í mkr.	709	15.374	11.636	27.719

Heimild: Gögn frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23.03.2011 og 3.6.2011.

Ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 27.719 mkr. Í uppgjöri sjóðsins var gert ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir væru gerðir upp m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Hins vegar vilja bankarnir gera gjaldmiðlavarnarsamninga upp miðað við gengi á gjalddaga hvers samnings. Þá reikna bankarnir einnig dráttarvexti á hina óuppgerðu samninga og gera þeir jafnframt ráð fyrir að ófrágengnir vaxtaskiptasamningar falli á sjóðinn. Samkvæmt forsendum bankanna ykju gjaldmiðlavarnar- og vaxtaskiptasamningar tap sjóðsins um 7.177 mkr. og yrði tap sjóðsins þá samtals 34.896 mkr.

Skuldabréf banka og sparisjóða

Í árslok 2008 var bókfærð eign sjóðsins í skuldabréfum banka og sparisjóða 15.104 mkr. Umtalsverðar afskriftir urðu á þeim skuldabréfum. Mestu afskriftirnar voru hjá Kaupþingi 5.565 mkr., Straumi-Burðarás 4.955 mkr., Glitni 2.437 mkr. og Byr sparisjóði 500 mkr. Afskriftir skuldabréfa annarra banka og sparisjóða námu samtals 272 mkr.

Stapi lífeyrissjóður átti víkjandi skuldabréf á hendur þremur fjármálastofnunum sem voru Landsbanki Íslands hf., Kaupþing hf. og Glitnir hf. og töpuðust þau um leið og bankarnir féllu.

Á fundi fjárfestingarráðs sjóðsins þann 8. apríl 2008 var samþykkt að kaupa víkjandi og breytanleg skuldabréf útgefin af Glitni fyrir 1.000 mkr. Um var að ræða útboð á svokölluðum „víkjandi og breytanlegum skuldabréfum“. Skuldabréfaútboðið var að því leyti sérstakt, að skuldabréfin voru án gjalddaga. Þann 1. apríl 2013 („skiptidagur“) skyldi andvirði skuldabréfanna hins vegar breytast í hlutabréf í Glitni banka hf. skv. nánari ákvæðum um gengi hlutabréfanna og fleiri atriða sem tiltekin voru í skuldabréfaútboðinu. M.ö.o. þá var ekki gert ráð fyrir að Glitnir endurgreiddi skuldabréfið með peningum, heldur yrði það greitt til baka árið 2013 með hlutabréfum í Glitni. Skuldabréfið var verðtryggt og ársvextir voru 8,0%. Skuldabréfið varð verðlaust strax við fall bankanna.

Á stjórnarfundi í Stapa lífeyrissjóði þann 8. maí 2008 var lagt fram yfirlit um fjárfestingar frá síðasta stjórnarfundi. Þar kemur m.a. fram: „Helstu fjárfestingar voru í víkjandi skuldabréfi í Glitni 998 mkr. ...“. Samkvæmt fyrirliiggjandi gögnum virðist

þetta hafa verið í fyrsta skipti sem mál þetta var rætt í stjórn sjóðsins en þá höfðu skuldabréfakaupin þegar farið fram. Í fundargerðinni kom jafnframt fram að skuldabréfið væri ekki aðeins víkjandi, heldur væri einnig á því skiptiskylda eins og lýst er hér að ofan. Sjá nánari umfjöllun í kafla 5.1.9 Glitnir hf. - skuldabréfaútboð í mars 2008.

Áhrif vanlýsingar kröfu á hendur Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka á uppgjör ársins 2009

„Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. fór í þrot á árinu 2009. Lögmannsstofunni ehf., sem sá um lögfæðistörf og innheimtu fyrir sjóðinn, var falið að lýsa kröfunni. Vegna mistaka hjá Lögmannsstofunni var kröfunni lýst of seint og komst hún því ekki að. Fjárhæð kröfunnar er 4.400 mkr. Til stóð að lýsa kröfunni sem forgangskröfu en ágreiningur hefur verið um það hvort sambærilegar kröfur njóti forgangs eða ekki og er sá ágreiningur fyrir dómstólum. Ef krafan hefði komist að sem forgangskrafa, fengist hún væntanlega greidd að fullu. Ef hún hefði komist að sem almenn krafa eru væntar endurheimtur um 50%. Þar sem krafan komst ekki að og mikil óvissa ríkir um afdrif hennar hefur hún verið afskrifuð að fullu í bókum sjóðsins. Sjóðurinn hefur unnið að því að fá samþykki annarra kröfuhafa til að koma kröfunni að, en ekki hefur enn fengist niðurstaða í það mál. Þá hefur sjóðurinn fengið tvö lögfræðialit sem bæði komast að þeirri niðurstöðu að krafan komist að, þrátt fyrir vanlýsingu, komist á nauðasamningur eins og unnið er að. Komist krafan að má gera ráð fyrir að hún bæti tryggingafræðilega stöðu sjóðsins um 1-2%.“

Heimild: Ársskýrsla Stapa lífeyrissjóðs 2009, bls. 40.

Þann 19. júlí 2011 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur Stapa lífeyrissjóði í vil í máli sjóðsins gegn ALMC hf., sem áður hét Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki. Var ALMC hf. dæmt til að greiða Stapa 5.200 mkr. Málið kom upp eftir að lögmannsstofu sem vann fyrir Stapa urðu á mistök og lýsti kröfu í bú bankans of seint fyrir hönd lífeyrissjóðsins. Málsrök Stapa voru að krafan ætti að halda gildi sínu þar sem Straumur-Burðarás hefði ekki farið í gjaldþrot, heldur náð nauðasamningum við kröfuhafa. Héraðsdómur Reykjavíkur komst að sömu niðurstöðu. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Heimild: Heimasíða Stapa lífeyrissjóðs, fréttir.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Stapa lífeyrissjóðs árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig

Stapi tafla 10

Bankar og sparissjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Kaupþing	1.284	1.028	256	80%
Kaupþing, víkjandi	361	361	0	100%
Landsbankinn skuldajöfnun	1.254	0	1.254	0%
Landsbankinn, víkjandi	274	274	0	100%
Glitnir	1.282	897	385	70%
Glitnir skuldajöfnun	830	0	830	0%
Glitnir, víkjandi	1.540	1.540	0	100%
Straumur	4.955	4.955	0	100%
Byr	425	319	106	75%
SPRON	151	151	0	100%
Sparissjóður Hafnarfjarðar	83	62	21	75%
Sparissjóður Mýrasýslu	85	30	55	35%
Sparissjóður Vestfjarða	50	25	25	50%
Sparissjóður Kópavogs	18	14	4	78%
Samtals í mkr.	12.592	9.656	2.936	77%

Heimild: Gögn frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23.3.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Stapa lífeyrissjóðs árin 2008-2010 af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkum og sparissjóðum.

Stapi tafla 11

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Kaupþing banki hf.		1.389	4.176	5.565
Straumur Burðarás hf.		4.955		4.955
Glitnir banki hf.		2.437		2.437
Byr sparissjóður	181	319		500
Landsbanki Íslands hf.		274		274
SPRON hf.		151		151
Sparissjóður Hafnarfjarðar		62		62
Sparissjóður Mýrasýslu		30		30
Sparissjóður Vestfjarða		25		25
Sparissjóður Kópavogs		14		14
Gengisleiðrétting	-284			-284
Samtals í mkr.	-103	9.656	4.176	13.729

Heimild: Gögn frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23.3.2011 og 3.6.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Umtalsverðar afskriftir voru á skuldabréfum fyrirtækja hjá Stapa á árunum 2008 til 2010 eða um 4.947 mkr. Mestu afskriftirnar voru hjá Samson ehf., 1.114 mkr., Nýsi hf. 658 mkr. Avion hf. 523 mkr.,

Exista 431 mkr., Mosaic Fashion 336 mkr. og N1/Olíufélagið 334 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækjaskuldabréfa námu samtals 1.551 mkr. Stór hluti fyrirtækjaskuldabréfa sjóðsins var fluttur með miklum afföllum yfir í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa hf. Niðurfærslur á þeim bréfum námu alls 2.258 mkr. Engar endanlegar afskriftir af fyrirtækjabréfum voru hjá Stapa lífeyrissjóði á árinu 2008 og því eru niðurfærslur árinna 2008 og 2009 teknar saman á árinu 2009. Heildar afskriftir árinna 2008-2010 nema samtals 4.947 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu fyrirtækjaskuldabréfa í eigu Stapa lífeyrissjóðs árið 2008 og 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

Stapi tafla 12

Skuldabréf fyrirtækja, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Samson eignarhaldsfél. ehf.	1.114	1.114	0	100%
Exista hf.	77	73	4	95%
Fjarskipt hf./OG Vodafone	32	32	0	100%
Nýsir hf.	658	658	0	100%
Samtals	1.881	1.877	4	100%

Tafla nr. 13 sýnir afskriftir skuldabréfa sem fluttu voru yfir í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa hf.

Stapi tafla 13

Skuldabréf seld í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa 2009 í mkr.

	Afskriftir	Afskrift í %
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.	523	95%
Exista hf.	358	90%
Mosaic Fashions hf.	336	100%
Landic Property hf.	259	100%
FL Group hf.	193	98%
Milestone ehf.	194	100%
Egla hf.	120	80%
Bakkavör hf.	122	50%
Atorka hf./Jarðboranir hf.	91	75%
Kögun hf.	62	70%
Samtals í mkr.	2.258	

Heimild: Gögn frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23.3.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildar afskriftir Stapa lífeyrissjóðs af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum árin 2008 - 2010.

Stapi tafla 14

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Samson eignarhaldsfél. ehf.		1.114		1.114
Nýsir hf.		658		658
Avion hf./HF Eimskipafél. Ísl.		523		523
Exista hf.*		431		431
Mosaic Fashion hf.		336		336
N1 hf./Olíufélagið	334			334
Bakkavör hf.**	163	122		285
Landic Property hf.*		259		259
Brú Venture Capital	194			194
Milestone ehf.*		194		194
Stoðir hf./FL Group*		193		193
Egla hf.*		120		120
Icelandair Group hf.	98			98
Atorka hf./Jarðboranir*		91		91
Teymi hf./Kögun hf.		62		62
Fjarskipti hf./Vodafone		32		32
Eik fjárfestingarfélag hf.		23		23
Samtals í mkr.	812	4.135	0	4.947

* Flutt í kröfusjóð Íslenskra verðbréfa hf. árið 2009.

** Var búið að færa í kröfusjóð ÍV en kom inn aftur við uppgjör og fært niður um 50%

Heimild: Gögn frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23.3.2011 og 3.6.2011.

Innlend hlutabréf

Á tveimur árum tapaði Stapi lífeyrissjóður 4.158 mkr. á innlendri hlutabréfaeign sinni. Mest varð tapið á árinu 2008 eða samtals 4.064 mkr. og er skýringin að mestu leyti bankahrunið í október það ár og aðdragandi þess.

Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera 12,9% árið 2007 í það að vera aðeins 1,3% í árslok 2008 og 1,7% í árslok 2009.

Stapi tafla 15

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007
Hlutafjäreign í byrjun tímabils		1.374	11.724	13.499
Keypt hlutabréf	15.909	727	4.331	10.851
Seld hlutabréf	24.180	352	10.617	13.211
Hlutafjäreign í lok tímabils		1.655	1.374	11.724
Hagn./(-tap)	-3.573	-94	-4.064	585

Heimild: Stapi lífeyrissjóður.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Stapa lífeyrissjóðs tímabilið 31. des. 2006 til 31. des. 2008. Félögum er annars vegar skipt upp í skráð félög og hins vegar óskráð félög. *Sjá töflu 16, bls 150.*

Þann 31. des. 2006 átti Stapi lífeyrissjóður hlutabréf samtals að fjárhæð 13.449 mkr. sem var um

12,5% af verðbréfaeign sjóðsins. Ári síðar eða 31. des. 2007 hafði hlutabréfaeign sjóðsins lækkað og var þá 11.724 mkr. Mest var hlutabréfaeignin þann 30.06. 2007 eða 14.268 mkr. sem var hækkun um 5,9% frá 1.1.2007. Um mitt ár 2007 var hlutabréfaverð að komast í hæstu hæðir. Þannig fór úrvalsvísitalan hæst í júlí 2007 eða í 9.016,5 stig. Frá þeim tíma lækkaði hún um 29,9% fram til áramóta 2007/2008 en þá stóð vísitalan í 6.318 stigum. Úrvalsvísitalan hélt síðan áfram að lækka á árinu 2008. Um leið lækkaði hlutabréfaeign Stapa lífeyrissjóðs og var svo komið í árslok 2008 að hlutafjäreign sjóðsins var skráð á 1.374 mkr., þar af voru hlutabréf í óskráðum félögum metin á 753 mkr.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Stapa lífeyrissjóðs í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeignina þann 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors ársheilmings fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er hver ársfjórðungur sýndur sérstaklega. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi þann 31.12.2006 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa fram að falli bankanna eða fram til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2006 til falls bankanna.

Þá skal lögð áhersla á að þrátt fyrir mikið tap á innlendum hlutabréfum árið 2008, höfðu hlutabréf skilað lífeyrissjóðunum góðri ávöxtun árin á undan, sérstaklega árið 2005 og einnig árið 2006. Þá er einnig rétt að benda á að sjóðirnir voru í ákveðinni kastþröng frá seinni hluta árs 2007 hvað varðar hlutabréfaeign sína. Stórfelld sala á hlutabréfum hefði getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér úti á markaðnum.

Stapi tafla 16

Hlutabréfaeign Stapa á markaðsvirði 31.12.2006 - 31.12.2008 í þús.kr

Skráð félög:	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
365 hf.	56.483	40.800					
Actavis hf.	1.648.181	2.003.404					
Alfesca hf.	493.688	19.610	48.586	47.815	24.430	42.701	21.365
Atorka hf./Jarðboranir	177.718						
Bakkavör hf.	1.016.871	1.006.250	846.651	557.375	292.510	222.008	22.681
Century Alum. hf.		185.535	186.080	279.529	294.241	105.636	36.001
Avion hf./ HF Eimskipafél. Ísl.	380.407		157.062	111.347	64.726		
Exista hf.	182.143	703.979	253.130	20.084	27.890	12.443	76
Stoðir hf./FL-Group hf.	243.126	139.772	38.675	52.196			
Glitnir banki hf.	899.080	885.061	1.008.246	139.569	407.753	217.785	
Icelandic Group hf.	32						
Icelandair Group hf.	305.012	116.200	39.581	35.580			
Kaupþing banki hf.	3.668.303	4.014.017	3.458.475	1.101.264	896.802	259.301	
Landsbanki Íslands hf.	2.149.338	3.018.064	3.315.984	2.262.518	1.009.887	46.746	
Marel hf.	350.821	321.907	408.057	364.851	424.606	415.294	517.819
Mosaic Fashions hf.	243.268						
SPRON hf.			6.141	3.175		24.650	16.150
Straumur Burðarás hf.	594.552	923.740	918.300	756.252	301.368	108.345	7.061
Teymi hf.	52.954		104.544				
Össur hf.	286.476	216.334					
Samtals í þús. kr.	12.748.453	13.594.673	10.789.513	5.731.553	3.744.212	1.454.909	621.153
Óskráð félög:	31.12.06	30.06.07	31.12.07	31.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Ásgarður	6.250	6.250	6.250	6.250	6.250	6.250	
Barri hf.	2.516	2.516	2.516	2.516	2.516	2.516	
Brú Venture Capital	88.772	56.129	70.577	430.919	430.919	430.919	342.706
Brú II - fjárfestingarsjóður			181.639	190.413			
Eignarhaldsf. Austurlands hf.	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500	4.500
Eignarhaldsf. lífeyrissjóða	745	745	52.785	52.785	52.785	52.785	7.935
Eignarhaldsf. Hallormur ehf	2.600	2.600	2.600				
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.	320	320	320	320	320	320	
Fjarðaraldan hf.	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	6.000	
Fjárfestingarf. Austurlands hf.	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000
Hótel 730 hf.	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	5.000	
Íslensk verðbréf hf.	459.037	459.037	459.037	459.037	459.037	459.037	229.519
Jöklar verðbréf hf.	29.855	30.970					
K.Karlsson hf.	1.676	1.676	1.676	1.676	1.676	1.676	
Loðuvinnslan hf.	11.911	11.911	11.911	11.911	11.911	11.911	11.911
Reiknistofa lífeyrissjóða hf.	8.588	20.243	31.680	31.680	31.680	31.680	31.680
SR Studios	50	50	50	50	50	50	
Sparisjóður Norðfjarðar							40.000
Softis hf.	1.244	1.244	1.244	1.244	1.244	1.244	
Tækifæri hf.	52.841	52.841	88.835	88.835	88.835	88.835	79.951
Janus endurhæfing hf.	200	200					
Medicare Flaga hf.	8.287	6.010	2.689	2.689	2.689		
Skinney Þinganes hf.	5.306						
Samtals í þús. kr.	700.698	673.241	934.308	1.300.823	1.110.411	1.107.722	753.203
Samtals félög í þús. kr.	13.449.151	14.267.914	11.723.821	7.032.377	4.854.623	2.562.631	1.374.355

Heimild: Yfirlit frá Stapa lífeyrissjóði dags. 23. mars. 2011.

Bakkavör hf.

Í árslok 2006 var eign Stapa lífeyrissjóðs í Bakkavör 1.017 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 hafði gengi hlutabréfa Bakkavarar farið hækkandi og hélt hækkunin áfram fram á mitt ár 2007. Árið 2007 seldi Stapi lífeyrissjóður tæplega 1.797 þús. hluti með hagnaði. Á árinu 2008 fór gengi bréfanna síðan ört lækkandi og hélt Stapi lífeyrissjóður áfram að selja frá sér hlutabréf Bakkavarar. Tap Stapa lífeyrissjóðs á hlutabréfaeign sinni í Bakkavör var a.m.k. um 727 mkr. á tímabilinu sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	16.270		62,50	1.017
30.06.07	14.499	-1.771	69,40	-123
31.12.07	14.473	-26	58,50	-2
31.03.08	13.661	-812	40,80	-33
30.06.08	10.000	-3.661	29,25	-107
30.09.08	10.000	0	22,20	
31.12.08	9.000	-1.000	2,52	-3
Samtals		-7.270		750
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				750
Staða 31.12.08	9.000		2,52	-23
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				727

Straumur-Burðarás hf.

Um áramótin 2006/2007 var hlutabréfaeign Stapa lífeyrissjóðs í Straumi 34.170 þús. hlutir að verðmæti 595 mkr. Á árinu 2007 og fyrsta ársfjórðungi 2008 hafði sjóðurinn næstum tvöfaldað eignarhlut sinn í Straumi þrátt fyrir ört lækkandi gengi á hlutabréfum fyrirtækisins. Á öðrum ársfjórðungi 2008 tók Stapi síðan til við að selja hlutabréf sín í Straumi Burðarás og náði að selja rúman helming þeirra en með miklu tapi. Heildartap Stapa á hlutabréfaeign sinni í Straumi varð rúmar 579 mkr. á því tímabili sem var til skoðunar.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	34.170		17,40	595
30.06.07	42.276	8.106	21,85	177
31.12.07	60.814	18.538	15,10	280
31.03.08	65.138	4.324	11,61	50
30.06.08	30.258	-34.880	9,96	-347
30.09.08	12.613	-17.645	8,59	-152
31.12.08	3.796	-8.817	1,86	-16
Samtals		-30.374		586
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				586
Staða 31.12.08	3.796		1,86	-7
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				579

Glitnir banki hf.

Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Stapa lífeyrissjóðs í Glitni hf. 899 mkr. að markaðsvirði. Gengi hlutabréfa í Glitni fór hæst um miðjan júlí 2007. Þá byrjaði gengi hlutabréfa bankans að lækka og hélt sú lækkun áfram allt fram að falli bankans. Sjóðurinn seldi 37.796 þús. hluti á fyrsta ársfjórðungi 2008. Hins vegar keypti sjóðurinn 17.916 þús. hluti til baka á öðrum ársfjórðungi og varði til þess 280 mkr. Tap Stapa lífeyrissjóðs á hlutabréfaeign sinni í Glitni hf. varð um 568 mkr. á því tímabili sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	38.587		23,30	899
30.06.07	30.572	-8.015	28,95	-232
31.12.07	45.934	15.362	21,95	337
31.03.08	8.138	-37.796	17,50	-661
30.06.08	26.054	17.916	15,65	280
30.09.08	13.872	-12.182	4,55	-55
31.12.08	13.872	0		
Samtals		-24.715		568
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				568
Staða 31.12.08	13.872		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				568

Landsbanki Íslands hf.

Í ársbyrjun 2007 var hlutafjáreign Stapa lífeyrissjóðs í Landsbanka Íslands hf. 81.107 þús. hlutir, að markaðsvirði 2.149 mkr. Á árinu 2007 jókst hlutabréfaeign sjóðsins í Landsbankanum um rúma 12.301 þús. hluti og var eign sjóðsins í bankanum orðin 28,3% af heildarhlutafjáreign sjóðsins í árslok 2007. Á árinu 2008 hóf Stapi lífeyrissjóður að selja hluti sína í Landsbankanum og náði að selja samtals 91.234 þús. hluti áður en að bankinn féll. Heildartap sjóðsins var eftir sem áður tæpar 429 mkr. á því tímabili sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	81.107		26,50	2.149
30.06.07	79.214	-1.893	38,10	-72
31.12.07	93.408	14.194	35,50	504
31.03.08	77.087	-16.321	29,35	-479
30.06.08	43.250	-33.837	23,35	-790
30.09.08	2.174	-41.076	21,50	-883
31.12.08	2.174	0	0,00	
Samtals		-78.933		429
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				429
Staða 31.12.08	2.174		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				429

Kaupþing banki hf.

Í ársbyrjun 2007 átti Stapi lífeyrissjóður hlutabréf í Kaupþingi að verðmæti 3.668 mkr. Í árslok 2007 nam hlutabréfaeign Stapa í Kaupþingi 29,5% af hlutabréfaeign sjóðsins. Stapi náði að selja nánast alla hlutabréfaeign sína í Kaupþingi áður en bankinn féll. Þrátt fyrir það varð tap sjóðsins tæpar 402 mkr. á því tímabili sem er til skoðunar.

Dags.	Nafnverð			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.06	4.362		841	3.668
30.06.07	3.568	-794	1125	-893
31.12.07	3.930	362	880	319
31.03.08	1.445	-2.485	762	-1.894
30.06.08	1.165	-280	770	-216
30.09.08	359	-806	723	-583
31.12.08	0	-359	0	
Samtals		-4.362		402
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu 402				
Staða 31.12.08	0		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.06 - 31.12.08 í mkr.				402

Eign Stapa lífeyrissjóðs í óskráðum félögum var ekki mikil eða á bilinu 700 – 1.100 mkr. í um 20 fyrirtækjum. Helstu óskráðu eignirnar voru í Íslenskum verðbréfum 459 mkr. og Brú Venture Capital hf. 431 mkr. en það var um 14% af hlutafé þess félags. Aðrir hlutahafar í Brú Venture Capital voru Straumur Burðarás hf., Apple Tree ehf. og Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Hlutabréfa- og skuldabréfasjóðir

Í ársbyrjun árið 2008 átti Stapi lífeyrissjóður 941 mkr. í innlendum hlutabréfasjóðum. Stapi seldi nánast alla eign sína í hlutabréfasjóðum á árinu 2008. Þrátt fyrir það nam tap Stapa í þessum sjóðum 109 mkr.

Stapi tafla 17

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfasjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008
Innl. hlutabréfasjóðir í byrjun tímabils	944	3	941
Keypt í innl. hlutabréfasjóðum	0	0	0
Selt í innl. hlutabréfasjóðum	832	2	830
Innl. hlutabréfasjóðir í lok tímabils	3	0	3
Hagn./(-tap)	-109	-1	-108

Í ársbyrjun 2008 var Stapi lífeyrissjóður með verulega háar upphæðir í peningamarkaðssjóðum

eða 7.522 mkr. Á árinu 2008 var Stapi nettóseljandi peningamarkaðsbréfa að fjárhæð 6.667 og var eign sjóðsins komin niður í 569 mkr. í árslok. Tap lífeyrissjóðsins í innlendum peningamarkaðssjóðum nam 417 mkr.

Stapi tafla 18

Hagn./(-tap) af peningamarkaðssjóðum í mkr.

	Samtals	2009	2008
Peningamarkaðsbréf í byrjun tímabils	8.091	569	7.522
Keypt peningamarkaðsbréf	22.911	429	22.482
Seld peningamarkaðsbréf	29.687	538	29.149
Peningamarkaðsbréf í lok tímabils	898	329	569
Hagn./(-tap)	-417	-131	-286

Tap Stapa lífeyrissjóðs í skuldabréfasjóðum var samtals 185 mkr. á árunum 2008 og 2009. Mest tapaði lífeyrissjóðurinn á Hávaxtasjóði Kaupþings eða 141 mkr.

Stapi tafla 19

Skuldabréfasjóðir - gengistækkun/tap 2008 og 2009 í mkr.

	2009	2008	Samtals
Kaupþing Fagfjórðing	16		16
Kaupþing Hávaxtasjóður	77	64	141
Landsbankinn Diversified Yield Fund	6	22	28
Samtals	99	86	185

Heimild: Upplýsingar um ofangreinda hlutabréfa- og skuldabréfasjóði, minnisblað Stapa lífeyrissjóðs dags. 30.11.2011

Erlend skuldabréf

Stapi lífeyrissjóður átti skuldabréf útgefin af franska bankanum Société Generale sem Landsbankinn hafði milligöngu um að selja til innlendra fjárfesta. Um var að ræða það sem kallað er baktryggt skuldabréf með tengingu í skuldabréfasafn 100 stærstu fyrirtækja í Evrópu á þeim tíma. Á árinu 2009 afskrifaði sjóðurinn 594 mkr. af skuldabréfunum eða um 71%.

Sjá nánari umfjöllun í kafla í kafla 5.1.9 - Société Generale

Stapi tafla 20

Askriftir af erlendum skuldabréfum 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskrift	Nettó staða	Afskrift í %
Société Generale	831	594	237	71%

Gjaldmiðlavarnar- og vaxtaskiptasamningar

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu gjaldmiðlavarnar- og vaxtaskiptasamninga Stapa lífeyrissjóðs við Landsbanka Íslands og Glitni þann 31.12.2009.

Stapi tafla 21

Staða gjaldmiðlavarnar- og vaxtaskiptasamninga 31.12.2009.
Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafna bankanna

	Heildar krafa	Vaxta- kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	5.338	327	5.665	-2.085	3.580
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	13.006	1.944	14.950	-4.193	10.757
Mismunur á kröfum í mkr.					7.177

Eins og fram kemur hér að ofan færði lífeyrissjóðurinn 5.665 mkr. til skuldar í ársreikningi 2009, sem skuld við lánastofnanir vegna óuppperðra gjaldmiðlavarnarsamninga. Ofangreind fjárhæð var m.v. gengisvísitöluna 175 stig. Þá gerði sjóðurinn ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum í eigu sinni á viðkomandi viðskiptabanka. Þessi skuldabréf, útgefin af bönkum, eru samtals að fjárhæð 2.085 mkr. Þar sem kröfur Stapa lífeyrissjóðs á hendur Glitni eru hærri en kröfur Glitnis gerir sjóðurinn ekki ráð fyrir dráttarvöxtum á skuld við Glitni, heldur fullri skuldajöfnun.

Bankarnir gera hins vegar ráð fyrir að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp m.v. gengi á uppgjörsgengi samninganna ásamt dráttarvöxtum. Ýrtruðu kröfur bankanna á hendur sjóðnum m.v.

31.12.2009 eru 14.950 mkr. Sú fjárhæð innifelur kröfur upp á 3.599 mkr. vegna vaxtaskiptasamninga sem bankarnir munu hugsanlega gera á hendur sjóðnum. Stapi hefur ekki tekið tillit til þessara krafna og eru þær því ekki í ársreikningi sjóðsins. M.t.t. ýrtruðu krafna gerir Stapi ráð fyrir aukinni skuldajöfnun við bankana að fjárhæð 2.108 mkr. og yrði skuldajöfnunin þá samtals 4.193 mkr.

„Allt frá bankabruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstaða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjóri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Lífeyrissjóðirnir hafa átt í viðræðum við Glitni banka hf. um uppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum og standa þær viðræður enn yfir.

35.2 Stjórn og starfshættir

Stapi varð til við samruna Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands í nóvember 2006. Um hefðbundin vinnumarkaðssjóð er að ræða.

35.2.1 Stjórn

Fulltrúaráð kýs stjórn Stapa og sitja í stjórninni sex einstaklingar, þrjár frá verkalyðshreyfingunni og þrjár frá Samtökum atvinnulífsins. Verkalýðsfélögin sem eiga aðild að lífeyrissjóðnum eru tólf og dreifð á svæði frá Hornafirði til Hrutafjarðar. Þau skipa félagi í fulltrúaráðið í samræmi við ákveðnar reglur og Samtök atvinnulífsins skipa síðan jafn marga fulltrúa. Þetta ráð kýs síðan sex manna stjórn sjóðsins á

ársfundi sjóðsins. Fulltrúar atvinnulífsins og verkalyðsfélaganna skiptast á að fara með stjórnarformenskuna eitt ár í senn. Þetta skipulag er víða að finna í stjórnnum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal kjósa helming stjórnar á hverju ári, annað árið kjósa fulltrúar verkalýðsfélaganna tvo fulltrúa og hitt árið kjósa þeir einn og svo öfugt fyrir fulltrúa Samtaka atvinnulífsins.¹

Það vekur athygli að ekki er hámarkstími á stjórnarsetu í þessari stjórn en úttektafnefndin er þeirrar skoðunar að hámarkstími ætti að vera 8-12 ár (Sjá

¹ Stapi lífeyrissjóður. Samþykktir. (2009). gr. 4.2

kafla 5.2.3). Það er einnig skoðun nefndarinnar að stjórnir lífeyrissjóða skuli móta sér stefnu um að einn eða fleiri stjórnarmenn úr hópi sjóðfélaga skuli kosnir á ársfundi (Sjá kafla 5.2.2). Það virðist einnig skynsamlegt að formaður sitji tvö ár í senn fremur en eitt til að tryggja samfellu í störfum stjórnar.

35.2.2 Stjórn og starfsmenn

Stjórn lífeyrissjóðs fer með æðstu stjórn hans og ber ábyrgð á rekstri hans.² Hún framselur hluta ábyrgðarinnar til framkvæmdastjóra en að öllu jöfnu ber henni að ákveða allt sem er meiriháttar eða óvenjulegt. Til að starfsmenn sinni því hlutverki sem til er ætlast hafa verið samdar fjöldamargar reglur og verkferlar, erindisbréf og starfslýsingar. Úttektarnefndin hefur ekki skoðað allar þessar reglur en þær sem nefndin hefur athugað virðast prýðilega saman settar og í heild virðist kerfið taka á því sem mikilvægast er.

Framkvæmdastjóri hefur heimild til að taka ákvarðanir um allan daglegan rekstur og þær fjárfestingar sem eru innan þeirra marka sem „meiriháttar“ og „óvenjulegar“ setja en þau hugtök eiga rætur að rekja til laga um lífeyrissjóði og er að finna í flestum þeim starfsreglum sem nefndin hefur skoðað.³

Í Starfsreglum stjórnar segir að framkvæmdastjóri annist „daglegan rekstur í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri og eftir atvikum aðrir starfsmenn í hans umboði annast stýringu á eignum sjóðsins, þar með talið kaup og sölu verðbréfa og hvers kyns eigna, í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins“.⁴ Hér kemur skýrt fram að framkvæmdastjóri hefur fulla heimild til að taka ákvarðanir um fjárfestingar séu þær í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hann getur síðan veitt starfsmönnum umboð til að taka slíkar ákvarðanir.

Það er eðlilegt að spyrja sig hvaða skordur séu reistar við þessari heimild framkvæmdastjóra. Í reglunum ber stjórn ábyrgð á öllu sem er óvenjulegt og meiriháttar og framkvæmdastjóri getur ekki tekið ákvörðun um það nema sérstök heimild liggi til þess.⁵ En hvað telst vera „óvenjulegt“ eða „meiriháttar“?

Skilningurinn á því gengur ekki fram af reglunum sjálfum. Í samtali við framkvæmdastjóra kemur fram að skilningurinn á óvenjulegur er að það séu óskráð félög og kemur fram að ákvarðanir um slíkar fjárfestingar fari ævinlega fyrir stjórn.⁶ Þetta ber að skilja svo að slíkar ákvarðanir fari fyrirfram fyrir stjórn og stjórnin taki um þær ákvarðanir. Framkvæmdastjórinn útskýrði einnig að takmarkanir giltu á fjárfestingum í skráðum félögum. Eignasöfn sjóðsins væru 19 og sjóðstjóri fyrir hverju þeirra, hann fengi tilteknar heimildir sem væru hlutfallslegar innan tiltekinna flokka bréfa. Ef sjóðstjóri hygðist fara út fyrir þessar heimildir yrði að bera það undir stjórn fyrirfram. Allir sjóðstjórar hjá sjóðnum gerðu fjárfestingarráði sjóðsins grein fyrir öllum ákvörðunum sínum eftir á.

Það hefur komið fram áður í umfjölluninni um Stapa að fjárfestingarráð var stofnað árið 2008 með ákvörðun stjórnar sjóðsins en það virðist hafa starfað lengur. Í ráðinu sitja framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sjóðstjóri og er framkvæmdastjóri formaður. Allar ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar fyrir í fjárfestingarráði og ræddar þar, allar ákvarðanir um nýjar fjárfestingar skulu teknar fyrir á tveimur fundum ráðsins og niðurstöður kostgæfnisathugana skulu kynntar í ráðinu.

Þetta fyrirkomulag virðist á margan hátt geta tryggt gæði fjárfestinga og festu í ákvörðunum. En því virðast fylgja ókostir líka. Það er hætta á að stjórn sjóðsins verði valdaminni en lög gera ráð fyrir og ábyrgð hennar verði ekki eins skýr og nauðsynlegt er.

Það er skoðun nefndarinnar að æskilegt sé að stjórn sjóðsins setji tiltekin fjárhæðarmörk við ákvarðanir um fjárfestingar svo að hún geti gegnt eftirlitshlutverki sínu skipulega. Sömuleiðis leggur nefndin til að stjórn sjóðsins skoði hvort einn stjórnarmaður skuli eiga sæti í fjárfestingarráði til að tryggja aðkomu hennar og eftirlit með fjárfestingum sem eru óvenjulegar og meiriháttar. Það er nauðsynlegt að stjórnin skoði stöðu sína, til dæmis í ljósi þess að á árinu 2008 var ákveðið að fjárfesta í víkjandi láni í Glitni fyrir um einn milljarð króna og stjórnin kom ekki að málinu fyrr en eftir á. Hvernig sem á það mál er litið þá verður að telja ákvörðun um fjárfestingu upp á 1.000 mkr. meiriháttar fjárfestingu. Stjórnin hefði því átt að fá

² Starfsreglur stjórnar Stapa lífeyrissjóðs. (2007). Gr. 4.1

³ Sama, gr. 4.4 og 4.5. Í 5. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 er raunar rætt um ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar.

⁴ Sama, gr. 4.9.

⁵ Sama, gr. 4.5.

⁶ Viðtal við Kára Arnór Kárasón, framkvæmdastjóra Stapa, 27.5. 2011.

málið fyrirfram til afgreiðslu. Þetta lán tapaðist síðan þegar Glitnir komst í þrot í október árið 2008.

Það er ljóst að framkvæmdastjóri Stapa er vel hæfur á sínu sviði. En hann er nokkuð fyrirferðarmikill sem stjórnandi. Viðmælendur nefndarinnar töldu hann kröfuharðan, bæði til sjálfs sín og annarra.⁷ En framkvæmdastjórinn hefur séð einn um fjárfestingar sjóðsins erlendis sem hafa verið umtalsverðar. Hann hefur einn farið og samið við sjóði í öðrum löndum án þess að stjórnarmaður færi með honum. Frá sjónarhóli stjórnar er tvennt sem virðist skipta máli gagnvart stjórnanda á borð við núverandi framkvæmdastjóra. Í fyrsta lagi þá er ákveðin hætta því fylgjandi að einn stjórnandi hafi jafn mikil áhrif og sinni jafn viðamiklum málaflokkum og núverandi framkvæmdastjóri. Veikist hann eða falli frá er sjóðurinn í vanda staddur því þó að vel sé hugað að allri skráningu, þá nær hún aldrei yfir nema hluta þess sem gert er. Í öðru lagi ber stjórninni að hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjórans og það getur reynst erfitt þegar hann sér einn um jafn stóran eignaflokk og erlendar eignir.

Það virðist líka vera svo að stjórn sjóðsins hafi verið frekar veik og ekki leitast við að hafa áhrif á þróun sjóðsins að verulegu marki og framkvæmdastjórinn og starfsmenn sjóðsins hafi í reynd ráðið mestu um hvernig sjóðurinn þróaðist. Það virðist hafa verið samhljómur á milli stjórnar og starfsmanna um að gæta ákveðinnar íhaldssemi í fjárfestingum en stjórnin virðist ekki hafa gengið hart fram í eftirliti. Það birtist meðal annars í því að stjórnin vissi ekki af tveimur eignarhaldsfélögum í eigu framkvæmdastjórans þegar Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir á árinu 2010 við að ekki lægi fyrir stjórnarsamþykkt vegna þessarar þátttöku hans í atvinnurekstri eins og lög og samþykktir sjóðsins kveða á um.⁸

Í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri megi ekki taka þátt í afgreiðslu máls eigi þeir hagsmuna að gæta sjálfir og verði að gæta þess að gera ekki neinar ráðstafanir sem eru til þess fallnar að taka hagsmuni ákveðinna sjóðfélaga eða fyrirtækja fram yfir aðra á kostnað sjóðs-

ins.⁹ Í starfsreglum stjórnar Stapa segir að stjórnin skuli „setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna“.¹⁰ Þessum reglum fylgir að einhver þarf að afla þessara upplýsinga og skrá þær og framfylgja því að eftir reglunum sé farið. Í verklagsreglum sjóðsins kemur fram að framkvæmdastjóri og stjórnarformaður skuli hafa þetta eftirlit. Það kemur fram í athugasemdum Fjármálaeftirlitsins að þessu eftirliti hafi ekki verið sinnt og aldrei kallað eftir þessum upplýsingum. Sjóðurinn hefur brugðist við athugasemdum Fjármálaeftirlitsins.

En hagsmunir geta rekist á með öðrum hætti. Eins og fram kemur í yfirliti yfir starfsemi sjóðsins hér að framan, sat framkvæmdastjórinn í stjórn Íslenskra verðbréfa á árunum 2006-9. Jafnframt kemur fram að innlendri verðbréfaeign sjóðsins á úttektarárunum var að verulegu leyti úthýst til ÍV. Þó að rétt geti verið að stjórnendur lífeyrissjóða sitji í stjórnnum verðbréfafyrirtækja sem sinna eignastýringu fyrir lífeyrissjóði, þá er það óeðlilegt að mati úttektarnefndar, í tilvikum þar sem verðbréfafyrirtæki eru í viðskiptum við aðra óskylda aðila og þá með tilliti til mögulegra hagsmunaárekstra. Þetta getur þó ekki gerst nú vegna breytinga á lögum á síðasta ári.

Lífeyrissjóðir eru almannahagssjóðir og það er mikilvægt að allir starfsmenn sjóðanna virði það. Það er skoðun úttektarnefndarinnar að það ætti að vera ótvíræð skylda allra stjórnar- og starfsmanna lífeyrissjóða að skrá allar verðbréfaeignir sínar og tilkynna öll viðskipti sín á markaði jafnóðum og þau eiga sér stað (Sjá kafla 5.2.4).

Það kemur fram hjá framkvæmdastjóranum og fyrrum stjórnarformönnum að stjórn sjóðsins hafi orðið fyrir gagnrýni frá sjóðfélögum vegna of lítillar ávöxtunar á árunum fram að hruni íslensku bankanna. Það er ástæða til að benda á að sjóðfélagar virðast stundum ekki sjá langtímahagsmuni sína skýrt en þeir eru að ávöxtun sjóðs sé hugsuð til langs tíma og sé góð að teknu tilliti til áhættu. Það kom einnig fram í viðtölum við framkvæmdastjóra og fyrrum stjórnarformenn að sjóðurinn byrjaði síðla árs 2007 að bregðast við fallandi gengi á hlutabréfamarkaði og setti eigur sínar í ríkara mæli í skuldabréf sem þá

7 Viðtal við Björn Snæbjörnsson, fyrrverandi stjórnarformann Stapa, 1.6. 2011. Viðtal við Þóri Ólafsson, innri endurskoðanda Stapa (PWC), 1.6. 2011.

8 Viðtal við Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, fyrrverandi stjórnarformann Stapa og LSA, 27.5.2011. Stapi lífeyrissjóður. *Samþykktir*. 2009. Gr. 4.5.1.

9 Stapi lífeyrissjóður. *Samþykktir*. 2009. Gr. 4.7. og 4.7.1

10 *Starfsreglur stjórnar Stapa lífeyrissjóðs*, gr. 4.11.

töldust öruggari en hlutabréf. En með neyðarlög-unum sem sett voru 6. október 2008 töpuðust þessar eigur að hluta til. Neyðarlögin sköðuðu Stapa og aðra lífeyrissjóði að þessu leyti (Sjá 5.1.10).

35.2.3 Siðareglur

Stapi lífeyrissjóður hefur sett sér ítarlegar siðareglur. Sjóðurinn hefur unnið sjálfur upp reglurnar og sett þær fram með sínum hætti. Reglurnar eru ætlaðar til að bæta við aðrar reglur og til að skýra hlutverk sjóðsins fyrir starfsmönnum og þær kröfur sem sjóðurinn vill gera til starfsmanna sinna og stjórnarmanna.¹¹

Reglurnar eru í fimmtán hlutum og í hverjum hluta eru tekin dæmi til að skýra þau ákvæði sem þar hafa verið sett fram. Í upphafi er dreginn fram tilgangur siðareglanna og sett fram ellefu grundvallaratriði. Meðal þeirra eru heiðarleiki og trúmennska, fjárhagsleg fyrirhyggja, hagsmunir sjóðfélaga, samskipti við sjóðfélaga, ráðgjöf og traust og sex önnur atriði. Í raun eru það langtímahagsmunir sjóðfélaga sem öll starfsemin snýst um. Allir hinir liðirnir eru í raun leiddir af því að sjóðnum ber að láta langtímahagsmuni sjóðfélaga ganga fyrir öðru.

Í öðrum hluta reglnanna er fjallað um brot á reglunum og möguleg viðurlög við þeim, þriðji hlutinn er um trúnað og öryggi, öryggi í samskiptum og öryggi upplýsingakerfa. Fjórði hlutinn er um hagsmunaárekstra og hvernig beri að forðast þá, sá fimmti um þátttöku í opinberu starfi þar sem sjóðurinn leggst ekki gegn þátttöku starfsmanna sinna í stjórnmalum en þeir verði að gæta þess að hún fari fram í frítíma þeirra; sá sjötti um þátttöku í félagsstarfi. Sjöundi hlutinn lýsir því hvað teljist vera innherjaupplýsingar og hvaða reglur gildi um meðferð slíkra upplýsinga. Áttundi hlutinn setur því mörk hvers konar gjöfum starfs- og stjórnarmönnum er heimilt að taka við frá viðskiptaðilum sjóðsins og lagt er blátt bann við að taka við gjöfum sem ætlað er að hafa áhrif á störf þeirra fyrir sjóðinn. Sama eigi við um boð og skemmtanir sem þegnar eru af öðrum. Sjóðurinn sjálfur eigi líka að gæta hófs í gjöfum til annarra eða skemmtunum sem hann býður til.

Níundi hlutinn setur reglur um samskipti við endurskoðendur og sá tíundi um samskipti við ut-

anaðkomandi aðila en þá er verið að hugsa um viðskiptaaðila sjóðsins. Í ellefta hluta er fjallað um samskipti við sjóðfélaga og almenning og lögð áhersla á að veita sjóðfélögum réttar upplýsingar án óeðlilegs dráttar, öll ráðgjöf sé sem áreiðanlegust en ævinlega beri að leggja áherslu á að sjóðfélaginn eða aðrir sem leita ráðgjafar taki sjálfir ákvörðun og beri ábyrgð á henni.

Tólfti hlutinn er um kynningar- og fræðsluefni sem sjóðurinn gefur út. Lögð er áhersla á að ævinlega komi fram réttar upplýsingar sem eru skýrt fram settar og ekki séu skapaðar óraunhæfar vonir hjá lesanda. Þrettándi hlutinn er um varnir gegn peningabætti og sagt að sjóðurinn taki aldrei við reiðufé. Fjórátandi hluti ber heitið eftirlit og hlítung og greinir frá því hvernig sjóðurinn vill framfylgja eigin reglum um innra eftirlit, lög og reglur sem um hann gilda og samstarf við eftirlitsstofnanir. Síðasti hlutinn er um kvartanir og meðferð á þeim, hvernig farið sé með umkvörtunina og hvernig brugðist skuli við. Í nýjstu útgáfu siðareglanna er bætt við einum kafla sem nefnist uppljóstranir og fjallar í raun aðeins ítarlegar um hvernig bregðast skuli við umkvörtunum.¹²

Þessar siðareglur eru á ýmsan hátt eftirtektarverðar og bera vott um að sjóðurinn tekur þær alvarlega og hefur hugsað þær og skrifað út frá sínum aðstæðum. Hafi starfsmenn tekið þátt í samningu reglnanna ættu þeir að vera vel settir í glímu við siðferðilegan vanda sem upp kann að koma í störfum þeirra fyrir sjóðinn.

Það er ástæða til að hafa orð á tveimur veikleikum þessara reglna. Í fyrsta lagi þá eru þær nokkuð langar og viðamiklar. Það getur komið í veg fyrir að þær verði starfsmönnum innlifar, sjálfsagður hlutur í dagsins önn. En dæmin hjálpa til. Næst þegar þessar reglur verða skoðaðar er ástæða til að athuga hvort ekki mætti stytta þær. Það virðist liggja beint við að sameina annan hluta og sextánda hluta í reglunum eins og þær eru núna, svo að dæmi sé nefnt. Í öðru lagi þá er ekki ljóst hver á að skera úr um hvort brot hefur átt sér stað eða ekki, komi fram ásakanir um slíkt. Slíkar ásakanir eiga annaðhvort að fara til framkvæmdastjóra eða stjórnarformanns eftir því að hverjum ásökunin beinist.¹³ Það virðist gert ráð fyrir

¹¹ Siðareglur fyrir Stapa lífeyrissjóð, mars 2009.

¹² Siðareglur fyrir Stapa lífeyrissjóð, september 2011. <http://www.stapi.is/>
¹³ . Sama, gr. 2.2.

að framkvæmdastjóri eða stjórnarformaður skeri úr um það hvort brot hefur átt sér stað, þótt það sé ekki sagt beinlínis. Það er ekki sjálfsgat mál og eðlilegt að spyrja hvort ekki sé ástæða til að fá utanaðkomandi aðila til að fjalla um málið áður en úrskurður er

fenginn. Það kann einnig að vera skynsamlegt að sett sé á fót siðanefnd þar sem í sætu framkvæmdastjóri eða stjórnarformaður, einn utanaðkomandi aðili og fulltrúi starfsmanna.

35.3 Fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

35.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingar Stapa lífeyrissjóðs á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Stapi lífeyrissjóður var stofnaður við samruna Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands í nóvember 2006. Starfssvæði lífeyrissjóðsins er feykistört, nær frá Hrutafirði í vestri að Skeiðarársandi í austri. Um hefðbundinn vinnumarkaðssjóð er að ræða og er stjórn hans skipuð fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Sjóðfélagar eru almennt launafólk á svæðinu úr ýmsum atvinnugreinum, þ.m.t. sjávarútvegi, verslun, þjónustu og iðnaði. Sjóðurinn rekur tvær skrifstofur, á Akureyri og í Neskaupstað.

Starfsemi Stapa lífeyrissjóðs á árunum fyrir fall bankanna ber glöggvitni þeim aðstæðum sem sagt er frá í upphafi 5. kafla almenna hluta álitsgerðar þessarar. Heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar voru jákvæðar árin 2006 og 2007. Árið 2008 varð hins vegar mikill viðsnúningur þegar heildareignir hans samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 12.906 mkr. eða 6,9% og 21.145 mkr. eða 10,8% árið 2009 (Sjá Stapi, tafla 4, hér að framan). Þess má geta að áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga voru lækkuð á haustmánuðum 2011.

35.3.2 Við hverja var rætt og almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa á grundvelli úttektar á áðurgreindum gögnum um Stapa lífeyrissjóð rætt við Kára Arnór Kárasón, framkvæmdastjóra sjóðsins, Jónu Finndísi Jónsdóttur, sjóðstjóra hjá Stapa, og Björn Snæ Guðbrandsson, forstöðumann eignastýringar Íslenskra verðbréfa (ÍV), en sjóðurinn er með eignastýringarsamning við ÍV. Þá

ræddi nefndin við Björn Snæbjörnsson, formann verkalyðsfélagsins Einingar-Iðju, og Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra Akureyrarbæjar, en þau gegndu bæði stjórnarformennsku fyrir sjóðinn á úttektarárunum. Þess má geta að Akureyrarbær er langtærsti iðgjaldagreiðandi sjóðsins og hefur löngum átt fulltrúa í stjórn hans. Einnig ræddi nefndin við fyrrum innri og ytri endurskoðendur sjóðsins, þá Þóri Ólafsson og Davíð Búa Halldórsson, sem báðir störfuðu á þeim tíma hjá Pricewaterhouse Coopers.

Innan lífeyrissjóðsins komu framkvæmdastjóri og sjóðstjóri og auk þess að einhverju leyti Guðmundur Baldvin Guðmundsson, skrifstofustjóri sjóðsins, að fjárfestingum hans.

Fjárfestingum Stapa lífeyrissjóðs var skipt niður í eignasöfn (undirsöfn). Yfir hverju safni var tiltekinn starfsmaður eignastýringar og í þeim tilvikum þar sem fjárfesting var úthýst var eftirlitsmaður innan sjóðsins tilnefndur með hverju safni. Erlend verðbréfaeign var t.a.m. fyrst og fremst í sjóðasöfnum sem stýrt var af framkvæmdastjóra. Fram kom í samtali úttektarnefndar við Kára Arnór framkvæmdastjóra að starfsmenn sjóðsins sem fengust við fjárfestingar hefðu haft skilgreint umboð frá stjórn/framkvæmdastjóra þar sem tíundaðar voru heimildir viðkomandi starfsmanns eignastýringar vegna kaupa/sölu á fjármálagerningum.¹⁴ Væri farið út fyrir heimildir þyrfti að bera það sérstaklega undir stjórn. Þá þyrfti í öllum tilvikum að bera fjárfestingar í óskráðum bréfum undir stjórn. Einnig kom fram að starfrækt var innan sjóðsins fjárfestingarráð sem í eiga sæti starfsmenn í eignastýringu (framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sjóðstjóri). Í þeim tilvikum þar sem heimildir starfsmanns til að kaupa og selja fjármálagerninga rúmuðust innan umboðs bar starfsmanni í öllu falli að gera

¹⁴ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór Kárasón, dags. 27.5.2011.

fjárfestingarráði grein fyrir kaupum/sölu eftir á. Hátt á annan tug safna eru í eignasafni sjóðsins. Þess skal getið að engar beinar fjárhæðartakmarkanir voru á einstökum kaupum í fjármálagerningum sem bera þurfti undir stjórn. Fólust takmarkanirnar fyrst og fremst í því hvað mætti kaupa eða selja í einstökum flokki fjárfestinga sem hlutfall af heildarfjárfestingum.

Sem dæmi átti Stapi þrjú hlutabréfasöfn, þar af eitt í stýringu innan sjóðsins og tvö sem úthýst var til Íslenskra verðbréfa. Stærðir safnanna voru skilgreindar og mörk sett á hvað mátti kaupa að hámarki í einstöku félagi. Sem fyrr segir var um hlutfalls- tölur að ræða en engar beinar fjárhæðartakmarkanir. Úttektarnefndin er þeirrar skoðunar að betur fari á því að lífeyrissjóðir setji sér beinar fjárhæðartakmarkanir þar sem fram kemur í hvaða tilvikum eigi að bera fjárfestingar undir stjórn. Í því sambandi geti verið gagnlegt að skilgreina hvað teljist „meiriháttar ákvörðun“, o.s.frv. (Sjá kafla 35.2.2). Þess má geta að Stapi hefur farið í endurskoðun á starfsreglum og verklagi sjóðsins. Hófst sú vinna fyrir bankahrun og hefur verið fram haldið síðan. Sjóðstjóri hjá Stapa nefndi sem dæmi að frá 2009 hafi starfsmenn sjóðsins reglulega lagt fyrir stjórn svonefnda hlítungarskýrslu þar sem farið er yfir hvort fjárfestingar séu innan ramma laga og fjárfestingarstefnu.¹⁵ Þá eru forsendur fjárfestingarákvarðana sem teknar eru innan fjárfestingarráðs nú skráðar inn í verðbréfaforritið Jóakim, svo dæmi séu nefnd.

35.3.3 Fjárfestingarstefna Stapa lífeyrissjóðs

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu Stapa lífeyrissjóðs innanhúss var í stórum dráttum háttað á úttektartímanum. Í gildi var jafnframt ramma- samningur og undirsamningur um stýringu Íslenskra verðbréfa (ÍV) á tilteknum söfnum Stapa. Nánar er gerð grein fyrir hlutverki ÍV hér á eftir.

Eins og tíundað er í lífeyrissjóðalögunum er eitt af meginhlutverkum stjórnar að móta og setja lífeyrissjóði fjárfestingarstefnu sem honum ber að fara eftir. Björn Snæbjörnsson og Sigrún Björk Jakobsdóttir, sem bæði voru stjórnarformenn á árunum fyrir bankahrun, kváðu stjórnina hafa lagt línurnar hvað fjárfestingar sjóðsins varðar en að framkvæmdastjórinn hafi séð um að útfæra stefnuna í endanlegt

¹⁵ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Jónu Finndísi Jónsdóttur, dags. 27.5.2011.

form.¹⁶ Hins vegar hafi yfirlit verið lagt fyrir mánað- arlega sem sýndi hreyfingar í einstökum eignaflokk- um. Nefndi Sigrún ennfremur að stjórn sjóðsins hefði fyrirfram rætt einstök mál sem sneru að fjár- festingum, t.a.m. þegar ákveðið var að selja hlutabréf í bönkunum fyrrihluta árs 2008 og kaupa í staðinn skuldabréf í bönkunum.¹⁷

Sem fyrr segir var í gildi ramma- samningur og undirsamningar við Íslensk verðbréf um stýringu á einstökum söfnum Stapa. Átti það m.a. við um verulegan hluta af innlendri verðbréfaeign sjóðsins. Af viðtölum við framkvæmdastjóra og forstöðumann eignastýringar ÍV er ljóst að ÍV hafði nokkuð frjálssar hendur um kaup og sölu einstakra fjármálagerninga innan ramma fjárfestingarstefnu, m.a. um kaup í ein- stökum félögum.¹⁸ Sagði Kári nefndinni að sjóður- inn hefði sett sér þá stefnu að skipta sér ekki af söfn- um í stýringu utanhúss varðandi kaup í einstökum félögum, enda hefði sjóðurinn greitt utanaðkomandi fyrir að sinna þeirri vinnu. Björn Snær sagði að vísu að ákvarðanir hefðu oft verið ræddar (við forsvars- menn Stapa), auk þess sem Stapi hefði mánaðarlega fengið yfirlit yfir hreyfingar og stöðu safna í útivistun. Þá kom fram hjá honum að ÍV hefði hvorki skjalfest né haldið utan um kaup í einstökum félögum eða forsendur kaupanna, enda hefði engin krafa komið frá Stapa um rekjanleika fjárfestinga. Þess má geta að bætt hefur verið úr þessu í dag en úttektarnefndin er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að tryggja rekjan- leika fjárfestinga, bæði hvað varðar ákvarðanir sem teknar eru innan sjóðsins um kaup á einstökum fjár- málagerningum, t.d. kaup á hlutabréfum í félögum, en ekki síður að sjóðirnir gæti þess að útivistunarað- ilar haldi þessum upplýsingum til haga (Sjá m.a. kafla 5.2.2).

Tekið skal fram að þótt Stapi hafi ekki fylgst með einstökum fjárfestingum sem ÍV gerði í umboði sjóðsins kom fram hjá Kára að fylgst hefði verið grannt með söfnum sjóðsins og einstökum eigna- flokkum í heild sinni.¹⁹ Var Kári sérstaklega spurður að því hvernig fylgst hefði verið með að sjóðurinn

¹⁶ Sbr. viðtöl úttektarnefndar við Björn Snæbjörnsson, dags. 1.6.2011, og Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, dags. 27.5.2011.

¹⁷ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigrúnu Björk, dags. 27.5.2011.

¹⁸ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór og Björn Snæ Guðbrandsson, dags. 27.5.2011.

¹⁹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór Kárason, dags. 27.5.2011.

færi ekki upp fyrir lögbundið hámark í einstökum eignaflokkum eða útgefanda með hliðsjón af mögulegri skörun milli stýringar innan- og utanhúss. Sagði Kári að söfn sjóðsins væru þannig saman sett að jafnvel þótt heimild til að fjárfesta í tilteknum eignaflokki innan tiltekins safns væri fullnýtt, ætti það ekki að leiða til þess að sjóðurinn færi upp fyrir í einstökum eignaflokki sem hlutfall af heildareignum sjóðsins.²⁰ Í þessu sambandi má geta þess að Kári var stjórnarformaður ÍV á úttektarárunum en hann hefur nú sagt sig úr stjórn (Sjá kafla 35.2.2).

Þegar horft er yfir fjárfestingar Stapa á úttektarárunum sést að sjóðurinn var nettóseljandi hlutabréfa misserin fyrir bankahrún og t.a.m. allt árið 2008. Kári sagði fyrir nefndinni að mat sjóðsins á þeim tíma hefði verið að talsvert tap væri í kortunum.²¹ Kári sagði að á sama tíma og eignarhaldsfélög hefðu orðið sífellt stærri hluti af markaðnum, hefði verið ljóst að þau myndu ekki þola mikla niðursveiflu. Stapi hafi því byrjað að draga úr áhættu og minnka stöður í hlutabréfum á árinu 2007. Þegar komið var fram á árið 2008 hefði verið nokkuð augljóst í hvað stefndi, þótt menn hefðu ekki endilega séð hrunið fyrir. Kári nefndi í þessu sambandi að í nokkrum tilvikum hefði sjóðurinn selt hlutabréf í banka og keypt skuldabréf í staðinn á sama banka, t.a.m. í tilviki Glitnis. Aðgerð sem ætlað var að draga úr áhættu þótt eftir á að hyggja hefðu menn átt að halda að sér höndum. Nánar er fjallað um fjárfestingar í skuldabréfum á bankana í kaflanum hér á eftir.

Stapi líkt og fleiri lífeyrissjóðir voru með gjaldmiðlavarnir á erlendar eignir sjóðsins. Stapi jók verulega við varnir sjóðsins á árinu 2008 en gjaldmiðlastýringin var að mestu leyti í höndum Landsbankans en einnig hjá Glitni. Kári sagði fyrir nefndinni að Stapi hefði yfirleitt verið með varnir á erlendar skuldabréfastöður. Hann benti réttilega á að skiptar skoðanir væru um gjaldmiðlavarnir en benti jafnframt á að allir stórir lífeyrissjóðir hérlendis og erlendis verðu erlendar eignir fyrir gjaldmiðlaáhættu. Í því sambandi benti Kári á að Stapi hefði á síðasta ári tapað 4.500 mkr. á að geta ekki varið erlendar eignir sökum gjalddeyrishafta sem væri stærri upphæð en sjóðurinn tapaði vegna samninga sem voru í gildi

árið 2008. Um gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóðanna vísast að öðru leyti til kafla 5.1.4.

35.3.4 Tap Stapa lífeyrissjóðs

Tap Stapa lífeyrissjóðs átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrir en á árinu 2009 og jafnvel 2010. Tapið varð aðallega á eftirfarandi liðum: Skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum hlutabréfum, hlutabréfa- og peningamarkaðssjóðum og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Vega þar skuldabréf banka og sparissjóða mest. Samtals nam tap af þessum liðum 27.719 mkr. (Sjá yfirlit um sjóðinn að framan, tafla 9).

Í árslok 2008 var bókfærð eign sjóðsins í skuldabréfum banka og sparissjóða 15.104 mkr. Umtalsverðar afskriftir urðu á skuldabréfum banka og sparissjóða. Voru mestu afskriftirnar hjá Kaupþingi 5.565 mkr., Straumi Burðarás 4.955 mkr., Glitni 2.437 mkr. og Byr Sparissjóði 500 mkr. Þar af átti Stapi víkjandi skuldabréf á hendur stóru viðskiptabönkunum þremur sem töpuðust um leið og bankarnir féllu. Stapi var t.a.m. einn þeirra lífeyrissjóða sem keyptu skuldabréf á Glitni í útboði sem fram fór í mars 2008. Um var að ræða víkjandi skuldabréf með skiptiskyldu (Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.1.9, Skuldabréfaútboð í Glitni í mars 2008). Stapi keypti í útboðinu fyrir 1.000 mkr. Kári sagði fyrir nefndinni að á þessum tímamarki hefði ekki verið fýsilegt að kaupa hlutabréf í bankanum og að hugmyndin hefði verið sú að kaupa fremur víkjandi bréf sem unnt yrði að breyta í hlutabréf þegar markaðurinn hefði náð sér að nokkrum árum liðnum. Björn Snæbjörnsson, sem þá var stjórnarformaður sjóðsins, sagði aðspurður að menn hefðu þurft að bregðast nokkuð fljótt við og svara erindi bankans um kaup á umræddu bréfi og að ekki hefði unnist tími til að kalla stjórn saman vegna málsins. Fjárfestingin hefði þó verið borin undir hann fyrirfram og stjórn tilkynnt um málið á næsta reglulega stjórnarfundi. Björn tók undir þá skoðun úttektarnefndar að ef til vill hefði átt að boða til stjórnarfundar í tengslum við umrædda fjárfestingu fyrirfram.²²

Fram hefur komið að sáralitlir skilmálar, ef einhverjir, voru í skuldabréfum útgefnum af bönkum

20 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór, dags. 27.5.2011.

21 Sama heimild.

22 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Björn Snæbjörnsson, dags. 1.6.2011.

og fyrirtækjum hér á landi fyrir bankahrun. Oftar en ekki voru skuldabréfin eingöngu með veði í eignum og skuldum útgefandans, en að öðru leyti voru sárafaar kvaðir á útgefandann, t.d. um eigið fé eða veðkvaðir. Í flestum tilvikum var um að ræða kúlulánabréf með jöfnum vaxtagreiðslum og höfuðstóllinn greiddur til baka við lok líftíma bréfsins (Sjá nánar kafla 5.1.5). Kári Arnór sagði fyrir nefndinni að vaxtakúlulán væru einn þeirra ósiða sem hingað hefðu borist erlendis frá. Áður fyrr hefðu fyrirtækjabréf að meginstefnu til verið afborgunarskuldabréf, þ.e. sá sem rak viðkomandi fyrirtæki varð jafnframt að hafa nægt sjóðstreymi við útgáfu bréfsins til að eiga fyrir afborgunum út líftíma þess. Þróunin hafi síðan orðið sú að útgáfa vaxtakúlulána varð almenna reglan. Benti Kári réttilega á að vandinn væri sá að það skapaði endurfjármögnunaráhættu fyrir útgefendur. Hvað fyrirtækjabréf í eigu Stapa varðar voru öll bréf í skilum þegar hrúnið reidd yfir að því leyti til að greiddir voru vextir en ekkert þeirra var þó á gjalddaga. Eina bréfið í eigu sjóðsins sem lenti í vanskilum fyrir hrún var fyrirtækjabréf á Nýsi í september 2008.²³ Umræða um veika skilmála skuldabréfa virðist þó ekki hafa vaknað innan stjórnar Stapa á árunum fyrir bankahrun fremur en hjá öðrum lífeyrissjóðum.²⁴

Augljóst er, bæði af samtölum við stjórnarmenn og stýringar- og eftirlitsaðila, að Kári Arnór er sterkur stjórnandi og vel að sér í fjárfestingum sjóðsins. Innri endurskoðandi sjóðsins kvaðst þó aðspurður telja að mikil áhætta væri í því fólgin að einn maður væri jafn áberandi innan sjóðs af þessari stærðargráðu og raun ber vitni, m.a. með tilliti til þess ef veikindi kæmu upp eða hann léti af störfum fyrir sjóðinn.²⁵ Erfitt yrði að fylla skarð Kára með einu stöðugildi. Sést þessa m.a. stað hvað erlendar fjárfestingar sjóðsins varðar en þær hafa að meginstefnu til verið á hendi framkvæmdastjórans.

Ekki verður hjá því komist að minnast á gjald-eyrisviðskipti sem sjóðurinn átti í júní 2009 en endurskoðendur sjóðsins sendu Fjármálaeftirlitinu/ Seðlabanka Íslands tilkynningu þess efnis að þeir hefðu ekki fengið staðfestingu á lögmæti umræddra

viðskipta. Um var að ræða viðskipti með 4 milljónir evra á svokölluðum aflandsmarkaði. Úttektarnefndin telur í sjálfu sér ekki ástæðu til að skera úr um lögmæti viðskiptanna eða þau samskipti sem fram fóru milli aðila, m.a. að því er varðar hvort ytri endurskoðandi hafi leitað staðfestingar hjá sjóðnum um lögmæti viðskiptanna áður en hann tilkynnti málið til FME, en um það eru ytri endurskoðandinn og framkvæmdastjóri sjóðsins ekki fyllilega sammála. Í 4. mgr. 42. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 segir hins vegar að verði endurskoðandi var við verulega ágalla í rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, greiðslutryggingar útlána, meðferð fjármuna eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemi hafi verið brotnar, skuli hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og Fjármálaeftirlitinu viðvart.

Eins og ákvæðið birtist í lögnum verður ekki önnur ályktun dregin en að ytri endurskoðandi sjóðsins hafi brugðist rétt við þegar hann tilkynnti Fjármálaeftirlitinu um hin umdeildu viðskipti, óháð því hvort hann hafi fengið fullnægjandi skýringar af hálfu lífeyrissjóðsins á undan. Segir raunar berum orðum í 2. ml. 4. mgr. 42. gr. að ákvæðið brjóti ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 32. gr. sömu laga. Óánægja stjórnarmanna Stapa lífeyrisjóðs með vinnubrögð endurskoðandans og trúnaðarbræst gagnvart sjóðnum skýtur því skökku við enda var hann í raun að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Að framan er ýmislegt tíundað sem miður fór í starfsemi Stapa lífeyrissjóðs á árunum fyrir bankahrun og raunar eftir hrún einnig. Hins vegar er ekki unnt að ætla að stjórnendur Stapa lífeyrissjóðs frekar en stjórnendur annarra lífeyrissjóða hafi mátt gera sér grein fyrir því hversu höllum fæti bankarnir stóðu. Það er fyrst eftir fall þeirra að koma í ljós hvernig yfirstjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra oft á tíðum misbeitt síðustu árin fyrir hrún. Almennigur var jafnframt illa upplýstur um erfiðleika bankanna við að fjármagna sig á erlendum mörkuðum. Fæstir fagfjárfestar virðast heldur hafa áttað sig á alvarleika málsins þótt þeir hafi ef til vill gert sér einhverja grein fyrir því að þungt væri fyrir fæti. Æðstu stjórnendur bankanna hafa hugsanlega einir haft heildarsýn yfir

23 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Kára Arnór Kárasón, dags. 27.5.2011.

24 Sbr. m.a. viðtal úttektarnefndar við Sigrúnu Björk Jakobsdóttur, dags. 27.5.2011.

25 Sbr. viðtal við Þóri Ólafsson endurskoðanda, dags. 1.6.2011.

stöðuna. Stjórnendum Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og greiningardeildum bankanna er einnig legið á hálsi af stjórnendum lífeyrissjóðanna fyrir að hafa annaðhvort ekki lesið stöðuna rétt eða verið blekkir af yfirstjórn bankanna. Stjórnámálamenn og ímyndarsérfræðingar hafi svo verið notaðir til að fegra myndina, sbr. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

36. Kafli

36.1 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	165
36.1.1 Starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda	165
36.1.2 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2008 til 2010	169
36.2 Stjórn og starfshættir	174
36.2.1 Uppruni	174
36.2.2 Stjórn	175
36.2.3 Samskipta- og siðareglur	176
36.3 Fjárfestingar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2006-2009.	
Athugasemdir úttektarnefndar	177
36.3.1 Inngangur	177
36.3.2 Almennt um stjórnun sjóðsins	177
36.3.3 Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og áhættustýring	177
36.3.4 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda	178

36.1 Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

36.1.1 Starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Upphaf

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hóf starfsemi sína 26. september 1974 og hét þá Biðreikningur lífeyris-sjóðsiðgjalds. Tók hann við réttindum og skyldum Biðreikningsins þann 1. janúar 1981. Sjóðurinn er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem ekki eiga sjálfsgæða aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Sjóðurinn er sjálfstæður og starfar ekki í tengslum við nein stéttarfélög.

Stjórn sjóðsins

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er skipuð af fjármálaráðherra til fjögurra ára í senn. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafnmargir varamenn. Ekki er kveðið á um hámarkstíma sem stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins.

Val stjórnarmanna fer þannig fram að stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefni fjóra stjórnarmenn en þrír eru skipaðir af fjármálaráðherra án tilnefningar. Formaður stjórnar skal koma úr röðum þeirra sem skipaðir eru án tilnefningar. Allir sjóðfélagar, bæði greiðendur og lífeyrisþegar, hafa setu- og tillögurétt á ársfundum sjóðsins. Ársfundurinn er þó fyrst og fremst upplýsingafundur.

Hér á eftir er yfirlit sem sýnir stjórnarmenn í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda árin 2006-2009 ásamt upplýsingum um hver tilnefndi viðkomandi stjórnarmann.

Söfnunarsjóður tafla 1

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í árslok

Nafn:	Tiln.	2009	2008	2007	2006
Baldur Guðlaugsson	F	Form.	Form.	Form.	Form.
Hrafn Magnússon	LL	varaform.	varaform.	varaform.	varaform.
Arnar Sigurmundsson	LL	X	X	X	X
Gunnar Gunnarsson	F	X	X	X	X
Þorbjörn Guðmundsson	LL	X			
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir	F	X	X	X	X
Þorgeir Eyjólfsson	LL	X	X	X	X
Halldór Björnsson	F		X	X	X
Tilnefndir af Landssamtökum lífeyrissjóða	LL				
Skipaðir af fjármálaráðherra án tilnefningar	F				

Í lok árs 2009 sagði Þorgeir Eyjólfsson sig úr stjórn sjóðsins, en hann hafði þá setið í stjórn hans nær samfelld frá 1. janúar 1989. Við sæti Þorgeirs tók Friðbert Traustason. Baldur Guðlaugsson sagði sig úr stjórn sjóðsins í lok febrúar 2010.

Helstu starfsmenn og ráðgjafar

Stöðugildi hjá sjóðnum í árslok 2008 voru 9,7. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Sigurbjörn Sigurbjörnsson. Hann hefur gegnt því starfi frá 1. október 1997.

Endurskoðun:

Ríkisendurskoðun til 2008. Helgi F. Arnarson, KPMG hf. frá 2009.

Tryggingafræðileg athugun:

Bjarni Þórðarson, tryggingastærðfræðingur.

Innri endurskoðun:

Ríkisendurskoðun frá 2002 – 2008. Helga Harðardóttir, KPMG hf. frá 2009.

Stjórnarmenn og starfsmenn - stjórnarseta í félögum tímabilið 2006-2009.

Enginn stjórnarmaður hefur setið í stjórn félags eða sjóðum sem lífeyrissjóðurinn hefur fjárfest í.

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, er stjórnarformaður Greiðslustofu lífeyrissjóða og einnig stjórnarformaður Reiknistofu lífeyrissjóða.

Heimild: Minnisblað Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda dags.10.06.2011.

Hlutverk sjóðsins

Hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er að finna í 1. grein samþykktá sjóðsins.

1 Hlutverk sjóðsins.

1.1 Lífeyrissjóðurinn heitir Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum um hann nr. 155/1998, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykktum sjóðsins.

12 Lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur deildum, samtryggingardeild og séreignardeild.

1.3 Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga og samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Starfsemi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda skiptist í samtryggingardeild og séreignardeild. Séreignardeildin skiptist síðan í tvær ávöxtunarleiðir:

- *Söfnunarleið I* er innlánsreikningur sem hentar þeim sem eiga stutt eftir í töku lífeyris og kjósa litla áhættu.
- *Söfnunarleið II* er þannig háttað að fjárfest er að jafnaði 80% í skuldabréfum og 20% í erlendum verðbréfum.

Úttektarnefndin ákvað að fjalla ekki sérstaklega um séreignardeildir sjóðsins, þar sem eignir séreignardeildarinnar eru einungis tæpt 1% af heildareignum sjóðsins. Eignasafn séreignardeildar er hins vegar inni í allri umfjöllun um verðbréfaeign og raunávöxtun sjóðsins.

Í yfirferð yfir Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda hér á eftir er því jafnan fjallað um lífeyrissjóðinn í heild sinni nema annað sé tekið fram.

Skipulag og starfsreglur stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Á stjórnarfundum þann 2. apríl 2001 voru samþykktar starfsreglur fyrir stjórn sjóðsins. Helstu atriði starfsreglnanna sem sneru að aðkomu stjórnar að fjárfestingum sjóðsins eru eftirfarandi:

- Stjórnin fer með æðsta vald og yfirstjórn í málefnum sjóðsins og skal sjá um að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn.
- Stjórnin skal sjá um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

- Stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem teljast óvenjuleg eða mikilsháttar, en getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála.
- Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi hans.
- Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Stjórnin sér um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma.
- Stjórnin skal sjá til þess að skipting á eignasafni sjóðsins sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.

Önnur atriði í starfsreglum fjölluðu um skipan stjórnar, fyrirvar stjórnar, boðun funda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl., fundargerðir og fundargerðabók, þagnar- og trúnaðarskyldu, vanhæfi, frekari reglur um störf stjórnar, breytingar á starfsreglum stjórnar og meðferð starfsreglna.

Starfsreglur og heimildir framkvæmdastjóra

Þann 15. desember 2008 voru samþykktar nýjar reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar og komu þær í stað fyrri reglna frá árinu 1998.

Mánaðarlega skal framkvæmdastjóri upplýsa stjórn um eftirfarandi atriði:

- Öll verðbréfavíðskipti sjóðsins, bæði kaup og sölu verðbréfa. Ásamt upplýsingum um sjóðfélagalán. Einnig skal koma fram samanburður við fjárfestingarstefnu sjóðsins.
- Yfirlit yfir fjárstreymi sjóðsins.
- Yfirlit yfir hlutabréf og hlutabréfasjóði, innlenda sem og erlenda.
- Yfirlit yfir aðrar eignir sem eru í stýringu utan sjóðsins.
- Yfirlit yfir skýrslur sem sendar eru FME ársfjórðungslega.
- Eftir þörfum en þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári upplýsingar um þær eignir sem ekki eru nefndar hér að ofan, t.a.m. innlend skuldabréf, ávöxtun þeirra og stöðu.

Fjárfestingarstefna

Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins og er stefnan endurskoðuð árlega. Fjárfestingarstefna sjóðsins byggir að meginhluta til á fjárfestingarstefnu frá árinu 1999. Sú stefna var endurskoðuð 2006 með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa. Ráðgjöfin kom frá Glitni banka hf. og Ráðgjöf og efnahagsspá. Fjárfestingarstefnan þótti traust á sínum tíma og var hún framlengd með rýmkuðum vikmörkum. Fjárfestingarstefnan er grundvölluð á samþykktum sjóðsins. Hér að neðan má sjá fjárfestingarstefnu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 2008.

Söfnunarsjóður tafla 2

Fjárfestingarstefna fyrir árið 2008

Flokkar:	Stefna	Vikmörk
Ábyrgð ríkissjóðs	40%	35-50%
Aðrar tryggingar	20%	15-30%
Bankar og fjármálafyrirtæki	5-10%	
Bæjar- og sveitarfélög	5-10%	
Skuldabréf fyrirtækja	5-10%	
Innlend hlutabréf	15%	10-20%
Vísitölustýring	5-10%	
Virk stýring	5-10%	
Erlend verðbréf	25%	20-50%
Skráð hlutabréf	8-13%	
Skráð hlutabréf virk st.	8-13%	
Skuldabréf fyrirtækja	0-10%	
Framtakssjóðir	2-5%	
Hedge Fund	0-5%	

Eignastýring

Meginhluti eignasafns Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda var í stýringu hjá sjóðnum sjálfum. Hér er átt við ríkistryggð skuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga, skuldabréf banka- og fjármálastofnana, skuldabréf fyrirtækja og sjóðfélagalán. Erlendum eignum sjóðsins var útviðað til stýringar hjá erlendum aðilum.

Frá árinu 2003 var eignastýringu innlenda hlutabréfasafnsins skipt á milli MP verðbréfa hf. og Kaupþings banka hf. Samningurinn kvað á um að MP verðbréf hf. skyldi fjárfesta í innlendum hlutabréfum sem mynda Úrvalsvísitölu Verðbréfaþings í þeim hlutföllum sem samsetning vísitölu kveður á um (vísitölusafn). Samningurinn kvað jafnframt á um að MP verðbréf hefði heimild til að aðlaga safn lífeyrissjóðsins að nýrri samsetningu úrvalsvísitölnnar hverju sinni.

Í samningi Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Kaupþings banka er bankanum falið að fjárfesta fyrir hönd sjóðsins í „sérgreindu innlendu hlutabréfasafni“. Markmiðið með sérgreinda hlutabréfasafninu var að ná betri ávöxtun en vísitölusafnið sem var í stýringu hjá MP verðbréfum. Hvað varðar áhættudreifingu safnsins er tekið fram í samningi milli aðila að „fjárfesting í hverju einstöku félagi, sem vegur meira en 5% af safninu, skal að jafnaði ekki vera meiri en sem nemur þreföldu vægi þess í viðmiðunarvísitölu safnsins og skal alls ekki fara umfram fjórfalt vægi“. Í árslok 2007 voru um 1.600 mkr. í eignastýringu hjá Kaupþingi.

Sjóðurinn tók síðan yfir eignastýringu skv. vísitöluviðmiði árið 2008 frá MP verðbréfum og tók síðan alfarið við eignastýringu innlendra hlutabréfa á árinu 2009.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur - samtryggingardeild

Lífeyrisgreiðslur árið 2009 námu samtals 1.034 mkr. Á föstu verðlagi í árslok 2009 höfðu lífeyrisgreiðslur sjóðsins frá árinu 2005 hækkað að meðaltali um 14,7% milli ára. Lífeyrisþegum hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Í árslok 2009 voru lífeyrisþegar 6.181 talsins, samanborið við 3.731 lífeyrisþega í árslok 2005. Á þessum fimm árum hafði lífeyrisþegum fjölgað um 13,5% að meðaltali milli ára. Hafa þarf í huga að fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru þannig, að fá lífeyrisþegi greidda fleiri en eina tegund lífeyris er hann talinn oftast en einu sinni.

Söfnunarsjóður tafla 3

Lífeyrisgreiðslur í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Ellilífeyrir	726	517	397	302	234
Örorkulífeyrir	220	181	183	151	136
Makalífeyrir	77	57	47	40	33
Barnalífeyrir	11	10	11	11	13
Samtals, verðlag hvers árs	1.034	765	638	504	416
Samtals, verðlag 2009	1.034	822	810	678	598

Hjá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda hafa orðið nokkrar breytingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga. Sjóðurinn hefur aldrei þurft að skerða áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Aftur á móti var reiknitöflum til framtíðar breytt árið 2006 og síðan aftur í ársbyrjun 2011.

Breytingar á lífeyrisréttindum

Ár	Breyting
01.01.99	15,00%
01.10.99	20,00%
31.12.04	6,45%
31.12.05	5,00%
31.12.06	5,00%

Tryggingafræðileg staða - samtryggingardeild

Í tryggingafræðilegri úttekt lífeyrissjóða eru m.a. reiknaðar út heildarskuldbindingar sjóðsins miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er jafnan miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Söfnunarsjóður tafla 4

Heildarskuldbinding í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Eignir	110.919	100.988	94.343	81.545	67.238
Skuldbindingar	115.310	102.780	89.360	76.235	63.443
Samtals	-4.391	-1.792	4.983	5.310	3.795
% af skuldbindingum	-3,8%	-1,7%	5,6%	7,0%	6,0%

Í töflunni hér að ofan sést, að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru jákvæðar fram að árinu 2008. Það ár verður breyting á þannig að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar verða neikvæðar um 1,7% árið 2008 og 3,8% árið 2009.

Verðbréfaeign og raunávöxtun

Skuldabréf með ríkisábyrgð hafa ávallt verið stór hluti af eignasafni sjóðsins eða á bilinu 30-50% af heildareignum. Síðustu árin hafa erlend verðbréf verið um 25% af heildareignum. Samtals hafa þessi tvö eignasöfn verið um 55-75% af eignum sjóðsins. Aðrar eignir sjóðsins hafa dreifst nokkuð jafnt á aðra verðbréfaflokka.

Söfnunarsjóður tafla 5

Verðbréfaeign í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	629	394	6.244	6.158	6.526
Innlendir framtakssjóðir	20				
Erlend verðbréfaeign	16.625	14.016	12.967	12.629	14.027
Skuldabréf með ríkisábyrgð	31.825	25.506	20.120	17.024	13.619
Skuldabréf banka og sparisjóða	3.597	2.968	3.398	3.336	2.585
Skuldabréf sveitarfélaga	5.427	4.434	2.969	2.807	2.289

	2009	2008	2007	2006	2005
Skuldabréf fyrirtækja	3.314	1.914	2.811	2.228	1.526
Veðlán	2.473	2.343	1.796	1.515	1.352
Bundin innlán	90				
Skuldabréf fjárfestingarlánasjóða		2.034	1.828	1.869	1.808
Skuldabréf ríkistengdra fyrirtækja		1.152	726	658	505
Eignastýring hjá Kaupþing banka hf.	1.898	1.475	1.564	1.396	1.218
Samtals	65.898	56.236	54.423	49.620	45.455

Í töflunni hér að neðan kemur fram hver nafnávöxtun einstakra eignasafna var árin 2005-2009. Árið 2008 er hlutfallslegt tap mest á innlendum hlutabréfum, skuldabréfum banka og sparisjóða og skuldabréfum fyrirtækja. Þann 1. janúar 2008 voru um 23% af eignum sjóðsins í ofangreindum þremur eignasöfnum.

Söfnunarsjóður tafla 6

Hrein nafnávöxtun eignasafna

	2009	2008	2007	2006	2005
Innlend hlutabréf	0,7%	-88,7%	5,5%	21,8%	69,8%
Erlend verðbréfaeign	33,8%	17,4%	-6,8%	35,8%	13,9%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	13,9%	21,9%	10,7%	11,9%	9,4%
Skuldabréf banka og sparisjóða	8,4%	-12,3%	9,0%	13,7%	10,6%
Skuldabréf sveitarfélaga	14,2%	21,8%	10,9%	12,4%	9,7%
Skuldabréf fyrirtækja	12,5%	-45,6%	11,7%	12,8%	11,0%
Veðlán	14,0%	22,2%	11,3%	12,0%	8,9%
Skuldabréf fjárfestingarlánasjóða		11,2%	11,2%	12,5%	9,5%
Skuldabréf ríkistengdra fyrirtækja		22,1%	11,1%	12,3%	9,7%
Ávöxtun hjá Kaupþing banka hf.	17,4%	3,8%	3,9%	14,7%	13,5%

Heimild: Ársskýrslur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og gögn frá sjóðnum dags.10.6. 2011.

Raunávöxtun

Árið 2009 var raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hafði verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum 3,8%. Raunávöxtun sjóðsins á árinu 2008 var aftur á móti neikvæð um 13,8%. Raunávöxtun 2007 var jákvæð um 0,2%. Hins vegar var raunávöxtun árána 2006 og 2005 mjög góð eða 10,5% og 13,3%.

Meðalraunávöxtun síðustu fimm árin er 2,8% og síðustu 10 árin er hún 3,3%.

Söfnunarsjóður tafla 7

Raunávöxtun	2009	2008	2007	2006	2005
Hrein raunávöxtun	3,8%	-13,8%	0,2%	10,5%	13,3%
Fimm ára meðalávöxtun	2,8%	3,5%	8,7%	8,8%	6,9%
Tíu ára meðalávöxtun	3,3%	3,7%	5,9%	6,8%	6,4%

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

Á árinu 2009 greiddu 15.342 einstaklingar iðgjald til sjóðsins. Virkir sjóðfélagar voru 7.425, þ.e. þeir sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglu- bundnum hætti í hverjum mánuði. Samtals 1.787 launagreiðendur greiddu iðgjöld vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur 2009 námu samtals 2.966 mkr. sem var hækkun um 6,5% frá árinu 2008.

Ef bornar eru saman breytingar á hreinni eign milli ára á verðlagi ársins 2009 kemur í ljós að árið 2007 jókst hrein eign sjóðsins um 6.448 mkr. sem var mun minni aukning en árin 2006 og 2005. Aukning hreinnar eignar hélt áfram að minnka árið 2008 og var þá aðeins árið 2.389 mkr. Veruleg aukning var síðan árið 2009 en þá jókst hrein eign sjóðsins um 9.497 mkr.

Eins og sjá má á yfirlitinu hér að neðan þá fóru fjárfestingartekjur að minnka verulega milli árana 2006 og 2007. Samdrátturinn hélt síðan áfram árið 2008 þannig að fjárfestingartekjur voru ekki nema brot af því sem þær voru áður.

Söfnunarsjóður tafla 8

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árin 2005 - 2009 í mkr.

	2009	2008	2007	2006	2005
Iðgjöld	3.004	2.826	2.569	2.116	2.023
Lífeyrir	-1.039	-765	-641	-514	-418
Tekjur/-gjöld af eignarhlutum	2.755	-3.832	-315	4.246	3.898
Tekjur/-gjöld af húseignum og lóðum					
Vaxtatekjur/-gjöld og gengismunur	6.518	7.540	3.596	3.548	2.400
Breytingar á niðurfærslu skuldabréfa	-1.599	-3.412	-18		
Fjárfestingartekjur	7.674	296	3.263	7.794	6.298
Fjárfestingargjöld ¹⁾	-62	-57	-47	-44	-34
Rekstrarkostnaður	-103	-99	-87	-60	-56
Rekstrargjöld	-165	-156	-134	-104	-90
Aðrar tekjur	23	21	20	17	12
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	9.497	2.222	5.077	9.309	7.825
Hrein eign frá fyrra ári	58.223	56.001	50.924	41.615	33.790
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	67.720	58.223	56.001	50.924	41.615
Afkoma á föstu verðlagi ársins 2009					
Hækkun/-lækkun á hreinni eign á árinu	9.497	2.389	6.448	12.516	11.252
Hrein eign frá fyrra ári	58.223	60.207	64.676	55.950	48.588
Hrein eign til greiðslu lífeyris	67.720	62.595	71.124	68.466	59.839

1) Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda sýnir ekki allar þóknarir til banka og verðbréfafyrirtækja vegna kaupa og sölu verðbréfa sérstaklega. Þess í stað eru þóknarir færðar sem hluti af kaup- og söluverði verðbréfa í stað þess að sýna þóknarirnar sem hluta af fjárfestingargjöldum. Sjá nánar 5.1.6. Þóknatekjur fjármálafyrirtækja.

36.1.2 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2008 til 2010

Hér á eftir verður fjallað um þá eignaliði í verðbréfasafni sjóðsins sem ollu mestu tapi hans. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þær eignir sem skilað hafa jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin. Þegar fjallað er um tap sjóðsins er ýmist átt við beinar afskriftir og/eða niðurfærslur verðbréfa, gengislækkun hlutabréfa, gengislækkun hlutabréfa- og skuldabréfasjóða, útistandandi gjaldmiðlavarnarsamninga að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar skuldabréfa á hendur bönkunum. Tap sjóðsins átti sér fyrst og fremst stað á árinu 2008 en afleiðingarnar komu hins vegar ekki að fullu fram fyrr en á árunum 2009 og 2010. Tap sjóðsins liggur aðallega í eftirfarandi verðbréfasöfnum:

- Skuldabréfum banka og sparissjóða
- Skuldabréfum fyrirtækja
- Innendum hlutabréfum
- Erlendum verðbréfum

Söfnunarsjóður tafla 9

Yfirlit yfir tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda af skuldabréfum banka og sparissjóða, skuldabréfum fyrirtækja og innendum hlutabréfum og gjaldmiðlavarnarsamningum í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Skuldabréf banka og sparissjóða	78	973	1.860	2.911
Skuldabréf fyrirtækja	146	775	1.120	2.041
Innlend hlutabréf		-234	5.707	5.473
Erlend verðbréf		36		36
	224	1.550	8.687	10.461
Gjaldmiðlavarnarsamningar (GVT 175)		0		0
Samtals tap í mkr.	224	1.550	8.687	10.461

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 10.6.2011 og 20.12.2011.

Fjórir ofangreindir liðir mynduðu tap á árunum 2008 til 2010, samtals að fjárhæð 10.416 mkr. sem voru tæp 16% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris árið 2009. Mestu tapaði sjóðurinn á innendum hlutabréfum eða 5.473 mkr., því næst á skuldabréfum banka og sparissjóða 2.911 mkr. og skuldabréfum fyrirtækja 2.041 mkr.

Skuldabréf banka og sparissjóða

Í árslok 2007 var eign sjóðsins í skuldabréfum útgefnum af bönkum og sparissjóðum samtals 3.398 mkr. Bókfærð skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum í árslok 2008 var 2.968 mkr. en í árslok 2009 var hún 3.597 mkr. Þótt lækkun á skuldabréfaeign í bönkum og sparissjóðum sé ekki mikil milli ára voru

afskriftir samt sem áður umtalsverðar, eða samtals 2.911 mkr. árin 2008-2010. Mestu afskriftirnar áttu sér stað árið 2008 eða 1.860 mkr., 973 mkr. árið 2009 og 78 mkr. árið 2010. Af skuldabréfum einstakra banka og sparissjóða var mest afskrifað af skuldabréfum í Glitni banka hf., 1.258 mkr., SPRON 464 mkr. og Straumi Burðarás 350 mkr. Afskriftir annarra fjármálafyrirtækja námu samtals 839 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa banka og sparissjóða í eigu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverjum aðila fyrir sig.

Söfnunarsjóður tafla 10

Bankar og sparissjóðir, staða og afskriftir skuldabréfa 2009 í mkr.

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Byr sparissjóður	106	72	34	68%
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf	11	6	5	55%
Glitni banki hf.	1.611	90	1.521	6%
Kaupþing banki hf.	523	-54	577	-10%
Sparissjóður Hafnarfjarðar	87	57	30	66%
Sparissjóður Mýrasýslu	113	57	56	50%
SPRON	452	464	-12	
Sparissjóður vélstjóra	41	25	16	61%
Straumur Burðarás hf.	497	130	220	26%
VBS fjárfestingarbanki hf.	195	115	98	59%
Verzlunarlánasjóður	50	11	34	22%
Samtals í mkr.	3.686	973	2.579	26%

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 19.6.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda árin 2008-2010 af skuldabréfum banka og sparissjóða.

Söfnunarsjóður tafla 11

Afskriftir hjá bönkum og sparissjóðum vegna skuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Glitni banki hf.		90	1.168	1.258
SPRON hf.		464		464
Straumur Burðarás hf.		130	220	350
VBS fjárfestingarbanki hf.		115	98	213
Kaupþing banki hf.		-54	340	286
Byr sparissjóður	37	72		109
Sparissjóður Hafnarfjarðar	28	57		85
Sparissjóður Mýrasýslu		57		57
Verzlunarlánasjóður		11	34	45
Sparissjóður vélstjóra		13	25	38
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.		6		6
Samtals í mkr.	78	973	1.860	2.911

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 19.6.2011.

Skuldabréf fyrirtækja

Eign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum var 1.526 mkr. í árslok 2005. Skuldabréfaeign sjóðsins í fyrirtækjaskuldabréfum jókst síðan mjög hratt. Þannig átti sjóðurinn orðið fyrirtækjaskuldabréf að fjárhæð 2.811 mkr. í árslok 2007 sem var aukning um 1.285 mkr. eða 84% á tveimur árum. Bókfærð skuldabréfaeign í fyrirtækjum í árslok 2008 var 1.914 mkr. en í árslok 2009 stóð hún í 3.314 mkr. Rétt er að benda á að upplýsingar um eign sjóðsins í skuldabréfum fyrirtækja er villandi í ársreikningi fyrir árið 2009, því það ár eru skuldabréf með ríkisábyrgð flokkuð með skuldabréfum fyrirtækja og var eign sjóðsins í skuldabréfum fyrirtækja 1.719 mkr. í árslok 2009

Heimild: Tölvupóstur frá Sigurbirni Sigurbjörnssyni framkvæmdastjóra sjóðsins dags. 20.12.2011.

Árið 2008 afskrifaði sjóðurinn fyrirtækjabréf að verðmæti 1.120 mkr. Árið 2009 voru afskrifaðar 775 mkr. og 146 mkr. árið 2010. Samtals námu afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa 2.041 mkr. Mestu afskriftirnar voru á bréfum Samsons, 435 mkr., Bakkavör Group 357 mkr., Avion/Eimskip 272 mkr. og Exista 213 mkr. Afskriftir annarra fyrirtækjaskuldabréfa voru samtals að fjárhæð 764 mkr.

Neðangreind tafla sýnir bókfærða stöðu skuldabréfa fyrirtækja í eigu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda árið 2009. Síðan koma afskriftir ársins og nettóstaða í árslok. Að lokum er sýnd afskriftaprósenta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig.

Söfnunarsjóður tafla 12

Skuldabréfa fyrirtækja og stofnana staða og afskriftir 2009

	Bókfærð staða	Afskriftir	Nettó staða	Afskrift í %
Atorka hf./Jarðboranir hf.	187	58	129	31%
Avion hf./HF. Eimskipafél. Ísl.	306	88	218	29%
Bakkavör Group hf.	612	281	331	46%
N1 hf./Olíufélagið hf.	160	-20	180	-13%
Exista hf.	188	119	69	63%
Milestone ehf.	96	53	43	55%
Nýsír hf.	88	23	65	26%
Sjóvá hf.	127	152	-25	120%
Samson eignarhaldsfélag ehf.	392	62	330	16%
Skipti hf./Síminn hf.	331	-41	372	-12%
Samtals í mkr.	2.487	775	1.712	31%

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 19.6.2011.

Eftirfarandi tafla sýnir heildarafskriftir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda af skuldabréfaeign sinni í fyrirtækjum árin 2008 - 2010.

Söfnunarsjóður tafla 13

Afskriftir fyrirtækjaskuldabréfa í mkr.

	2010	2009	2008	Samtals
Samson eignarhaldsfélag ehf.		62	373	435
Bakkavör Group hf.		281	76	357
Avion/Eimskip hf.		88	184	272
Exista hf.		119	94	213
Sjóvá hf.		152		152
FL Group hf.			142	142
Atorka hf./Jarðboranir hf.	22	58	50	130
Milestone ehf.		53	57	110
Nýsir hf.		23	83	106
N1 hf./Óliúfélagið	70	-20	20	70
Skipti hf./Síminn hf.	54	-41	41	54
Samtals í mkr.	146	775	1.120	2.041

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 19.6.2011 og 27. sept. 2011.

Innlend hlutabréf

Á árinu 2008 tapaði Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda samtals 5.707 mkr. af innlendri hlutabréfaeign sinni og var það rúmlega 91% af hlutabréfaeign sjóðsins í

ársbyrjun 2008. Samfara tapinu á hlutabréfaeigninni þá féll hlutdeild hlutabréfa í verðbréfasafni sjóðsins úr því að vera á bilinu 11-14% árin 2006 og 2007, í það að verða tæplega 1% árið 2008 og 2009.

Söfnunarsjóður tafla 14

Hagn./(-tap) af innlendum hlutabréfum í mkr.

	Samtals	2009	2008	2007	2006
Hlutafjáreign í byrjun tímabils	19.322	394	6.244	6.158	6.526
Keypt hlutabréf	1.261		587	408	266
Seld hlutabréf	3.484		730	654	2.100
Hlutafjáreign í lok tímabils	13.424	628	394	6.244	6.158
Hagn./(-tap)	-3.675	234	-5.707	332	1.466

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 10.6.2011.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir innlendri hlutabréfaeign Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda tímabilið 1. jan. 2006 til 31. des. 2008. Í efri hluta töflunnar er sýnd eign sjóðsins í skráðum félögum og síðan í neðri hluta töflunnar er sýnd eign í óskráðum félögum (Sjá töflu 15).

Söfnunarsjóður tafla 15

Hlutabréfaeign á markaðsvirði tímabilið 1.1.2006 - 31.12.2008 í þús.kr.

Skráð félög:	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Marel hf.	19.500	22.536				99.550	92.505	82.904
Össur hf.	46.099	39.480	24.102	87.925	92.018	92.713	116.560	179.308
Actavis hf.	523.100	484.610	823.785					
Atorka hf./Jarðboranir hf.	38.144	52.166	40.112	48.859	39.712	34.532	24.712	3.777
Grandi hf.	36.552							
Alfesca hf./SÍF hf.	16.320	20.160				21.870	44.306	31.482
Kögun hf.	32.440							
Mosaic Fashion hf.	148.275	130.741	72.186					
Glitnir banki hf.	907.352	858.324	1.038.526	756.315	421.702	616.355	202.480	
Kaupþing banki hf.	2.415.450	2.176.944	2.899.370	2.372.750	2.273.540	1.865.707	1.648.880	
Landsbanki Íslands hf.	1.059.126	895.634	1.297.057	1.131.157	972.610	753.949	648.910	
Straumur Burðarás hf.	638.510	537.449	744.383	604.919	579.939	592.141	454.922	
Bakkavör Group hf.	441.648	439.361	542.762	488.074	388.981	322.472	269.625	40.877
FL Group hf.	202.198	314.957	450.087	189.548	62.793			
Exista hf.		146.802	628.987	396.370	414.519	322.289	250.095	1.707
Avion hf./HF Eimskipafél.Ísl.		28.340	35.142	29.630	19.768	7		
Medcare Flaga hf.		9.825	7.125	3.188				
Century Alum. hf.			95.170				8.280	10.213
SPRON hf.				83.861	59.611	52.202	41.072	29.785
Teymi hf.						5.025		
Føroya Banki P/F				37.782				
Samtals í þús. kr.	6.524.713	6.157.327	8.698.794	6.230.377	5.325.192	4.778.813	3.802.347	380.051
Óskráð félög	31.12.05	31.12.06	30.06.07	31.12.07	30.03.08	30.06.08	30.09.08	31.12.08
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða	989	989	989	989	989	989	989	989
Reiknistofa lífeyrissjóðanna			12.725	12.725	12.725	12.725	12.725	12.725
Samtals í þús. kr.	989	989	13.714	13.714	13.714	13.714	13.714	13.714
Samtals félög í þús. kr.	6.525.702	6.158.316	8.712.508	6.244.091	5.338.905	4.792.527	3.816.061	393.765

Heimild: Gögn frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 10.6.2011.

Þann 1. jan. 2006 átti Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda hlutabréf samtals að fjárhæð 6.526 mkr., sem var um 14,4% af verðbréfaeign sjóðsins. Ári síðar eða 1. jan. 2007 hafði hlutabréfaeign sjóðsins dregist saman um 368 mkr. og stóð í 6.158 mkr. Markaðsvirði hlutabréfa sjóðsins var hæst um mitt ár 2007 og fór þá í 8.713 mkr. enda var markaðsvirði innlendra hlutabréfa hæst um þær mundir. Hlutabréfaverð fór síðan lækkandi og minnkaði hlutafjáreign sjóðsins um leið. Í ársbyrjun 2008 var hlutafjáreign sjóðsins samtals 6.244 mkr. Í árslok sama ár var hlutafjáreignin komin niður í 394 mkr. sem jafngilti um 0,7% af verðbréfaeign sjóðsins. Sjóðurinn átti nánast ekkert í óskráðum félögum og þá eingöngu í félögum sem tengjast rekstri lífeyrissjóða.

Hér á eftir verður þróun á hlutabréfaeign Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í nokkrum félögum sýnd nánar. Úttektarnefndin aflaði sér upplýsinga um hlutabréfaeign sjóðsins þann 31.12.2006, 30.06.2007 og 31.12.2007. Einnig voru fengnar upplýsingar um hlutabréfaeign í lok hvers ársfjórðungs árið 2008. Því er ekki mögulegt að sýna einstök kaup eða sölu hlutabréfa. Einungis er unnt að sýna nafnverð og markaðsvirði hlutabréfa í lok hvers tímabils svo og breytingar á hlutabréfaeign í einstökum félögum milli þeirra tímabila sem könnuð voru.

Sýnt er: Nafn félags, nafnverð, hreyfingar á nafnverði innan tímabils, dagslokagengi og markaðsvirði hinna keyptu/seldu hlutabréfa. Árið 2006 er sýnt sérstaklega. Árinu 2007 er skipt í tvennt, þ.e. sýnd er staðan í lok hvors árshelmingis fyrir sig. Sömu upplýsingar koma fram fyrir árið 2008 en það ár er staðan sýnd í lok hvers ársfjórðungs. Neðst í töflunum eru síðan teknar saman upplýsingar um verðmæti á upphafsstöðu hlutafjár í viðkomandi félagi 31.12.2005 og bætt við það kaupverði umfram söluverð hlutabréfa til áramóta 2008. Þannig er gerð tilraun til að finna út hvert var heildartap sjóðsins í viðkomandi félagi frá árslokum 2005 til ársloka 2008. Það skal áréttað að hér er einungis reynt að sýna tap sjóðsins ofangreint tímabil. Í mörgum tilvikum höfðu lífeyrissjóðirnir átt hlutabréfin lengur og keypt þau á lægra verði en kemur fram í yfirlitunum hér á eftir. Þá er ekki tekið tillit til arðgreiðslna.

Kaupþing banki hf.

Í upphafi tímabilsins átti Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 3.238 þús. hluti í Kaupþingi sem námu 2.416 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 seldi

sjóðurinn 650 þús. hluti en að öðru leyti var nafnverðseign sjóðsins í Kaupþingi nokkuð stöðug allt þar til bankinn féll í október 2008. Við fall bankans hafði sjóðurinn tapað um 1.732 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Kaupþingi. Af einstökum félögum tapaði sjóðurinn mest á hlutabréfum sínum í Kaupþingi hf.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05	3.238		746	2.416
31.12.06	2.588	-650	841	-547
30.06.07	2.577	-11	1.125	-12
31.12.07	2.696	119	880	105
31.03.08	2.831	135	803	108
30.06.08	2.445	-386	763	-295
30.09.08	2.383	-62	692	-43
31.12.08	2.383		0,00	
Samtals		-855		1.732
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				1.732
Staða 31.12.08	2.383		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				1.732

Exista hf.

Heildartap á hlutabréfum í Exista var um 808 mkr. Í ársbyrjun 2007 var eignarhlutur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í Exista ekki mikill eða 6.524 þús. hlutir sem jafngiltu 147 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2007 jók sjóðurinn hlut sinn í Exista um 13.548 þús. hluti og hefur kaupverð þeirra hluta verið a.m.k um 440 mkr. Á fyrri helmingi ársins 2008 hélt sjóðurinn áfram að kaupa hlutabréf í Exista og keypti þá 22.778 þús. hluti að verðmæti um 229 mkr. Þá voru hlutabréf Exista þegar byrjuð að falla og féllu hratt. Með tilliti til verðþróunar á hlutabréfum Exista þykja kaup Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í félaginu fyrri hluta ársins 2008 nokkuð sérstök.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta		Gengi	Markaðsverð
	Staða	Hreyfing		
31.12.05				
31.12.06	6.524		22,50	147
30.06.07	18.284	11.760	34,40	405
31.12.07	20.069	1.785	19,75	35
31.03.08	39.857	19.788	10,40	206
30.06.08	42.857	3.000	7,52	23
30.09.08	41.683	-1.174	6,00	-7
31.10.08	42.683	1.000	0,00	
Samtals		36.159		808
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				808
Staða 31.10.08	42.683		0	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				808

Straumur Burðarás fjárfestingarbanki hf.

Í lok árs 2005 átti Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 40.158 þús. hluti í Straumi Burðarás hf., sem jafngilti 647 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 seldi sjóðurinn 9.270 þús. hluti með um 120 mkr. hagnaði. Um mitt ár 2007 þegar gengi bréfa Straums var sem hæst fór sjóðurinn aftur að kaupa hlutabréf í bankanum og hélt því jafnt og þétt áfram fram að miðju ári 2008, þrátt fyrir stöðugt fall á gengi bréfa þann tíma. Alls keypti sjóðurinn 28.624 þús. hluti á tímabilinu sem voru um 370 mkr. að markaðsvirði. Það var síðan á seinni ársþelmingi 2008 að sjóðurinn fór að selja og seldi þá 14.237 þús. hluti sem voru einungis 59 mkr. að markaðsvirði. Tap sjóðsins á hlutabréfum sínum í Straumi Burðarás hf. var því a.m.k. 712 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			
	Staða	Hreyfing	Gengi	Markaðsverð
31.12.05	40.158		16,10	647
31.12.06	30.888	-9.270	17,40	-161
30.06.07	34.068	3.180	21,80	69
31.12.07	40.061	5.993	15,10	90
31.03.08	49.398	9.337	11,74	110
30.06.08	59.512	10.114	9,95	101
30.09.08	54.482	-5.030	8,35	-42
31.12.08	45.275	-9.207	1,86	-17
Samtals		5.117		796
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				796
Staða 31.10.08	45.275		1,86	-84
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.10.08 í mkr.				712

Glitni banki hf.

Í byrjun árs 2006 átti Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 907 mkr. að markaðsvirði af hlutabréfum í Glitni banka hf. Árið 2006 og fram á fyrsta ársfjórðung 2008 seldi sjóðurinn samtals 28.002 þús. hluti fyrir 596 mkr. Frá og með öðrum ársfjórðungi 2008 allt til falls bankans tók sjóðurinn til við að kaupa hlutabréf í Glitni banka hf. fyrir samtals 260 mkr. Þeir fjármunir töpuðust allir þegar bankinn féll. Samtals varð tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda um 572 mkr. á hlutabréfaeign sinni í Glitni banka hf.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	52.448		17,30	907
31.12.06	36.838	-15.610	23,30	-364
30.06.07	35.873	-965	28,95	-28
31.12.07	34.456	-1.417	21,95	-31
31.03.08	24.446	-10.010	17,25	-173
30.06.08	40.023	15.577	15,40	240
30.09.08	44.501	4.478	4,55	20
31.12.08	44.501		0,00	
Samtals		-7.947		572
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				572
Staða 31.12.08	44.501		0,00	
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				572

Bakkavör hf.

Í árslok 2005 átti Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 8.677 þús. hluti að nafnverði í Bakkavör hf. sem jafngilti 442 mkr. að markaðsvirði. Á árinu 2006 seldi sjóðurinn frá sér 1.647 þús. hluti með umtalsverðum hagnaði. Um mitt ár 2007 fór Söfnunarsjóðurinn að kaupa hlutabréf í Bakkavör og héldu þau kaup áfram allt þar til hlutabréfin voru nánast orðin verðlaus. Á síðasta ársfjórðungi 2008 keypti sjóðurinn þannig 3.563 þús. hluti á genginu 2,49 og hafði gengi Bakkavarar þá fallið um 96% frá því það var sem hæst um mitt ár 2007. Tap sjóðsins á bréfum Bakkavarar hf. var umtalsvert eða um 510 mkr.

Dags.	Nafnv. í þús. hluta			Markaðsverð
	Staða	Hreyfing	Gengi	
31.12.05	8.677		50,90	442
31.12.06	7.030	-1.647	62,50	-103
30.06.07	7.821	791	69,40	55
31.12.07	8.343	522	58,50	31
31.03.08	9.418	1.075	41,30	44
30.06.08	10.968	1.550	29,40	46
30.09.08	12.658	1.690	21,30	36
31.12.08	16.221	3.563	2,49	9
Samtals		7.544		550
Upphafsstaða + kaup umfram sölu á tímabilinu				550
Staða 31.12.08	16.221		2,49	-40
Tapað hlutafé frá 31.12.05 - 31.12.08 í mkr.				510

Erlend verðbréf

Af erlendum verðbréfum var eignungis tap af einum verðbréfasjóði, en það var Kaupþing Capital Partners II að upphæð 36 mkr.

Heimild: Tölvupótsur frá Sigurbirni Sigurbjörnssyni framkvæmdastjóra sjóðsins dags. 20.12.2011.

Gjaldmiðlavarnarsamningar

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var með samning um gjaldmiðlavarnir við Landsbanka Íslands hf. Framan af var sjóðurinn með engar gjaldmiðlavarnir á erlendum eignum sínum. Það var ekki fyrr en á árinu 2008 sem sjóðurinn tók upp gjaldmiðlavarnir og fór þá að verja u.þ.b. 20-25% af erlendum eignum sínum. Er líða tók á árið 2008 dró sjóðurinn hins vegar nokkuð úr vörnum sínum. Gjaldmiðlavarnarsamningarnir voru allir við Landsbanka Íslands hf. Skuld Söfnunarsjóðsins við Landsbankann vegna óuppperðra gjaldmiðlavarnarsamninga var samtals 477 mkr. í árslok 2009 með vöxtum. Við útreikning Söfnunarsjóðsins á kröfunni var m.v. gengisvísitöluna (GVT) 175 stig. Sjóðurinn á skuldabréf útgefin af Landsbankanum sem hann telur sig geta notað til skuldajöfnunar á framangreindri skuld.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa farið þess á leit við bankana að gjaldmiðlavarnarsamningarnir verði gerðir upp miðað við GVT 175 stig. Bankarnir hafa aftur á móti gert þá kröfu að samningarnir verði gerðir upp miðað við uppgjörsgengi hvers samnings fyrir sig. Að teknu tilliti til ítrustu krafna Landsbankans er krafa bankans á hendur sjóðnum samtals 1.394 mkr. Þar af er nafnverð kröfunnar 1.121 mkr. og vextir og dráttarvextir 273 mkr. Kröfur bankans eru 917 mkr. hærri en tillögur sjóðsins. Ef uppgjör samningana fer eftir tillögum sjóðsins, þ.e. GVT 175 stig ásamt skuldajöfnun á skuldabréfum gefnum út af Landsbankanum, jafnast kröfurnar út.

Heimild: Tölvupóstur frá Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda dags. 2.12.2011.

Söfnunarsjóður tafla 16

Staða gjaldmiðlavarnarsamninga 31.12.2009

Annars vegar tillaga sjóðsins og hins vegar krafa bankanna

	Heildar- krafa	Vaxta kostn.	Samtals	Skulda- jöfnun	Mis- munur
Tillaga sjóðsins m.v. GVT 175 stig	435	42	477	-477	0
Krafa bankanna m.v. uppgjörsgengi samninganna	1.121	273	1.394	-477	917
Mismunur á kröfum í mkr.					917

„Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað viðræður milli fulltrúa þrettán lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um stöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðanna við bankann og forsendur fyrir mögulegri sátt um uppgjör þeirra.

Náðst hefur rammisamkomulag milli fulltrúa Landssamtaka lífeyrissjóða og skilanevndar Landsbanka Íslands hf. um fullnaðaruppgjör samninganna.

Niðurstæða samkomulagsins er að mestu í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum lífeyrissjóðanna og mun því ekki hafa frekari áhrif á tryggingafræðilega stöðu þeirra.

Í kjölfar samkomulagsins verður hægt að ljúka uppgjöri milli Landsbanka Íslands hf. og einstakra lífeyrissjóða“.

Heimild: Fréttatilkynning frá Landssamtökum lífeyrissjóða dags. 21. júlí 2011

Á seinni hluta árs 2011 náðist samkomulag milli Landsbanka Íslands hf. og Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda um fullnaðaruppgjör á útistandandi gjaldmiðlavarnarsamningum. Uppgjörið var í samræmi við stöðu samninganna í ársreikningum sjóðsins og náði sjóðurinn fullri skuldajöfnun á móti neikvæðri stöðu gjaldmiðlavarnarsamninganna.

36.2 Stjórn og starfshættir

36.2.1 Uppruni

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var stofnaður árið 1974 og hét þá Biðreikningur lífeyrisréttinda eins og kemur fram hér að framan. Í viðtali við framkvæmdastjóra sjóðsins kom fram að sjóðurinn var í upphafi hugsaður fyrir þá sem greiddu í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins af launum sínum en unnu aukavinnu hjá annarri stofnun eða fyrirtæki en lífeyrir af þeirri vinnu mátti ekki fara til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sjóðurinn hefur þróast yfir í það að vera almennur lífeyrissjóður fyrir almenna launþega

og sjálfstætt starfandi einstaklinga. Það má sjá í 2. gr. laga nr. 155/1998 hvernig hann er nú hugsaður en þar segir: „Skylda til greiðslu iðgjalds nær til allra launþega og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi frá 16 ára til 70 ára aldurs og hafa ekki fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“ Þetta er sjóður fyrir þá sem ekki eiga aðild að öðrum sjóðum ef taka á orð þessarar greinar bókstaf-

lega. Umhverfið er breytt að því leyti að fjölmörgum launþegum er frjálst að greiða lífeyri í þann sjóð sem þeir kjósa og eru ekki bundnir af kjarasamningum eða starfssamningum í því efni. Hlutverk sjóðsins hefur því breyst og hann orðinn hefðbundinn lífeyrissjóður eins og hver annar. Hann er þó einn af fáum lífeyrissjóðum sem um gilda sérlög, nr. 155/1998, en hann fellur einnig undir löggjöfina um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

36.2.2 Stjórn

Stjórn sjóðsins er skipuð sjö einstaklingum, fjórir þeirra skulu tilnefndir af stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða en þrír eru skipaðir án tilnefningar og einn þeirra skal vera formaður stjórnar. Fjármálaráðherra skipar alla stjórnina til fjögurra ára í senn.¹ Verksviði stjórnar er lýst nánar í samþykktum sjóðsins og starfsreglum stjórnar. Þar er kveðið á um að stjórn ráði framkvæmdastjóra sem annist daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu stjórnarinnar. En stjórnin tekur ákvarðanir í öllum málum sem „telja verður óvenjuleg“.² Það er einnig alveg skýrt að stjórninni ber að fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir um stefnumótun sjóðsins og starfsemi og hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna hans.³

Þessi lýsing á sambandi stjórnar og framkvæmdastjóra er dæmigerð. Það virðast hafa farið fram ítarlegar og vandaðar umræður í stjórn um málefni sjóðsins og einstakar ákvarðanir og framkvæmdastjóri hafi getað stuðst við þær í ákvörðunum sínum. En það virðist aldrei hafa verið skýrt í skrifuðum reglum eða viðmiðunum hvaða mál væru óvenjuleg og hvaða ákvarðanir um stefnumótun eru meiriháttar.

Miðað við þær upplýsingar sem úttektarnefndinni eru tiltækar þá er það þannig að það eru framkvæmdastjóri og starfsmenn sjóðsins sem verða að skera úr um það hvaða mál eru óvenjuleg og meiriháttar. Það er einnig ástæða til að taka eftir því að í *Samþykktunum* og *Verklagsreglunum* er ekki beinlínis fjallað um ákvarðanir um fjárfestingar þótt þær séu sennilega mikilvægustu ákvarðanir sem starfsmenn

sjóðsins taka í störfum sínum fyrir vöxt hans og viðgang. Þar er í raun einungis vísað til ákvarðana um stefnumótun, sem teljast meiriháttar, og ákvarðana í öllum málum sem telja verður óvenjuleg. Sennilega eru færstar ákvarðanir um fjárfestingar óvenjulegar en sumar þeirra eru augljóslega meiriháttar. Vitað er að allar ákvarðanir um fjárfestingar í óskráðum félögum hafa verið teknar af stjórn. Það virðist einnig hafa verið svo að óskráð regla hafi myndast um stærðarviðmiðun ákvarðana um fjárfestingar sem færu fyrst til stjórnar. Ákvarðanir um fjárfestingar undir 500 milljónum hafa verið teknar af starfsmönnum en ákvarðanir um stærri fjárfestingar hafa verið lagðar fyrir stjórn fyrirfram að sögn framkvæmdastjórans. Það er betra allra vegna að mörk í þessum efnum séu skýr og þess vegna ættu mörk af þessu tagi að vera hluti af þeim reglum sem gilda um framkvæmdastjóra. Engar slíkar viðmiðanir er að finna í *Reglum um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar né í Viðauka við ráðningarsamning framkvæmdastjóra um ýmis atriði tengd starfi hans*.⁴

Þess ber að geta að staða stjórnar þessa lífeyrissjóðs er nokkuð sérstök. Í fyrsta lagi er stjórnin öll skipuð af fjármálaráðherra en meirihluti hennar er tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða. Í öðru lagi eru nokkrir, sem eru tilnefndir í þessa stjórn, einnig í stjórnnum annarra lífeyrissjóða en Söfnunarsjóðsins. Í þriðja lagi virðast eigendur réttindanna í sjóðnum standa í svólítið öðru sambandi við hann en við almenna lífeyrissjóði. Þeir mæta síður á ársfundi eða aðra fundi sem eru boðaðir á vegum sjóðsins og hafa sig lítið í frammi um málefni hans. Þess ber að geta að sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða kjör lífeyrisþega, ólíkt sumum öðrum almennum sjóðum, en það breytir ekki því að samband þeirra sem greiða í hann virðist vera annað en við aðra lífeyrissjóði á almennum markaði.

Það virðist full ástæða til að skoða það að breyta samsetningu stjórnar sjóðsins í því skyni að treysta samband eigenda réttindanna í honum við sjóðinn. Það gæti gerst þannig að á ársfundi eða í aðdraganda ársfundar væri kosinn einn eða fleiri stjórnarmenn beinni kosningu. Allir félagar í sjóðnum hefðu kosn-

1 3. gr. laga nr. 155/1998 Lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Sjá einnig 3.

gr. 3.1 Samþykkt Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2007.

2 Starfsreglur stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2001, gr. 4.4.

3 Starfsreglur stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2001, gr. 4.5. Samþykktir Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2007 gr. 3.2.

4 Reglur um upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra til stjórnar 2008; Viðauki við ráðningarsamning framkvæmdastjóra um ýmis atriði tengd starfi hans 2005.

ingarétt. Í ljósi þess hve illa sjóðfélagar mæta á fundi verður að gefa kost á því að menn greiði atkvæði raf-rænt. En það verður einnig að vera nokkur aðdragandi að svona kosningu. Það er ekkert óeðlilegt að óska eftir því við Fjármálaeftirlitið að það samþykkti framboð allra sem gefa kost á sér áður en gengið er til atkvæða. Ástæðan er sú að það getur átt sér stað að einhver þeirra, sem gefa kost á sér, uppfylli ekki skilyrði laganna um að geta setið í stjórn lífeyrissjóðs. Það er ekki ofríki að stöðva framboð þeirra sem ekki uppfylla ákvæði laganna.

Það virðist heldur ekki ástæða til að fjármálaráðherra skipi stjórnina. Fjármálaráðuneytið er annar megineftirlitsaðili lífeyrissjóðanna og það er óeðlilegt að ráðherrann skipi stjórn, tæpan helming án tilnefningar, sem hann á einnig að hafa eftirlit með. Það nægir að stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefni fjóra, einn sé kosinn beinni kosningu og standi vilji til þess að stjórnarráðið tilnefni einhverja fulltrúa þá virðist eðlilegt að það sé ekki fjármálaráðherra, heldur ráðherra efnahagsmála, velferðarráðherra eða annar, sem talinn er heppilegur, sem skipi tvo fulltrúa.

Það má einnig hugleiða það hvort heimila ætti sjóðfélögum að krefjast funda utan aðalfundar. Ef 15% sjóðfélaga óskuðu eftir fundi þá bæri stjórninni að verða við þeirri beiðni.

36.2.3 Samskipta- og siðareglur

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda samþykkti í maí 2009 Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.⁵ Í þeim eru orðaðar ýmsar meginreglur sem sjóðurinn vill hafa í heiðri. Samskipta- og siðareglunum er ekki ætlað að breyta þeim reglum sem í gildi eru heldur að draga fram og leggja áherslu á viss grunnreglur sem sjóðurinn vil hafa í heiðri.

Fjallað er um ábyrgð stjórnar og starfsfólks sjóðsins gagnvart lögum og hagsmunum félaga sjóðsins og þagnarskyldu starfsfólks. Góðum starfsháttum er lýst þannig að starfsfólk geri ekkert í eða utan vinnutíma síns sem geti skaðað sjóðinn og því beri að forðast alla hagsmunaárekstra og forðast að taka þátt í afgreiðslu mála sem varða það persónulega eða hagnýta sér trúnaðarupplýsingar sem það verður áskynja um

í starfi sínu. Starfsmönnum er ekki heimilt að þiggja gjafir eða boð af þjónustuaðilum sjóðsins, sjóðurinn greiði ferðalög sem tengjast starfi starfsfólks og þeir fundir sem sóttir séu innanlands eða utan eigi að vera líklegir til að afla sjóðnum viðskiptatækifæra og kosta í eignastýringu eða annarra verðmæta. Lögð er áhersla á góð samskipti við sjóðfélaga og viðskiptavini sjóðsins og að sjóðurinn leitist ævinlega við að ávaxta fé sjóðfélaga eins vel og kostur er á hverjum tíma.

Það er eftirtektarvert að í þessum siðareglum er ekkert vikið að fjárfestingum en siðferðileg viðmið fjárfestinga geta verið mikilvæg fyrir lífeyrissjóði. Þau eru lífeyrissjóðum mikilvæg ef þeir vilja bæta viðskiptasiðferði en það ætti að vera mikilvægt markmið samskipta- og siðareglna og í öðru lagi geta siðferðilegar viðmiðanir haft gildi fyrir sjóðfélaga. Lífeyrissjóðir hljóta eðli máls samkvæmt að vera langtímafjárfestar og siðferðilegar viðmiðanir eru líklegar til að hafa þau áhrif að tekið sé mið af langtímahagsmunum þótt þær skili kannski ekki bestu ávöxtun til skemmri tíma. Sjóðfélagar eru langflestir launamenn og gagnvart þeim kann það að skipta máli að sjóðurinn leitist við að ávaxta fé þeirra með ábyrgum hætti og stuðla um leið að manneskjulegum vinnumarkaði.

Þessar samskipta- og siðareglur hafa ekki haft áhrif á annað regluverk sjóðsins en það er eðlilegt að skoða allt regluverkið þegar samskipta- og siðareglur eru samþykktar. Það er rétt að nefna dæmi um siðferðilegar viðmiðanir í fjárfestingum: Er launamunur kynjanna í fyrirtæki sem á að fjárfesta í óeðlilega mikill? Hafa yfirmenn óeðlilega há laun? Auðvitað þarf að kveða nánar á um hvað er óeðlilega mikill munur og óeðlilega há laun. En þetta eru dæmi sem setja mætti í fjárfestingarstefnu eða ferillýsingu eða á gátlista sem notaður er í aðdraganda fjárfestingar. (Sjá 5.2.6.). Annað sem er ástæða til að hafa orð á er að í þessum reglum er hvergi kveðið á um hver skeri úr um hvort reglurnar hafi verið brotnar en þó er sagt að brot á þeim geti varðað áminningu eða uppsögn. Það er skýr réttur starfsmanns sem á að fylgja reglunum að vita hver túlkar þær.

⁵ Samskipta- og siðareglur fyrir stjórn og starfsfólk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2009.

36.3 Fjárfestingar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2006-2009. Athugasemdir úttektarnefndar

36.3.1 Inngangur

Að framan hefur verið farið yfir gögn um fjárfestingarstefnu Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á úttektarárunum, sem um er getið í umboði nefndarinnar. Samhengisins vegna hefur nefndin jafnframt orðið að kanna næstu ár fyrir og eftir fall bankanna. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar samkvæmt lögum nr. 155/1998 með áorðnum breytingum. Allir þeir sem ekki hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum sjóðum og greiðslu iðgjalds til þeirra í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisréttinda eru skyldir til að greiða iðgjald í sjóðinn. Lög nr. 129/1997 gilda einnig um þennan sjóð um þau atriði sem sérlæggin hafa ekki gert aðra skipan á. Þá hefur Söfnunarsjóðurinn einnig viðtækara hlutverk en aðrir lífeyrissjóðir því hann kemur að innheimtu vangreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda sem ríkisskattstjóri beinir til hans. Þá kemur hann ennfremur að slitum lífeyrissjóða, þ.e. þegar Fjármálaeftirlitið skipar skilanefnd yfir lífeyrissjóð. Lýkur því ferli með því að slitasjóðurinn rennur inn í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Fimm sjóðir hafa sameinast Söfnunarsjóðnum, þ.e. Lífeyrissjóður leigubílstjóra, Lífeyrissjóðurinn Skjöldur, Eimskipafélagið II, Eftirlaunasjóður Glitnisbanka og Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands. Þá standa yfir viðræður við Lífeyrissjóðinn Kjöl, en sá sjóður varð til við sameiningu fimm lífeyrissjóða, sem voru í rekstri Landsbankans. Einnig hafa margir, að sögn framkvæmdastjóra hans, valið aðild að sjóðnum. Þakkar hann það því að sjóðurinn hefur ekki orðið að lækka áunnin réttindi.⁶ Ljóst er þó að fjölmargir eiga og hafa átt réttindi í sjóðnum, sem hafa þó mestan hluta ævinnar greitt til annars lífeyrissjóðs. Stafar það aðallega af því að hið opinbera hefur látið iðgjald af vinnu ríkisstarfsmanna utan aðalstarfs renna til sjóðsins, svo og mótframlag sitt. Taldi framkvæmdastjóri sjóðsins að um 40% sjóðfélaga greiddu til sjóðsins með reglubundum hætti.⁷ Án þess að halla nokkuð á Söfnunarsjóð lífeyrisrétt-

inda telur úttektarnefndin að vinnuveitendur ættu að kappkosta að greiða öll iðgjöld af vinnu launþega til sama lífeyrissjóðsins. Það skapar rétt höfum minni fyrir höfn og ætti almennt að leiða til skýrari og betri stjórnsýslu hins opinbera gagnvart rétt höfum lífeyris.

36.3.2 Almennt um stjórnun sjóðsins

Nefndarmenn og starfsmaður þeirra hafa rætt við Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra sjóðsins, og gaf hann fúslega allar upplýsingar sem úttektarnefndin taldi sig þurfa að fá. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 155/1998 skipar fjármálaráðherra sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Fjórir þeirra eru skipaðir að tilnefningu Landssamtaka lífeyrissjóða og þrír án tilnefningar. Sjóðfélagar hafa setu og tillögurétt á aðalfundum en ekki er kosið um tillögur sem koma fram á aðalfundi, heldur er þeim vísað til stjórnar. Sjóðfélagar hafa þannig ekki beina aðkomu að stjórn sjóðsins og mun það ekki hafa verið rætt að þeir fengju einhverja fyllri aðkomu að stjórnuninni.⁸ Úttektarnefndin telur að huga ætti að því að sjóðfélagar fengju einhverja aðkomu að stjórnun Söfnunarsjóðsins (Sjá nánar 36.2.2.).

Fram kom hjá framkvæmdastjóranum að auk hans kæmi einn starfsmaður með beinum hætti að fjárfestingum hans. Um það bil 25-27% eigna sjóðsins er útvistað til erlendra stýringaraðila og Framtaksjóðs Íslands og nokkurra annarra innlendra sjóða. Á úttektarárunum mun hlutfallið hafa verið hærra eða um 35% en þá var innlendu hlutabréfasafni jafnframt útvistað. Var Kaupþing með séreignarhluta sjóðsins í stýringu og innlent hlutabréfasafn. Árið 2003 fór helmingur hlutabréfasafnsins til MP banka en sjóðurinn tók þann hluta yfir vorið 2008.

36.3.3 Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og áhættustýring

Að framan er því lýst hvernig eignastýringu var skipt milli sjóðsins sjálfs og útivistunaraðila. Eignastýringin átti að fara eftir samþykktum lífeyrissjóðsins og fjárfestingarstefnu, sem stjórnin mótaði, allt

6 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, dags. 12.9.2011.

7 Sbr. viðtal við Sigurbjörn, dags. 12.9.2011.

8 Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigurbjörn, dags. 12.9.2011.

innan marka 36. gr. lífeyrissjóðalaganna, svo sem gildir um aðra lífeyrissjóði. Fjárfestingarstefnuna ákveður stjórn sjóðsins fyrir hverja deild hans eftir undirbúning eignastýringarsviðs sjóðsins. Vikmörk fjárfestingarstefnunnar virðast hafa verið hæfileg og fjárfestingarstefnan mun ekki hafa tekið miklum breytingum milli ára fram að falli bankanna. Að sögn framkvæmdastjórans kom það ekki fyrir að sjóðurinn færi út fyrir vikmörk stefnunnar. Sagði hann að sérstaklega hefði verið gætt að eignum sjóðsins hjá einstökum útgefendum. Í fjárfestingarstefnunni hefði verið miðað við það að hámark hvers útgefanda færi ekki upp fyrir 5% af heildareignum þrátt fyrir 10% hámark laganna. Þetta hefði meðal annars leitt til þess að sjóðurinn var undirvigtaður í Kaupþingi á þessum árum. Til þess að hafa eftirlit með hlutabréfaeign sinni hefði sjóðurinn fengið yfirlit mánaðarlega frá útvistunaraðilum og oftast ef þurfa þótti. Stýringaraðilar komu auk þess til fundar við sjóðinn á þriggja mánaða fresti og þá hafi staða mála verið rædd. Hins vegar hafi sjóðurinn ekki blandað sér í daglegar athafnir stýringaraðilanna, heldur talið að útvistun eignasafnsins þýddi að stýringaraðilinn bæri ábyrgðina. Sá munur átti að vera á stýringu MP banka og Kaupþings á hlutabréfasafni að stýring MP banka átti einungis að endurspeglar hlutabréfavísitölur á markaði á meðan Kaupþing átti að gera betur en vísitölur skv. fjárfestingarstefnu. Framkvæmdastjórinn sagði að ekki hefði verið losað um innlend hlutabréf eða skuldabréf hjá Kaupþingi þegar nálgaðist hrun, heldur áfram fylgt markaðri fjárfestingarstefnu sjóðsins. Innlend skuldabréf voru hjá sjóðnum sjálfum svo og sjóðfélagalán. Söfnunarsjóðurinn fjárfesti ekki í óskráðum eignum fyrr en eftir hrun að hann keypti í Framtakssjóði Íslands.⁹

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var með varnir á erlendar eignir sínar á árinu 2008 hjá Landsbanka Íslands sem fljótlega sýndu neikvæða stöðu. Sagði framkvæmdastjórinn að bankinn hefði dregið úr vörnum eftir því sem gengi krónunnar veiktist. Varnarhlutfallið hefði verið um 20-25%. Sjóðurinn hefur nú skuldajafnað tapi af gjaldmiðlavörnum með kröfu á hendur Landsbankanum. Af þessu til efni sagði framkvæmdastjórinn að almennt væri það sitt mat að á hefði skort að í samningum um gjald-

miðlavarnir væru svokallaðir ISDA-skilmálar, en þar væri að finna nákvæma útlistun á því hvernig fara ætti að yrði forsendubrestur af hálfu samningsaðila.¹⁰ Úttektarnefndin tekur undir þessa skoðun hans.

36.3.4 Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Tap Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda samkvæmt árskýrslum sjóðsins varð aðallega á árinu 2008 þótt afleiðingarnar kæmu ekki að fullu fram fyrr en 2009 og 2010. Þetta er í samræmi við það sem varð hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum. Eignasafnið virðist hafa verið vel dreift og fjárfestingarstefnan aðhaldsöm. Stór hluti eignasafnsins var í erlendum verðbréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Tapið varð hins vegar aðallega í skuldabréfum banka, sparisjóða og fyrirtækja, svo og innlendum hlutabréfum. Sjóðurinn greip á árinu 2008 ekki til neinna sérstakra viðbragða en hélt stefnu sinni. Hann virðist ekki hafa gengist upp við gylliboð bankanna um kaup í víkjandi skuldabréfum eða lánshæfistengdum bréfum. Auðvitað á samt við um hann sem aðra lífeyrissjóði margt það sem sagt er í almenna hluta skýrslunnar. Hins vegar er hér um að ræða einn af þeim sjóðum sem hvað best komu undan hruninu hvað fjárfestingar varðar, sem virðist vera að þakka stöðugleika og aðhaldi.

⁹ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigurbjörn, dags. 12.9.2011.

¹⁰ Sbr. viðtal úttektarnefndar við Sigurbjörn, dags. 12.9.2011.

ISBN-13: 978-9979721024



9 789979 721024